
8



Yngsti bóndi landsins

38



Vetnistæknin springur út

30



Aukinn kraftur í úrvinnslu á lífrænt vottuðu grænmeti

Bændablaðið

4. tölublað 2023 • Fimmtudagur 23. febrúar • Blað nr. 628 • 29 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Sauðfjárbændurnir Þórdís Þórarinsdóttir og Eyþór Bragi Bragason á Bustarfelli í Vopnafirði ásamt dóttur sinni, Ernu Diljá og hundinum Ronju. Þau halda 530 vetrarfóðraðar ær sem telst til ríflegs meðalbús hér á landi. *– Sjá nánar bls. 36–37.*

Mynd / Guðrún Hulda Pálsdóttir

Endurmat á losun frá ræktarlöndum

Landgræðslunni hefur verið falin umsjón með endurmati á losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktarlöndum bænda.

Tilgangurinn er að afla nýrra gagna með uppfærslu á losunarstuðlum fyrir mismunandi jarðvegsgerðir svo bæta megi losunarbókhald Íslands gagnvart alþjóðlegum skuldbindingum í loftslagsmálum.

Frá árinu 2018 hafa gögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá 1975 verið notuð til að áætla losun gróðurhúsalofttegunda í íslenskum steinefnajarðvegi, sem telst vera um 55 prósent alls ræktarlands Íslands.

Lífrænn jarðvegur á framræstu landi telst vera um 45 prósent ræktarlands. Stór hluti heildarlosunar gróðurhúsalofttegunda frá landnýtingarhluta landbúnaðarins er áætlaður frá þessum landnýtingarflokki, en ekki er til íslenskur reiknistuðull fyrir losun frá þessu landi og því hefur verið notast við stuðla sem milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar gefur út.

Möguleikar á að telja sér bindingu til tekna

Samkvæmt skuldbindingum Íslands gagnvart Evrópusambandinu telst losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði vera á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Landnýtingarhluti landbúnaðarins, sem innifelur uppgjör frá ræktarlöndum og skógrækt, er það hins vegar ekki í dag. Hann fellur í flokkinn landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt (LULUCF). Þó þarf að gera grein fyrir þeirri losun í losunarbókhaldi Íslands gagnvart alþjóðlegum skuldbindingum í loftslagsmálum. Möguleikar eru á að telja bindingu koltvísýrings í þeim flokki að einhverju leyti sér til tekna í losunarbókhaldinu.

Nú liggur fyrir að Ísland þarf að gera upp skuldir sínar á þessu ári vegna skuldbindinga gagnvart seinni Kýótóbókuninni, tímabilið 2013 til 2020. Ísland losaði á tímabilinu tæpar 7,7 milljónir tonna koltvísýringsígilda (CO_2-íg) umfram heimildir. Leyfilegt var að telja tæplega 4,3 milljónir tonna CO_2-íg fram til frádráttar sem bindingareiningar.

Þar af leiðandi var losun Íslands á þessu tímabili um 3,4 milljónir tonna CO_2-íg umfram losunarheimildir og bindingareiningar – og Ísland þarf að kaupa losunarheimildir fyrir þessu magni. Kaupverð á losunarheimildum liggur ekki fyrir en í fjárlögum 2023 er gert ráð fyrir 800 milljóna króna fjárheimildum vegna uppgjörsins. */smh*

- Sjá nánar í fréttaskýringu á blaðsíðum 20–21.

Hvammsvirkjun:

Þjónar ekki hagsmunum sveitarfélagsins

Lög um orkuvinnslu þjóna ekki hagsmunum sveitarfélagsins, segir í nýlegri bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Þrátt fyrir að orkan verði til á landsbyggðinni er hún mun dýrari í dreifbýli en í þéttbýli og þjónar orkuvinnsla því ekki hagsmunum sveitarfélagsins. Önnur sveitarfélög eru hvött til að staldra við í skipulagsmálum.

Ríkisstjórn Íslands gerir ráð fyrir að full orkuskipti á landinu hafi náðst fyrir árið 2040 og er Hvammsvirkjun fyrsta skrefið í mörgum áformuðum virkjanaframkvæmdum Landsvirkjunar í nærumhverfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á næstu 17 árum.

Orkuverð hærra á landsbyggðinni

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, segir í samtali við Bændablaðið að það verði að endurskoða lög um orkuvinnslu á landinu til að jafna bil á orkuverði á landsbyggðinni og í þéttbýli. Hann segir að orkuvinnsla Landsvirkjunar fari öll fram á landsbyggðinni en þrátt fyrir það kostar allt að 33% meira að nýta orkuna í dreifbýli en í þéttbýli eftir að búið er að flytja hana hundruð kílómetra. Á meðan svo er getur landsbyggðin ekki keppt við þéttbýlið hvað varðar atvinnuuppbyggingu og lífsgæði fyrir íbúa sína.

Sáralitlar tekjur

Um 95% mannvirkja sem þarf til orkuframleiðslu eru undanþegin fasteignaskatti og flest störfin hafa verið flutt til höfuðborgarinnar. Tekjustofnar sveitarfélaganna eru fasteignagjöld og útsvar, svo í orkuframleiðslu hafa sveitarfélögin sem hafa starfsemina í sínu nærumhverfi verið svipt tekjustofnunum af starfseminni.

„Það sjá allir að til þess að sátt náist um orkuskiptin, sem gerast á landsbyggðinni, að breyta þarf leikreglunum. Ef ég skoða hvernig þetta lítur út í mínu sveitarfélagi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, þá er orkuframleiðslan sem á sér stað hér að skila að hámarki 0,4% af verðmætunum sem verða til hjá okkur niður í beint fjárhagslegt tap sem getur gerst sökum laga um jöfnunarsjóð.“

Sátt um orkuvinnslu

„Það hefur verið byggt upp lagalegt umhverfi sem gerir það að verkum að nánast ekkert verður eftir í samfélögunum þar sem orkan verður til og allur efnahagslegur ábati verður þar sem orkan er notuð. Höfuðstöðvar Landsvirkjunar eru í Reykjavík og einnig bróðurpartur allra beinna starfa innan hennar og sérstaklega verðmætustu störfin. Afleiddu störfin af uppbyggingu orkumannvirkja, verkfræðingarnir, lögfræðingarnir og aðrir sérfræðingar sem þjónusta Landsvirkjun, eru einnig að mestu leyti staðsettir á höfuðborgarsvæðinu.“

Haraldi þykir merkilegt að þrátt fyrir 20 ára undirbúningstíma Hvammsvirkjunar hafi ekki enn verið fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á íbúana sem búa í nágrenni hennar.

„Til að sátt skapist um orkuvinnsluna þarf hún að skila sambærilegum verðmætum til nærsamfélagsins eins og önnur atvinnustarfsemi. Þess vegna þarf að breyta lögum um orkuvinnslu og tryggja að dreifbýlið njóti sambærilegs ávinnings og að allir greiði sama verð fyrir orkuna, hvort sem fólk býr í dreifbýli eða þéttbýli. Ég lít svo á að ef ekki næst sátt um breyttar leikreglur þá verði engin orkuskipti.“ */ VH*

– Nánari umfjöllun á bls. 40 og 41.

FRÉTTIR

Innflutningur:

Segjast fylgja settum leikreglum

– Dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga fullvinnur úkraínskt kjúklingakjöt og selur undir merkjum Esju gæðafæðis

Kjötvinnslan Esja gæðafæði ehf., sem er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga, flutti inn um 40 tonn af frosnu úkraínsku kjúklingakjöti árið 2022. Má meðal annars nálgast það í matvöruverslunum undir vörumerkjum fyrirtækisins. Ágúst Andrésson, forstöðumaður kjötafurðastöðvar KS, segir að auk þess kaupi fyrirtækið mikið af úkraínskum kjúklingi frá öðrum innflytjendum.

„Þegar við sáum það á heimasíðu skattsins að það væri verið að opna á innflutning frá Úkraínu fórum við að kynna okkur möguleikana. Við vissum að Úkraína væri mjög framarlega í kjúklingarækt og einn af stærri framleiðsluaðilum fyrir Evrópumarkað. Við höfum verið að flytja inn kjúkling frá Litáen og skoðuðum hvort við gætum nálgast sambærilega eða betri vöru á góðu verði í Úkraínu. Við erum alltaf að leita hagkvæmustu leiða til að geta verið samkeppnishæfir á markaði með góða þjónustu, gæðavöru og gott verð," segir Ágúst.

Esja gæðafæði og Kjötbankinn eru undir sama hatti og hafa verið að vinna úr um 250 tonnum af innfluttum kjúklingi á ári, bæði sem keypt er af öðrum innflytjendum sem og verið flutt inn beint. Fyrirtækið flutti inn um 40 tonn af frosnu kjúklingakjöti frá Úkraínu sem komu, að sögn Ágústar, í tveimur gámum hvort sínum megin við jólin. Kjötið var unnið hér á landi og endurselt.

„Við erum með fullvinnslu, þannig erum við bæði að marinera, forelda læri og bringur, snitsel og fleira. Við seljum þetta til mötuneyta, veitingahúsa og verslana um allt land. Það er allur gangur á því undir hvaða vörumerkjum úkraínska kjötið er merkt, ekki verið nein ein lína í því," segir hann.



Úkraínskt kjúklingakjöt er m.a. unnið, flutt inn og pakkað undir merkjum Esju gæðafæðis og endurselt í Nettó.



Ágúst Andrésson. Mynd / H.Kr

Segjast hafa greitt toll

Í tilkynningu Esju gæðafæðis kemur fram að greiddur hafi verið fullur tollur af kjötinu. „Við fengum eins tollafgreiðslu af þessum gámi eins og öðrum vörum sem við flytjum inn. Við gætum farið fram á endurgreiðslurétt en höfum tekið ákvörðun um að borga fullan toll af þessu eins og öðru," segir Ágúst.

Samkvæmt uppgefnum tölum Hagstofunnar var meðal-innflutningsverð af frosnu kjúklingakjöti frá Úkraínu árið 2022 um 580 kr/kg. Ef greiddur hefur verið fullur verð- og magntollur af vörunni hefur meðalverð á kíló reynst ríflega 1.200 krónur. Gera má ráð fyrir að einhver kostnaður hljótist af flutningi, vinnslu og endurpökkun kjötsins, en það mátti finna í Nettó á minna en 2.000 kr./kg.

Inntur eftir því hvernig þeim tækist að halda kílóverði svo lágu í verslunum svarar Ágúst:

„Skýringin er einfaldlega sú að við kaupum mikið af úkraínskum kjúklingi af öðrum innflytjendum."

Kjúklingurinn verði upprunamerktur

Ágúst segir kjötið vera keypt frá framleiðanda sem lúti öllum kröfum sem gerðar eru til kjöts á Evrópumarkaði. „Þegar við veljum okkar birgja, hvort sem það er í þessu eða öðru kjöti, þá gerum við ákveðnar kröfur um gæði. Þessi vara er ekkert frábrugðin annarri vöru sem við erum að flytja inn."

Hann bætir því við að úkraínsk yfirvöld sjái um eftirlit með framleiðslunni þar í landi. „Við fáum alla þá pappíra með sendingum sem þarf til að uppfylla kröfur sem gerðar eru um innflutning. Ef eitthvað vantar þá er það stöðvað í tolli."

Ekki er skylda að upprunamerkja matvöru sé hún unnin. Ágúst segir að í ljósi umræðunnar um úkraínska kjúklingakjötið hafi komið til tals hjá fyrirtækinu að merkja uppruna þess sérstaklega.

„Ég held það væri jafnmikill, ef ekki meiri, sölupunktur að merkja kjötið Úkraínu. En þetta er matsatriði í hvert sinn."

Eftir ábendingar segir Ágúst að nú verði hægt að nálgast upprunamerktan úkraínskan kjúkling í Nettó frá fyrirtækinu.

Fleiri fyrirtæki með misvísandi merkingar

Hann bendir þó á að ekki sé verið að brjóta neinar reglur með því að geta ekki uppruna ef kjöt er flutt inn og unnið hér á landi.

„Reglan hefur verið að ef kjúklingur er sannanlega íslensk framleiðsla þá er hún merkt þannig. Ef hann er fluttur inn er upprunaland yfirleitt ekki tekið fram. Við fylgjum bara þeim leikreglum sem settar eru. Menn geta svo haft á því skoðun hvort það sé rétt að hægt sé að flytja hér inn kjöt í stórum stíl og ekki geta uppruna. Samanber allan þann kjúkling sem fluttur er hingað til lands gegnum stóru innlendu kjúklingaframleiðendurna. Það sama má segja með allt nautahakk sem flutt er inn af Stjörnugrís sem hefur tekið mest til sín af EB tollkvóta að undanförnu og flutt inn efni sem fær enga íblöndun en er selt sem hamborgarar með íslenskum fánamerkjum á umbúðum. Slíkt er reyndar ekki í lagi," segir Ágúst.

Hann er þeirrar skoðunar að allt innflutt kjöt ætti að vera rekjanlegt til upprunalands, hvort sem það sé unnið eða ekki.

„Ég held að viðmið okkar reglna, er þetta varðar, séu teknar frá Evrópusambandinu og því vitum við ekki frekar hvort vara sem þaðan kemur og hefur fengið meðhöndlun, íblöndun eins og t.d kjúklingabringur, hvort uppruninn sé í raun innan Evrópusambandsins eða jafnvel einhvers staðar annars staðar frá eins og t.d. Taílandi. Eins halda margir að allt sem flutt er inn frá Danish Crown sé frá Danmörku, enda merkt danska fánanum, þegar betur er að gáð kemur fram í smáaletri umbúðanna að þetta kjöt kemur frá mörgum öðrum löndum. Því eru þessi mál ekki einföld."

Inntur eftir því hvort KS hyggist sýna frumkvæði með upprunamerkingum á innfluttum kjötvörum sínum segir hann slíkt í skoðun. „Í sumum tilfellum hefur það verið gert, eftir því sem við á, í samræðu við endursöluaðila," segir Ágúst.

/ghp

Spurt og svarað:

Er innflutningurinn að grafa undan rekstrargrundvelli bænda?

Blm.: Nú eru tengsl KS við bændastéttina sterk. Félagið er með meirihlutastjórn bænda og aðstoðarkaupfélagsstjóri félagsins er stjórnarformaður Samtaka fyrirtækja í landbúnaði. Hefur hann sem slíkur mikið talað um samleið bænda, afurðastöðva og fyrirtækja tengd landbúnaði. Hvernig bregðist þið við gagnrýni um að með innflutningi á vöru sem er í beinni samkeppni við íslenskan landbúnað séuð þið að grafa undan rekstrargrundvelli bænda?

ÁA: Innflutningur á kjúklingi á síðasta ári er um 1.700 tonn, vegna þess að innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn hér á landi. Innflutningur frá Úkraínu keppir fyrst og fremst við annan innfluttan kjúkling. Innlend framleiðsla hefur alltaf þá sérstöðu að vera fersk á markaði og selst mest sem slík. Innlendir kjúklingaframleiðendur eru stórir seljendur af innfluttum kjúklingi, eru þeir að grafa undan sjálfum sér?

Leiðrétting: Rangt nafn

Mistök urðu við nafnbirtingu með gömlu myndinni á blaðsíðu 6 í síðasta blaði. Eins og glöggir lesendur Bændablaðsins sáu er rétt nafn mannsins á myndinni Teitur Guðmundsson að Móum á Kjalarnesi. Beðist er velvirðingar á þessu. */VH*



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Afkoma garðyrkjubænda hefur almennt versnað

Í nýlegri rekstrargreiningu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins á garðyrkju á Íslandi 2019 til 2021 segir að afkoma greinarinnar hafi almennt versnað á tímabilinu. EBITHDA, sem hlutfall af veltu, stendur í stað hjá kartöflubændum en lækkar mikið í ylræktinni.

Samkvæmt greiningunni versnaði afkoma þeirra garðyrkjubænda sem tóku þátt í verkefninu á þeim þremur árum sem greiningin fór fram.

Allur kostnaður hækkað

Fastur kostnaður hækkaði mikið á tímabilinu og mest á liðunum rafmagn og vatn, eða um 77%. Breytilegur kostnaður sem krónur á hektara hækkar töluvert milli áranna 2019 og 2020 en lækkar heldur árið 2021 þannig að hækkunin er um 8% á þessu þriggja ára tímabili.

Afkoma versnaði bæði í yl- og kartöfluræktun en mikil hækkun á jarðræktarstyrk kemur í veg fyrir enn verri afkomu þeirra sem hann fá.



Samkvæmt rekstrargreiningu RML versnaði afkoma garðyrkjubænda sem tóku þátt í verkefninu á þeim þremur árum sem greiningin fór fram.

Hópurinn sem vann að greiningunni er sammála um að nauðsynlegt sé að halda greiningunni áfram og fjölga þeim sem taka þátt í verkefninu til þess að hægt sé að fá enn fyllri mynd af stöðu greinarinnar. Einnig benda þeir á að útvíkka megi verkefnið og taka inn fleiri tegundir grænmetis í útiræktun og blóm og gera greininguna að enn öflugra verkfæri fyrir framleiðendur og greinina. */VH*

Sjá nánar á blaðsíðu bls. 48–49.

LELY MJALTAÞJÓNN

á 10 af 14

meðal nythæstu kúabúum landsins

árið 2022

Bú	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg / árskú
871077 Dalbær 1	Dalbær 1 ehf.	60,3	8.672
870624 Stóru-Reykir	Gísli og Jónína	53,9	8.507
650221 Búrfell	Guðrún og Gunnar	43,7	8.374
570508 Daufá	Efemía og Egill, Daufá	51,2	8.264
861037 Syðri-Hamrar 3	Guðjón og Helga	41,1	8.250
871024 Skipholt 3	Sæludalur ehf.	54,7	8.245
860292 Stóra-Mörk 1	Merkurbúið sf	39,9	8.146
871114 Drumboddsstaðir 1	Jórunn og Jón	62,2	8.105
871022 Kotlaugar	Kotlaugar ehf.	61,3	8.044
770190 Flatey	Birgir Freyr og Vilborg Rún	182,7	8.016





Lely sendir bændum þakkarkveðjur

Við erum gríðarlega stolt af þeim árangri sem þið hafið náð í ykkar búrekstri með mjaltaþjónum frá Lely

FRÉTTIR

Útbreiðsla fjölónæmra baktería:

Frysting matvæla hefur engin áhrif á útbreiðslu


– Varast ber innflutning á matvælum frá löndum með útbreitt sýklalyfjaónæmi

Nær-alónæmar bakteríur, sem eru þá ónæmar fyrir næstum því öllum sýklalyfjum sem til eru, breiðast hratt út um allan heim. Frysting á matvörum hefur engin áhrif á sýklalyfjaónæmi.

Sýklalyfjaónæmi er mikil ógn við lýðheilsu. Árið 2019 var áætlað að sýklalyfjaónæmi hafi leitt til 1,3-5 milljóna dauðsfalla í heiminum, árið 2021 létust 3,57 milljónir vegna COVID-19.

Karl. G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við Læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir við sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, segir að gríðarlegur munur sé á útbreiðslu sýklalyfjaónæmis milli heims- og landshluta.

„Bær bakteríur sem við höfum einna mestar áhyggjur af eru *E. coli* og skyldar bakteríur, sem eru hluti af eðlilegu örveruflórunni í þörmum manna og dýra, þarmabakteríur. Þessar bakteríur smitast um munn með saurmenguðu vatni, matvælum eða umhverfi. Útbreiðslan er því mest þar sem skortur er á hreinu vatni, fráveitur í ólagi og mikið nábýli manna og dýra. Þar sem þessar bakteríur eru hluti af eðlilegu örveruflórunni, þá vitum við ekki hvort við berum í okkur ónæmar bakteríur. Eina leiðin til að komast að því er að skima fyrir þeim með sértækum bakteríuræktunum og kanna sýklalyfjanæmi með næmisprófum. Ef við erum svo óheppin að sýkjast af þeim, þá má búast við því að hefðbundin meðferð með sýklalyfjum sé gagnslaus. Algengustu sýkingar af völdum þessara baktería eru þvagfærasýkingar, en þær geta valdið fjölmörgum öðrum sýkingum. *E. coli* er til dæmis sú baktería sem veldur oftast sýkingum í blóði.“



Kortið sýnir útbreiðslu ónæmis E. coli fyrir breiðvirkasta sýklalyfinu (karbapenem). Hlutfall tiltekinna sýklalyfjaónæmra örvera í blóði, og mænuvökva í löndum Evrópu. Mynd / https://worldhealthorg.shinyapps.io/

Minnst útbreiðsla á Norðurlöndunum

Útbreiðsla sýklalyfjaónæmra þarmabaktería er einna minnst á Norðurlöndunum, sem Karl segir þakka megi lítilli sýklalyfjanotkun í landbúnaði, hreinu vatni, góðum fráveitum og hreinlæti.

„Víða er verið að gefa dýrum sýklalyf til vaxtarörvunar, það er að segja sýklalyf eru sett í fóður dýranna til að örva vöxtinn. Vegna þess er sýklalyfjanotkun víða mun meiri í landbúnaði en í mönnum. Slík notkun hefur verið bönnuð í löndum Evrópska efnahagssvæðisins síðan 2006.“



Karl. G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við Læknadeild HÍ og yfirlæknir við sýkla- og veirufræðideild Landspítalans. Mynd / VH

Ferðamenn útsettir fyrir smiti

Karl segir mikilvægt að við gerum allt sem við getum til þess að hægja á útbreiðslu sýklalyfjaónæmis.

„Þekkt er að þeir sem ferðast til landa með mikla útbreiðslu sýklalyfjaónæmis eru líklegir til þess að koma til baka úr ferðalaginu með fjölónæmar bakteríur (12-69% líkur). Mestar líkur eru á því eftir ferðalög til Indlands, Asíu, Mið-Austurlanda, Afríku, Suður-Ameríku og sumra landa í Suður- og Austur Evrópu. Þeir sem ferðast til þessara landa ættu að viðhafa sömu varúðarráðstafanir og mælt er með til að minnka líkur á ferðamannaniðurgangi. Í þessum sömu löndum eru matvæli oft menguð af fjölónæmum bakteríum. Sem dæmi má taka rannsókn á 411 sýnum teknum frá grænmeti tilbúnu til neyslu, í 36 stórmörkuðum eða bændamörkuðum í 18 borgum Kína. Hún sýndi að 10 (2,4%) þeirra voru með nær-alónæmar þarmabakteríur.“

Nær-alónæmar bakteríur í matvælum

„Alþjóðleg verslun með matvæli hefur vaxið gríðarlega og matvæli eru send heimshorna á milli. Nær-alónæmar þarmabakteríur hafa fundist í grænmeti frá Asíu í verslunum í Kanada og Sviss og í sjávarafurðum frá Asíu í Kanada. Það er því full þörf á því að fara varlega í innflutningi á tilteknum matvælum frá löndum með mikla útbreiðslu sýklalyfjaónæmis.

Kjúklingar frá Úkraínu

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins var sagt frá innflutningi á frystum kjúklingum frá Úkraínu til landsins. Karl segir að kjúklingar mengist mjög af þarmabakteríum við slátrun og ef þeir koma frá löndum með mikla útbreiðslu sýklalyfja séu þeir oft mengaðir af fjölónæmum bakteríum.

„Í vöktun Evrópsku matvælastofnunarinnar (EFSA) á fjölónæmum E. coli (ESBL/AmpC) í kjúklingakjöti árið 2020 var meðaltal kjöts með slíka stofna 32%, en dreifingin var allt frá 0% á Íslandi í 100% á Möltu.

Ég hef ekki fundið sambærilegar tölur frá Úkraínu en vegna óhóflegrar sýklalyfjanotkunar í Úkraínu, og einna hæsta algengi fjölónæmra baktería hjá mönnum í okkar heimshluta má búast við því að ónæmi sé útbreitt í bakteríum í matvælum eins og kjúklingum, ef teknar eru hliðstæður frá öðrum löndum. Ég hef áhyggjur af miklum innflutningi á frosnum kjúklingum frá löndum með hátt algengi nær-alónæmra baktería, enda hefur frysting engin áhrif á sýklalyfjaónæmi. Mikilvægt er að fylgjast með sýklalyfjaónæmi í innfluttum matvælum frá löndum með útbreitt sýklalyfjaónæmi, að almenningur sé vel upplýstur og að matvæli séu með réttar upprunamerkingar.“

Fjölónæm þarmabaktería í sýklalyfi

Í frétt frá Lyfjastofnun og Landlæknisembættinu 9. febrúar síðastliðinn var greint frá innköllun á tilteknu sýklalyfi. Fjölónæm þarmabaktería hafði smyglað sér í sýklalyfið og sýkt níu íbúa í Danmörku og líklega einn á Íslandi. Karl segir að í dönskum fjölmiðli hafi kom fram að allt að 35.000 Danir gætu hafa smitast.

„Talið var líklegast að bakterían væri í hylkjunum utan um lyfin, en slík hylki eru gerð úr gelatíni sem iðulega er unnið úr dýraafurðum. Þetta dæmi sýnir glögglega hvað fjölónæmar bakteríur eiga auðvelt með að dreifa sér með dýraafurðum á milli landa.“

/VH

Innflutningur á matvælum til Íslands árið 2022

Kjúklingakjöt frá:

- Danmörku, Frakklandi, Hollandi, Litháen, Póllandi, Sri Lanka, Úkraínu, Þýskalandi, Belgíu, Spáni, Svíþjóð, Tælandi.

Grænmeti frá:

- Bandaríkjunum, Hollandi, Spáni, Danmörku, Póllandi, Belgíu, Egyptalandi, Tyrklandi, Víetnam, Portúgal, Marokkó, Ítalíu, Suður-Afríku, Kína, Frakklandi, Þýskalandi, Bretlandi, Túnis, Nýja Sjálandi, Tælandi, Litháen, Ungverjalandi, Líbanon, Mexíkó, Senegal, Svíþjóð, Sýrlandi, Madagaskar, Brasilíu, Bútan, Chile, Perú, Kanada, Kólumbíu, Ekvador, Kenýa, Eþíópíu, Filipseyjum, Sádi Arabíu, Ghana, Guatemala, Seychelles-eyjum, Hondúras, Indlandi, Íran, Ísrael, Suður-Kóreu.

Fryst rækja frá:

- Indlandi, Víetnam, Bangladesh, Kína.

Upplýsingar frá Hagstofu Íslands.

Matvæli eru flutt inn víða að úr heiminum samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands. Ekki er þar með öll sagan sögð, því séu matvæli flutt inn í gegnum annað land telst það vera landið sem matvælin koma frá en ekki upprunalandið.

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR



Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

Þú finnur Bændablaðið á bbl.is, Facebook & Instagram

Flúðir:

Miklu færri fengu lóðir en vildu

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps úthlutaði nýlega lóðum fyrir alls 25 íbúðir við Fannborgartanga, fyrsta áfanga hverfis sem kallast „Byggð á Bríkum“. Alls bárust 150 umsóknir um þær lóðir sem auglýstar voru.

Um er að ræða átta íbúðir í fjórum parhúsum, átta íbúðir í tveimur fjögurra íbúða raðhúsum, sex íbúðir í tveimur þriggja íbúða raðhúsum og þrjár lóðir fyrir einbýlishús.

„Það er afar ánægjulegt að finna þennan mikla áhuga sem er á Flúðum og í raun á Uppsveitum Árnessýslu í heild sinni. Ég efast ekki um að margir eru farnir að líta lengra út fyrir þau svæði sem helst hafa notið mikillar uppbyggingar að undanförnu og uppgötva um leið hversu mikil lífsgæði felast í landsbyggðunum. Uppsveitir Árnessýslu eru þar að koma sterkar inn og hér á Flúðum finnum við það mjög greinilega. Fólk sækir hér í góða þjónustu, gott mannlíf og ekki síst veðurfarið,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps.

Innt eftir nafngift hverfisins, Byggð á Bríkum, segir Aldís: „Ástæðan er sú að það stendur á bríkum sem hallar niður að Litlu-Laxá. Það er staðsett mitt á milli golfvallarins og tjaldsvæðisins og sameinar þannig gæði þéttbýlisins en einnig nálægðina við náttúruna og hins góða golfvallar. Þá er líka gaman að geta þess að nöfnin á götunum í hverfinu vísa til örnefna í Kerlingarfjöllum, sem eru mörgum Hrunamönnum mjög kær, en sem dæmi má nefna að fyrsta gatan heitir Fannborgartangi. Framkvæmdir eru hafnar við göturnar og framkvæmdir lóðarhafa eiga að geta hafist um mitt sumar. Svo fer það auðvitað eftir framkvæmdahraða húsbyggjenda hvenær fyrstu íbúar flytja inn,“ segir Aldís.

/mhh



Hópur stjórnarmanna í sveitarstjórn tóku fyrstu skóflustungur af nýja hverfinu, f.v. Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson, Alexandra Rós Jóhannesdóttir og Jón Bjarnason. Mynd / Aðsend


FRANZEFOSS MINERALS

Ekki vera súr


Nú er tíminn til að kalka

Dolomit Mg-kalk er hagkvæmur kalkgjafi
– 3500 kr/t afsláttur til þeirra sem kaupa Yara áburð

Fagleg þjónusta
– Tökum jarðvegssýni og túlkum niðurstöður



Afgreiðslustaðir



Almennt er sýrustig lágt í jarðvegssýnum hjá bændum, því vill SS leggja sitt af mörkum til að auka aðgengi bænda að Dolomit Mg-kalki. Kalkið verður í boði frá 7 höfnum í vor en við bætum nú Þórshöfn við. Við leggjum endurgjaldslaust til 5 Bredal kalkdreifara. Traustir verktakar dreifa kalkinu á hagkvæman hátt.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

Frekari upplýsingar um kölkun er að finna á **yara.is** eða með því að nota QR-kóðann.

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is − Vefur blaðsins: www.bbl.is − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Leikreglurnar

„Við fylgjum bara þeim leikreglum sem settar eru. Menn geta svo haft á því skoðun hvort það sé rétt að hægt sé að flytja hér inn kjöt í stórum stíl og ekki geta uppruna," segir forstöðumaður kjötafurðastöðvar KS, stórfyrirtækis í eigu bænda sem flytur inn búvörur. Fleiri fyrirtæki í eigu bænda flytja inn búvörur og á það bendir viðmælandinn í blaðinu.

„Við erum alltaf að leita hagkvæmustu leiða til að geta verið samkeppnishæfir á markaði með góða þjónustu, gæðavöru og gott verð," segir hann enn fremur.

Markaðurinn stýrir för er frekar þvælt slagorð. Eðlilegt markmið þeirra sem selja vöru er að græða sem mest. Orðræðan sem blekkir er: Fyrirtækin anna eftirspurn og því eru það neytendur sem ráða markaðnum. En það sem vantar í formúluna er ákveðið síðferði, samfélagsleg ábyrgð. Reynt er að slá ryki í augu neytenda með markaðssetningu og framsetningu.

Leikreglurnar eru settar af ríkinu því hér gilda lög og reglugerðir. Leikmenn við borðið eru meðal annars fyrirtæki, verslun og neytandi. Lunknir leikmenn verða ofan á í spilinu, en til þess þarf stundum svolitla ósvífni. En hvað um það ef allt er innan rammans – allir eru að spila eftir settum reglum, er það ekki?

Unnin matvara er ekki eingöngu augljóslega kryddlögð og forelduð. Unnið kjöt getur verið keypt frosið, afþítt, sprautað með smá pækli og svo endurpakkað undir nöfnum íslenskra fyrirtækja. Íslensk framleiðsla er ekki það sama og upprunamerkt. Lítils háttar breytt erlend matvara getur verið framsett sem íslensk framleiðsla.

Í gegnum verslunina er þeim svo komið til neytenda. Framsetning verslana er ekki í höndum birgjanna. Því fría framleiðendur sig ábyrgð á framsetningu þeirra vara sem þeir selja í verslanir, eðlilega. Verslunin á það til að merkja vörur frá íslenskum fyrirtækjum sem íslensk framleiðsla – til eru nýleg dæmi.

Hinn almenni neytandi er oftar en ekki þreyttur einstaklingur að hrúga matvörum í körfu á methraða til þess eins að komast heim og fæða fjölskyldu sína. Hann er oftast að reyna að kaupa í matinn á sem hagkvæmastan hátt, skiljanlega.

Framleiðandinn segist stjórnast af því sem neytandinn vilji. Ef neytandinn kaupir mikið af einni vöru, þá svarar framleiðandinn þeirri eftirspurn með meira af þeirri vöru. Markaðurinn stýrir jú för.

Áttatíu prósent svarenda neytendakönnunar sögðu að upprunamerkingar á öllum kjötvörum skiptu þá máli.

Formaður Bændasamtakanna bendir á í pistli sínum hér til hliðar að öll virðiskeðjan ætti að sjá sóma sinn í að aðstoða neytendur við val á matvælum án villandi markaðssetningar.

Framkvæmdastjóri Icelandic lamb talar um hrútskýringar og gaslýsingar stjórnenda afurðastöðva sem hafa sett sannreyndar upprunamerkingar á bannlista, þrátt fyrir að slíkt gæti bætt samningsstöðu eigenda þeirra – bænda.

Nú boðar fyrrnefndur innflytjandi að umbúðir á tilteknum úkraínskum kjúklingi verði merktur með réttu flaggi úti í verslunum. En athugið; ákvörðunin var tekin eftir ábendingar og umfjöllun – og gert því í því felst ákveðinn sölupunktur.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
ritstjóri.

Viðameiri og meira íþyngjandi reglur í boði stjórnvalda

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Mikið hefur verið rætt um innan okkar raða um áhrif aðildar Íslands að EES-samningnum.

Einhverjir eru á því að milliríkjaviðskipti á grunni samningsins séu af hinu góða og styrki stoðir undir hagsæld þjóðarbúsins enda Ísland mjög háð aðföngum til matvælaframleiðslu, hvort sem það eru fóður, tæki eða olía. Síðan eru aðrir sem efast um að smáríkið Ísland eigi að vera hluti af stærra markaðssvæði, þar sem sérkennin hreinlega glatast vegna þess að við framleiðum ekki nóg.

Það er mín einarða skoðun að þjóðarbúið og samfélagið hafi notið góðs af frelsi í viðskiptum með vörur og þjónustu og frjálsa för fjármagnsflutninga og launafólks. Aftur á móti er það jafnframt mín einarða skoðun að stjórnvöld gæti að viðmiðum og starfsskilyrðum hér á landi við innleiðingu tilskipana frá ESB.

Hér á landi höfum við nefnilega búið við það verklag að tilskipanir Evrópusambandsins eru alltof oft innleiddar þannig að ekki sé gætt að áhrifum þeirra á íslenskt atvinnulíf. Við innleiðingu eru tilskipanirnar þýddar á íslenska tungu, fara þaðan til yfirlestrar hjá viðkomandi eftirlitsstofnunum sem fer með málaflokkinn og setja sína gullhúðun á regluverkið og þaðan inn í ráðuneytið og úr verður myndarlegt stjórnarfrumvarp inn á löggjafarsamkunduna.

Í ársskýrslu Samtaka atvinnulífsins 2015-2016 segir meðal annars:

„Því miður hafa stjórnvöld í mjög mörgum tilvikum ákveðið að gullhúða regluverk ESB og hafa reglur hér viðameiri og meira íþyngjandi en þörf er á. Það er yfirleitt gert án þess að nokkur rökstuðningur fylgi og nauðsynlegt að breyting verði á því."

Áhrif gullhúðunar

Síðan er íslenskum framleiðendum búvara gert að fara að leikreglum sem samþykktar eru á Alþingi, eða viðkomandi ráðherra á grunni reglugerða. Á sama tíma stíga stjórnmálamenn upp í pontu Alþingis og krefjast einhliða niðurfellingu tolla á innfluttar matvörur. Þeir sem telja að það sé besti kosturinn fyrir hagsæld landsins virðast ekki átta sig á hvernig milliríkjaviðskipti eiga sér stað.

Það er því mikilvægt að vinda sér í það verkefni að einfalda regluverkið sem snýr að landbúnaði, þar er af nægu að taka. Má hér t.a.m. nefna að óheimilt er að dreifa kjötmjöli (lífrænn áburður) á tún í allt að níu mánuði yfir árið þegar annars staðar er einungis óheimilt að dreifa kjötmjöli á tún innan tuttugu daga ramma. Einnig er vert að nefna að aðbúnaðarreglur hér eru með þeim hætti að bændur þurfa að hafa húsakost með allt að 20-30% meira rými til framleiðslu afurða hér á landi miðað við samkeppnislönd. Hvernig má það vera?

Þvælt með merkingar

Íslenskum matvælaframleiðendum er síðan gert að keppa á ímynduðum samkeppnisgrundvelli við innflutning án nokkurrar skoðunar á afurðum sem koma inn til landsins. Hvernig má það vera að neytendur geti ekki fengið upplýsingar um uppruna vöru þegar það er réttur þeirra? „Íslenskt selst alltaf fyrst" er frasi sem bændur fá oft og iðulega að heyra. Eftir sem áður er að því látið liggja að vara sé íslensk þegar hún svo er það ekki. Neytandinn á að hafa skýrt val og öll virðiskeðjan á að sjá sóma sinn í að aðstoða neytendur við það val án villandi markaðssetningar.

Um loftslagsmál

Í lok janúar síðastliðnum birtist á heimasíðu ráðuneyta loftslags og matvæla eftirfarandi fréttatilkynning:

„Matvælaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hafa falið Landgræðslunni að endurmeta losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktarlandi í losunarbókhaldi Íslands.Við útreikninga á hluta landbúnaðar í losunarbókhaldi Íslands er stuðst við rannsókn um losun og bindingu ræktarlands frá 1975. Ræktarland, einkum tún í framræstu mýrlendi, er stór hluti heildarlosunar frá landbúnaði. Talsverður breytileiki er í losun ólíkra landflokka og landsvæða og benda nýlegar rannsóknir til að þörf sé á að endurmeta stuðla um losun og bindingu frá ólíkum svæðum. Landgræðslan mun leiða vinnu við öflun nýrra gagna m.a. með sýnatökum og mælingum á fjölda svæða víðs vegar um landið í því skyni að bæta losunarbókhald Íslands og þá stuðla sem það byggir á."

Það er fagnaðarefni að ráðuneytin fari í þessa vegferð þar sem mismunandi skilgreiningar eru á hvað eru hinar eiginlegu losanir frá ræktunarlandi í raunheimum. Einnig er athyglisvert í fréttinni að nýjustu rannsóknir eru frá 1975, og það hefur ýmislegt breyst á þessum árum. Mikilvægt er fyrir bændur að vita um raunstöðu þessara mála og ekki síður að tekið verði saman í þessari vinnu umfang lengdar skurða í raun en eins og viðmiðunartölur sem liggja fyrir virðast skurðir vera oftaldir í kílómetrum talið umtalsvert fleiri en í raun og veru.

GAMLA MYNDIN



Framræst og bylt land að Engimýri í Öxnadal sumarið 1957. Mynd / Myndasafn Bændasamtaka Íslands.

LÍF & STARF



Mismunandi yrki *Sansevieria* sp.



Hér er hópurinn sem sótti sýninguna í Essen – að ofanverðu talið frá vinstri; Þórunn Eiðsdóttir, Þorvaldur Snorrason, Rósa Ragnarsdóttir, Gunnar Bjarnason, Gísli Þorvaldsson, Hjalti Garðar Lúðvíksson, Gísli Jóhannesson, María Reykdal, Baldur Þorgeirsson og Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ. Að neðan, talið frá vinstri; Helgi Jóhannesson, ráðunautur hjá RML, Birgir Birgisson, Sara Hafbergsdóttir, Hafberg Þórisson, Guðrún Birna Brynjarsdóttir, starfsmaður BÍ.
Myndir /gbb

Heimur garðyrkjunnar:

Allt það nýjasta

Dagana 23.–27.janúar fór hópur garðyrkjubænda á IPM-ESSEN sýninguna í Essen í Þýskalandi til að kynna sér allt það nýjasta í heimi garðyrkjunnar.

Á sýningunni voru yfir 1.300 fyrirtæki með sýningarbása frá yfir 100 löndum og komu yfir 40.000 manns á sýninguna í ár. Voru garðyrkjubændur ánægðir með sýninguna og veitti hún innsýn inn í framtíðina og hvaða lausnir er meðal annars hægt að tileinka sér í umhverfisvænni umbúðum, tækjakosti og ræktunarefnum til að minnka kolefnislosun greinarinnar. */gbb*



Rós, búin til úr rósablöðum sem forma hjarta.



Skemmtilegur bás á sýningunni.




Munur árstíðanna sést gaumgæfilega á ástandi þessara trjáa.



Pottar geta komið í mismunandi efnum, hér má sjá suma úr endurvinnanlegu plasti, aðra úr niðurbrjótanlegum efnum.



Áhugaverð rós af bás Rosen Tantau.



Mismunandi tegundir þykkblöðunga.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Nú ber svo við, þegar ég sest niður til að öngla saman efni til þessa vísnaþáttar, að daginn ber upp á konudaginn.

Því var nefnilega vikið að mér við rismál hér á heimili mínu. Til þess að víkja þægindum að kvennaljóma landsins þá verður efni þáttarins mestan part eftir eina þekktustu vísnagerðarkonu síðari tíma, **Þuru Árnadóttur frá Garði í Mývatnssveit** (1891-1963). Fyrsta vísan er nokkurs konar sjálfslýsing:

Hann mætti vera oftar aftur
á mér kjafturinn.
Af því hann er illa skaptur
óláns rafturinn.

Talsvert áttust þau við í kveðskap, Þura og **Einar Árnason frá Finnsstöðum í Köldukinn**, enda samtímis þá vistuð á Akureyri. Í einhverju alvöruleysi nefndi Þura við Einar, að réttast væri að hún hengdi sig. Þá orti Einar:

Nú er fögur sólarsýn
en senn mun ríkja vetur.
Hengdu þig áður heillin mín,
ég held þér liði betur.

Þura svaraði:

Andanum lyfti á æðra sig,
upp er runninn dagur.
Ég hætti við að hengja mig,
heimurinn er svo fagur.

Þura orti ósjaldan um samskipti kynjanna, þótt hún byndist aldrei ektastandi:

Betra er að passa á feldi flær
en frelsa mey frá spjöllum.
Lengra ekki námið nær
-náttúran ræður öllum.

Júníus var verkstjóri Þuru á Akureyrarárum hennar. Konu Júníusar, Soffíu, sendi Þura vísu á afmælisdegi hennar:

Gegnum lífið góða ferð
á gæfuvegi fínum.
En þú ert ekki öfundsverð
af eiginmanni þínum.

Júníus svaraði Þuru fyrir hönd konu sinnar:

Þú kvartar ei, en kalt er það
að kúra ein í næturhúmi,
en enginn hefði öfundað
eiginmann í þínu rúmi.

Þura orti þessa vísu til **sr. Gunnars Árnasonar á Æsustöðum**, en þau þekktust frá því að hann ólst upp á Skútustöðum við Mývatn:

Fölna blóm um foldarból,
fugla þagnar skarinn.
Engin gleði, engin sól
úr því að þú ert farinn.

Um hjónabandið orti Þura:

Gatan liggur yfir urð
út til hjónabandsins.
Krossfestist á kirkjuhurð.
Konan er höfuð mannsins.

Til **Braga Sigurjónssonar, ritstjóra Birtings**, orti Þura þessar tvær vísur:

Enginn rekur okkar spor
út í sumardaginn,
af því það kom aldrei vor
eða sól í bæinn.

Ég skal segja þér elskan mín,
oft er á sænum hvikul bára,
en ég er alltaf Þura þín
þótt ég verði 100 ára.

Einar Árnason vék að Þuru vísu sem endar svona:

Þú mátt sjálfri þér um kenna
þessa vöntun eiginmanns.

Þura svaraði afturhelmingi Einars:

Einu hvísla eg að þér,
engum máttu segja.
Enginn vildi unna mér,
ein má lifa og deyja.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



Bændablaðið kemur næst út 9. mars

FRÉTTIR



Dagur Freyr Jónasson og Ragnhildur Ásta Ragnarsdóttir, bændur í Norðurhaga í Austur-Húnavatnssýslu. Mynd / Aðsend

Yngsti bóndi landsins

Fyrir skemmstu tóku Ragnhildur Ásta Ragnarsdóttir og Dagur Freyr Jónasson við búi foreldra Ragnhildar. Norðurhagi er 500 kinda sauðfjárbú við Þing í Húnabyggð.

Ragnhildur segist hafa verið viðloðandi búskapinn frá ómunatíð. Foreldrar hennar heita Þorbjörg Pálsdóttir og Ragnar Bjarnason, en Ragnar ólst upp í Haga og byggði Norðurhaga með skiptingu jarðarinnar. Hún segir að mikil veikindi hafi verið upp á síðkastið og eldra fólkið hafi viljað stíga til hliðar til að hleypa kærustuparinu unga að. Sama fjölskyldan hefur byggt jörðina frá 1915. Nú er Ragnhildur fjórði ættliðurinn og fyrsta konan sem tekur við kefli foreldra sinna. Hún er yngst af tíu systkinum og er bróðir hennar bóndi á Haga, þar sem faðir þeirra ólst upp.

Nánast jafnaldrar

Ragnhildur og Dagur eru bæði 19 ára, en hún er ögn yngri og hlýtur því nafnbótina yngsti bóndi landsins, fædd í september 2003. Engin skrá heldur utan um aldur bænda, en hún segist þekkja Kristófer Orra Hlynsson, sem áður bar titilinn og að hann hafi fært henni „kyndilinn“.

Nú þegar þau hafa tekið við lyklavöldum í Norðurhaga stefna Ragnhildur og Dagur að endurbótum á íbúðarhúsi og útihúsum.

Aðspurð hvaða ráð hún gefi ungu fólki sem ætli í búskap, þá hvetur Ragnhildur áhugasama til að nýta alla faghjálp sem býðst.

Í búfræðinámi

Ragnhildur er á fyrsta ári í búfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Hún dvelur við skólann á virkum dögum og fer heim allar helgar. Á meðan heldur Dagur til í Norðurhaga og sér um daglegan rekstur búsins, með aðstoð foreldra Ragnhildar. Hann starfar einnig sem smiður á Blönduósi.

Dagur er frá Akureyri og kynntust þau Ragnhildur þegar þau voru bæði við nám við Verkmenntaskólann á Akureyri. Hún segir hann ekki hafa stefnt að því að verða bóndi, en hafi heillast þegar hún kynnti hann fyrir sveitinni.

„Ég ætla að taka upp orð föður míns og segja að enginn ætti að reyna sauðfjárbúskap nema að hafa óbilandi áhuga. Þetta getur verið erfitt, en er á sama tíma mjög skemmtilegt og krefjandi,“ segir Ragnhildur að lokum. */ÁL*



Til sölu Ssangyong Rexton, 7 manna 2,2 Dísel, sjálfskiptur. Árgerð 2021. Ekinn 11.000 km. Bíllinn er með 33“ breytingu. Bíllinn er með hátt og lágt drif,læstur millikassi, sjálfstæð fjöðrun, læst afturdrif,byggður á grind.Dráttarbeisli. Dráttargeta 3000kg.

Bílahöllin

Verð kr. 8.990.000.- Upplýsingar í s. 567-4949.



Aðgerðaráætlun starfshóps matvælaráðherra telur að framleiðslutengdur stuðningur skapi hvata fyrir bændur til að vanda til verka við kornrækt.

Kornrækt:

Leggja til 500 milljón króna ríkisstuðning

Starfshópur matvælaráðherra leggur til árlegan 500 milljón króna ríkisstuðning auk fjárúthlutunar í sérstakan þróunarsjóð í drögum sínum að aðgerðaráætlun til eflingar kornræktar. Lokaskýrsla hópsins verður afhentur ráðherra um næstu mánaðamót.

Starfshópinn skipa Helgi Eyleifur Þorvaldsson, Hrannar Smári Hilmarsson og Egill Gautason hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Síðan hópurinn var skipaður í ágúst í fyrra hefur hann m.a. safnað saman tiltækum gögnum, tekið viðtöl við bændur, sérfræðinga og kornkaupendur, kynnt sér fyrirkomulag kornræktar í nágrannalöndum og teiknað upp mögulegar sviðsmyndir fyrir uppbyggingu kornræktar hér á landi.

Hópurinn hélt í janúar tvo fundi með bændum sunnan heiða og norðan þar sem þeir kynntu vinnu sína og drögin. Mæltust þeir vel fyrir. Egill segir það hafa komið þeim þægilega á óvart hvað mæting var mikil. Fjörugar umræður hafi skapast sem sýndi augljósan áhuga bænda á málefninu.



Starfshópurinn, þeir Helgi Eyleifur Þorvaldsson, Hrannar Smári Hilmarsson og Egill Gautason hjá LbhÍ, kynntu sér fyrirkomulag kornræktar í nágrannalöndunum. Hér eru þeir að kynna sér aðstæður í Noregi. Mynd/LbhÍ

Stærðarhagkvæmni lykilatriði

Í aðgerðaráætluninni leggur hópurinn meðal annars til árlegan 500 milljón króna ríkisstuðning sem skiptist í fjárfestingastuðning og framleiðslutengdan stuðning. „Fjárfestingastuðningurinn yrði ætlaður í innviðauppbyggingu; byggingu þurrkstöðva og sílóa, auk kaupa á kornflutningavögnum og þreskivélum,“ segir Helgi.

Egill bendir á að eitt af meginniðurstöðum þeirra sé nauðsyn þess að byggja upp hagkvæma innviði til þurrkunar, geymslu og flutninga. „Stærðarhagkvæmni er þar lykilatriði og því tölum við um að til þess að hægt sé að fá styrk þurfi stöðin að afkasta að minnsta kosti 1.000 tonnum með áætlanir um stækkun. Minni og óhagkvæmari einingar yrðu verri fjárfesting fyrir hið opinbera sem og rekstraraðila stöðvarinnar.“

Helgi segir að færri og stærri þurrkstöðvar væru æskilegasti kosturinn. „Fjárfestingakostnaður á tíu þúsund tonna stöð er helmingi minni en á þúsund tonna stöð ef þú deilir henni niður á kíló. Við leggjum höfuðáherslu á að verkefni verði fullfjármögnuð. Að uppfylltum tilteknum skilyrðum leggi ríkið þá til 40% í fjárfestingunni.“

Hann segir þó mikilvægt að bændur séu í ráðandi hlut. „Til þess að verkefninu fylgi ákefð og ástríða. En við leggjum það þó í hendur bænda að koma sér saman í hóp.“

Hvati til að gera vel

Hinn angi stuðningsins yrði svo framleiðslutengdur. Starfshópurinn leggur til að til að byrja með yrðu 10 -20 krónur greiddar fyrir hvert kg af byggi, hveiti og höfrum.

„Við teljum að framleiðslutengdur stuðningur skapi hvata fyrir bændur til að gera vel, vanda jarðvinnslu og hámarka uppskeru – sem er um leið best fyrir umhverfið. Þannig gæti land sem skilar tveimur tonnum skilað fjórum tonnum með réttri þekkingu og vandvirkni. Bóndinn gæti þar með tvöfaldað stuðning sinn,“ bendir Helgi á.

Egill segir að hugmyndin sé að framleiðslustuðningur yrði smám saman trappaður niður þegar markmið um aukna innanlandsframleiðslu verði náð. „Passa þyrfti upp á að hann eigngerist ekki.“

Markmiðið sé sjálfsnægt í byggframleiðslu, sem hópurinn hefur reiknað út að sé á milli 35 og 45 þúsund tonn og 80 þúsund tonna framleiðsla af hveiti.

Kornið er fyrst og fremst ætlað í fóður en þegar manneldiskröfum er náð hækkar virði þess. Markaður með hafra er töluvert minni, þar sem það fer lítið í fóður.

Telja þeir nokkuð raunhæft að komast nálægt markmiðunum á áratug í bygg og hafrarækt miðað við þá sviðsmynd sem þeir hafa dregið upp en markmið í hveitiræktun tekur væntanlega lengri tíma.

Merkileg staða

Í lokaskýrslunni má einnig finna kafla eftir Daða Má Kristófersson, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði.

„Í þeim kafla færir hann rök fyrir því að með réttum aðgerðum sé kornrækt á Íslandi raunverulega samkeppnishæf við erlenda framleiðslu. Ástæðan er sú að við erum nær á pari í kostnaði, sem auðveldlega væri hægt að minnka með betri vélakosti og úrvinnslu. Við búum við það að eiga fullt af frjósömu landi, ódýrt rafmagn og heitt vatn. Veikleiki okkar er kalt veðurfar og ofsafengin sem við getum brugðist við t.d. með skjólbeltarækt og plöntukynbótum. En á meðan eru líka veikleikar erlendis, s.s. miklir þurrkar, skordýraplágur og ófrjósamur jarðvegur. Í kaflanum kemur fram að við eigum margt inni og ef okkur tekst að byggja innviði sem lækkar kostnað við framleiðslu þá erum við komin í ansi merkilega stöðu,“ segir Helgi.

/ghp

MERKIÐ TRYGGIR UPPRUNANN

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT – NÁTTÚRULEGA

Upprunamerki Íslensks lambakjöts stendur fyrir tryggan uppruna
og úrvinnslu afurða, framleiðendum og neytendum til heilla.
Það er staðfesting á því að lambið sem boðið er upp á hverju sinni sé
sannarlega frá íslenskum bændum, hvort sem það er eldað til
hátíðarbrigða eða einfaldega til að gera hversdaginn örlítið bragðbetri.

FRÉTTIR

Fagráð um velferð dýra:

Óásættanlegar tafir á úrræðum fyrir skepnur í sárri neyð

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Fundargerð fagráðs um velferð dýra frá 25. janúar var nýlega birt á vef Matvælastofnunar þar sem ályktun ráðsins er að finna í máli frá síðasta hausti og varðar meinta vanrækslu hrossa í Borgarbyggð.

Telur fagráð að Matvælastofnun þurfi ávallt að tryggja að dýrum í sárri neyð sé komið tafarlaust til bjargar. Allar tafir á úrræðum séu óásættanlegar.

Ályktun fagráðsins kemur í kjölfar yfirlýsingar Samtaka um dýravelferð á Íslandi sem Matvælastofnun barst 13. október og tengdist meintri vanrækslu á hrossum í Borgarbyggð og talsvert var fjallað um í fjölmiðlum á þeim tíma. Þar kölluðu samtökin eftir tafarlausum aðgerðum af hálfu Matvælastofnunar í því máli og bentu á að stofnunin væri eina bjargræði dýra sem lögum um velferð dýra væri ætlað að vernda gegn illri meðferð. Töldu samtökin að Matvælastofnun héldi verndarhendi yfir eigendum dýra og þrátt fyrir góðan vilja stofnunarinnar gagnvart mikilvægi velferðar dýra þá fylgdu athafnir ekki þeim orðum.

Efast um réttmæti þess að veita ítrekaða fresti

Fagráðið telur að í öllum málum sem varða dýrvelferð þurfi að fylgja góðir og skýrir verkferlar og að þeir séu gagnsæir og aðgengilegir á vef stofnunarinnar.

„Það er mat ráðsins að of djúpt sé á þessum upplýsingum á vef MAST. Jafnframt þurfi MAST að skerpa á því hvernig tilkynningum sé sinnt, meðal annars með því að svara tilkynnanda eins fljótt og auðið er og benda á þá verkferla sem unnið sé eftir. Að veita frest til úrbóta, eins og nú er gert út frá meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, er vissulega mikilvægt. Í málum þar sem dýr sæta sannanlega illri meðferð, svo sem ef þau eru höfð í of þröngu rými, njóta ekki lögbundinnar útivistar, eða eru vanfóðruð, efast fagráðið hins vegar um réttmæti þess að veita ítrekaða fresti til úrbóta," segir í ályktun fagráðs.



Ályktun fagráðs um velferð dýra fjallaði um meinta vanrækslu á hrossum í Borgarbyggð. Mynd / Steinunn Árnadóttir

Dýrin alltaf látin njóta vafans

Þá segir í ályktuninni að séu lög og reglugerðir ekki nægilega skýr, að mati stofnunarinnar, verði að beina beiðni um viðhlítandi breytingar til ráðuneytisins, þannig að dýrin séu alltaf látin njóta vafans og að eignarhald umráðamanns tefji aldrei fyrir nauðsynlegum aðgerðum. Það er mat fagráðsins að í tilvikum sem varða alvarleg frávik í dýrahaldi verði MAST að vinna af meiri festu og skoða öll möguleg úrræði til liðveislu umráðamanna dýranna með hagsmuni dýranna að leiðarljósi."

Á fundinum ræddi fagráðið einnig þörf þess að Matvælastofnun hefði á sínum snærum fólk sem stofnunin geti falið að sjá um dýr og/eða búrekstur í dýravelferðarmálum. Einnig var rædd þörf á sjálfstæðri innri endurskoðun hjá stofnuninni. Kalla þyrfti eftir auknu fjármagni ef það væri mat stofnunarinnar að fjármagn skorti til að sinna eftirliti og tryggja dýravelferð.

Fagráð er Matvælastofnun til samráðs um álitaefni

Fagráð um velferð dýra starfar á grunni laga um velferð dýra. Framkvæmd stjórnsýslunnar, í málum sem varða velferð dýra, er í höndum Matvælastofnunar sem er skylt að leita álits fagráðsins um stefnumótandi ákvarðanir og umsóknir um leyfi til dýratilrauna.

Fagráðið hefur aðsetur hjá Matvælastofnun sem leggur því til vinnuaðstöðu og starfsmann með sérfræðiþekkingu á starfssviði ráðsins. Í ráðinu skulu sitja fagfólk á sviðum dýralækninga, dýrafræði, dýraatferlisfræði, dýravelferðar, dýratilrauna, búfjárfræða og siðfræði. Hlutverk þess er meðal annars að vera Matvælastofnun til samráðs um stefnumótun og einstök álitaefni á sviði velferðar dýra, að fylgjast með þróun dýravelferðarmála og upplýsa stofnunina um mikilvæg málefni á sviði dýravelferðar, auk þess að taka til umfjöllunar mál á sviði velferðar dýra að beiðni einstakra fagráðsmanna.

Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, er formaður fagráðsins, en auk hennar eiga þar sæti þau Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur Bændasamtaka Íslands, Anna Berg Samúelsdóttir, búfræðingur og landfræðingur, tilnefnd af Dýraverndarsambandi Íslands, Katrín Andrésdóttir dýralæknir, tilnefnd af Dýralæknafélagi Íslands, og Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og kennari í siðfræði, tilnefndur af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Henry Alexander segir að einhugur hafi verið í ráðinu með ályktuninni um hrossamálið í Borgarbyggð, en formaðurinn hafi reyndar ekki tekið þátt í gerð hennar eða afgreiðslu. „Vissulega voru ólík sjónarmið og áherslur hjá ráðsfólki en að lokum var mjög góð sátt um orðalagið," segir hann.



Henry Alexander Henryson.

Draga þarf lærdóm af þessu máli

Á svipuðum tíma og hrossamálið kom upp í Borgarbyggð, komu upp mál af svipuðum toga sem vörðuðu sauðfé og nautgripi og tengdist sama umráðafólki. Henry segir að eingöngu hafi verið fjallað um hrossamálið í fagráðinu – og viðbrögð Matvælastofnunar hvað varðar hrossin – þar sem erindi Samtaka um dýravelferð hafi eingöngu snúið að því máli.

Hann segir aðspurður að það sé ekki niðurstaða fagráðsins að viðbrögð stofnunarinnar hafi verið ámælisverð. „Hins vegar telur ráðið að það þurfi að draga lærdóm af þessu máli þegar í stað, meðal annars varðandi samskipti við þá aðila sem tilkynna um möguleg brot á velferð dýra.

Þá er það einnig skoðun fagráðsins að dýr þurfi að njóta vafans í auknum mæli. Það kann að reyna á lögfræðilega hlið þess hvernig á að standa að aðgerðum, en persónulega tel ég eðlilegt að stofnun sem á að sjá um dýravelferð láti stundum reyna á það fyrir dómstólum hvort of hart sé gengið fram gagnvart umráðamönnum til að koma dýrunum til aðstoðar," segir Henry.

> „Hins vegar telur ráðið að það þurfi að draga lærdóm af þessu máli þegar í stað, meðal annars varðandi samskipti við þá aðila sem tilkynna um möguleg brot á velferð dýra."

Lög um velferð dýra eru nokkuð skýr

Henry segir að það sé mat fagráðsins að ef slík dómsmál kalli að lokum á lagabreytingar til þess að tryggja velferð dýra þurfi eftirlitsstofnunin að kalla eftir slíkum breytingum. „Besta dæmið um þetta er sú tilhneiging að veita stöðugt og ítrekað fresti til úrbóta og það réttlætt með því að vísa í þann lagaramma sem MAST vinnur eftir. En lög um velferð dýra eru nokkuð skýr um að það eigi að grípa inn í þessi mál eins fljótt og auðið er. Ef það er einhver togstreita þarna þarf að bregðast við því af hendi löggjafans."

Ályktun fagráðsins snúist eingöngu um að hvetja MAST til að taka ávallt málstað dýranna, enda séu lögin alveg skýr hvað þetta varðar. „Og þótt þau lög væru ekki enn samþykkt þá held ég einfaldlega að viðtekin viðmið í samfélaginu í dag hneigist í þá átt," segir Henry.

Einkennileg viðbrögð MAST við ályktuninni

Henry telur að viðbrögð stofnunarinnar við ályktun fagráðsins hafi verið einkennileg. „Mér fannst ályktunin vera varfærin og málefnaleg. Fagráðinu var tilkynnt að ályktanirnar yrðu birtar sérstaklega á forsíðu vef stofnunarinnar.

Eftir nokkra bið ákvað MAST að birta eingöngu fundargerðina á sínum stað og nota forsíðu heimasíðunnar til að bregðast við ályktununum fagráðsins.

Persónulega verð ég að segja að þetta kemur mér fyrir sjónir þannig að MAST sé ekki á vegferð sem snúist um að lægja óánægjuöldur í samfélaginu heldur réttlæta fremur vinnubrögð sín í einu og öllu. Hugmynd fagráðsins með þessari ályktun var alltaf að hvetja MAST til dáða og leggja fram stuðning við því að stofnunin leitaði til ráðuneytisins ef heimildir hennar eru of takmarkaðar í dýravelferðarmálum.

Svo vakna auðvitað margar spurningar í framhaldinu. Ein þeirra er hvort það þurfi að taka upp einhvers konar hæfis- og hæfnimat þeirra sem hafa fjölda dýra í sinni umsjá. Það gæti verið ein lausn en auðvitað er slíkt mat upp að einhverju marki þegar í gangi í ljósi þess eftirlits sem MAST á að hafa með búfjárhaldi og þess fjölda ábendinga sem berast um slæman aðbúnað. Það sem er mest aðkallandi akkúrat í dag held ég að sé að eftirlitið og viðbrögð við ábendingum verði í betri sátt við samfélagið og breytt viðhorf til dýravelferðar."



VEIÐIFÉLAGAR FISHPARTNER

VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikilla eftirspurna þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskektum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.

Hrein íslensk fæðubót **frá Eylíf**

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira



Ragnar Þór Alfreðsson
Trésmiður

Líður betur og er ánægður með Stronger LIVER frá Eylíf

Mér var bent á að prófa **Stronger LIVER** frá Eylíf og ákvað ég að slá til. Ég hef verið í eftirliti hjá lækninum mínum vegna heilsufarsins og fer reglulega í tékk og blóðprufur.

Eftir að hafa notað **Stronger LIVER** í nokkra mánuði þá kom í ljós að blóðprufan kom óvenjulega vel út, öll gildin fyrir lifrina voru mun betri en áður. Þetta kom mér skemmtilega á óvart og hef ég verið mjög ánægður með vöruna því að mér líður vel af því að nota hana.

Því get ég sagt með sanni að ég mæli með **Stronger LIVER** frá Eylíf og ætla að halda áfram að nota vöruna.

Ragnar Þór Alfreðsson,
trésmiður

Nýjasta varan frá Eylíf er Stronger LIVER sem inniheldur fjögur íslensk hráefni:

- *Kítósan* er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hefur staðfesta virkni
- *Kalkþörungar* sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- Íslenski kísillinn frá *GeoSilica* sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess.
- *Íslensk hvönn* sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif á meltinguna í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af kólín, mjólkurþistli og C vítamíni.

Kólín stuðlar að viðhaldi eðlilegarar starfsemi lifrar og að eðlilegum fituefnaskiptum.

Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæða-hráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra" segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.

„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS** og **Stronger LIVER**" segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

Hreint óerfðabreytt hráefni
Íslensk framleiðsla

Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.



Hrafnhildur Jónsdóttir

Leið fljótt betur í öllum liðum með Active JOINTS frá Eylíf

Hrafnhildur Jónsdóttir hefur lengi verið þjökuð af gigt með tilheyrandi liðverkjum. Hún er mikill hestamaður auk þess sem hún starfaði lengi sem tamningamaður. Hrafnhildur prófaði **Active JOINTS** frá Eylíf og er gríðarlega ánægð með góð áhrif á liðleika og hreyfingu.

„Ég er búin að taka **Active JOINTS** frá Eylíf frá því það kom á markað. Ég er gigtarsjúklingur og hef prófað ýmis fæðubótarefni til að liðka liðina. Þegar mér var bent á að prófa **Active JOINTS** frá Eylíf lét ég slag standa og sé ekki eftir því. Ég fór mjög fljótt að finna mun á liðleika mínum auk þess sem mér til undrunar styrktust neglur og hárið varð meðfærilegra og þykkara. Þetta efni hefur því haft margvísleg góð áhrif á líðan mína. Ég er með spengdan hrygg og brjósklos í hálsi og var alltaf að leita eftir góðum lausnum fyrir mig þar sem ég vil geta hreyft mig. **Active JOINTS** frá Eylíf tekur smá tíma að byrja að virka almennilega en síðan fer maður að finna reglulega mikinn mun. Ég kannski fann það best þegar ég hætti að taka **Active JOINTS** á tímabili. Þá varð líðan mín bara öll miklu verri og ég stirðari," segir Hrafnhildur. „Ég fór þá að taka það aftur og sá að þetta gerði mér mjög gott," segir hún.

„**Active JOINTS** smyr liðina og í þessu eru efni sem mig vantaði," bætir hún við. Hrafnhildur segir að það skipti hana miklu máli að **Active JOINTS** sé íslensk vara. „Mér finnst gott að vita um uppruna vörunnar. Ég vel alltaf frekar íslenska vöru ef það er mögulegt.



EYLÍF

FRÉTTIR



Forsíða umræðuskjalsins Ræktum Ísland! sem liggur í drögum að landbúnaðarstefnunni til grundvallar.

Landbúnaðarstefna til umsagnar í samráðsgátt

Drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

Í lýsingu á drögum að stefnunni kemur fram að aðdragandinn nái aftur til ársins 2018 þegar þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði samráðshóp um fyrri endurskoðun búvörusamninga.

Sá hópur lagði til að unnin yrði sviðsmyndagreining um framtíð landbúnaðarins til ársins 2040. Síðan tók KPMG við verkefninu við sviðsmyndagreininguna og í þeirri vinnu var hvatt til þess að unnin yrði landbúnaðarstefna og var verkefnisstjórn um landbúnaðarstefnu skipuð 15. september 2020. Hana skipuðu Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra og þingmaður, og Hlédís Sveinsdóttir, ráðgjafi og verkefnastjóri. Með henni störfuðu Bryndís Eiríksdóttir, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, og Sigurgeir Þorgeirsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri.

Verkefnisstjórnin skilaði ráðherra umræðuskjalinu Ræktum Ísland! 30. mars 2021. Umræðuskjalið fór til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Að svo búnu var farið með skjalið á umræðufundi um land allt og útkoman var skjalið Landbúnaðarstefnan Ræktum Ísland! sem var skilað til ráðherra þann 19. ágúst 2021.

Fyrirliggjandi drög að þingsályktunartillögu byggir á grunni Ræktum Ísland!, en þó hefur verið tekið mið af annarri stefnumótun á málefnasviðinu.

Þar má nefna stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sem tók við í lok nóvember 2021, áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla, tillögum og greinargerð Landbúnaðarháskóla Íslands um aðgerðir til að bæta fæðuöryggi Íslands, sem var skilað til ráðuneytisins í apríl 2022 og Land og líf, sameinuð stefna fyrir landgræðslu og skógrækt var birt í ágúst 2022.

Umsagnarfrestur um drögin er til föstudagsins 24. febrúar. */smh*

Verndaráætlun Kirkjugólfs

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur staðfest stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins Kirkjugólfs.

Í fréttatilkynningu á vef ráðuneytisins segir að Kirkjugólf við Kirkjubæjarklaustur sé lág jökul- og brimsorfin stuðlabergsklöpp þar sem endar lóðréttra stuðlabergssúlna ná upp úr jörðu og mynda um 80 fermetra slétt gólf. Kirkjugólf hefur jarðfræði- og sögulegt verndargildi, sem og fræðslugildi og var við gerð áætlunarinnar bætt við reglu varðandi kvikmyndatöku og ljósmyndun, svo og um næturgistingu sem er óheimil innan verndarsvæðisins. Þá hefur almenningi verið tryggður aðgangur að Kirkjugólfi með göngustíg sem lagður var frá bílastæði við Geirlandsveg.

„Í stjórnunar- og verndaráætluninni eru kynntar leiðir til að tryggja að markmið friðlýsingarinnar nái fram að ganga. Mikilvægt er að varðveita stuðlaberg náttúruvættisins Kirkjugólfs og þá sérstöku ásýnd sem svæðið hefur. Einnig þarf þó að tryggja gott aðgengi að svæðinu, svo að sem flestir fái notið," segir Guðlaugur Þór í fréttatilkynningunni. */ÁL*





Sölvatekja hefur lengi verið stunduð á Íslandi. Söl innihlada ekki mikið af joði en geta innihaldið eitthvað af kadmíum.
Mynd / Myndasafn Bændablaðsins

Þang og þari:

Þörf á löggjöf um matvæla-öryggi fyrir sjávargróður

– Of mikið magn óæskilegra efna finnst í sumum þangtegundum

Þang og þara má nú í auknum mæli finna í matvörum, fæðubótarvörum og matvælaumbúðum á Íslandi, en þessi næringarríki og bragðmikli sjávargróður hefur af mörgum verið talið vannýtt hráefni.

Í niðurstöðum úr samnorrænu verkefni kemur fram að þörf sé á samræmdri löggjöf um matvælaöryggi hans, en mælingar gefa til kynna að of mikið magn óæskilegra efna sé að finna í sumum tegundum.

Ísland var þátttakandi í verkefninu og tók Grímur Ólafsson, fagsviðsstjóri neytendaverndar hjá Matvælastofnun, þátt í vinnunni. Hann segir að ein helsta niðurstaða verkefnisins sé sú að aðaláhættan stafi af þungmálminum kadmíum og ólífrænu arseni, sem er eitraður málmungur, ásamt joði.

Talsvert magn kadmíums mældist

Joð er nauðsynlegt snefilefni, en bæði of lítil neysla og of mikil neysla getur verið skaðleg heilsu Sumar matvörur sem gerðar eru úr þangi innihalda mjög mikið magn af joði og þess vegna er joð flokkað sem hættulegt í þessu samhengi. Sem dæmi má nefna að Landlæknisembættið mælir alls ekki með að barnshafandi konur noti þara eða þaratöflur sem joðgjafa þar sem hann getur innihaldið joð í stærri skömmtum en æskilegt er að neyta á meðgöngu og einnig efni sem geta verið skaðleg fyrir fóstrið," segir Grímur.



Grímur Ólafsson, fagsviðsstjóri neytendaverndar hjá MAST.

Að sögn Gríms fer magn þungmálma og joðs í þangi og þara meðal annars eftir aldri sjávargróðursins, tegund, vaxtarsvæði og vatnsgæðum. „Talsvert magn af kadmíum mældist í nokkrum tegundum, til dæmis beltisþara og klapparþangi. Ólífrænt arsen finnst í nokkru magni í hrossaþara.

Mikill munur getur verið bæði innan tegundar og á milli tegunda. Dæmi um þangtegundir sem geta innihaldið mikið magn af joði eru beltisþari, hrossaþari og stórþari – og hafa gildi í þeim mælst allt að 10.000 milligrömm á kíló."

Stöðugt fleiri aðilar hafa sótt í nytjar á ýmsum gerðum á þangi síðustu ár til framleiðslu á mat- og fæðubótarvörum. „Helst ber þar að nefna söl, en einnig beltisþara og stórþara," segir Grímur.

Söl innihalda ekki mikið af joði en geta innihaldið eitthvað af kadmíum. Eftirlit með starfsemi þessara fyrirtækja er hjá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga nema ef um er að ræða þang sem notað er til fóðurgerðar, þar er eftirlit í höndum Matvælastofnunar. Það eru engar sérstakar reglur sem gilda fyrir þang og þara, aðrar en almennar reglur um heilnæmi matvæla sem er að finna í matvælalögum. Það er ein af ábendingunum í skýrslunni að það vantar sérstaka löggjöf á þessu sviði."

Sértæk löggjöf fyrir þang og þara

Grímur telur að skýrslan verði notuð til að búa til lagaumgjörð og leiðbeiningarefni. „Í skýrslunni kemur fram að höfundar vonist til að hún geti orðið innlegg inn í umræður um sértæka evrópska löggjöf fyrir þang og þara. Slíka löggjöf vantar eins og staðan er í dag. Markmið okkar er einnig að skýrslan verði bakgrunnsefni fyrir leiðbeiningar sem ætlaðar verði fyrir eftirlitsfólk Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits. Sú vinna er reyndar þegar hafin. Danska matvælaöryggisstofnunin er að vinna slíkar leiðbeiningar og við hjá Matvælastofnun höfum óskað eftir að fá að fylgjast með þeirri vinnu."

/smh

Öryggi rafmagnsdreifingar aukið

Norski fjárfestingarbankinn og RARIK ohf. hafa undirritað 20 milljóna evra lánasamning.

Honum er ætlað að fjármagna lögn jarðstrengja í staðinn fyrir loftlínur frá árunum 2022-2024 til að efla öryggi rafmagnsveitu í þéttbýli og dreifbýli á Íslandi.

Lánið er til 15 ára og mun tryggja fjármögnun fjárfestinga RARIKS í dreifikerfum og rafstöðvum bæði í dreifbýli og þéttbýli.

Markmið RARIK er að koma öllu dreifikerfinu í jörð fyrir 2035. Í fréttatilkynningu vegna samningsins segir að aukin notkun jarðstrengja í staðinn fyrir loftlínur geri dreifikerfið veðurþolnara og orkunýtni betri.

Þar af leiðandi mun fjárfestingaverkefnið efla öryggi rafveitunnar með því að minnka líkurnar á rafmagnsleysi af völdum, til dæmis veðurtruflana. */VH*



Markmið RARIK er að koma öllu dreifikerfi sínu í jörð fyrir 2035.

limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT gjörið svo vel

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR

Matvælastefna til umsagnar í samráðsgátt

Drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu til ársins 2040 voru sett í samráðsgátt stjórnvalda 10. febrúar til umsagnar.

Þar er stefnunni lýst þannig að henni sé ætlað að vera leiðandi í ákvarðanatöku til að stuðla að aukinni verðmætasköpun í matvælaframleiðslu hér á landi, tryggja fæðu- og matvælaöryggi og auka velferð fólks í sátt við umhverfi og náttúru. Drög stefnunnar voru kynnt á Matvælaþingi í Hörpu 22. nóvember. Þar voru fengnir aðilar úr margvíslegum áttum til að ræða og gagnrýna stefnuna í heild sinni, auk þess sem opið var fyrir spurningar almennings.



Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra. Mynd / Gunnar Vigfússon

Umræður á Matvælaþingi voru svo hafðar að leiðarljósi við yfirferð stefnunnar auk athugasemda sem komu fram eftir Matvælaþing.

Hægt er að veita umsagnir um stefnuna til föstudagsins 24. febrúar.

/smh

Sjö landshlutasamtök fengu styrk til sóknar

Sjö landshlutasamtök sveitarfélaga fengu úthlutað frá innviðaráðherra 130 milljónum króna til tólf verkefna sem ætlað er að efla byggðir landsins.

Markmiðið með framlögunum er að tengja sóknaráætlanir landshluta við byggðaráætlun og færa heimafólki aukna ábyrgð á ráðstöfun fjármuna, að því er fram kemur í tilkynningu frá innviðaráðuneytinu. Áhersla er lögð á að styrkja svæði þar sem er langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hlutu stærsta styrkinn, að upphæð 21,6 milljón króna fyrir verkefni um verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hlutu 15 milljónir króna til að styrka innviði á Laugarbakka í Miðfirði og efla þar atvinnustarfsemi, með lagningu kaldavatnslagna frá Hvammstanga til Laugarbakka.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hlaut 15 milljónir króna til að byggja upp Baskasetur Íslands sem verði miðstöð skapandi sjálfbærni, tengt lífríki hafsins. Það hlaut einnig 7 milljón króna styrk sem nota á í verkefni sem snýr að þorskseiðaeldi á Drangsnesi. Samband sveitarfélaga á Austurlandi hlutu 15.650.000 kr. fyrir framkvæmd hönnunar- og vörusmiðju nýrrar hringrásar ferðamanna um Austur og Norðurland í tengslum við beint millilandaflug á Egilsstaði og Akureyri. Verkefnið er samstarf SSA, SSNV, SSNE, áfangastofa Norður- og Austurlands, Austurbrúar og Markaðsstofu Norðurlands

Samband sveitarfélaga á Austurlandi hlaut einnig 13 milljónir króna fyrir verkefnið Vatnaskil sem fjallar um nýsköpun og fjölbreyttara atvinnulíf í dreifbýli á Austurlandi með sérstaka áherslu á ungt fólk.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hlutu styrk upp á 11,2 milljónir króna til að útbúa vörumerki og verkfærakistu fyrir Dalabyggð, sem nýtast á til að móta stefnu í markaðssetningu fyrir nýja íbúa, fjárfesta og í ferðaþjónustu á svæðinu. Samtökin hlutu einnig 5 milljónir króna fyrir þarfagreiningu og frumhönnun á atvinnuhúsnæði fyrir iðngarða í Búðardal.

Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum hlutu styrk upp á 10 milljón krónur fyrir rekstur á starfrænni smiðju (FabLab) í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) hlutu 4,3 milljónir króna fyrir verkefni sem snýr að hitaveituvæðingu Grímseyjar. Þau hlutu einnig 2.250.000 kr. til uppbyggingar á aðstöðu fyrir nýsköpun, menntun og rannsóknir í Þingeyjarsveit.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga fengu 10 milljónir króna til verkefnis er snýr að uppbyggingu sérfræðistarfa við þróun þekkingartengdrar ferðaþjónustu á miðsvæði Suðurlands

Byggðastofnun annast umsýslu verkefnastyrkjanna.

/ghp



Matís:

Greining á næringargildi og nýtingarhlutfalli lambakjöts

– Margir aðilar munu hafa hag af nýjum og nákvæmum gögnum

Hjá Matís er nú unnið að því að greina nákvæmlega næringargildi og nýtingarhlutfall lambakjöts og aukaafurða lambaskrokka.

Með þeim upplýsingum sem fást úr verkefninu verður öllum þeim aðilum sem starfa við framleiðslu og sölu sauðfjárafurða færð nákvæm gögn sem eiga að geta bætt kostnaðar- og framlegðarútreikninga við úrvinnslu og mat á afurðaverði.

Starfsmenn Matís, þeir Óli Þór Hilmarsson og Ólafur Reykdal, vinna meðal annarra að verkefninu sem er unnið fyrir Icelandic lamb með stuðningi Matvælasjóðs. „Innihaldið í algengustu kjötmatsflokkum lambakjöts er kannað með nákvæmnisúrbeiningu en með henni fáum við hlutfall kjöts, fitu, beina og sina í hverjum parti fyrir sig. Eftir nákvæmnisúrbeiningu er ætum hluta, kjöti og fitu, blandað saman og það efnagreint. Með þeirri mælingu fáum við nákvæmt næringargildi hvers parts fyrir sig. Þetta eru ómetanlegar upplýsingar fyrir alla þá sem eru að sýsla með kjöt, hvort heldur á innanlandsmarkaði eða til útflutnings," segir Óli Þór.



Óli Þór Hilmarsson við nákvæmnisúrbeiningu. Mynd / Matís

Umfangsmikið verkefni

Óli Þór segir að umfang verkefnisins sé mikið. „Síðastliðið haust var farið þrisvar í sláturhús; fagsviðsstjóri kjötmats hjá Matvælastofnun valdi níu skrokka í hverjum matsflokki, sem alls eru sjö og ná yfir um 90 prósent framleiðslunnar. Helmingur allra skrokka, sem eru alls 63, fóru í þessa nákvæmnisúrbeiningu. Valdar afurðir, við getum kallað það bestu nýtingu, úr pörtum úr hinum helmingi skrokksins eru síðan myndaðir og þeir úrbeinaðir og mældir með sama hætti.

Sem sagt annars vegar fáum við upplýsingar um samsetningu nánast allra framleiðsluflokka og hins vegar sömu upplýsingar um tilteknar afurðir sem tímabært var að uppfæra. Í þessu verkefni var innyflum líka safnað saman í sláturhúsunum og verða þau efnagreind með sama hætti. Þar á meðal eru afurðir sem litlar sem engar upplýsingar voru til um," segir Óli Þór.

Gögnin gagnast mörgum

Ólafur Reykdal segir að verkaskipting þeirra sé með þeim hætti að Óli Þór sé sérfræðingurinn í kjötinu og nýtingarhluta þess – án hans væri ekki hægt að vinna þetta verkefni. Hans þáttur felist í skriftum og uppgjörsvinnu við gögnin. „Verkefninu lýkur formlega í haust en Óli Þór er þegar búinn með umtalsverðan hluta af nákvæmisúrbeiningu. Það má því ætla að öll gögn verði aðgengileg í sumar.

Með því að leggja fram gögn sem verða til í verkefninu er öllum afurðastöðvum í sauðfjárslátrun, úrvinnslufyrirtækjum, nýsköpunarfyrirtækjum, smásölum og annarra hagsmunaaðila – eins og bænda sem stunda heimavinnslu og annarra smáframleiðenda – færð nákvæm gögn. Með þeim verður svo hægt að auka hagræði, bæta áætlanagerð, kostnaðar- og framlegðarútreikninga við úrvinnslu og mat á afurðaverði," segir Ólafur.

Staðfestar upplýsingar um næringu og hollustu

Að sögn Ólafs eru upplýsingarnar sem fást úr verkefninu um aukaafurðir einkum verðmætar fyrir smáframleiðendur í nýsköpun sem nýta sér vannýtt hráefni í sína framleiðslu. „Til dæmis mætti nefna framleiðendur sem nota innmat lamba til framleiðslu á fæðubótarefnum. Þeir hafa ríka þörf fyrir uppfærð og nákvæm gögn um efnainnihald hráefna, til staðfestingar á næringarinnihaldi og hollustu afurða sinna. Smásöluverslanir, sérverslanir, veitingahús, stofnanir og mötuneyti munu einnig geta nýtt gögnin til hagsbóta í rekstri og endurmats á merkingum um næringarinnihald. Þá munu niðurstöðurnar einnig nýtast til kennslu og rannsókna í landbúnaði, kjötiðnaði og matreiðslu," segir Ólafur.

Þá fá opnir gagnagrunnar eins og ÍSGEM (íslenskur gagnagrunnur um efnainnihald matvæla) og Kjötbókin, sem finna má á vef Matís, uppfærslu með nýjum upplýsingum sem verkefnið leiðir af sér.

/smh



Langskorinn hryggur.

Hvolsvöllur:

Stefnt að byggingu björgunarmiðstöðvar

Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu hefur lýst því yfir að áhugi sé fyrir hendi að ráðast í byggingu björgunarmiðstöðvar á Hvolsvelli.

Verkefnið yrði í samvinnu við björgunarsveitina Dagrenningu og mögulega fleiri aðila. Fundað var með fulltrúum björgunarsveitarinnar nú í janúar þar sem málin voru rædd, meðal annars stærð og skipulag slíkrar byggingar ásamt álitlegum staðsetningum.

„Þetta er spennandi verkefni, sem á eftir að taka á sig mynd á næstu mánuðum," segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.



Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra. Mynd / Aðsend

Um síðustu áramót varð sú breyting á að slökkvistjóri Brunavarna Rangárvallasýslu, Leifur Bjarki Björnsson, er kominn í 100% starf, sem var áður skilgreint 30% starf.

„Með því gefst okkur tækifæri til að byggja upp starfið og starfsemina til framtíðar, auka menntun og þjálfun starfsmanna, sinna eldvarnareftirliti og fleira," segir Anton Kári.

/mhh

KRAFTVÉLAR



NEW HOLLAND
NÚMER EITT Á ÍSLANDI



New Holland var mest selda dráttarvélin á Íslandi í flokki dráttarvéla yfir 50 hestöfl árið 2022.

Við hjá Kraftvélum erum mjög stolt af þessum árangri og þökkum viðskiptavinum fyrir traustið og valið á þessum frábæru dráttarvélum.

Upplýsingar um New Holland og fleiri landbúnaðartæki má finna á www.kraftvelar.is

KRAFTVÉLAR EHF **Sími 535-3500** **www.kraftvelar.is**

NYTJAR HAFSINS

Hrun og ris norsk-íslensku síldarinnar



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Fáar fisktegundir ef nokkrar eru sveipaðar jafnmiklum ævintýraljóma og Norðurlandssíldin svonefnda. Hún ásamt þorskinum lyfti Íslendingum úr fátækt í velmegun á síðustu öld. Síldin skilar enn þá verðmætum í þjóðarbúið þótt mikilvægi hennar sé ekki jafnmikið og áður var.

Sú síld sem kölluð var Norðurlandssíld eða Íslandssíld hér áður fyrr er af norska vorgotssíldarstofninum. Hún hrygnir aðallega við vesturströnd Noregs í febrúar til apríl en kemur hingað í ætisleit á sumrin og það er gjarnan stórsíld sem leitar lengst í vestur. Stærsta síld sem vitað er að veiðist hafi hér við land fékkst út af Skjálfanda árið 1955. Hún var 46,5 sentímetra löng. Annars verður síldin sjaldan lengri en 30 til 40 sentímetrar, segir í bókinni Íslenskir fiskar eftir Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson.

Síldin veiddist aðallega fyrir norðan og austan og hún gat verið að einhverju marki blönduð íslenskri síld og er svo enn í dag. Norðurlandssíldin er nú á tímum nefnd norsk-íslensk síld.

Nokkrir síldarstofnar

Í þessari grein verður fjallað um veiðar og vinnslu Íslendinga á norsk-íslenskri síld en lítillega minnst á aðra síldarstofna.

Fyrir utan norsk-íslensku síldina eru margir síldarstofnar í norðaustanverðu Atlantshafi, misjafnlega stórir. Má þar nefna Hvítahafssíld, Múrmansksíld, þrjá stofna haustgotssíldar í Norðursjó og við vesturströnd Skotlands og tvo íslenska síldarstofna, vorgots- og sumargotssíld, að því er fram kemur í grein á vef Hafrannsóknastofnunar sem byggist á bókinni Íslenskir fiskar.

Íslenska sumargotssíldin, sem einnig var kölluð Suðurlandssíld, veiðist á haustin og eitthvað fram á vetur. Íslenska vorgotssíldin, sem gaf góðan afla í eina tíð, er hins vegar nánast útdauð af völdum ofveiði, óhagstæðra umhverfisskilyrða og að einhverju leyti vegna Surtseyjargossins sem eyðilagði mikilvægar hrygningarslóðir hennar.

Ein mest veidda fisktegundin

Síld hefur um langan aldur verið ein mest veidda fisktegundin í heiminum.



Veiðar á norsk-íslenskri síld. Mynd / Þorgeir Baldursson.

Síldveiðar voru stundaðar í Norðurálfu löngu áður en sögur hófust. Flestir síldarstofnar í Norðaustur-Atlantshafi hrundu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar en hafa náð sér aftur nema vorgotssíldarstofninn við Ísland.

Árið 1966 veiddust alls um 3,6 milljónir tonna af síld í Norðaustur-Atlantshafi og er það mesti afli sem náðst hefur. Það ár veiddust tæpar 2 milljónir tonna af norsk-íslenskri síld, þar af veiddu Íslendingar um 690 þúsund tonn og er það mestur afli þeirra af þessum eðalfiski á einu ári. Önnur ár voru aflabrögðin ekki eins góð. Á árunum 1950 til 1960 var aflinn til dæmis undir 50 þúsund tonnum á ári.

Hrun og ris stofnsins

Norsk-íslenski síldarstofninn hrundi eftir 1968 eins og margoft hefur verið fjallað um á opinberum vettvangi. Kom þar einkum til mikil veiði á ungsíld, sem vó þungt, breytt umhverfisáhrif og skortur á aðalfæðu síldarinnar, rauðátunni.

Síldin sást ekki hér við land í ein 25 ár eða svo en kom hingað aftur 1994. Það ár veiddu íslensk skip um 21 þúsund tonn. Eftir að veiðar hófust á ný var ársaflinn minnstur, tæp 43 þúsund tonn, árið 2015 en mestur, rúm 269 þúsund tonn, árið 2009.

Seinni árin hefur heildarafli allra þjóða farið mest í tæpar 1,7 milljónir tonna árið 2009. Heildaraflamark allra þjóða var tæp 828 þúsund tonn árið 2022.

Veiðar úr stofninum hafa verið umfram ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) síðan árið 2013.

Engin sátt um skiptingu heildarkvótans

Norðmenn, Íslendingar, Færeyingar, Rússar, Bretar og þjóðir innan ESB stunda veiðar á norsk-íslensku síldinni. Heildaraflamark er ákveðið ár hvert á vettvangi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðiráðsins (NEAFC). Gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi strandríki komi sér saman um skiptingu heildarkvótans.

Stundum hefur það tekist en oftar ekki í seinni tíð. Samkvæmt samkomulagi frá 2007 var hlutur Íslands 14,51% af heildarveiðinni en frá 2013 hefur ekki náðst sátt um skiptinguna. Hver og einn hlutaðeigandi gefur einhliða út aflamark á hverju ári.

94% aflans í íslenskri lögsögu

Á síðasta ári veiddu Íslendingar um 112 þúsund tonn af norsk-íslenskri síld. Árið þar á undan var aflinn rúm 114 þúsund tonn og var allur veiddur í flotvörpu.

Rúmlega 94% aflans 2021 fékkst innan íslenskrar lögsögu og 6% á alþjóðlegu hafsvæði. Veiðar úr stofninum fóru fram frá júní til nóvember og var mest veitt í september (48%), að því er kemur fram í upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun. Af fréttum að dæma gekk einnig vel að ná norsk-íslensku síldinni í íslensku lögsögunni á vertíðinni 2022.

Alþjóða hafsvæðið austan við íslensku lögsöguna og norðan við þá færeysku er nefnt Síldarsmugan. Þar geta íslensk skip veitt af kvóta sínum í norsk-íslenskri síld ef á þarf að halda. Einnig hafa þau heimild til að veiða síldina í færeysku lögsögunni.

Hagræðing, öflug skip og sjálfvirkni

Veruleg hagræðing eða samþjöppun hefur orðið í síldveiðum sem og öðrum veiðum á uppsjávarfiski. Samhliða hefur uppsjávarflotinn verið endurnýjaður. Færri en öflugri og burðarmeiri skip eru nú að veiðum en áður og þau er búin kælitönkum sem halda hráefni fersku fram að löndun. Einnig hafa verið byggð hátæknivædd frystihús fyrir uppsjávarfisk þar sem sjálfvirkni ræður ríkjum. Mannshöndin kemur varla nærri eiginlegri vinnslu lengur. Fiskimjölsiðnaðurinn hefur líka tekið stakkaskiptum með verksmiðjum sem framleiða hágæðamjöl.

Níu útgerðir með kvótann

Kvóta Íslands í norsk-íslensku síldinni á síðasta ári var úthlutað á skip sem eru í eigu 9 útgerðarfélaga. Eitt félagið er þó aðeins með 0,4% kvótans.

Kvótahæsta félagið 2022 var Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað með 21,5% af heildinni. Ísfélag Vestmannaeyja hf. var í öðru sæti með 20,2% og í því þriðja var Brim hf. Reykjavík með 14,1%. Í fjórða sæti er Vinnslustöðin hf. í Vestmannaeyjum með um 10% og er þar meðtalinn kvóti dótturfélagsins Huginn ehf.

Þrjú kvótahæstu félögin voru með 56% kvótans.

Vilhelm aflahæstur

Á síðasta ári stunduðu 23 skip veiðar á norsk-íslensku síldinni. Þeirra aflahæst var skip Samherja, Vilhelm Þorsteinsson EA, með 13.561 tonn. Þar á eftir kom Börkur NK með 9.770 tonn og Beitir NK var í þriðja sæti með 9.686 tonn. Síldarvinnslan gerir út Börk og Beiti. Tíu aflahæstu skipin voru með 71% aflans.

Heildaraflamark íslenskra skipa í norsk-íslenskri síld á árinu 2023 er rúm 92 þúsund tonn.

Saltsíldin því sem næst horfin

Hér áður fyrr var manneldisvinnsla á síld aðallega og nær eingöngu söltun. Síldin var hausskorin og slógdregin og söltuð í tunnur. Lítils háttar var fryst af síld og um tíma var síld flutt út niðurlögð í dósir í einhverjum mæli. Þar voru gömlu góðu gaffalbitarnir á ferðinni.

Vinnsla síldarinnar hefur gjörbreyst frá því sem áður var. Nú er megnið af síldinni fryst, í flökum eða heilfryst. Örlítið er enn þá saltað til útflutnings og er þá um að ræða bita og flök, ekki heila síld eins og áður. Aðeins eitt fyrirtæki heldur í þessa hefð, Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði.

Mjöl og lýsi er mikilvæg afurð sem fyrr. Þótt allri síld sé nú landað til manneldisvinnslu fara afskurður og frákast til framleiðslu á fiskmjöli og lýsi. Getur það verið umtalsvert magn sem þannig fellur til.

Síld skilaði 5,2% af verðmæti sjávarafurða

Árið 2021 voru fluttar út síldarafurðir fyrir 15,3 milljarða króna, sem er um 5,2% af útflutningsverðmæti sjávarafurða í heild, samkvæmt tölum á vef Hagstofunnar. Þettar eru heildartölur fyrir síld og ekki gerður greinarmunur á afurðum úr norsk-íslenskri síld og íslensku sumargotssíldinni. Ljóst er að hlutur norsk-íslensku síldarinnar vegur töluvert þyngra því meira sem er veitt af henni og hún er alla jafna stærri og verðmeiri.

Skipting eftir afurðum er þannig að fryst síld skilaði 8,5 milljörðum króna, mjöl og lýsi gaf 5,8 milljarða, ísuð síld rúman milljarð og söltuð síld aðeins 32 milljónir.

Noregur helsta viðskiptalandið

Hér áður fyrr keyptu Svíar og Rússar megnið af saltsíld sem flutt var héðan út. Nú er Noregur stærsti kaupandi síldar, keypti síldarafurðir af okkur fyrir 5,2 milljarða í fyrra og er þar aðallega um að ræða síldarmjöl og lýsi sem notað er í framleiðslu á fóðri fyrir laxeldi. Pólland kemur næst á eftir Noregi sem mikilvægasta viðskiptalandið. Þangað fóru síldarafurðir að verðmæti 2,9 milljarðar og Litháen er í þriðja sæti með 1,9 milljarða.

Heilfryst síld og önnur fryst síld fer að langstærstum hluta til Austur-Evrópu.

IKEA stærsti smásali á síld í Skandinavíu

Hér í lokin má til gamans rifja upp frétt í Fiskifréttum frá árinu 2012. Þar er vísað í erindi sem flutt var á Sjávarútvegráðstefnunni og fjallaði um hvað verður um uppsjávarfisk frá Íslandi.

Megnið af uppsjávarafurðum er frystur fiskur sem fer í framhaldsvinnslu erlendis. Hér er um síld, makríl, loðnu og kolmunna að ræða. Erlendis er fiskurinn marineraður, saltaður, reyktur og þurrkaður. Einn vinsælasti síldarrétturinn í Austur-Evrópu er til dæmis marineruð síld með kartöflum, dilli og lauk. Síld er einnig niðurlögð í dósir og krukkur. Fyrirlesari sýndi sem dæmi mynd af krukku með síld í sem merkt var IKEA. „Fáir vita að IKEA er stærsti smásöluaðili á síld í Skandinavíu en það er staðreynd," sagði hann.



Hvort IKEA sé stærsti smásali síldar í Skandinavíu enn þann dag í dag skal ósagt látið en í verslun IKEA á Íslandi má að minnsta kosti finna þrjár tegundir af marineraðri síld innan um og saman við sænsku kjötbollurnar!

> „... í verslun IKEA á Íslandi má að minnsta kosti finna þrjár tegundir af marineraðri síld innan um og saman við sænsku kjötbollurnar!"



vfs.is

YATO®

DAGAR

ÖLL YATO VERKFÆRI Á TILBOÐI

LÝKUR 26.FEBRÚAR



Rafmagns- og handverkfæri, ryksugur, rafstöðvar, vinnuljós, talíur, mælar, ljós, gálgar, tjakkar og margt fleira.

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá fræjum til afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS




Hagnaður jókst í landbúnaði árið 2021 en býlum fækkar örar

Nýlega birti Hagstofa Íslands niðurstöðu afkomurannsóknar landbúnaðarins fyrir árið 2021. Samanburður við árið á undan var jákvæður að flestu leyti.

Hagnaður þeirra fimm landbúnaðargreina sem falla undir rannsóknina þrefaldaðist á milli ára og nam 2,1 milljarði króna, samanborið við tæpar 700 milljónir árið á undan. Mest munaði um breytingu í loðdýrarækt þar sem 107 milljóna króna tapið árið 2020 snerist í 103 milljóna króna hagnað og var það í fyrsta sinn frá árinu 2013 sem búgreinin skilar hagnaði, sauðfjárrækt sneri einnig 94 milljóna króna tapi í 667 milljóna króna hagnað. Ein búgrein af þessum fimm skilaði tapi árið 2022 og það var holdanautarækt.

Á árinu jukust tekjur í ofangreindum landbúnaðargreinum um 6%, sem var bæði umfram verðbólgu og umtalsvert umfram hækkun rekstrarkostnaðar. Bætt afkoma leiddi af sér bætta fjárhagstöðu. Eigið fé í landbúnaði jókst um 15% á meðan langtímaskuldir jukust um 1%. Töluverður munur var þó þarna eftir búgreinum. Í tilfelli sauðfjárræktar og garðræktar jukust skuldir svipað mikið og aukning eigin fjár.




Á undanförum 10 árum hefur verið töluverð fækkun býla enda hefur afkoman ekki alltaf verið jafn jákvæð og árið 2021.

Frá árinu 2011 til ársins 2021 fækkaði býlum um 15%. Mest munaði þar um fækkun um 300 sauðfjárbýli, sem nemur 18% fækkun, og 27 holdanautsræktenda sem er 24% fækkun.

Skriðþunginn í fækkun býla er að aukast. Á árunum 2016-2021 hefur fækkunin að meðaltali verið 64 býli á ári samanborið við aðeins átta býli árin 2011-2015. */SFB*

Tegund býla	2011	2021	Mismunur
Sauðfjárrækt	1.679	1.380	-18%
Ræktun mjólkurkúa (kúabú)	699	644	-8%
Önnur nautgriparækt	111	84	-24%
Garðrækt	228	214	-6%
Loðdýrarækt	41	30	-27%
Samtals	**2.758**	**2.352**	**-15%**



Markaðir

Evra
€
154,1 kr

USD
$
144,5 kr

Pund
£
175,26 kr

95 okt Bensín
322,7779 kr

Díesel
327,3831 kr

Mjólk (USD/100 pund)
17,92 USD

Korn (USD/sekkur)
6,79 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)
28,5 EUR

Ull (AUD/100 kg)
1374 AUD

Ostur (USD/pund)
1,83 USD

Smjör (EUR/tonn)
4558 EUR

NÝÁRSTILBOÐ

20% afsláttur af öllum garðhúsum og
15% afsláttur af völdum gestahúsum á meðan byrgðir endast*

Við bjóðum þér að geyma fyrir þig húsið að kostnaðarlausu til vors 2023.

Geymsluhús eða gestahús fyrir vorið á frábæru verði · Ekki missa af þessu



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

VH/23-01

volundarhus.is
Vel valið fyrir húsið þitt

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

*Afsláttur af uppgefnum verðum á heimasíðunni volundarhus.is

Staðgreiðslulán | VISA Lán - hagstæðar afborganir

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi - allt til á lager



FS400
Gólfsög
Sögunardýpt 16,2cm



K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm



K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm



K3600 MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm



K7000
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm



550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós,belti, rafstart.



Snjóblásari ST424
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



Snjóblásari ST124
7 HP, vinnslubreidd 61cm.



Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



RC320TS AWD
Sláttutraktor - 12.6 kW



LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG

MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | **Víkurhvarf 8** | **203 Kópavogur** | S **544 4656** | **mhg.is**

FRÉTTASKÝRING

Loftslagsmál:

Endurmat á losun gróðurhúsaloft-tegunda frá ræktarlöndum bænda

– Flokkar landnýtingar ekki á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda, en möguleikar á að nota bindingu inn í losunarbókhaldið

Matvælaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hafa falið Landgræðslunni að stýra endurmati á losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktarlöndum bænda. Tilgangurinn er að afla nýrra gagna með uppfærslu á losunarstuðlum fyrir mismunandi jarðvegsgerðir svo bæta megi losunarbókhald Íslands gagnvart alþjóðlegum skuldbindingum í loftslagsmálum.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Gert er ráð fyrir að um samstarfsverkefni verði að ræða með Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Flokkur landnýtingar ekki á beinni ábyrgð

Samkvæmt skuldbindingum Íslands gagnvart Evrópusambandinu (ESB) telst losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði vera á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda. Landnýtingarhluti landbúnaðarins, sem innifelur uppgjör frá ræktarlöndum og skógrækt er það hins vegar ekki, heldur fellur í flokkinn landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt (LULUCF). Þó þarf að gera grein fyrir þeirri losun í losunarbókhaldi Íslands gagnvart alþjóðlegum skuldbindingum í loftslagsmálum. Möguleikar eru á að telja sér bindingu koltvísýrings í þeim flokki að einhverju leyti sér til tekna í losunarbókhaldinu.

Nú liggur fyrir að Ísland þarf að gera upp skuldir sínar á þessu ári vegna skuldbindinga gagnvart seinni Kýótóbókuninni, tímabilið 2013 til 2020. Samkvæmt þeim skuldbindingum bar Íslandi að draga úr losun um 20 prósent árið 2020, miðað við losun ársins 1990. Ísland og Evrópusambandið gerðu með sér tvíhliðasamning til að ná markmiðum sínum í sameiningu. Samkvæmt þessum samningi fékk Ísland úthlutaðar losunarheimildir fyrir losun á beinni ábyrgð Íslands og heimild til að nýta sér bindingareiningar frá landnotkun og skógrækt. Umhverfisstofnun heldur utan um losunarbókhald Íslands og samkvæmt upplýsingum þaðan losaði Ísland á tímabilinu tæpar 7,7 milljónir tonna koltvísýringsígilda (CO_2-íg) umfram heimildir. Leyfilegt var að telja tæplega 4,3 milljónir tonna CO_2-íg fram til frádráttar sem bindingareiningar.

Þar af leiðandi var losun Íslands á þessu tímabili um 3,4 milljónir tonna CO_2-íg umfram losunarheimildir og bindingareiningar – og Ísland þarf að kaupa losunarheimildir fyrir þessu magni. Samkvæmt upplýsingum úr umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu liggur kaupverð á losunarheimildum ekki fyrir en í fjárlögum 2023 sé gert ráð fyrir 800 milljóna króna fjárheimildum vegna uppgjörsins.

Rannsókn RALA frá 1975

Ræktarland er skilgreint sem tún og akrar. Sá starfshópur, sem sér um útreikninga fyrir LULUCF-flokkinn í losunarbókhaldi Íslands, samanstendur af fulltrúum Landgræðslunnar og Skógaræktarinnar.

Í losunarbókhaldinu er ræktarlandinu skipt í tvennt; land sem er í ræktun og notkun og svo það sem ekki er ræktað eða nýtt. Land getur flust á milli þessa flokka, en upplýsingar um þessa landnýtingu eru sóttar í gagnagrunna Hagstofunnar og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins ár hvert.

Á árunum 1945 til 1973 stóð Rannsóknarstofnun landbúnaðarins (RALA) fyrir tilraun á fjórum stöðum á landinu þar sem kolefnisforði í íslenskum steinefnajarðvegi var rannsakaður og breytingar á honum yfir tímabilið. Síðan voru gögnin tekin saman úr þessum tilraunum árið 1975 og hafa frá árinu 2018 verið notuð til að áætla losun gróðurhúsalofttegunda frá þessari jarðvegstegund í losunarbókahaldi Íslands, sem er um 55 prósent alls ræktarlands Íslands.

Áætluð losun frá lífrænum jarðvegi

Lífrænn jarðvegur á framræstu landi, telst vera um 45 prósent ræktarlands. Stór hluti heildarlosunar gróðurhúsalofttegunda frá landnýtingarhluta landbúnaðarins er áætlaður frá þessum landnýtingarflokki. Ekki er til íslenskur reiknistuðull fyrir losun frá þessu landi og því hefur verið notast við stuðla sem Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) gefur út.

Alls er ræktarland metið einungis um eitt prósent af heildarflatarmáli Íslands, sem skýrir kannski að einhverju leyti hvers vegna þessi landnýtingarflokkur hefur ekki verið í forgangi við mat á losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Miðað við þá reiknistuðla sem notaðir hafa verið, losar ræktarland þó um 22 prósent af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í LULUCF-flokknum. Stærðarhlutfall annarra undirflokka LULUCF, af heildarflatarmáli Íslands, eru: mólendi 58 prósent, auðnir 31 prósent, votlendi níu prósent, þéttbýli er með meira en eitt prósent og skógar um eitt prósent. Af þessum undirflokkum er mólendi stórtækasti losunarvaldurinn með um 64 prósent og votlendi um 20 prósent. Binding kolefnis í skóglendi hefur margfaldast undanfarna áratugi.

Hlutfall LULUCF-flokksins í losunarbókhaldi Íslands er svo það langhæsta, áætlað rúm 66 prósent árið 2020 samkvæmt landsskýrslu Umhverfisstofnunar frá síðasta ári um losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi frá 1990 til 2020.

Því má ætla að ávinningurinn geti orðið nokkur inn í losunarbókhald Íslands, með góðum árangri kolefnisbindingar á sviði landnýtingar og skógræktar.

Lokaniðurstöður í árslok 2026

Ráðuneytin hafa unnið í sameiningu að undirbúningi verkefnisins og er gert ráð fyrir að fyrstu niðurstöður liggi fyrir árið 2024 og lokaniðurstöður verði birtar í árslok 2026.

Ástæða þess að ráðist er í endurmatið nú er sú að sýnt þykir að talsverður breytileiki sé í losun gróðurhúsalofttegunda frá ólíkum jarðvegstegundum og landsvæðum. Nýlegar rannsóknir þykja einnig benda til að þörf sé á að endurmeta stuðla sem notaðir hafa verið um þessa losun og bindingu frá ólíkum svæðum.



Lífrænn jarðvegur á framræstu landi telst vera um 45 prósent ræktarlands. Mynd / Landgræðslan

Vísbendingar um mun minni losun frá framræstu landi

Síðasta sumar gaf Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) út ritið *Langtímatap kolefnis í framræstu ræktarlandi*. Þar var greint frá niðurstöðum rannsóknar á langtíma afleiðingum framræslu á jarðveg í kolefnisríku votlendi. Verkefnið hafði það meginmarkmið að auka þekkingu á langtímaáhrifum af framræslu ræktarlands á kolefnisbúskap jarðvegs og aðra þætti því tengdu – þannig að betur verði hægt að áætla kolefnislosun í framræstum íslenskum mýrum sem þykja hafa mikla sérstöðu.


Í inngangi að ritinu er bent á að í stöðlum IPCC sé gert ráð fyrir verulegum óvissumörkum og frávikshlutföllum, í landnýtingarflokkunum framræst mólendi og akurlendi, sem dragi úr notagildi staðalgilda til að áætla með vissu raunlosun kolefnis á ólíkum svæðum eins og á Íslandi.

Vísindaleg óvissa í matinu


Í inngangínum kemur einnig fram að staðlar IPCC fyrir Ísland eru metnir í lægsta gæðaflokki aðferðaþrepa (aðferðaþrep 1) sem þýðir að vísindaleg óvissa sé mikil í mati á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar og breytinga á henni.

„Þetta er einfaldlega staðan sem við stöndum frammi fyrir og Landgræðslan hefur verið að vinna að því að bæta úr allt frá því að umhverfisráðuneytið fól stofnuninni umsjón með landnýtingarhluta loftslagsbókhaldsins á árinu 2018," segir Jóhann Þórsson, vistfræðingur og fagteymisstjóri loftslags- og jarðvegs hjá Landgræðslunni, spurður um áreiðanleika talna um áætlaða losun frá íslensku ræktarlandi.

„Stuðlar IPCC samkvæmt aðferðaþrepi 1 eru oftar en ekki í hærri kanti þess sem gæti verið að gerast, enda hvetur það ríki til að afla sér betri gagna. Það er hins vegar ekkert sem segir að útkoman verði betri þegar komnir eru landsstuðlar, en í tilviki Íslands má alveg gera ráð fyrir að svo verði í einhverjum tilvikum innan sumra landnýtingarflokkanna eða undirflokka þeirra. Þetta gæti til dæmis átt við um framræst land," segir Jóhann.



Losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun og skógrækt, flokki LULUCF. Heimild: Umhverfisstofnun



Losun gróðurhúsalofttegunda frá flokkum á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda árið 2020, auk landnotkunar og skógræktar (LULUCF). Heimild: Umhverfisstofnun

Nýstárlegri aðferð beitt við mat á losun

Í rannsókn LbhÍ var beitt nýstárlegri aðferð við að mæla og áætla magn- og eðlisbreytingar sem verða í lífrænum mýrum fyrir ofan ákveðið gjóskuleiðarlag eftir framræslu, þurrkun og langtíma ræktun og niðurstöðurnar bornar saman við óraskað votlendi sömu gerðar.

Í riti LbhÍ koma fram vísbendingar um að mun minni kolefnislosun sé af framræstu ræktarlandi á Íslandi en reiknistaðlar IPCC gera ráð fyrir. Í inngangi kemur fram að þörf sé á mun meiri og ítarlegri gögnum en nú liggi fyrir til að geta sagt fyrir með sæmilegri vissu hvað framræst land á Íslandi losi mikið kolefni á ári. Það sé ljóst þegar litið sé til þess hversu stór þáttur slíkra landsvæða er í uppgefnu kolefnisbókhaldi Íslands, sérstöðu íslenskra mýra og takmarkaðra rannsókna á losun og flatarmáli ólíkra mýrargerða. Ástæða sé til að þróa íslenska losunarstuðla yfir framræst land, hvort sem það er nýtt til akuryrkju, túnræktar eða sem úthagi til beitar.

Túlkun niðurstaðna umfram efni

Jóhann segir að rannsókn LbhÍ hafi verið mjög áhugaverð þar sem aðferðarfræði hafi verið beitt sem aðstæður í íslenskum jarðvegi bjóði upp á. Engin ástæða sé til að gagnrýna þá aðferðafræði sem slíka, en borið hafi á að túlkun niðurstaðna hafi verið langt umfram efni. Á það hafi verið bent síðastliðið sumar af hálfu Landgræðslunnar.

„Ástæður þess að erfitt er að nota niðurstöður rannsóknarinnar til að áætla breytingar á kolefnisforða í ræktarlandi í dag eru nokkrar. Sú fyrsta er að einungis eru skoðuð tvö svæði innan sama landshluta og því útilokað að draga ályktanir af niðurstöðunum sem nota megi fyrir Ísland. Nýtingarsaga þessara tveggja svæða er einnig mjög frábrugðin og jafnvel óljós. Svæðin eru með öðrum orðum mjög mismunandi.

Þá var annað svæðanna ræst fram fyrir um 55 árum en hitt 70 árum og gætu niðurstöðurnar því einungis gefið vísbendingar um hvaða breytingar hafa átt sér stað á þeim tíma en hvorki hvaða breytingar eiga sér stað í dag, né frá 1990 eða síðar.

Þá er ekki ljóst hvort hreyft hafi verið við jarðvegi á öðru svæðinu, en ef svo er þá er ekki hægt að rekja breytingar á jarðvegi til landnotkunarinnar heldur verður að draga þá ályktun að þar gæti jarðrask haft áhrif á niðurstöðurnar, þá væri ekki hægt að nota gögnin til að spá fyrir um áhrif almennrar ræktunar.

Ekkert þessara atriða dregur þó úr þeirri staðreynd að aðferðafræðin sem beitt var, er allrar athygli verð," segir hann.

Niðurstöður um núverandi landnýtingu

Jóhann bendir á að mat á kolefnisbúskap ræktarlands verði að geta skilað niðurstöðum sem varpi ljósi á þær breytingar sem eiga sér stað vegna núverandi landnýtingar, það er þess tíma sem skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum ná til. Slíkar rannsóknir þurfi að vera á hærra rannsóknarplani, að lágmarki aðferðaþrepi 2, og ná til þess breytileika sem vænta megi að sé fyrir hendi eins og kostur sé.

„Þar er bæði átt við landshlutabundinn breytileika, ef við á, en einnig breytileika vegna jarðvegsgerðar og nýtingartegundar (ræktunar). Þannig að það þarf nokkurn fjölda svæða. Til viðmiðunar má benda á að í úttekt Landgræðslunnar á landgræðslusvæðum liggja rúmlega 600 mælireitir til grundvallar," segir Jóhann og bætir við að þegar mælisvæðin verði valin þurfi að huga að „landnýtingu" þeirra sem sérstakri breytu. Hann segir að „aðferðaþrep" vísi til gagnagæða.



Jóhann Þórsson, vistfræðingur og fagteymisstjóri loftslags- og jarðvegs hjá Landgræðslunni.

Aðferðaþrep 1 sé þegar notaðir eru alþjóðlegir stuðlar við mat á losun. Aðferðaþrep 2 er þegar notaðir eru landsstuðlar byggðir á innlendum rannsóknum og aðferðaþrep 3 felur í sér að notuð eru reiknilíkön til að meta breytingar á losun, þau byggi þá yfirleitt á gögnum sem er aflað með mælingum samkvæmt aðferðaþrepi 2.

Gögnum sem verður safnað við endurmatsvinnuna fram undan, verða notuð til að reikna losunarstuðla á aðferðarþrepi 2

.

Hugtökin og heitin mikilvæg fyrir umræðuna

Jóhann segir mikilvægt að átta sig á hugtökum þegar fjallað er um þessi mál. „Þegar votlendi er ræst fram ræðst það af landnýtingunni sem fylgir í kjölfarið hvernig það skilgreinist inn í losunarbókhaldið. Sumt finnst fólki ekki rökrétt en þá lýtur það lögmálum loftslagssamninganna sem Ísland er aðili að og flokkuninni þar," segir hann og bendir á að borið hafi á því í umræðunni að fólk hafi lent á villigötum vegna misskilnings á þessum hugtökum.

„Þetta sem við erum að tala um núna eru kallaðir „landnýtingarflokkar". Framræst votlendi getur þannig flust í biðflokk sem kallast *„wetland converted to cropland on organic soil"*, ef það er nýtt sem ræktarland. En ef ekkert er gert umfram framræsluna þá myndi það fara í biðflokk sem kallast *„wetland converted to grassland on organic soil"*. Það köllum við framræst land, hitt landið myndum við kalla ræktarland.

Land er yfirleitt 20 ár í hverjum biðflokki en færist þá í að vera einfaldlega ræktarland eða mólendi (*e. grassland*) í bókhaldinu. Utan um þessar breytingar á landnýtingu og flatarmáli er haldið eins nákvæmlega og hægt er frá ári til árs. Það er lykilatriði að skilja þessar skiptingar því það er litið þannig á að þessar landgerðir hafi mismunandi eiginleika og þar með ættu þar að vera notaðir mismunandi losunarstuðlar.

Í umræðu um kolefnislosun frá ræktarlöndum og framræstum löndum hef ég séð þessu tvennu ruglað saman," segir Jóhann.

Kýótóbókanir

Fyrri Kýótóbókunin var gerð við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og samþykkt í japönsku borginni Kýótó í lok árs 1997. Hún gilti fyrir árin frá 2008 til 2012. Ísland var aðili að bókuninni, þar sem gert var ráð fyrir að sameiginlegur samdráttur aðildarríkja í útstreymi gróðurhúsalofttegunda yrði að lágmarki 5,2 prósent á þessu tímabili, miðað við útstreymið eins og það var árið 1990.

Á öðru tímabili Kýótóbókunarinnar, frá 2013 til 2020, bar Íslandi að draga saman losun um 20 prósent árið 2020, miðað við losun ársins 1990. Skuldbindingar Kýótóbókunarinnar náðu ekki til losunar frá alþjóðaflugi, alþjóðasiglingum né losunar frá landnotkun, breyttri landnotkun eða skógrækt (LULUCF).

Ísland og Evrópusambandið (ESB) gerðu með sér tvíhliða samning um sameiginlegar efndir við bókunina á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar. Því fylgdi að Ísland fékk úthlutaðar losunarheimildir fyrir losun sem telst á beinni ábyrgð Íslands og að Ísland byrjaði að taka þátt í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Parísarsáttmálinn

Parísarsáttmálinn gildir frá 2021 til 2030 og er samkomulag undir Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC). Fyrir tímabilið hafa aðildarríki ESB, auk Íslands og Noregs, sett sér sameiginlegt markmið um 40 prósent samdrátt í losun árið 2030 miðað við 1990; það markmið var svo hækkað í 55 prósent árið 2020.

Evrópusambandsríkin, ásamt Íslandi og Noregi, taka öll þátt í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Ísland setti sér það markmið að draga úr losun um 29 prósent árið 2030 miðað við árið 2005, frá þeim flokkum sem eru á beinni ábyrgð Íslands og er þetta markmið í endurskoðun samhliða öllum breytingum sem fylgja uppfærðu markmiði Evrópusambandsins.

Ekki ásættanlega staða

Núverandi losunarbókhald er, að sögn Jóhanns, byggt á þeim besta gagnagrunni sem tiltækur er á hverjum tíma. „Íslandi, eins og öðrum aðildarríkjum samningsins, ber skylda til þess, og með þessu fylgist eftirlitsnefnd á vegum loftslagssamningsins til dæmis gaumgæfilega með og gerir athugasemdir ef við á. Gögn verða ekki ónýt með tímanum og það er ekkert sem segir að gögn frá 1975 eigi ekki vel við í dag.

Ég get auðvitað ekkert fullyrt um það, en til þess eru fyrirhugaðar rannsóknir einmitt, að skoða þessa hluti betur því staðan er augljóslega ekki ásættanleg," segir Jóhann spurður um trúverðugleika fyrirliggjandi gagna. „Hvort það þýði að losunarbókhaldið sé byggt á veikum grunni hlýtur að byggja á mati hvers og eins, en þó er hægt að fullyrða að það er byggt á þeim besta grunni sem hægt er á hverjum tíma. Að hafa samþykkt gögn samkvæmt aðferðaþrepi 2 fyrir 55 prósent einhvers landnýtingarflokks ætti að teljast mjög góð staða þegar ekki liggja fyrir neinar sérstakar mælingar til að miða við.

En það breytir því ekki að þetta er ekki ásættanleg staða og á það hefur Landgræðslan bent á frá því henni var falin umsjón með landnýtingarhluta losunarbókhaldsins. Fram að því var þessi hluti bókhaldsins hjá LbhÍ og hafði verið um árabil og fórst það raunar prýðilega miðað við þann stakk sem þar var skorinn."

Notkun á bindingareiningum inn í losunarbókahaldið

Samkvæmt upplýsingum fá Nicole Keller, teymisstjóra á sviði loftslagmála hjá Umhverfisstofnun, var Íslandi heimilt á seinna Kýótó-tímabilinu að nota bindingareiningar úr landnýtingarflokkum inn í loftslagsbókhaldið eins og þær eru skilgreindar í 3. og 4. málsgrein 3. greinar Kýótóbókunarinnar.



Nicole Keller, teymisstjóri á sviði loftslagmála hjá Umhverfisstofnun.
Mynd / Sigurður Bragason

Um þrjá bindingarflokka er að ræða: „afforestation" (nýskógrækt), „forest managment" (skógarumhirða eða skógarstjórnun) og „revegetation" (landgræðsla). Hún segir að misjafnt sé hvernig nákvæmlega bindingareiningar eru reiknaðar eftir flokkum, í sumum tilfellum sé horft til nettóbindingar og í sumum tilfellum sé stuðst við muninn á milli bindingar (losunar/bindingar) á ákveðnu viðmiðunarári eða viðmiðunartímabili.

Skylda sé að taka inn í reikninginn losun vegna skógarhöggs (deforestation). Þak var á því hversu margar bindingareiningar var leyfilegt að nota frá flokknum „forest managment" (samtals rúmlega 1.000 kílótonn CO2-íg) en á Íslandi var reiknuð binding langt fyrir neðan þakið (eða 156 kílótonn CO2-íg) og því hafði þakið ekki áhrif á möguleika Íslands til að nýta umræddar bindingareiningar í sínu uppgjöri.

Sameiginleg markmið á Parísartímabilinu

Nicole segir að á Parísartímabilinu séu Ísland, Noregur og aðildarríki ESB með sameiginleg markmið fyrir árið 2030. ESB hefur sett ýmsar reglugerðir um framtal og uppgjör á losun gróðurhúsalofttegunda, og fyrir LULUCF flokkinn gildi reglur sem kallaðar eru LULUCF Regulation. Í stuttu máli muni Ísland hafa heimild til að nýta í sínu uppgjöri gagnvart ESB um 0,2 milljón tonn koltvísýringsígilda á tímabilinu (eða 20 kt á ári) frá LULUCF flokknum á móti losun frá þeim geirum sem teljast á beinni ábyrgð Íslands. Hvernig bindingin sé reiknuð nákvæmlega sé misjafnt, eins og var á Kýótótímabilinu.

Hún segir að í sumum flokkum sé hún reiknuð sem nettóbinding en í flestum öðrum flokkum er tekinn munurinn á milli uppgjörstímabila og viðmiðunartímabila.

Hafa þurfi í huga að reglugerðin sé í endurskoðun og til umfjöllunar nú á Evrópuþingi eftir hækkun á yfirmarkmiði ESB, Noregs og Íslands sem tilkynnt var árið 2020 til Loftslagssamningsins. Líklegast er að þessar reglur gildi að minnsta kosti á fyrsta helming tímabilsins (2021-2025) en uppgjörsreglurnar muni breytast fyrir seinni helminginn (2026-2030). Sem dæmi megi nefna að Evrópusambandið ætli að setja markmið um nettóbindingu í landnýtingarflokknum fyrir árið 2030 og þessu markmiði verður skipt upp á milli landa.



UTAN ÚR HEIMI

Mús slær heimsmet í langlífi:

Örlítil mús öðlast stóran titil

Heimsmetabók Guinness hefur gefið músinni Pat nafnbótina langlífasta mús í umsjá fólks.

Pat fæddist á Náttúrulífsstofnun dýragarðsins í San Diego þann 14. júlí árið 2013 og er því á tíunda ári. Þetta nagdýr er af tegund Kyrrahafspyngjumúsa (e. Pacific pocket mouse) sem um tíma voru taldar aldauðar. Frá þessu er greint á heimasíðu San Diego Zoo Wildlife Alliance.



Pat var útnefndur langlífasta mús sem ræktuð var í haldi fólks þegar hann var 9 ára og 209 daga.
Mynd / San Diego Zoo Wildlife Alliance

Músategundin er sú minnsta í Norður-Ameríku. Nafnið draga þær af pokum í kinnunum sem þær nota til að bera fæðu og efni til óðalsgerðar. Pyngjumýs voru áður algengar á Kyrrahafsströndinni milli Los Angeles og Tijuana, en eftir ágang fólks á búsvæði músanna hrundi stofninn árið 1932. Árið 1994 fannst lítill og einangraður stofn í Orange County eftir að mýsnar höfðu verið taldar útdauðar í 20 ár. Síðan hafa fundist tveir aðrir dýrastofnar sem eru einangraðir frá hvor öðrum.

Náttúrufræðistofnunin byrjaði að rækta mýs í haldi árið 2013 og árið 2016 var fyrstu músunum sleppt á ný búsvæði til að fjölga hinum einöngruðu stofnum. Árið 2017 skrásettu vísindamenn tilfelli þar sem pyngjumýs hefðu fjölgað sér án aðkomu fólks á þessum endurvöktu búsvæðum, þar sem þær höfðu áður þurrkast út. Pat fæddist þann 14. júlí á fyrsta ári verkefnisins og var 9 ára og 209 daga þegar hann sló heimsmetið. Á síðasta ári fæddust 117 ungar í 31 goti hjá náttúrufræðistofnuninni, sem er mesti fjöldi frá upphafi. Næsta vor mun stórum hluta þessara einstaklinga verða sleppt lausum til að styðja við uppgang tegundarinnar.

Við athöfn sem haldin var til heiðurs Pat var yfirmanni verkefnisins Debra Shier afhentur skjöldur frá Guinness. Af því tilefni sagði hún að stórar og smáar dýrategundir skiptu miklu máli fyrir jafnvægi vistkerfisins.

Ekki væri rétt að horfa framhjá pyngjumúsum, þrátt fyrir að þær væru ekki stórfenglegar og gætu jafnvel leynst í bakgörðum hjá fólki. Þeirra framlag til vistkerfisins felst meðal annars í því að dreifa plöntufræjum og að lofta um jarðveginn með gangnagreftri. */ÁL*

Blendingur ali- og villisvína:

Gáfuð ofursvín gera usla

Blendingsstofn af svínum, sem búin voru til með æxlun ali- og villisvína í Kanada um 1980, þykja almennt betur gefin og úræðabetri en foreldrarnir.

Ekki liðu mörg ár þar til nokkrum af ofursvínunum var sleppt úr haldi og hófu nýtt líf í náttúrunni og eins og svína er siður fjölgaði þeim hratt og útbreiðsla þeirra óx að sama skapi.

Nú er svo komið að svínin eru farin að leita yfir landamærin til norðurríkja Bandaríkjanna þar sem litið er á þau sem ólöglega innflytjendur og ógn við náttúruna. Upprunaleg hugmynd með að æxla saman ali- og villtum svínum var að ná fram stofni sem gæfi meira af sér og þyldi betur kalt veðurfar í Kanada. Eftir verðfall á svínakjöti í landinu slepptu nokkrir bændur svínunum sínum lausum með þeim afleiðingum að þau urðu með tímanum víða til vandræða.

Svínin er á bilinu 70 til 90 kíló að þyngd, alætur og árásargjörn sé að þeim veist. Auk þess sem þau eru harðgerð og úrræðagóð þegar kemur að því að leynast og því erfitt að fækka þeim þar sem þau hafa á annað borð komið sér fyrir. */VH*



Mikil notkun á sýklalyfjum í landbúnaði er talin vera meginástæða aukinnar bakteríusýkingar í mönnum sem ekki er hægt að meðhöndla með sýklalyfjum. Mynd / unsplach.com

Sýklalyf í landbúnaði:

Notkun eykst þrátt fyrir hættu á ónæmi

Í nýrri umfjöllun í Nature segir að notkun á sýklalyfjum í landbúnaði sé mun meiri en hingað til hefur verið talið og að notkunin eigi eftir að aukast enn meira til ársins 2030.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur varað við að sýklalyfjaónæmi sé ein helsta ógnunin við lýðheilsu í heiminum í dag.

Mikil notkun á sýklalyfjum í landbúnaði er talin vera meginástæða aukinnar bakteríusýkingar í mönnum sem ekki er hægt að meðhöndla með sýklalyfjum. Í greininni segir að þrátt fyrir að sýklalyf geti reynst nauðsynleg til að meðhöndla sýkingar í búfé þá sé misnotkun lyfjanna algeng í þeim tilgangi að flýta fyrir og auka vöxt þeirra og að koma í veg fyrir sýkingar í búfé sem alið er við ófullnægjandi aðstæður og mikil þrengsli.

Reglur ekki virtar

Stjórnvöld víða um heim, þar á meðal Bandaríki Norður-Ameríku og flest lönd í Evrópu, hafa bannað að nota sýklalyf sem vaxtarörvandi í landbúnaði en illa hefur gengið að framfylgja því banni. Meginástæða þess er að framleiðendur lyfjanna og bændurnir sem þau nota segja notkun þeirra nauðsynlega til að fyrirbyggja sýkingar.



Sýklalyf eru notuð til að hraða vexti eldisdýra. Mynd / thehumaneleague.org.

Illa hefur gengið að afla gagna um raunverulega notkun á sýklalyfjum í landbúnaði þar sem fjöldi landa hvorki safnar upplýsingum um hana eða gefur út tölur um notkunina.

Auk þess sem megnið af tölum um notkun sýklalyfja í landbúnaði eru taldar of lágar og því ómarktækar.

Aukin notkun

Samkvæmt því sem segir í Nature er Kína það land í heiminum sem notar langmest af sýklalyfjum, í tonnum talið, í landbúnaði. Brasilía, Bandaríki Norður-Ameríku, Indland og Austurríki fylgja svo í kjölfarið ásamt Taílandi, Íran, Mexíkó, Rússlandi og Pakistan. Áætlanir gera ráð fyrir að notkun sýklalyfja í landbúnaði eigi eftir að aukast í öllum þessum löndum um 1 til 33% til ársins 2030 að Íran undanskildu þar sem notkunin er talin munu dragast saman um 1%.

Nýir útreikningar benda til að sýklalyfjanotkun í Afríku sé allt að tvöfalt meiri en hingað til hefur verið talið og 50% meiri í Asíu en gefið hefur verið upp. */VH*



Noregur:

40% auðlindaskattur umdeildur

Fiskeldisfyrirtækin segja að 40% auðlindaskattur muni hamla uppbyggingu og leiða til uppsagna, en fyrirhugaður skattur er viðbót við hefðbundinn fyrirtækjaskatt.

Norskur almenningur er gagnrýninn á ofsatekjur örfárra fjölskyldna í greininni.

Í september á síðasta ári kynntu Jonas Gahr Støre, forsætisráðherra hjá Arbeiterpartiet, og Tryggve Slagsvold Vedum, fjármálaráðherra hjá Senterpartiet, skatt sem leggja skuli á atvinnugreinar sem nýta sameiginlegar auðlindir, þ.e. fiskeldi, vatnsaflvirkjanir og vindorku. Í kjölfarið féll hlutabréfaverð í fiskeldisfyrirtækjum og hefur hópuppsögnum verið hótað. Frá þessu greinir E24.

Skattafrádráttur verður veittur fyrir framleiðslu upp að fjögur til fimm þúsund tonnum sem tryggir sterkari samkeppnisstöðu minni aðila á markaðnum. Áætlaðar skatttekjur eru rúmir fimmtíu milljarðar íslenskra króna á ári, sem munu deilast jafnt á milli ríkis og sveitarfélags. Skattinum var formlega komið á 1. janúar síðastliðinn og munu fyrirtæki þurfa að greiða 40 prósent af sínum hagnaði, þó endanleg útfærsla verði ekki tilbúin fyrr en í sumar, segir í frétt E24.

Line Ellingsen, hjá Ellingsen Seafood AS, segir í samtali við NRK að skattur sem þessi komi í veg fyrir nauðsynlega uppbyggingu. Nýlega hefur fyrirtæki hennar byggt upp sláturhús og seiðaeldisstöð fyrir hátt í sex milljarða íslenskra króna og segir hún að slík fjárfesting hefði verið ómöguleg með skatti sem þessum. Undanfarin ár hefur gengið mjög vel í greininni, en inn á milli komi slæm ár þar sem til að mynda laxalús og þörungablómi skemmi alla framleiðslu. Því segir hún mikilvægt að fiskeldisfyrirtæki hafi borð fyrir báru. Árið 2018 var hagnaður fyrirtækisins rúmir þrír milljarðar íslenskra króna, sem var þriðjungur af heildarveltu. Laun Line árið 2018 voru 170 milljónir króna.

Ola Braanaas hjá Firda Seafood segir jafnframt í samtali við NRK að með skattinum muni samkeppnishæfni norskra fiskeldisfyrirtækja veikjast. Hann segir að frá árinu 2010 til 2020 hafi markaðshlutdeild norsks eldislax á heimsmarkaði dregist saman frá 65 prósent niður í 50 prósent.

Málsvarar auðlindaskattsins segja að norska ríkið þurfi að hugsa til framtíðar og koma sér upp tekjugrunni sem tekur við þegar olíuframleiðslan dregst saman. Þetta sé einnig réttlætismál þar sem hafið er sameign þjóðarinnar.

/ÁL



ALLT AÐ
35%
AFSLÁTTUR FYRIR KLÚBBFÉLAGA

Pantaðu núna ef þú vilt skipta um glugga í sumar!

Það er ca. 13-15 vikna afhendingartími á gluggum og hurðum hjá okkur.

Skanva hefur yfir 10 ára reynslu í Skandinavíu, þar sem gott og vandað gæðahandverk einkennir alla glugga og hurðir Skanva. Þar að auki eru Skanva gluggar og hurðir vottaðir og slagveðursprófaðir fyrir íslenskar aðstæður.

10 ára ábyrgð

Skanva ehf. - Fiskislóð 73 - 101 Reykjavík - S: 558 8400 | Skanva.is







Tilboð í febrúar

Litur steina að eigin vali - svart, grátt eða paradiso
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og N-landi
Sendum steina frítt um allt land.
Geymum steina ef óskað er.

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

TILBOÐ 1
Sett eins og á mynd
540.000
án blómaramma
440.000





TILBOÐ 3
Sett eins og á mynd
198.000

TILBOÐ 2
Hægt að setja 2 nöfn
Sett eins og á mynd
350.000



TILBOÐ 4
Sett eins og á mynd
620.000
án blómaramma
520.000



s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is

MENNING



Á sviðinu standa leikararnir Oddrún, Gylfi, Magnea Guðmunds, Jón Marteinn, Helga og Magnea Gunnars, ásamt Ingvari sem liggur makindalega í stólnum – en þau hafa verið á kafi á æfingum sl. vikur.

Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja:

Vitleysingarnir ...

Þessa dagana er nóg um að vera hjá leikdeildinni enda hafa æfingar á leikriti vetrarins verið í fullum gangi. Um ræðir leikritið „Vitleysingana“ eftir Ólaf Hauk Símonarson, fjörugt, fyndið og krassandi stykki í leikstjórn Ólafs Jens Sigurðssonar.

Ólafur Haukur er þjóðinni að góðu kunnur fyrir sínar fjölmörgu skáldsögur, ljóðabækur og smásögur en einnig mörg vinsæl leikrit fyrir svið, útvarp og sjónvarp.

Þótt leikritið Vitleysingarnir hafi verið skrifað fyrir rúmum tveimur áratugum á það vel við enn þann dag í dag og varpar skoplegri sýn á samfélagið með persónum sem auðvelt er að tengja við, jafnvel þótt árið sé nú 2023.

Verkið sýnir á gamansaman hátt hvernig hið daglega amstur og hraðinn á gervihnattaöld gefa í skyn að allt sé í sóma. Undir yfirborðinu kraumar þó einmanaleiki og erfiðari tilfinningar þótt verðlaun lífsgæðakapphlaupsins séu aukin velsæld og metorð. Svört kómedía er kannski réttnefni – hraði og firring þar sem samskipti fyrr og nú, skemmtilegar uppákomur og ástríður eiga eftir að kitla áhorfendur.



Líf og fjör er á sviðinu!

Sýnt verður í Árnesi, en frumsýningin verður föstudaginn 3. mars, önnur sýning 5. mars, þriðja sýning 9. mars, fjórða sýning 11. mars og sú fimmta sunnudag 12. mars. Allar sýningar eru kl. 20.00. Miðapantanir í síma 8691118 og á gylfi1sig@gmail.com. */SP*

Á döfinni ...

Freyvangsleikhúsið í Eyjafirðinum frumsýnir verkið Fólkið í Blokkinni **þann 24. febrúar** í Freyvangi. Miðasala er hjá tix.is og í síma 857-5598.

Sýnt verður í átta skipti, klukkan 20.00, föstudaga og laugardaga frá frumsýningu þar til 18. mars næstkomandi og miðaverð er kr. 3500.









Frá æfingum – leikhópurinn á sviði og svo hún Maja jarðarber í rólunni sinni. Mikil eftirvænting er í loftinu enda er boðskapur Ávaxtakörfunnar réttmætur og fallegur.

Leikfélag Húsavíkur:

Ávaxtakarfan

Leikfélag Húsavíkur æfir verkið Ávaxtakörfuna um þessar mundir. Verkið er eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur og tónlistin er samin af Þorvaldi Bjarna Þorvaldssyni.

Margir þekkja Ávaxtakörfuna þar sem aðeins ávextir mega búa en þó leyfist einu litlu jarðarberi að dvelja þar, með því skilyrði að sjá um að allt sé hreint og fínt í körfunni. En þegar gulrót birtist allt í einu í körfunni fer allt á annan endann.

Í raun fjallar Ávaxtakarfan um viðkvæmt efni, einelti og fordóma – en smám saman opnast augu ávaxtanna fyrir því að það er ekki útlitið sem skiptir máli heldur innrætið. Þetta er leikrit sem eldist vel og á erindi við alla, jafnt nú sem fyrir rúmum 20 árum er verkið var fyrst kynnt áhorfendum. Þarna eru á ferðinni bæði þaulreyndir leikarar og tónlistarmenn og aðrir sem eru að stíga sín fyrstu spor á sviðinu í gamla Samkomuhúsinu.

Leikstjórinn, Valgeir Skagfjörð, er að vinna með Leikfélagi Húsavíkur í fyrsta sinn. Frumsýning verður laugardaginn 4. mars, svo þriðjudaginn 7. mars kl. 20, fimmtudag 9. mars kl. 20 og laugardaginn 11. mars kl. 17.

Miðapantanir eru á netfanginu midi@leikfelagid.is eða s.464-1129, tveimur tímum fyrir sýningu. */SP*



Hér má sjá alla leikara, leikstjórann og hvíslara. Efri röð frá vinstri: Juliane Liv Sörensen (hvíslari), Fanney Valsdóttir (Dot), Lúðvík Áskelsson (Tom), Eyrún Arna Ingólfsdóttir (Ellie), Gunnar Björn Guðmundsson (leikstjóri). Neðri röð frá vinstri: Jenný Dögg Heiðarsdóttir (Meg), Brynjar Helgason (Stephen), Þorkell Björn Ingvason (Bubba), Freysteinn Sverrisson (Rick) og Særún Elma Jakobsdóttir (Carol).

Leikfélag Hörgdælinga:

Stelpuhelgi

Hörgdælir: Leikfélag Hörgdælinga frumsýnir nú 2. mars verkið Stelpuhelgi eftir Karen Schaeffer – í höndum leikstjórans Gunnars Björns Guðmundssonar.

Um er að ræða stórskemmtilegan farsa í þýðingu Harðar Sigurðarsonar, framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra leikfélaga – og í fyrsta skipti sem verkið er sett upp hérlendis

Áhorfendur kynnast vinkonunum Meg, Carol, Dot ásamt Ellie, dóttur Megs, sem hittast í bústaðnum hjá Dot yfir helgi (stelpuhelgi semsé) með það fyrir augum að skemmta sér til hins ýtrasta lausar við alla karlmenn. Þær vinkonur áætla að fá sér í tána, skiptast á sögum, drekka áfengi auk þess að fara mögulega yfir næstu bók í bókaklúbbnum. Vel gengur með áfengisneysluna – svo vel að þegar lækka fer í flöskunum hafa þær stöllur allar boðið til sín karlmanni, hver fyrir sig, þvert á hugmyndir gestgjafans.

Sýnt verður í félagsheimilinu Melum í Hörgárdal, frumsýningin 2. mars nk. og næstu sýningar eftir það verða föstu- og laugardagana 3.-4. mars og svo 10.-11. mars. Vegna vinsælda var nýverið bætt við sýningum dagana 17.-18. mars. Miða er hægt að nálgast hjá miðasölu tix.is. og eru allar sýningar kl. 20.00. */SP*



Mundu eftir **þér** á hverjum degi!

Brosandi **með burnirót**

Náttúruleg & kröftug blanda fyrir aukna orku & hamingju

Íslensk burnirót með einstaka virkni

KAVITA

ICEHERBS NATURAL SUPPLEMENTS

NON-GMO · 100% VEGAN · ENGIN AUKAEFNI ADDITIVE FREE

ÞAÐ ER BARA SOLIS - MEST SELDA DRÁTTARVÉLIN - 2022



SOLIS 90
5.695.000+vsk
Með ámoksturstækjum
6.970.000+vsk



SOLIS 50
4.980.000+vsk
Með ámoksturstækjum
6.180.000+vsk



SOLIS 26

Beinskipt 1.620.000+vsk
Sjálfskipt 1.900.000+vsk
Með húsi 2.750.000+vsk
Ámoksturstæki 740.000+vsk
Bakkó 950.000+vsk

Seljum síðustu vélarnar án Ad-Blue - næsta sending kemur með Ad-Blue



ÁVINNSLUHERFI
8m - 660.000+vsk 6m - 456.000+vsk
4m - 324.000+vsk 2m - 140.000+vsk



DISKALÁTTUVÉLAR
290cm 1.070.000+vsk
250cm 980.000+vsk



TÆTARAR 2m 660.000+vsk
1,8m 560.000+vsk 1,2m 324.000+vsk

ÁBURÐARDREIFARI
650L 220.000+vsk





TROMLUSLÁTTUVÉLAR
185cm 580.000+vsk
165cm 430.000+vsk



RAKSTRARVÉLAR
4,4m 870.000+vsk
3,5m 750.000+vsk



HEYTÆTLUR
5,2m 810.000+vsk
7,5m 1.550..000+vsk



RÚLLUVÉL mini
980.000+vsk

vallarbraut.is S-4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

UTAN ÚR HEIMI



Klónuð Holstein Friesian kvíga í Kína. Mynd / Northwest A&F University

Erfðatækni:

Kínverjar klóna ofurkýr

Líf- og erfðafræðingar í Kína hafa klónað kvígur úr kúm sem mjólka yfir 18 tonn á ári. Til samanburðar mjólkaði afurðahæsta kýrin hér á landi rétt rúmum 8,9 tonnum á síðasta ári.

Kýrnar sem um ræðir eru Holstein Friesian, sem er kyn sem upprunnið er í Hollandi, og mjólka tæplega tvisvar sinnum meira en aðrar kýr af því kyni. Gert er ráð fyrir að hver um sig eigi klónuðu kvígurnar að geta mjólkað 18 tonnum á ári, eða um 100 tonnum af mjólk á líftíma sínum.

70% mjólkurkúa fluttur inn

Klónunin er sögð marka tímamót í kínverskum mjólkuriðnaði og draga úr þörf Kínverja til að treysta á innflutning á mjólk og erlendum mjólkurkúm en um 70% mjólkurkúa í Kína eru fluttar inn.

Þrjár klónaðar kvígur eru þegar í eldi Landbúnaðar-, skógræktar- og tækniháskólans í Ningxia-hreppi í Norðvestur-Kína.

Kvígurnar eru afrakstur 120 fósturvísa sem upphaflega koma úr frumum sem teknar voru úr eyrum móður kúnna og komið fyrir í fósturmæður sem flestar eru óbornar þegar þetta er skrifað.

Fyrsta kvígan kom í heiminn eftir skurðaðgerð 30. desember síðastliðinn og vó 56,7 kíló og var 76 sentímetrar á herðakamb og 113 sentímetrar að lengd.

Auk þess sem litarbrigði á feld voru nákvæmlega þau sömu og móður kýrinnar.

Klónun flýtir kynbótastarfi

Að sögn forsvarsmanns verkefnisins eru um 6,6 milljón mjólkurkýr í Kína og fimm af hverjum tíu þúsund kúm geta mjólkað 100 tonnum á líftíma sínum.

Hann segir nánast ómögulegt að áætla mjólkurgetu kúa með nokkurri vissu snemma á ævi þeirra og því erfitt að velja ofurkýr til undaneldis og að það megi því flýta kynbótastarfinu með klónun.

Ætlun Kínverja er að klóna ríflega eitt þúsund ofurkýr á næstu tveimur til þremur árum og smám saman að verða sjálfum sér nógir um afurðamiklar mjólkurkýr. */VH*

Umhverfismál:

Hækkun sjávarmáls og fólksflutningar

António Guterres, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, lét fyrir skömmu hafa eftir sér að hækkun sjávarmáls vegna loftslagsbreytinga muni leiða af sér fólksflutninga af áður óþekktri stærð.

Í máli Guterres kom fram að sjávarmál hafi hækkað mikið undanfarna áratugi og að allt bendi til að slíkt eigi eftir að aukast og að ekki sé langt í að það eigi eftir að hafa veruleg áhrif á íbúa víða um heim. Miðað við núverandi hækkun mun sjárvaryfirborð hækka um allt að hálfan metra fyrir árið 2100 og munu þá borgir eins og London, Los Angeles og Bangkok fara að hluta á kaf og sama gildir um Norðurmýrina í Reykjavík.

Guterres segir að hækkun sjávarmáls muni hafa gríðarleg áhrif á líf og lífsafkomu milljarða manna. Ræktarland til matvælaframleiðslu mun dragast saman, fátækt aukast og tíðni sjúkdóma einnig. Hann sagði að eina leiðin til að höndla vanda sem í vændum er sé að þjóðir heims tækju höndum saman um að leysa hann í sameiningu.



Aðalritari Sameinuðu þjóðanna segir að hækkun sjávarmáls muni hafa gríðarleg áhrif á líf milljarða manna. Ræktarland til matvælaframleiðslu muni dragast saman, fátækt aukast og tíðni sjúkdóma einnig. Mynd / umsplash.com

Máli sínu til stuðnings benti aðalritarinn á nýjar upplýsingar frá Alþjóðaveðurathugunarstofnuninni sem sýna að hitastig sjávar hafi hlýnað meira á síðustu hundrað árum en ellefu þúsund árin þar á undan. Meðal afleiðinga hlýnunar sjávar er hraðari bráðnun heimskautaíssins auk þess sem sjór þenst út við hlýnun.

/ VH

Umhverfismál:

Lítið gert til að draga úr skógareyðingu

Athugun sýnir að þriðjungur stórfyrirtækja sem tengjast viðáttumikilli skógareyðingu séu ekki með neina áætlun um að draga úr henni eða stöðva.

Samkvænt athugun Global Canopy, samtaka sem sérhæfa sig í söfnun upplýsinga og stöðu skóga í heiminum, hafa 31% þeirra alþjóðlegu stórfyrirtækja sem tengd eru víðtækri skógareyðingu gert ráðstafanir eða sett fram áætlun um að draga úr eyðingunni. Mörg fyrirtækjanna sem um ræðir hafa ekki heldur neinar áætlanir um að skoða þátt sinn í skógareyðingu og hafa ekki skrifað undir viljayfirlýsingu um að vilja draga úr eyðingunni.

Í skýrslu Global Canopy segir að þrátt fyrir að fjöldi stórfyrirtækja hafi gefið út stefnu þar sem kemur fram vilji til að vernda skóga hafi fá þeirra á sínum vegum eftirlit með eyðingu í tengslum við framleiðslu þeirra.



Leiðtogar heims hafa samykkt að gera allt til að draga úr skógareyðingu. Mynd / unsplash.com

Þar segir einnig að fjöldi fyrirtækja hafi á sínum tíma gefið út yfirlýsingu um að draga verulega úr eða hætta framleiðslu sem leiði til skógareyðingar fyrir árið 2020 en að lítið hafi orðið um efndir hvað slíkt varðar.

Í athuguninni kemur fram að ýmis fjármagnsfyrirtæki hafi í ráðgjöf sinni bent á að samdráttur í skógareyðingu gæti reynst fjárhagslega óhagkvæmt.

Á Cop26 ráðstefnunni fyrir tveimur árum samþykktu leiðtogar heims að allt yrði gert til að draga úr skógareyðingu og gera hana óþarfa í virðiskeðjunni. Í dag er áætlað að skógareyðing til að rækta pálma til olíuframleiðslu og sojabaunir auk nautgripaeldis sé ástæðan fyrir um 25% losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum.

/VH



Hlýnun jarðar:

Kaktusar í Alpafjöllum

Íbúar í Valais-hreppi í Sviss hafa verið hvattir til að uppræta kaktusa af ættkvíslinni Opuntia, eða fíkjukaktus, hvar sem til þeirra næst.

Undanfarin ár hefur tegundin náð að skjóta rótum og fjölga sér í héraðinu sem til þessa hefur verið þekkt fyrir snjó á veturna og alparósir á vorin. Landnám kaktussins í Sviss er ekki alveg nýtt þar sem til eru heimildir um hann sem slæðing í náttúrunni allt frá því hann var fluttur til landsins frá Norður-Ameríku seint á átjándu öld.

Þolir frost

Þekkt er að Opuntia kaktusar geti fjölgað sér hratt og orðið til vandræða þar sem aðstæður eru þeim hagfelldar, loftslag hlýtt og jarðvegur sendinn og þurr. Kaktusinn, sem þolir allt að mínus 15 gráður, virðist kunna vel við sig í Valais héraði og víðar og sagt er að hann sé allt að 30% af gróðurþekjunni þar sem hann er algengastur.

Plantan þolir illa snjóþekju og það að kaktusinn hafi komið sér vel fyrir í Sviss er rakið til hækkandi lofthita og færri daga sem snjór liggur á landi undir 800 metra hæð. Hækkun lofthita í Sviss er ein sú mesta sem þekkist í heiminum og er 2,5° á Celsíus frá meðaltali áranna frá 1871 til 1900.



Kaktusinn þolir allt að 15 gráðu frost og virðist kunna vel við sig í Valais-hreppi í Sviss og víðar í suðurhlíðum Alpafjalla. Mynd / unsplash.com

Aukin útbreiðsla líkleg

Margir telja kaktusinn vera ógnun við lífríkið á þeim svæðum sem hann hefur komið sér fyrir og telja víst að hann muni halda áfram að fjölga sér og geti með tímanum lagt undir sig stór svæði í Alpafjöllum.

Gróðurrannsóknir sýna að það er ekki bara Opuntia kaktusinn sem hefur aukið útbreiðslu sína því það hefur fjöldi annarra tegunda líka gert, sérstaklega í suðurhlíðum Alpafjalla. */VH*

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000 Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm


Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

NAUTGRIPABÆNDUR ATHUGIÐ!

ÓSKUM EFTIR AUKNU SAMSTARFI VIÐ BÆNDUR UM KAUP Á NAUTAKJÖTI. VIÐ GREIÐUM 10% ÁLAGSGREIÐSLUR PR. KG. VIÐ ÚTGEFIN VERÐLISTA HJÁ SLÁTURLEYFISHÖFUM Á ÞÁ GRIPI SEM NÁÐ HAFA 200 KG. FALLÞUNGA - GILDIR ÚT ÁRIÐ 2023



ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

FERSKAR KJÖTVÖRUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 414-6320
INGIBJORN@FERSKAR.IS

LÍF & STARF

Handverksbrugghúsin á Íslandi:

Riðið heim til Hóla

Höskuldur og Stefán
hoskuldur@bondi.is

Í nokkrum undanförnum tölublöðum Bændablaðsins höfum við verið að rekja bjórsöguna í gegnum handverksbrugghús á Íslandi.

Í næstu blöðum munum við halda áfram en hér er smá útúrdúr, þar sem við ætlum að fjalla um mikilvægasta brugghúsið sem þú hefur líklega aldrei heyrt um, né smakkað bjór frá. Ef þú þekkir til þess ertu annaðhvort afar langt leiddur bjórunnandi eða Skagfirðingur – en mörkin eru kannski ekki svo skýr þar á milli.

Hólar í Hjaltadal eru ekki bara eitt höfuðvígi kristinnar menningar og heimili Hólaskóla heldur einnig bjórseturs nokkurs sem er ein af þessum örlagaþúfum í bjórsögu Íslendinga. Bjóráhugi nokkurra starfsmanna skólans gat af sér öflugt heimabruggssamfélag og innkaupafélag hóps samstarfsmanna þar sem bjórar sem þá voru nýir í Ríkinu voru í brennidepli. Félagarnir Bjarni Kristófer Kristjánsson, Broddi Reyr Hansen og Guðmundur Björn Eyþórsson áttu veg og vanda að stofnun þessa kaupfélags á því drottins ári 2007.

Þessi félagsskapur skilaði sér að lokum í því að þeir tóku yfir gamalt mjólkurhús á hlaðinu þar sem mjólkurhúsinu á neðri hæðinni var breytt í lítið brugghús og fjósamannaíbúðin á efri hæðinni var tekin undir bar sem gekk strax undir nafninu Björsetrið.



Gamlir kælar voru dregnir upp á dekk og afgangs efni úr vinnu við Staðarskála var nýtt til að smíða barinn.



Bjarni Kristófer Kristjánsson og Broddi Reyr Hansen við bruggkatlana. Myndir / Aðsendar

Þannig varð Björsetur Íslands til í nokkurn veginn þeirri mynd sem við þekkjum það í dag en formlega tók til það starfa á verkalýðsdaginn, 1. maí 2010.

Raunar hefði slíkur metnaður ekki átt að koma á óvart, að lítið samkaupsfélag myndi vaxa í það sem það varð, enda Skagfirðingar Evrópumeistarar í kaupfélagsrekstri án atrennu. Hólamenn hafa aldrei selt bjór í Ríkið, þannig að það má deila um það hvort þeir teljist alvöru brugghús í þeim skilningi.

Í brugguðum lítrum eru þeir nanó-stærð í íslenska bjór- heiminum og bjórinn þeirra varla yfirgefið Hjaltadal.

Út frá þessu mætti ætla að Björsetrið væri bara agnarsmá neðanmálsgrein í íslensku bjórsögunni – en því er öðru nær!



Verðlaunahafar í bjórkeppni á Hólahátíðinni 2015. Elvar, Valgeir, Árni og Bjarni.

Goðsagnakennt úrval

Fljótlega varð bjórúrvalið goðsagnakennt í íslensku bjórsenunni. 60, 70, 80, jafnvel 90 tegundir voru til í kælum setursins og gengu ýmsar tröllasögur af því hvernig Björsetrið væri og að þar fengjust bjórar sem hörðustu bjórnirðir gátu vart látið sig dreyma um að smakka. Gekk svo langt að bjórperrar hvaðan af landinu og jafnvel víðar gerðu sér pílagrímsferðir norður í land til að upplifa Björsetrið, slíkt var orðsporið.

Hólagengið nýtti þessar hugmyndir og blés til Bjórhátíðar, sú fyrsta var haldin í ágústlok 2011. Þessi hátíð var ekki bara fyrsta bjórhátíð Bjórsetursins heldur reyndist þetta fyrsta handverksbjórhátíðin á Íslandi eftir því sem greinarhöfundar komast næst. Vissulega höfðu bjórhátíðir verið auglýstar fyrir þann tíma, en þær áttu meira skylt við Októberfest en þær handverkshátíðir sem við þekkjum í dag.

Brautryðjandi í bjórhátíðum

Hólahátíðin í bjórnum er um margt sérstök hátíð. Fyrir það fyrsta er hún víðs fjarri því sem teldist til alfaraleiðar, þó hún sé nálægt mörgum reiðleiðum.

En það virtist ekki stöðva harðkjarnann í að leggja leið sína norður og hefur hátíðin verið nánast uppseld allt frá fyrsta degi. Fjarlægðin hefur raunar einungis aukið á dulúðina enda færri komist en hafa viljað.

Í öðru lagi hefur þessi hátíð orðið eins konar nýliðakynning handverksbrugghúsa inn í bransann, en þarna sáust fyrst ansi mörg brugghús sem fram að því höfðu lítt spurst út fyrir sinn eigin vinahóp. Nægir að vísa í söguna um Brothers Brewery sem rakin var í Bændablaðinu fyrir skömmu.

En í þriðja lagi hefur þróunin síðan orðið þannig að þetta er orðin eins konar árshátíð bruggara, en keppikefli margra hefur verið að mæta þarna, sýna sig og koma með eitthvað alveg nýtt og spennandi. Þannig hefur þessi hátíð haft yfir sér annan blæ en flestar aðrar bjórhátíðir, einkum þær sem haldnar hafa verið í Reykjavík. Þar hafa mögulega verið haldnar „hefðbundnari“ bjórhátíðir sem eru kannski frekar á markaðslegum forsendum en ekki pálínuboðsandinn sem einkennir Hólahátíðina. Kex kemur upp í hugann en andanum þar mætti frekar líkja við ös eins og í Kringlunni á Þorláksmessu, með haugana af erlendum gestum og æstum pöpul, staðráðnum í að drekka upp í aðgangseyrinn.

Hvað sem öðru líður má fullyrða að Björsetrið á Hólum er brautryðjandi í bjórhátíðum á Íslandi og Björsetrið var og er einn merkilegasti bjórbarinn á Íslandi. Háskólinn á Hólum hefur meira að segja boðið upp á námskeiðið „BOB0006121 – Bjór og bjórgerð“ sem var 6 eininga námskeið á háskólastigi, það allra fyrsta hér á landi og enn sem komið er það eina.

Allt þetta gerir þetta að merkilegasta brugghúsinu sem þú hefur líklega aldrei heyrt um. Og enn frekar er það áhugavert þar sem þetta hefur meira og minna verið unnið í sjálfboðavinnu í kringum þennan félagsskap þar sem allt að 100 manns hafa greitt félgasgjöld í gegnum tíðina. „Félagsskapur áhugamanna falinn á bak við fyrirtæki“ sagði Bjarni eitt sinn í sjónvarpi allra landsmanna. Það er það sem gerir Björsetrið á Hólum að besta kaupfélagi landsins og þótt víðar væri leitað.



Svipmynd frá Hólahátíðinni.





ÆRSLABELGIR

Setjum upp Ærslabelgi um allt land

Skannaðu kóðann fyrir frekari upplýsingar

HREINIR GARÐAR

aerslabelgir.is / aerslabelgir@hreinirgardar.is / 571-2000



TRAUSTUR KRANAMAÐUR

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða færan og áhugasaman vélamann með kranaréttindi. Í starfinu felst þátttaka í okkar eigin byggingarverkefnum en einnig afmörkuð þjónusta við viðskiptavini okkar.

JÁVERK er með öfluga vökvabómukrana og flutningabíla með krönum og stefna fyrirtækisins er að búa alltaf yfir fyrsta flokks tækjum til að tryggja viðskiptavinum eins góða og örugga þjónustu og völ er á og starfsfólki góðar vinnuaðstæður.

Nánari upplýsingar veitir Kristján I. Vignisson. Sími 860 1700, kristjan@javerk.is.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf (CE) og vinnuvélaréttindi á vökvabómukrana (B)
- Íslenskukunnátta
- Reynsla er kostur
- Stundvísi
- Þjónustulund og sjálfstæði í vinnubrögðum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

JÁVERK

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss

Hamraborg 12
IS-200 Kópavogur

javerk@javerk.is
Sími 480 1700
www.javerk.is

ISO 9001 Quality Management Systems CERTIFIED
ISO 14001 Environmental Management CERTIFIED
ÍST 85:2012 Equal Wage Management System CERTIFIED
Framúrskarandi fyrirtæki

JÁVERK er fjölskylduvænn vinnustaður sem gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi séu með því besta sem þekkist. Starfsandinn er frábær og starfsmannafélagið er mjög virkt en það stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Starfsmannavelta er mjög lítil.

JÁVERK er 30 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 100 og verkefnastaða fyrirtækisins er mjög traust næstu árin. JÁVERK leggur áherslu á umhverfis-, öryggis- og gæðamál og ætlum við okkur að vera leiðandi í þeim efnum í mannvirkjagerð á Íslandi.

LÍF & STARF

Breiðargerði í Skagafirði:

Aukinn kraftur í úrvinnslu og markaðssetningu á lífrænt vottuðu grænmeti

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Elínborg Erla Ásgeirsdóttir keypti fyrir nokkrum árum eyðijörðina Breiðargerði í Skagafirði í þeim tilgangi að rækta þar lífrænt vottað grænmeti.

Hún fór í gegnum aðlögunarferli að lífrænum framleiðsluháttum með stuðningi Matvælastofnunar og fékk lífræna vottun á land sitt og grænmeti árið 2021.

Hún hefur unnið hægt og bítandi að vöruþróun og markaðsmálum – og innan skamms verður hægt að eiga milliliðalaus viðskipti við hana í gegnum vefverslun Breiðargerðis.

Elínborg er einyrki í Breiðargerði, en alin upp á nágrannabænum Hól þar sem stunduð var sauðfjárrækt. Hún hafði takmarkaðan áhuga á þeim búskap en þeim mun meiri áhuga á allri ræktun og gróðri. Hún byrjaði á því að rækta gulrætur – í margvíslegum litbrigðum – sem hafa verið hennar aðaltegund, en áhugann á þeim fékk hún þegar hún vann við gulrótarupptöku hjá Akurseli í Öxarfirði. Síðan hafa fleiri grænmetistegundir bæst við og gjarnan sérstaklega litríkar, eins og blómkál, brokkólí, hvítkál, grænkál, toppkál og kóralkál (romanesco).



Elínborg Erla Ásgeirsdóttir í Breiðargerði. Myndir / Aðsendar

Kláraði Garðyrkjuskólann á aðlögunartímanum

Aðlögunartímabil fyrir lífræna útiræktun á einæru grænmeti eru tvö ár. Á þeim tíma náði Elínborg að klára garðyrkjunámið við Garðyrkjuskólann á Reykjum, sem hún stundaði í fjarnámi um fjögurra ára skeið. Hún segir að það tímabil hafi verið lærdómsríkt að mörgu leyti því það taki tíma að átta sig á hvernig best sé að gera hlutina. Til dæmis hafi hún þurft að finna út úr hvaða áburðarefni virkuðu best og hvernig best sé að haga sáðskiptum.

Hún útskrifaðist frá Reykjum vorið 2020 af braut garðyrkjuframleiðslu með áherslu á lífræna ræktun matjurta.

Úrvinnsla og vöruþróun

Á síðustu misserum hefur Elínborg haslað sér völl sem úrvinnsluaðili úr lífrænt vottaða grænmeti sínu – og er með áhugaverða vöruþróun í gangi. Hún fékk styrk frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra til markaðssetningar sem hefur gert henni kleift að opna vef (breidargerdi.com) og á næstu vikum verður þar orðin virk vefverslun þar sem matgæðingar um allt land geta keypt sér matvörur úr vöruþróun Elínborgar. Á vefnum má einnig finna mataruppskriftir og hugmyndir að notkun á vörunum frá garðyrkjubýlinu.



Sjálfsafgreiðslukofinn þar sem fólk getur nálgast vörur frá Breiðargerði.





Rófur í þurrkun og grænkálssalt í staukum.

Elínborg hefur bætt við sig ræktunartegundum jafnt og þétt, nú síðast hindberjum. „Síðasta sumar fékk ég fyrstu uppskeru af hindberjum, en þau eru reyndar ekki komin með lífræna vottun. Það orsakast af því að ég keypti plöntur sem ekki voru lífrænt vottaðar og fjölærar plöntur þurfa þrjú ár í aðlögun áður en þær teljast lífrænar.

Hindberin fóru í verslanir í Varmahlíð og á Sauðárkróki og fengu góðar móttökur, sem er auðvitað mjög skemmtilegt.“

Sjálfsafgreiðslukofi við veginn

„Síðasta haust setti ég upp sjálfsafgreiðslu niðri við veg, í timburkofa þar sem fólk getur nálgast vörur frá mér og greitt fyrir annaðhvort með því að setja pening í bauk á staðnum eða með millifærslu. Þetta mæltist líka vel fyrir og var opið fram að fyrstu alvöru frostum, og verður síðan opnað aftur næsta vor,“ segir Elínborg.

Hún stefnir á að hafa þessa þjónustu opna yfir aðaluppskerutímann, en lokað á veturna.

Góð nýting allra afurða

Að sögn Elínborgar leggur hún mikið upp úr góðri nýtingu á öllum sínum afurðum. „Ég er þegar að framleiða nokkrar vörur þar sem uppistaðan er svokallað annars flokks grænmeti, grænmeti sem einhverra hluta vegna er ekki hægt að selja á fullu verði.

Ég byrjaði að þróa vörur árið 2019 og er búin að prófa ýmislegt. Þær vörur sem ég er ánægðust með úr þeirri vöruþróun og hef framleitt mest af eru gulrótachutney, rófuchutney og grænkálssalt. Sumt geri ég reglulega en í minna upplagi, til dæmis kryddað kækiberjahlaup og vallhumalshlaup, og svo fellur kannski til hráefni sem hefur ekki verið til áður og þá reyni ég að finna því farveg. Til dæmis gerði ég bæði sellerísalt og hindberjasalt í fyrsta skipti síðasta haust sem ég geri ráð fyrir að halda áfram að framleiða.“

Prófar sig áfram með tilbúna grænmetisrétti

Núna í vetur hefur hún svo haldið áfram vöruþróun, þökk sé styrknum frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra. „Núna er ég að prófa mig áfram með öðruvísi vörur en áður, alls konar tilbúna grænmetisrétti og svo er ég líka að prófa að þurrka afurðir og skoða notkunarmöguleika þar.

Í þessari vöruþróun er ég aðallega að vinna með alls konar kál, bæði útlitsgallað og afskurð, og síðan rófur og gulrætur.

Þetta er allt á frekar miklu tilraunastigi enn







Unnið að þróun tilbúinna grænmetisrétta.



Rófur koma úr þurrkun.

þá, en ýmislegt lofar góðu svo ég geri ráð fyrir að söluvörur verði til úr þessu ferli.

Svonalagað getur samt tekið langan tíma að fínpússa svo ég veit ekki hvort ég á að fullyrða nokkuð um hvenær nákvæmlega það verður, en stefni auðvitað á að geta nýtt uppskeru næsta hausts. Það er margt sem þarf að huga að, umbúðir, merkingar, geymsluþol, útlit og bragð auðvitað.“

Vallhumallinn spennandi

Elínborg segir að gamla nytja- og lækningajurtin vallhumall sé spennandi hráefni. „Vallhumalshlaupið mitt er sætt hlaup úr vallhumli og sítrónum, til þess að nota til dæmis með ostum og á ristað brauð. Ég er einmitt líka að leggja lokahönd á nýja vöru þar sem vallhumallinn er aðalbragðefnið.

Vallhumall er vissulega ekki beinlínis aukaafurð frá grænmetisræktuninni, nema hvað að hann getur orðið óþarflega ágengur í gulrótabeðunum.

Þar sannast enn einu sinni að illgresi getur verið mjög víðtækt hugtak, og algerlega háð aðstæðum hverju sinni. Ég allavega ákvað að ég ætlaði að finna leiðir til að nýta vallhumalinn, frekar en bara að eyða tíma í að fjarlægja hann.“ Hún bendir á nýja vefinn fyrir þá sem eru áhugasamir um hennar afurðir og vörur.

„Á heimasíðunni geta áhugasamir fengið nánari upplýsingar um starfsemina, ræktunina og framleiðsluna. Þar má nálgast upplýsingar um sölustaði, framleiðsludagatal, fréttir og síðan alls konar uppskriftir þar sem vörur frá mér eru í aðalhlutverki,“ segir Elínborg.



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 5.350.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki “verð frá”.

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“

Aktu á gæðum



REYKJAVÍK — AKUREYRI — 590 5100 — klettur.is



LÍF & STARF

Skógrækt:

Danskar heiðar viði vaxnar



Hlynur Gauti Sigurðsson
hlynur@bondi.is

Við Íslendingar höfum í gegnum tíðina sótt fróðleik til frænda okkar Dana. Sú tenging er enn við lýði og nú hafa þeir kennt okkur að saga timbur.

„Skógur er undirstaða lífsviðurværis hverrar þjóðar“ er stór fullyrðing sem er erfitt að neita. Án skóga væri markmiðum um sjálfbærni þjóða seint náð. Viður teygir sig víða og er sennilega það hráefni sem best væri komið fyrir í miðju hins lofsverða hringrásarhagkerfis. Ef við erum efins með þessa fullyrðingu má velta því upp að norrænir forfeður okkar tilbáðu lífsins tré; tréð sem gefur, miðlar og veitir líf. „Orð eru til alls fyrst“ og svo skapast umræðan.

Í Bændablaðinu hefur áður verið fjallað um Erasmus+ verkefnið TreProX, sem var samstarfsverkefni háskóla frá Íslandi, Danmörku og Svíþjóð og snérust um menntun, þjálfun og læsi á notkun, þurrkun, ræktun og meðhöndlun viðar í víðum skilningi. Verkefninu lauk formlega um síðastliðin áramót og er námsgögnum, myndböndum, niðurstöðum og fleira gerð góð skil á heimasíðunni treprox.eu. Í þessari grein er umfjöllunarefnið námsdvölin í Danmörku þar sem mikil áhersla var á smáar stórviðarsagir ásamt stórum smáatriðum. En áður en vikið verður að umfjöllun um sagverk verður farið yfir nokkur heilræði.

Skógrækt

Skammt frá Vejle á Jótlandi hittum við Pelle Madsson sem hefur langa sögu af rannsóknum í skógrækt. Hann ræktar asparskóg á búgarðinum sínum en skógurinn er fjórir hektarar.

Áður en hann hóf ræktunina skoðaði hann tegundir sem gætu myndað skógarlandslag á skömmum tíma. Hann stóð frammi fyrir því að fá sér öl eða ösp. Hann óttaðist að öspin yrði vinsælt viðbit meðal hjartardýra en sá ótti reyndist óþarfur. Hann gerði litla tilraun og þá kom í ljós að ölurinn óx betur framan af en öspin tók yfir eftir 7 ár. Landið tók stakkaskiptum og var ösp megintegundin en beyki, askur og eik var búið að koma sér náttúrulega fyrir í skógarbotninum sem eru náttúrulegar skógarplöntur í Danmörku. Þetta var þá eins og Pelle grunaði. Alaskaöspin er úrvals trjátegund til að ná upp skógi á mjög skömmum tíma. Hann vildi meina að skógurinn yxi mun hraðar en hann hafði búist við og taldi sig vita að slíkt hið sama gerðist á Íslandi.

Skógskólinn í Eldrupgård hefur yfir að ráða 2500 hektara skógi til rannsókna á ýmsum sviðum. Ulrik Kragh Hansen kennir skógverkfræði við skólann og er viskubrunnur um danska skógrækt og sögu hennar. Danir ræktuðu sitkagreni í stórum stíl á fyrri öldinni og gjarnan í víðfeðmum og einsleitum skógum. Ótímabær dauðsföll hafa gert vart við sig í greninu og stundum nær það ekki einu sinni hálfrar aldar aldri. Ýmsar kenningar eru á reiki og ein er sú að viðkvæmt rótakerfi grenisins þoli illa vindstorma. Í blandskógum aftur á móti er eins og grenið lifi lengur. Það virðist því vera að fjölbreytt rótarkerfi í skógarbotni skipti sköpum fyrir lífsskilyrði trjánna sem þar standa. Danskir skógræktendur aðhyllast blandskógrækt, þar sem fleiri en ein og helst fleiri en tvær tegundir eru ræktaðar í sama landi. Það er þá kannski ekki lengur „hefðbundin lotuskógrækt“ því fyrsta uppskera skógarins gæti verið sitkagreni, næst degli, svo eðallauftré eins og eik og beyki og svo koll af kolli. Nútíma timburmarkaður á heimsvísu er fjölbreyttari en áður. Nú virðist ekki lagt eins mikið upp með gæðatimbur og áður var og því hafa Danir lagt mikið upp ræktun hraðvaxta barrviðar, eins og risaþin og sifjalerki.

Misjafnar sögur eru af árangri þeirrar ræktunar. Margt fróðlegt var í frásögn Ulriks um danska skógrækt en þó stóð einkum tvennt upp úr. Annars vegar að best er að veðja ekki um of á eina trjátegund í ræktun, heldur skal byggja meira á aðferðum um blandskóga og hins vegar að þó atburðarásin virðist vera hröð meðal trjánna þá hafa tvífætlingar sjaldnast þolinmæði til að fylgjast með henni.

Timbursögun

Um alla Skandinavíu má finna bjálkahús þar sem hráefni þess er oftar en ekki fengið úr skógum úr næsta nágrenni. Tæknin við byggingarlistina er aldagömul en mjög einföld, þegar maður kann hana. Palle Wisbech Liebum Pedersen, kennari við skógskólann í Eldrupgård, útskýrði ítarlega þá tækni sem þarf að hafa í huga þegar leggja á bjálka hornrétt þétt ofan á við annan. Í stuttu máli skal tommustokkurinn alltaf vera til taks og lykilatriði er að hafa gott skapalón til að teikna rétt snið á bolinn, sem saga á eftir. Mjög mikilvægt er að nota hárbeitta sög í verkið því annars er hætta á að sögunin verði ónákvæm, auk þess að bitlaus sög fer oft illa í lundarfar verkmannsins.

Til að búa til borð og planka þarf að saga trjábol endilangt, hvort sem er frá sverari enda til þess grennri eða öfugt. Bent Jensen, kennari við skógskólann í Nødebo, þekkir sögun trjábola betur en margir, enda með áratuga reynslu við þá iðn. Að saga trjábol þvers og kruss er kannski lítið mál, en að hafa vit á hvað maður er gera er ögn snúnara. Það þarf að lesa í plankann og sjá hvers lags efni hann getur gefið. Svo þarf líka að hafa í huga hver mun nota efnið. Þetta tvennt ræður því hvernig skal saga. Bolur getur verið snúinn, haft mismunandi trefjar, verið boginn, með stóra kvisti og fleira í þeim dúr. Út frá sverleika bolsins þarf síðan að reikna út nýtingarhlutfallið og þannig er hægt að ná fram meiri nýtingu úr bolnum. Nota má ýmsar aðferðir við að saga borð og planka. Stundum er hentugt að nota keðjusögina.

Þá er fest stjórnborð, stundum kallað land, á bolinn endilangan sem keðjusöginni er rennt eftir. Sú aðferð er kölluð „slabbing logs“ á ensku og er ódýr, meðfærileg og hentar vel þegar ætlunin er að saga fáa boli í þykk borð.

Sé ætlunin að saga fjölda bola er ágætt að nota stórviðarsagir, eða sögunarmyllur eins og það er einnig nefnt. Ýmsir framleiðendur stórviðarsaga eru til um víða veröld og er hægt að finna sumar þeirra í notkun hérlendis. Þó markaðurinn á Íslandi sé enn lítill er þó hægt að finna umboðsaðila nokkra þekktustu merkjanna. Að sögn Brian Jensen, umboðsaðila Wood-Mizer í Danmörku, skiptir mestu máli að átta sig á því umfangi sem ætlunin er að saga. Í sjálfu sér er hægt að saga alla boli í einfaldri og kraftlítilli sög en það getur verið þreytandi til lengdar. Stórviðarsagir eru dýrar og því mikilvægt að gera sér grein fyrir nokkrum atriðum áður en farið er í fjárfestinguna við fyrstu sögina.

Aftur á móti eru þær auðveldar í endursölu og falla þær lítið í verði. Af þeirri ástæðu einni ætti enginn að vera hræddur við að kaupa of litla sög í upphafi. Litlar sagir hafa þann kost að geta verið færanlegar og fluttar aftan í hvaða bíl sem er. Þær eru ýmist drifnar af eldsneytismótor eða rafmagnsmótor. Brian telur að í tilfelli íslenskra bænda væri vitrænast að vera nokkrir saman um kaup á fyrstu sög. Þannig gætu þeir lært hver af öðrum og auk þess sem notkun á söginni er óveruleg fyrst um sinn. Það skiptir líka máli að umboðsaðilinn sé áreiðanlegur og greiðvikinn. Það þarf að eiga góð, viðeigandi og vel brýnd sagarbönd, það þekkja þeir sem hafa reynslu.

Smiðirnir fljúgandi

Við strönd Austur-Djursland á Jótlandi er lítill búgarður. Þar er starfrækt lítið smíðafyrirtæki sem hefur hið sérstaka nafn „The Flying Carpenters“. Nafnið á sér eðlilegar skýringar. Fyrir tæpum áratug sótti bóndinn á búgarðinum



Skógskólinn í Eldrupgård.



Bent Jensen kennir áhugasömum þátttakendum sögunaraðferðir.



Kasper Werther Tækker er smiður á flugi.



Þátttakendur njóta samvistar og læra í fallegum degli skógi.





Danskur beykiskógur við skógskólann í Eldrupgård.



Wood-Mizer sög sem hentug er aftan í bíl til að flytja milli bæja.

daglega vinnu til sumarhúsaeyjarinnar Anholt. Bóndinn, ásamt fjölskyldutengdum samstarfsmönnum, flugu á milli lands og eyjar á lítilli flugvél til að sækja vinnu. Ólíkt kollegum þeirra, sem sigldu og voru kallaðir „smiðirnir fljótandi“, fengu bóndinn og félagar viðurnefnið „smiðirnir fljúgandi“. Enn þann dag í dag sinna þeir árstíðabundinni smíðaþjónustu á Anholt ... úr lofti. Sonur bóndans er einnig smiður. Hann heitir Kasper Werther Tækker og býr ásamt fjölskyldu sinni og foreldrum á búgarðinum. Hann hafði frá fjölmörgu áhugaverðu að segja. Búgarðurinn sjálfur er um 40 hektarar, tæpur helmingur þess landsvæðis er gamall skógur sem þau nýta til eigin nota á sjálfbæran hátt. Hinn hluta landsins leigja þau nágrönnum sínum til hefðbundins búskapar. Gamla trésmíðaverkstæðið er yfirleitt kynnt með timburafgöngum en vindmylla (17 kW) sér fyrir kyndingu á heimahúsunum tveimur. Búið er að steypa sökkla undir fjórðu bygginguna sem á að hýsa stórviðarsögina. Kasper ætlar að reisa hana í frítíma sínum og gerir ráð fyrir að hún verði klár eftir tvö ár. Þessi uppbygging hefur alls ekki verið hrist fram úr erminni. Í gegnum tíðina tíðkaðist ekki að eyða um efni fram. Þegar áunnust umfram tekjur var lagt fyrir og svo var keyptur passlega stór tækjakostur í það skiptið fyrir afraksturinn. Skattalöggjöfin í Danmörku hvatti til þess.

Hægt og bítandi stækkaði kosturinn og hefur nú yfir að geyma flugvél og fullkomna stórviðarsög svo fátt sé nefnt. Nýja húsið verður nær eingöngu smíðað úr timbri úr eigin skógi. Þegar timbur er heimafengið þarf ekki opinbert leyfi fyrir það þegar það er nýtt til eigin nota. Það er einfaldlega á ábyrgð landeigandans, sem í þessu tilviki eru handlagnir smiðir.

Litlar sögunarmyllur

Á stöku stað um Danmörku má finna bændur sem sinna sögun í smáum stíl. Einn slíkur, Peder Kristiansen, ákvað um fimmtugt að sölsa um, kaupa stórviðarsög og bjóða sögunarþjónustu án þess að vita nákvæmlega hvað hann var að fara út í. Hjónin eiga fimm hektara jörð þar sem þau rækta jólatré, epli og halda nokkrar kindur.

Á hverjum degi hefur hann sagað nokkra boli á dag í tuttugu ár, aðallega degli. Helstu verkefnin hafa verið sérpantanir til sveitarfélaga og bændur í nágrenninu. Áður var Peder í ágætu starfi hjá hinu opinbera en sá lífsstíll sem hann lifir í dag á miklu betur við hann. Kollegi Peders tekur í sama streng. Søren Møller hefur nóg fyrir stafni allan ársins hring. Á haustin og veturna er hans helsta starf að grisja í skógi sínum auk þess sem hann framleiðir eldivið. Á hátíðum er töluvert um sérpantanir eins og á jólum og páskum. Á vorin og sumrin er mikil eftirspurn eftir smíðaviði í byggingar. Hans helstu viðskipti eru við fólkið í nágrenninu og hann tekur eftir því að það eitt og sér, að vera í nágrenninu, skipti miklu því fólk vill vita hvaðan timbrið er fengið, hafi það kost á því.

Jótland fyrr og nú

Fyrir öld, eða tveimur, vildu menn meina að ekki væri hægt að rækta skóg á jósku heiðunum. Jótland var of berskjaldað fyrir opnu hafi, sérstaklega til vesturs. Á þeim tíma þótti samtímamönnum sennilega sannleikskorn í því. Raunin er þó sú að stórir og vöxtulegir skógar vaxa víða og hefur sú stórfenglega auðlind veitt danskri þjóð skjól fyrir búskap og ekki síður timbur í hús og hita.

Aragrúi góðs námsefnis og myndbanda má finna á heimasíðunni www.treprox.eu.



Bændablaðið kemur næst út
9. mars



LÍF & STARF

Matarsóun:

Bökum kleinur þegar mjólkin súrnar

– Með kolefnissporin að leiðarljósi

Yfir tíðina hefur of oft þótt skömm að því að nýta sér það sem af gengur hjá öðrum, hvort sem um ræðir matvörur, fatnað eða aðra nauðsyn. Það er kannski alveg spurning um að breyta hugsunarhættinum jafnvel þótt alls konar sálrænar flækjur geti truflað það ferli sem ætti að vera eðlilegra en ekki.

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



En hvað er eðlilegt? Jú – að nýta það sem er til, burtséð frá efnahag.

Ef við höfum í huga þá matarsóun sem á sér því miður stað hérlendis mættu allir landsmenn vera með hausinn á betri stað – duglegri við það að gefa, nýta sér, eða leyfa öðrum að nýta það sem umfram er.

Í mælingum Umhverfisstofnunar frá árinu 2019 kemur til dæmis fram að íslensk vísitölufjölskylda hendir sem svarar um 7 kg af mat vikulega – matarsóun heimila hérlendis er ríflega 60% af heildarsóun. Fyrir utan það að nýtanlegum mat er hent, teljum við allt of oft að urðun matar sé ekki sérstakt vandamál, því matur sé að mestu lífrænn og brotni því auðveldlega niður.

Sú er þó reyndar ekki raunin að urðun lífræns úrgangs sé jákvætt ferli. Á vefsíðu stefnunnar Saman gegn sóun má finna ýmislegt áhugavert tengt þessum misskilningi, ma. kemur fram að „… meirihluti matarúrgangs á Íslandi er urðaður, sem krefst sífellt meira landsvæðis og leiðir til myndunar og losunar gróðurhúsalofttegunda. Þegar lífrænn úrgangur brotnar niður við loftfirrðar aðstæður, líkt og myndast við urðun, þá myndast metangas. Metan er 21 sinnum virkari gróðurhúsalofttegund en koltvíoxíð og því töluvert verri.“

Urðunarmálin ítrekuð

Okkur langar flestum að bjarga heiminum og samkvæmt aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda er varða loftslagsmál frá árinu 2020 höfðu yfirvöld einhverjar hugmyndir þess efnis, eða svokallað tíu ára plan. Áætlað var að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030 og leggja þannig grunn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040.

Urðunarskattur var meðal þess sem hátt var á baugi, en í ljós kom að sú hugmynd vakti litla hrifningu og í raun mikilli andstöðu, meðal annars hjá stjórnendum sveitarfélaganna og Sorpu. Laut ríkisstjórnin í lægra haldi þarna í umræðunni og ekkert varð úr urðunarskattinum, sem þó var áætlaður að yrði hvati til flokkunar úrgangs og myndi draga saman tæp 30 þúsund tonn CO_2 ígilda árið 2030.

Síðastliðið haust benti Landvernd hins vegar á að þingsályktunin er varðaði ofangreint ætti fullan rétt á sér og fengi fullan stuðning stjórnar Landverndar. Meðal annars kom fram í skýrslu frá þeim er send var Alþingi;

„Jafnframt ítrekar stjórn samtakanna að þörf er á öflugum aðgerðum þar sem stjórnvöld verða að fara á undan með skýrum lagaramma og áætlanagerð og samdrætti í losun frá starfsemi ríkisins. Dæmi um þetta eru:

- *lögfesting markmiða um samdrátt*
- *hátt kolefnisgjald á alla geira, líka sjávarútveg og ferðaþjónustu*
- *styrkjakerfi í landbúnaði sem ekki einblínir á dýraafurðir*
- *bann við sölu á nýjum bensín- og díselbílum*
- *landskipulagsstefna þar sem beit á illa förnu landi er heft, votlendi er endurheimt og nýjar framræsingar háðar leyfum*
- ***urðunarskattur og allsherjarbann við urðun lífræns úrgangs“***



Neyð almennings og matarsóun haldast í hendur við loftslagsmál.
Myndir / SP

Fyrir hönd stjórnar Landverndar klykkir svo framkvæmdastjórinn, Auður Önnu Magnúsdóttir, út með orðunum: *„Ekki er þörf á að brýna fyrir alþingisfólki hversu bráðnauðsynlegar aðgerðir í loftslagsmálum eru. Að lýsa yfir neyðarástandi í loftslagsmálum hvetur til aðgerða og því telur stjórn Landverndar brýnt að þingsályktunin verði samþykkt.“*

Á meðan ráðamenn komast að niðurstöðu gætum við litið okkur nær og tekið skref í þá átt sem æskileg er. Til dæmis með því að kynna okkur verkefni sem er nú finna á landsvísu, svokallaða Frí-skápa.

Þjóðfélagsstaða ætti ekki að skipta máli er kemur að sóun

Eins og kom fram í Bændablaðinu í júnílok árið 2021 stóðu þau Kamila Walijewska og Marco Pizzolato fyrir opnun þess sem kallað er Freedge og þau kalla Frískáp á íslensku. Freedge er alþjóðleg hreyfing sem stendur fyrir uppsetningu svokallaðra samfélagskæla (frískápa) með það fyrir augum að draga úr matarsóun og byggja upp sterkara samfélag.

Þau Kamila og Marco settu fyrsta frískápinn upp á Bergþórugötu 20, við hús sem kallast Andrými, og standa félagsmenn Andrýmis einmitt fyrir því sem þau kalla „Free Supermarket“. Um ræðir, eins og nafnið gefur til kynna, ókeypis matvörur sem eru á boðstólum alla föstudaga á milli kl. 17.30 og 19.00.

Koma matvörurnar frá nærliggjandi bakaríum, veitingastöðum og ruslagámum þar sem gjarnan eru hirt fersk matvæli. Flokkast slíkt undir það sem hefur verið þekkt sem „dumpster diving“ og fer væntanlega fyrir brjóstið á mörgum – en vekur sjálfsagt að sama skapi fólk til umhugsunar um hverju er fargað. Allt sem er á boðstólum er vel útlítandi og boðlegt á hvaða disk sem er.

Nú, tæpum tveimur árum frá stofnun Frískápshreyfingarinnar hérlendis, hefur sprottið upp nokkur fjöldi skápa til viðbótar.

Eins og staðan er núna má finna frískápa í Reykjavík á svæðisnúmerum 101, í 105 við safnaðarheimili Lauganeskirkju, við Neskirkjuna á svæði 107, að Suðurlandsbraut 72, við Hjálpræðisherinn í 108, við Brúna Völvufelli í 111, á Kársnesinu, 200 Kópavogi svo og á Höfn í Hornafirði og á Akureyri. Í deiglunni er að setja upp frískápa í 108 sunnan Bústaðavegar, í hverfi 112 Grafarvogi, í Mosfellsbæ, miðsvæðis í Hafnarfirði, á Völlunum, í Reykjanesbæ og á Selfossi.

En hverjir eru þeir sem sækja í þessa frískápa? Jú – þeir sem vilja deila sínu og/eða næla sér í góðgæti. Engu máli skiptir hver þjóðfélagsstaða frískápaunnenda er, einungis er þarna um að ræða fólk sem er tilbúið til að gera sitt lítið af hverju þegar kemur að matarsóun.

Með réttsýni að leiðarljósi

Þrátt fyrir þrálátan orðróm um gífurlega sóun í matvælaiðnaði, eru þau þó nokkur fyrirtækin sem gefa það sem umfram er eða þá þær vörur sem nálgast dagsetningu.

Til að mynda fer þó nokkuð af góðum mat til Fjölskylduhjálparinnar, en formaðurinn, Ásgerður Jóna Flosadóttir, segir að í Iðufellið sæki fjölskyldur sér aðstoð reglulega, frá bæði Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, enda ekki um aðra aðstoð fyrir fólk úr þeim bæjarfélögum að ræða. Hópurinn sé misleitur þegar kemur að þjóðerni og menningu eða trúarbrögðum, en eigi það sameiginlegt að vera manneskjur í neyð.

Ásgerður segir stolt frá því að daginn sem við tölum saman sé matarúthlutun, ferskt og gott nautahakk, vínber og epli helsta nýmetið, en einnig eru í boði frosnar pitsur, úrval grænmetis, brauðmeti, niðursoðnar vörur og Royal búðingur svona í tilefni bolludags. Starfsfólk setur saman í poka dagsins, vel útilátinn, og jákvæðni og dugur er allsráðandi en hjá þeim starfa um 40-50 sjálfboðaliðar og maturinn komi frá fyrirtækjum sem eigi umfram sitt.

Áhugavert er að taka til þess að á meðan hinn almenni Íslendingur borðar nær allt sem hönd á festir, er til dæmis ekki hægt að segja það sama um þá sem aðhyllast íslam. Þar er blátt bann við því að borða svínakjöt í nokkru formi og því illmögulegt fyrir þá að taka við matarpoka með slíku góðgæti.

Kartöfluæturnar Íslendingar eru að sama skapi vanafastar á sitt meðlæti á meðan fólk annarra þjóða kjósa í mörgum tilfellum frekar hrísgrjón með mat.



Við Iðufell 14 í Breiðholti er Fjölskylduhjálp Reykjavíkur starfrækt en þaðan fóru matargjafir til átján þúsund fjölskyldna á síðasta ári, eða metfjöldi. Fjölskylduhjálpin rekur einnig verslun og nytjamarkað þar sem fólk er hvatt til að líta inn, en fylla má plastpoka af fötum fyrir einungis 2.000 krónur sem þá styrkja starfsemina.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Starfsemi Andrýmis er að finna á Bergþórugötu 20 í Reykjavík, en þar má finna starfræktan bæði fríská og það sem kallast „Free Supermarket“ - matvöru sem í boði er ókeypis alla föstudaga. Á föstudögum má að auki koma með fatnað og velja sér á móti það sem aðrir hafa lagt til.

Hentugt væri því að geta boðið fólki af öðrum menningarheimi og trú upp á matarpoka aðra daga en Íslendingum sem hafa alist hér upp frá barnsaldri.

Þá sérstaklega með trú múslima í huga í stað þess að þeir líði skort þegar áætluð matargjöf dagsins inniheldur svínakjöt – en einungs ein tegund poka er í boði hverju sinni.

Aðspurð tekur Ásgerður undir þessa hugmynd og segist áður hafa íhugað slík dagaskipti. Sú umræða var hins vegar blásin upp í fjölmiðlum og hún sögð hafa illan bifur á erlendu fólki. Það er þó fjarri lagi, enda er hér kona með sterka hugsjón og réttlætiskennd sem hefur staðið vaktina með reisn. Slíkt er ekki auðvelt enda staða þar sem þörf er á mikilli yfirsýn og skipulagshæfni eins og nærri má geta.

Leggjum til það sem af fellur

Ekki fyrir löngu komst á laggirnar svokallaður matarbanki í Iðufellinu, en þangað gefa fyrirtæki matvæli sem eiga stutt í að verða útrunnin, í stað þess að setja í urðun. Einnig fara þangað vörur sem settar hafa verið í frost fyrir síðasta söludag og skulu notast strax og teknar eru úr frysti. Allt eru þetta vel nýtanlegar vörur enda dagsetningar ekki alltaf það sem miða þarf við. Slíkur hugsanaháttur á einmitt við þegar tekið er til bæði matarsóunar og þá loftslagsmála.

Mæðrastyrksnefnd stendur einnig fyrir matargjöfum tvisvar sinnum í mánuði og reka að sama skapi öflugt og vel metið starf í Hátúni 12 í Reykjavík.

Báðar stofnanir má styrkja með fjárframlögum inn á bankareikninga. Fyrirtæki sem hafa ráð á að gefa matvæli eða nauðsynjavörur ættu að hafa samband – jafnvel þó skammt sé í að matvælin séu að renna út á tíma.

Verum skynsöm, bökum kleinur

Að lokum má ekki gleyma kynslóðum fyrri ára sem ólust upp við að fara vel með, nýta það sem hægt var og frysta það sem komið var á dag. Til ítrekunar má ekki gleyma fleygum orðum móður minnar fyrir nokkru: *„Þegar mjólkin fór að súrna voru bakaðar kleinur“*. (Hluti þeirra væntanlega frystur í kjölfarið).

Og – það er engin skömm að því að nýta það sem af gengur, engin skömm að því að vera meðvitaður um kolefnisspor iðnaðarins og engin skömm að því að þiggja þegar þörf er á. Við erum heldur ekkert að finna upp hjólið þegar kemur að nægjusemi þó hún sé í umræðunni núna varðandi kolefnisspor og loftslagsmál.

Loftslagsváin ætti ekki einu sinni að vera hvatinn heldur einungis það að við eigum að fara vel með.

Reynum að láta þetta síast inn.





Hefur þú brennandi áhuga á vélum og vilt vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi? Vélfang leitar að öflugum og ábyrgum viðgerðamanni í fullt starf á vélaverkstæðið okkar í Reykjavík.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vélaviðgerðum er kostur.
- Menntun við hæfi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott með að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veita Eyjólfur 8400 820
Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is

VÉLFANG -VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Óseyri 8 • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Kverneland Schäffer JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði
að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.



VIÐTAL

Sauðfjárbúskapur:

Með framtíðina fyrir sér

– Ungir bændur sem beita sér í loftslagsmálum

Eyþór Bragi Bragason og Þórdís Þórarinsdóttir á Bustarfelli í Vopnafirði eru ungir og metnaðarfullir sauðfjárbændur. Þau láta sig umhverfismál varða og sýna það í verki með því að stunda loftslagsvænan landbúnað.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Inn í Hofsárdal í Vopnafirði er ættarsetrið Bustarfell, undir samnefndu fjalli. Þar hefur sama fjölskylda búið síðan árið 1532. Eftir nám árið 2017 settust Eyþór Bragi og Þórdís þar að, á æskuheimili Eyþórs, og stunda þar sauðfjárbúskap. Foreldrar Eyþórs, Björg Einarsdóttir og Bragi Vagnsson, búa einnig á Bustarfelli og taka enn þá þátt í búskapnum. Eyþór Bragi mun vera fimmtándi ættliður fjölskyldunnar sem stundar búskap á Bustarfelli.

Rekstur sauðfjárbúsins gerir ráð fyrir einu ársstarfi, þó Eyþór og Þórdís segi að mun meiri tími en svo fari í búskapinn. Bæði stunda þau svo vinnu utan bús. Þórdís vinnur sem kynbótafræðingur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og hefur t.a.m. unnið við innleiðingu erfðamengisúrvals í nautgriparækt og við útreikninga kynbótamats í sauðfjárrækt og nautgriparækt. Eyþór er leiðsögumaður í laxveiði á sumrin ásamt því að taka að sér hin ýmsu tilfallandi störf í sveitinni. Auk þess er hann safnstjóri Minjasafnsins á Bustarfelli.

„Ég stefndi alltaf á nám tengt landbúnaði til að geta unnið við áhugamálið og samhliða því vil ég búa í sveit og rækta búfé. Eyþór er mikill veiðimaður og sumrin yrðu því ekki eins nema hann gæti starfað í laxveiðinni. Við erum því rosalega heppin að geta lifað okkar lífi og stundað vinnu sem við höfum ástríðu fyrir," segir Þórdís.

Undir það tekur Eyþór. „Lífið er aldrei einhæft og allir hjálpast hér að. Systkinin mín taka hluta af sumarfríinu til að komast á sauðburðarvaktir og með í smalamennsku, það veitir þeim ákveðna lífsfyllingu en er í okkar huga ómetanleg aðstoð við bústörfin. Ég held það myndi vanta stóran hluta af sjálfum mér ef veruleikinn snerist ekki um þessi árstíðabundnu verkefni sem fylgir sauðfjárbúskap."

Þau benda þó á að margir ungir bændur lifi öðrum veruleika, bústörfin þurfa að vera aðaltekjulind og kostir á aukastörfum utan bús eru ekki fyrir hendi. Eyþór bætir við að sauðfjárræktin hafi verið fjársvelt í svo mörg ár. Því hafi eðlileg endurnýjun á tækjum og híbýlum jafnvel ekki átt sér stað. Í upphafi vegferðar sinnar þurfi ungir bændur því æði oft að leggja í stórar fjárfestingar og tilheyrandi skuldsetningu til þess að uppfæra búin samkvæmt nútímakröfum.

Sameiginlegur vilji til að bæta búskap

Bustarfell er eitt af þeim fimmtán sauðfjárbúum sem fyrst var boðin þátttaka í verkefni Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Loftslagsvænn landbúnaður, í ársbyrjun 2020.

„Okkar bú var í þessum fyrsta tilraunahóp. Við sóttum um því okkur þótti verkefnið áhugavert og vildum vita út á hvað þetta gengi. Meiningin er góð og pælingarnar líka," segir Eyþór og bætir við að síðan þá hafi verkefnið þróast mikið og breyst. Í dag hefur fjöldi bænda bæst í hóp þátttakenda og teljast nú 22 sauðfjárbú og 24 bú í nautgriparækt hluti af verkefninu.

Þau segja að þátttakendur séu afar ólíkur hópur bænda, fólk á öllum aldri sem býr við misjafnar aðstæður, jarðgæðum er misskipt, tækifæri til að minnka losun og auka bindingu er breytilegt og þekking fólks mismunandi.

Þau telja sig búa vel að því að hafa hafið vegferðina strax eftir háskólanám, Eyþór er búfræðingur og Þórdís meistari í búvísindum frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Þannig liggi t.d. sú tölvuvinna sem fylgi verkefninu vel fyrir þeim.

„Margt sem kemur fram í verkefninu er nokkuð augljóst fyrir okkur á meðan þær upplýsingar gætu verið nýlunda fyrir næsta bónda. En það sem við öll eigum sameiginlegt er viljinn til að skilja við hlutina í betra ástandi en við tókum við þeim," segir Eyþór.

Verkefnið sé því hvati til að fara af stað í vegferð í átt að betri búháttum.



Sauðfjárbændurnir Þórdís Þórarinsdóttir og Eyþór Bragi Bragason ásamt dóttur sinni, Ernu Diljá. „Við erum því rosalega heppin að geta lifað okkar lífi og stundað vinnu sem við höfum ástríðu fyrir," segir Þórdís. Myndir / ghp

> „Það snýst meðal annars um betri búskaparhætti en einnig að rækta hjarðirnar sínar og nýta sér kynbótastarfið sem verið er að stunda í sameiginlegum tilgangi og gagnast okkur öllum í erfðaframförum og meiri afurðum í framtíðinni."

„Bændurnir eiga að setja sér raunsæ markmið miðað við sitt bú. Það getur til dæmis reynst miserfitt fyrir þátttökubæi að stunda landgræðslu, sumir búa á litlum jörðum. En með því að ræða við ráðgjafana og aðra bændur geta þátttakendurnir fengið innblástur og hugmyndir að því hvernig hægt er að binda eða minnka losun kolefnis," segir Þórdís.

Stórtæk landgræðsla

Á þátttökutímabilinu hafa Eyþór Bragi og Þórdís sett sér 10–15 mælanleg markmið á ári og náð þeim flestum.

„Markmiðin voru mörg til staðar áður en við fórum inn í verkefnið. Aðgerðirnar eru jú loftslagsvænar en líka hagkvæmar. Við reynum að hámarka afurðir eftir á, minnka olíunotkun og bæta nýtingu áburðar. Að sjálfsögðu er maður alltaf að stefna að því hvort sem er," segir Eyþór.

Samkvæmt kolefnisreiknivélinni bindur Bustarfellsbúið meira en það losar. Vegur þar þungt stórtæk landgræðsla, bæði niðri í dalnum og uppi á Vopnafjarðarheiði. Rétt er þó að taka fram að kolefnisreiknivél þessi er ekki fullkomin.

Eitt af markmiðunum sem þau settu sér í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður er aukin landgræðsla. „Við tökum þátt í tveimur verkefnum tengdum landgræðslu, annars vegar Bændur græða landið og hins vegar Landbótasjóðsverkefni uppi á heiði. Við höfum mjög stórt land undir og dreifum eins miklum áburði og við fáum úthlutað. Þarna á heiðinni er mikið rofið land eftir kuldatímabil fyrr á öldum, ekki bætir úr skák hvernig farið var að þegar þjóðvegirnir þar í gegn voru lagðir á síðustu öld. Viðkvæmur jarðvegur var þá rifinn upp og ekki hugað að því að loka honum eftir á," segir Eyþór. Á meðan Landgræðslan útvegar áburð leggur hann til vinnu og tækjabúnað til dreifingar.

Auk landgræðslunnar stefna þau á að rækta skjólbelti við túnin og í fyrra hófust þau handa við að planta trjám í dalnum fyrir innan bæinn. Samhliða því hefur þó átt sér stað ákveðin náttúruleg endurheimt vistkerfis því gamli birkiskógurinn sem þar er stækkar ört og má nú finna sjálfssáðar birkiplöntur á allstóru svæði.

Aðferðir sem minnka útgjöld

Eyþór og Þórdís halda 530 vetrarfóðraðar ær, sem telst til



Eyþór og Þórdís halda 530 vetrarfóðraðar ær sem telst til ríflegs meðalbús hér á landi. Þau hafa fjölgað fé síðustu ár og hafa áhuga á að fjölga enn frekar. Hyrnt og hvítt er í meirihluta eins og hér sést. Ærin Skvísa er fyrir miðju.



Þórdís ásamt Móhnýflu, sem er ein af tveimur kindum í hjörðinni sem er hnýflótt.



Víðtæk landgræðsla og skógrækt er meðal viðfangsefna Bustarfellsbænda. Hér er Eyþór Bragi að planta trjám í dalnum fyrir innan bæinn.
Mynd / Aðsend

ríflegs meðalbús hér á landi. Þau hafa fjölgað fé síðustu ár og hafa áhuga á að fjölga enn frekar.

Hluti af markmiðunum sem þau hafa sett sér innan Loftslagsvæns landbúnaðar er að auka ekki olíunotkun þrátt fyrir fjölgun fjár og aukin umsvif t.d. með meiri jarðrækt og aukinni landgræðslu.Einnig er markmið að bæta nýtingu áburðar, en það gera þau með nákvæmri GPS dreifingu tilbúins áburðar og bættri nýtingu búfjáráburðar. Einnig er smárablöndu sáð við endurræktun túna því notkun á niturbindandi plöntum getur minnkað áburðarþörf túna.

„Þessar aðgerðir hafa haft í för með sér minni notkun tilbúins áburðar sem skilar sér í minni útgjöldum," segir Eyþór.

Málefni sem varðar alla bændur

Þau telja nokkuð áleitið hve landbúnaður á undir högg að sækja í allri loftslagsumræðu. „Bændur virðast vera svo auðvelt skotmark, bæði hér heima og erlendis líka. Með verkefninu erum við bæði að skrá aðferðir og sanna árangurinn með tölum. Við erum ekki stóra vandamálið þegar kemur að kolefnislosun. Eins og við sýnum fram á erum við tæknilega séð í bindingu. Við erum líka í verkefninu til að sýna öðrum bændum hvað þeir geta gert til að takmarka losun og binda á móti þeirri losun þannig að framleiðslan geti í það minnsta orðið kolefnishlutlaus," segir Eyþór.

Samspil landbúnaðar og loftslagsmála er brýnt hvernig sem á það er litið. „Þetta snýst líka um að lesa samfélagsandann, vera ekki alltaf að malda í móinn heldur sýna í verki að hlutirnir geta verið öðruvísi. Bændur gera sér grein fyrir að þetta er málefni sem varðar okkur öll. Við erum að selja vöruna okkar til almennings og við viljum að neytendur sjái að við látum okkur umhverfismál varða," segir Þórdís.

Framtíð sauðfjárræktar ber á góma. „Ég held að þróunin verði í takt við allt annað, að búin verði færri og stærri. Við stefnum til dæmis á fjölgun enda erum við með landrými og getum fjölgað túnum. Við erum tilbúin til að láta sauðfjárbúskapinn verða stærri að umfangi og vinna þar af leiðandi minna utan bús. En við höldum að okkur höndum með fjárfestingar til stækkunar meðan afurðaverðið er ekki hærra. Grundvöllur fyrir stækkun er hækkun afurðaverðs," segir Eyþór.

Þórdís bendir á að vetrarfóðruðum kindum hafi farið fækkandi á Íslandi síðustu ár. Hugsanlega stefni í skort á lambakjöti í búðum og meiri eftirspurn en framboð sé á íslenskri ull frá sauðfjárbændum og Ístex. Eftirspurnin sé til staðar og því hljóti að vera grundvöllur fyrir hærra verði.

„Fólk kaupir lambafille í kjötborði fyrir 7.600 kr/kg. Það er meira en tíu sinnum hærra kílóverð en bóndinn fær greitt fyrir kjötið. Af hverju fær bóndinn ekki stærri hlut?"

Áhuginn smitar út frá sér

Hugur er í bændunum ungu og vilja þau leggja sitt af mörkum til að bæta hér skilyrði og ásýnd landbúnaðar svo framtíðin verði björt og byggð í sveitum landsins.

„Allir bændur mega hugsa um hvernig þeir geta gert hlutina betur, alveg sama hvort fólk sé að gera hlutina mjög vel eða ekki," segir Þórdís og bendir á mikilvægi kynbótastarfs. „Það snýst meðal annars um betri búskaparhætti en einnig að rækta hjarðirnar sínar og nýta sér kynbótastarfið sem verið er að stunda í sameiginlegum tilgangi og gagnast okkur öllum í erfðaframförum og meiri afurðum í framtíðinni."

Eyþór brýnir mikilvægi snyrtimennsku í sveitum og fagmennsku í hvívetna.

„Ég væri alveg til í að það sé tekið með inn í gæðastýringuna að það sé snyrtilegt á bæjum. Það er ljótt að sjá rusl og plast á girðingum og fátt fer meira í taugarnar á bændum en búskussar, því þeir sverta orðspor greinarinnar. Einn getur skemmt fyrir svo mörgum."

Þau telja verkefni eins og Loftslagsvænn landbúnaður gott leiðarstef inn í framtíðina.

„Svona verkefni getur fengið aðra til að hugsa. Því fleiri sem taka þátt í því leiðir til þess að fleiri nágrannar sjá hvað hægt sé að gera. Oft getur áhuginn kviknað og smitað út frá sér og orðið kveikjan að jákvæðum breytingum," segir Eyþór.

Jafningjafræðslan er nefnilega ákveðinn lykill. „Þó fræðsla hjá ráðgjöfum sé góðra gjalda verð, þá á maður stundum til að leiða hjá sér það sem spekingarnir segja, en svo hlustar maður af miklum áhuga á nágranna eða kunningja sem eru í kaffi hjá manni. Stundum eru hlutirnir gerðir á ákveðinn hátt í langan tíma og manni finnst það bara eðlilegt. En með svona samstarfsverkefnum þá sér maður hvað aðrir eru að gera og það opnar augu manns fyrir því að hægt er að gera hlutina öðruvísi. Það má alltaf læra af næsta manni," segir Þórdís.



„Ég held það myndi vanta stóran hluta af sjálfum mér ef veruleikinn snerist ekki um þessi árstíðabundnu verkefni sem fylgir sauðfjárbúskap," segir Eyþór Bragi.



Bustarfellsbændur leggja mikið upp úr vali á lífgimbrum á haustin. Við valið þarf að skoða lambadóma, kynbótamat, ætterni og frammistöðu foreldra og systkina. Ekki má svo gleyma fegurð á velli.



Þrátt fyrir ungan aldur er Erna Diljá strax orðin liðtæk í búskapnum.



Í DEIGLUNNI

Orkuskipti:

Vetnistæknin springur út

– JCB kynnir umhverfisvænan brunahreyfil

Breski vinnuvélaframleiðandinn JCB hefur á undanförnum árum leitað leiða til að bjóða viðskiptavinum sínum umhverfisvæna kosti. Víða hafa stjórnvöld sett fram áætlanir um að banna nýtingu jarðefnaeldsneytis í vélum og vill JCB vera kominn með lausn í tæka tíð. Sprengihreyfill sem gengur fyrir vetni virðist vera svarið.



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Undanfarin ár hafa verkfræðingar fyrirtækisins skoðað fjölda lausna þegar kemur að því að knýja vinnuvélar á umhverfisvænan hátt. JCB hefur náð mjög langt þegar kemur að rafhlöðutækni og vetnisefnarafölum, en báðum þessum lausnum fylgja of mikil vandamál til að hægt sé að koma þeim á markað. Margföldun á kostnaði, flókið viðhald, aukin þyngd og langur hleðslutími eru meðal þeirra annmarka sem áðurnefndum lausnum fylgir.


JCB hefur sett á markað batterísknúnar vinnuvélar, en vegna þeirra takmarkana sem þeim fylgja hentar sú tækni ekki nema fyrir minnstu tækin. Vetnisefnarafallinn lofaði góðu fyrir stærri vélar að mati starfsmanna JCB þar sem mjög fljótlegt er að fylla á eldsneytistankana, ólíkt batterísknúnum tækjum. Eftir að hafa sett saman frumgerð af beltagröfu með vetnisefnarafali sást hins vegar að flækjustigið þegar kemur að viðhaldi og margföldun á kostnaði útilokaði þá tækni eins og er.

Sama vélarblokk

Anthony Bamford lávarður, eigandi og stjórnandi JCB (sonur stofnandans Joseph Cyril Bamford), skoraði á starfsmenn sína að þróa vetnisknúinn sprengihreyfil eftir að fyrirséð var að vetnisefnarafallinn og rafhlöðurnar væru á leið í öngstræti. Úr þeirri vinnu kom mótor með sömu vélarblokk og fjögurra lítra dísilvélarnar sem JCB hefur framleitt um árabil.

Samkvæmt JCB er vetnisknúni sprengihreyfillinn kominn mjög langt í þróun og verður hægt að setja hann á markað á allra næstu misserum. Einn stærsti kostur þessarar nýju tækni er sá að þetta byggir á gamalreyndum grunni sem auðveldar allt viðhald og notkun. Fyrir neðan heddið er vélin sú sama og fjögurra lítra DieselMax vélin sem er í mörgum traktorsgröfum og skotbómulyfturum. Breytingin felst helst í nýju strokkloki með kveikikertum og innspýtingarkerfi fyrir vetni og hins vegar nýjum eldsneytisleiðslum og gaskútum í stað dísiltanka.

Ólíkt því sem fólk hefur kynnst með rafmagnsbíla, sem eru umtalsvert dýrari en sambærilegir bensín- eða dísilbílar, þá munu vinnuvélar með vetnismótornum einungis verða fimm til fimmtán prósent dýrari í innkaupum. JCB sá fram á að vinnuvélar með batteríum eða vetnisefnarafli þyrftu að vera allt að fjórfalt dýrari en samsvarandi vinnuvél knúin með jarðefnaeldsneyti.



Anthony Bamford lávarður, forstjóri JCB, hefur látið starfsfólk sitt leita allra leiða til að framleiða umhverfisvænar vinnuvélar. Eftir að hafa rekist á takmarkanir rafhlaða og vetnisrafala eru vetnisknúnir sprengihreyflar orðnir að vænlegum kosti. Bensín- og dísilvélar eru sprengihreyflar og er þessi nýja lausn byggð á gömlum grunni. Mynd / JCB



Aðeins nokkrar mínútur tekur að dæla eldsneyti sem dugar heilan vinnudag. Vetnið er geymt við 350 bara þrýsting, en kúturinn er hannaður til að þola allt að 1.300 bör. Mynd / ÁL

Notkun svo gott sem eins

JCB hefur útbúið nokkrar frumgerðir af vinnuvélum með þessum mótor og er umgengnin og notkunin á þeim nær alfarið eins og á hefðbundnum dísilknúnum tækjum. Hljóðið er mjög sambærilegt og myndi hinn almenni borgari ekki átta sig á að um sé að ræða nýja tækni.

Notandinn mun ekki finna merkjanlega mun, því aflið er nánast það sama og er vetnismótorinn með mikinn togkraft á lágum snúningum, rétt eins og dísilmótorar.



Nýi vetnismótorinn er fjögurra lítra og skilar 55 kW – svipað afl og tog og á dísilmótorum af sömu stærð. Í stað dísiltanks eru þrýstikútar. Hentar meðal annars í traktorsgröfur og skotbómulyftara. Mynd / JCB



Notendur vetnisvinnuvélanna frá JCB munu ekki verða varir við mikinn mun samanborið við hefðbundnar dísilvélar. Eiginleikar vélanna eru nánast þeir sömu. Mynd /JCB

ÚRVAL JEPPADEKKJA

Mastercraft TIRES | TOYO TIRES

Courser CXT — Jeppadekk — Frábært dekk fyrir flest undirlag, bleytu og vetrarfærð.

Courser MXT — Jeppadekk — Hentar við erfiðar aðstæður og veðurskilyrði.

Open Country A/T — Jeppadekk — Þrautreynt jeppadekk við allar akstursaðstæður allt árið um kring.

Open Country M/T — Jeppadekk — Hentar vel þar sem mikið grip þarf, svo sem í drullu og sandi.

Skoðaðu heimasíðuna okkar á nesdekk.is
Þar getur þú fundið réttu dekkin sem henta þér best.

Breiðhöfði 13, 110 Reykjavík, 590 2080
Fiskislóð 41, 101 Reykjavík, 561 4110
Lyngási 8, 210 Garðabæ, 565 8600
Njarðarbraut 9, 260 Reykjanesbæ, 420 3333
Njarðarnesi 1, 603 Akureyri, 460 4350

NESDEKK
Meira úrval á nesdekk.is

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Viðhaldið er eins og á dísilvélum, þar sem gerð er krafa um olíuskipti á 400 vinnustunda fresti og er notast við sömu smurolíu og olíusíu. Mjög erfitt er að sjá mun á nýrri og gamalli smurolíu þar sem ekki myndast neitt sót við brunann í sprengihreyflinum. Gamla olían er því ekki svört, heldur ljósgul eins og lýsi.

Vetnisframleiðsla mun aukast

Þegar kemur að eldsneytisfyllingu mun notandinn ekki dæla á vökvatanka, heldur tengjast gastönkum með sambærilegum stútum og notaðir eru á metanbílum. Sjálf áfyllingin tekur nokkrar mínútur og dugar eldsneytið fyrir heila vakt. JCB hefur útbúið tanka sem passa aftan á Fastrac dráttarvélar sem geta keyrt um vinnusvæðið og fyllt á tæki eftir þörfum. Umgengnin í kringum eldsneytisáfyllinguna er því mjög sambærileg því og tíðkast með dísil, nema hér er unnið með gas í stað vökva.

Starfsfólk JCB segist hafa orðið vart við aukinn áhuga á vetnisframleiðslu undanfarin misseri. Eftir innrás Rússa í Úkraínu hafi þjóðir Evrópu viljað auka sitt orkuöryggi. Ein af þeim leiðum er að skipta út innfluttu jarðefnaeldsneyti fyrir heimaframleitt vetni.

Forseti Bandaríkjanna hefur einnig sett á dagskrá uppbyggingu innviða vetnisframleiðslu þar sem markmiðið er að eftir einn áratug muni eitt kíló vetnis kosta einn dollara. Til að setja það í samhengi þá er eitt kíló vetnis jafn orkuríkt og þrír lítrar af dísilolíu.



Nýja vélin notar sömu vélarblokk og dísilvélarnar og umskiptin því auðveld. Starfsfólk JCB var ekki nema fjóra daga að setja fyrsta vetnismótorinn í traktorsgröfu eftir að upphaflega frumgerðin leit dagsins ljós. Mynd / ÁL



Smurolía eftir 400 vinnustundir. Þar sem vetnisbruni er mjög hreinn safnast ekkert sót í olíuna. Mynd / ÁL



JCB Fastrac dráttarvél útbúin sem tankbíll getur auðveldlega flutt hundrað kílógrömm af vetni um vinnusvæði. Mynd / ÁL







ÍDEIGLUNNI



Hvammsvirkjun. Öll hestu virkjunarmannvirki eru undanþegin fasteignaskatti. Myndir / Aðsendar

Breytt lagaumgjörð orkuframleiðslu forsenda orkuskipta:

Lög um orkuvinnslu hamla atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni

Í nýlegri bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps segir að orkuvinnsla í sveitarfélaginu þjóni ekki hagsmunum þess. Haraldur Þór Jónsson oddviti segir að sveitarfélögin fái lítið sem ekkert fyrir orkuframleiðslu og allur ávinningurinn verði þar sem orkan er notuð. Óvíst er hvort stjórn sveitarfélagsins samþyggi framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun.



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

„Orkuvinnsla á landsbyggðinni er að skapa tekjur á þéttbýlisstöðum þar sem orkan er notuð og hálaunastörf á höfuðborgarsvæðinu en skilur lítið eftir í sveitarfélaginu þar sem hún verður til. Sé horft til þess að virkjanir skapa ekki mörg störf í héraði eftir að búið er að reisa þær og að um 94% orkumannvirkja eru undanþegin fasteignaskatti á Íslandi verður ekki mikið eftir fyrir sveitarfélagið.

Að mínu mati og annarra verður að taka þessi mál til endurskoðunar þar sem staðan eins og hún er í dag hamlar uppbyggingu á landsbyggðinni en réttmæt skipting orkuauðlindarinnar mun umbylta búsetuskilyrðum og auka atvinnuuppbyggingu.“

Orkuvinnsla skilar litlu til sveitarfélaga

Haraldur segir að ef teknar séu saman tekjur allra sveitarfélaga á Íslandi og þær bornar saman við veltu allra fyrirtækja á landinu, þá skili sér rúm 8% af veltu fyrirtækjanna sem tekjur til sveitarfélaganna.

„Sveitarfélögin eru að heimila uppbyggingu á atvinnustarfsemi í sínu nærumhverfi til að skapa verðmæti sem skila að meðaltali rúmum 8% af veltu sinni til sveitarfélaganna. Þær tekjur notum við til að reka og byggja upp samfélagið sem við búum í.

Ef ég skoða hvernig þetta lítur út í mínu sveitarfélagi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, þá er orkuframleiðslan sem á sér stað hér að skila að hámarki 0,4% af verðmætunum sem verða til hjá okkur niður í beint fjárhagslegt tap sem getur gerst sökum laga um jöfnunarsjóð.

Til að sátt skapist um orkuvinnsluna þarf að skila sambærilegum verðmætum til nærsamfélagsins eins og öll önnur atvinnustarfsemi skilar, eða í kringum 8% af verðmætunum. Með þeim hætti verður til sanngjörn skipting auðlindarinnar frá þeim stað sem orkan verður til og þeirra sem njóta efnahagslega ávinningsins af því að nota hana.“

Lykillinn að orkuskiptum er á landsbyggðinni

Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að full orkuskipti eigi að hafa náðst árið 2040 og Haraldur bendir á að lykillinn að þeim orkuskiptum sé á landsbyggðinni.

„Það er staðreynd að lagaleg umgjörð orkuvinnslu á Íslandi hefur komið í veg fyrir að dreifbýli njóti sambærilegs ávinnings af orkuvinnslunni og þéttbýlið. Við sem búum í dreifbýli erum áratugum á eftir í uppbyggingu innviða og þjónustu. Þess vegna þarf að breyta lögum um orkuvinnslu og tryggja að dreifbýlið njóti sambærilegs ávinnings og að allir greiði sama verð fyrir orkuna, hvort sem fólk býr í dreifbýli eða þéttbýli. Ég lít svo á að ef ekki næst sátt um breyttar leikreglur þá verði engin orkuskipti.“

Hallar á landsbyggðina

Haraldur segir að á Íslandi ríki hagsæld. „Við stöndum framarlega í flestum alþjóðlegum mælikvörðum. Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík og bjó þar fyrstu 35 ár ævinnar og upplifði þá gríðarlegu uppbyggingu sem átti sér stað á höfuðborgarsvæðinu og öðrum öflugum þéttbýliskjörnum á landinu. Sterkir innviðir og gott aðgengi að fjölbreyttri þjónustu og afþreyingu eru lífsgæði sem við teljum sjálfsögð.“

Árið 2014 flutti Haraldur og fjölskylda hans úr borginni og keyptu litla jörð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Markmiðið var að byggja upp ferðaþjónustu sem hefur gengið vel.

Haraldur segir að eftir að hafa búið í Reykjavík stóran hluta ævinnar og flutt í lítið samfélag úti á landi hafi hann upplifað vel á eigin skinni hversu mikið hallar á landsbyggðina.

„Innviðir, aðgengi að þjónustu og öðru sem er sjálfsagt í þéttbýli er oft fjarlægur draumur í litlum samfélögum úti á landi.“

Orkan verður til á landsbyggðinni

Að sögn Haraldar er ótrúlegt til þess að hugsa að undirstaða verðmætasköpunar á Íslandi eigi sér stað úti á landi en að allur ávinningurinn verði til í þéttbýliskjörnum tugum og hundruðum kílómetra í burtu.

„Orkan verður til á landsbyggðinni, ferðamenn koma til að skoða náttúruna úti á landi en þrátt fyrir það tekst okkur ekki að skapa sambærileg búsetuskilyrði á fjölmörgum stöðum þar sem verðmætin verða til og það er fyrst og fremst vegna þess að leikreglurnar eru ósanngjarnar. Ferðaþjónustan hefur skapað fjölda starfa um land allt og þar eru störfin og verðmætin sannarlega eftir í nærumhverfi starfseminnar.

Þegar kemur að framleiðslu orku, þá hefur verið byggt upp lagalegt umhverfi sem gerir það að verkum að nánast ekkert verður eftir í samfélögunum þar sem orkan verður til og allur efnahagslegur ábati verður þar sem orkan er notuð. Orka er undirstaða lífs okkar og án orku gerist ekkert.“

35% af rafmagni frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Frá upphafi raforkuframleiðslu Landsvirkjunar hefur um það bil 35% af öllu rafmagni sem fyrirtækið hefur framleitt komið frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í dag er þetta hlutfall í kringum 27% af þeirri orku sem er framleidd daglega.

„Ég stóð í þeirri trú að þessi gríðarlega framleiðsla á rafmagni í sveitarfélaginu skilaði miklum ábata til nærsamfélagsins. Þannig hefur umræðan ávallt verið. Hver þekkir ekki tröllasögur um gríðarlega há fasteignagjöld sem gerir sveitarfélögin sem hafa stöðvarhús vatnsaflsvirkjana í sínu nærsamfélagi moldrík.

Það kom mér því verulega á óvart að sjá að raunveruleikinn er allt annar og í sumum tilfellum er beint fjárhagslegt tap sveitarfélaga af starfsemi Landsvirkjunar.



Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Þrátt fyrir öll þau verðmæti sem verða til í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þá er sveitarfélagið eitt af fáum á landinu sem er ekki með íþróttahús og hvað þá ýmsa aðra innviði til að bæta lífskjör íbúanna.

Þegar kemur að samgöngum þá eru vegir innan sveitarfélagsins í töluvert lakara ástandi en í mörgum af nágrannasveitarfélögunum. Einnig er það þannig að helstu ferðamannastaðir eru með aðgengi um gamla slóða sem eru skilgreindir sem 4x4 vegir, enda hefur uppgangur ferðaþjónustu í sveitarfélaginu verið langt á eftir öðrum, að hluta til sökum lélegra samgangna.“

Lítill ávinningur af orkuvinnslunni

Haraldur tók við sem sveitarstjóri 1. júní 2022 og segist þá hafa verið sannfærður um að hann væri að taka við sveitarfélagi sem hefði mikinn hag af starfsemi Landsvirkjunar og þeirri raforkuframleiðslu sem þar ætti sér stað.

„Síðan hefur stór hluti vinnu minnar farið í verkefni tengt orkuframleiðslu og að greina áhrif hennar á nærsamfélagið. Miðað við þau gríðarlegu verðmæti sem verða til með allri orkuöflun í sveitarfélaginu mætti ætla að búsetuskilyrði hér ættu að vera á við það besta sem þekkist á landinu. Raunveruleikinn er allt annar þar sem lítill sem enginn ávinningur skilar sér til sveitarfélaganna vegna orkuframleiðslunnar.

Stærstur hluti allra mannvirkja



Háifoss. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að full orkuskipti eigi að hafa náðst árið 2040. Mynd / Einar Bjarnason

Engin orkuskipti án landsbyggðarinnar

Frá því að ný sveitarstjórn tók til starfa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þann 1. júní 2022 hefur mikil vinna farið í virkjanamál og málefni Landsvirkjunar. Hvammsvirkjun hefur verið fyrirferðarmikil í sveitarfélaginu síðustu 20 ár og er yfirferð framkvæmdaleyfis nú í gangi hjá sveitarstjórn.

Undanfarna mánuði hefur greiningarvinna átt sér stað í sveitarstjórn um áhrif orkuframleiðslunnar á nærumhverfið og nærsamfélags orkuframleiðslu almennt. Tölulegar staðreyndir sýna fram á að nærsamfélagið nýtur mjög takmarkaðs ávinnings af orkuframleiðslunni á meðan efnahagslegur ávinningur kemur fram þar sem orkan er nýtt. Sú staðreynd gerir það að verkum að orkuvinnsla í sveitarfélaginu þjónar ekki hagsmunum þess til framtíðar í óbreyttri mynd.

Vegna þessa leggur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fram eftirfarandi bókun 23. febrúar 2023: *„Ríkisstjórn Íslands setti í stjórnarsáttmála sinn aðgerðir um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, þar sem grunnur er lagður að fullum orkuskiptum, að þeim verði náð eigi síðar en árið 2040 og að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrst þjóða.*

Hvammsvirkjun er einungis fyrsta skrefið af mörgum í gríðarlegum áformuðum virkjanaframkvæmdum Landsvirkjunar í nærumhverfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á næstu 17 árum.

Ekkert samtal hefur átt sér stað á milli ríkis og sveitarfélaga sem þurfa að skipuleggja og heimila allar þessar framkvæmdir. Það er staðreynd að nærumhverfið þar sem orkan er framleidd nýtur mjög takmarkaðs ávinnings af henni.

Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land.

Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu, til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög Með öðrum kosti verða engin orkuskipti á Íslandi í náinni framtíð.“

sem þarf til orkuframleiðslu og flutnings raforkunnar eru undanþegin fasteignaskatti. Orkumannvirkin eru meira og minna mannlausar stöðvar sem er fjarstýrt frá höfuðborginni. Höfuðstöðvar Landsvirkjunar eru í Reykjavík og einnig bróðurpartur allra beinna starfa innan hennar og sérstaklega verðmætustu störfin. Afleiddu störfin af uppbyggingu orkumannvirkja, verkfræðingarnir, lögfræðingarnir og aðrir sérfræðingar sem þjónusta Landsvirkjun, eru einnig að mestu leyti staðsettir á höfuðborgarsvæðinu.

Tekjur sveitarfélaganna sem hafa orkumannvirkin og orkuvinnsluna í sínu nærumhverfi í gegnum útsvar og fasteignagjöld eru því sáralitlar í samanburði við aðra atvinnustarfsemi.“

Ekkert fjallað um áhrif Hvammsvirkjunar á íbúana

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er með til umfjöllunar framkvæmdaleyfisbeiðni til byggingar Hvammsvirkjunar sem er fyrsta stórvirkjunin í byggð á Íslandi.

Haraldur segir sérstaklega áhugavert að horfa til þess að þrátt fyrir 20 ára undirbúningstíma þá er hvergi fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á íbúana sem búa í nærumhverfi virkjunarinnar.

„Ég velti fyrir mér hvernig framkvæmd sem hefur jafn gríðarleg áhrif á nærumhverfið, þar sem verið er að breyta dreifbýli í byggð yfir í virkjanasvæði, skuli vera komin svo langt í ferlinu að við séum að skoða að veita framkvæmdaleyfi án þess að neitt hafi verið fjallað um íbúana og hvernig mótvægisaðgerðir séu nauðsynlegar þeim til hagsbóta. Hluti af andstöðu við virkjanaframkvæmdina kristallast í því hvernig umgjörð starfseminnar hefur verið sett fram.

Megnið af mannvirkjunum er undanþegið fasteignaskatti og framkvæmdirnar fjölga verðmætum störfum á höfuðborgarsvæðinu. Fólkið á landsbyggðinni sem býr með orkumannvirki í sínu samfélagi finnur vel á eigin skinni að lítill ábati mu skila sér til sveitarfélagsins.

Spurningin er því: Til hvers á það þá að samþykkja frekari uppbyggingu orkumannvirkja?“

33% hærra verð fyrir dreifingu í dreifbýli

Hann heldur áfram. „Þegar horft er til þess hvers vegna ekki er meiri uppbygging í atvinnustarfsemi í nágrenni uppsprettu orkunnar er það nánast bundið í lög að atvinnustarfsemi sem þarf mikla orku mun aldrei raungerast í dreifbýli á Íslandi.

Í raforkulögum er heimild um að rukka megi 33% hærra verð fyrir dreifingu á rafmagni í dreifbýli en í þéttbýli. Það er ótrúleg staðreynd að orka verður til á landsbyggðinni en það er ódýrara að kaupa hana í þéttbýliskjörnum hundruðum kílómetra í burtu frá uppruna hennar og að við sem búum við hliðina á orkumannvirkjunum þurfum svo að greiða hærra verð fyrir raforku.“

Haraldur segir að þessu verði að breyta. „Það er enginn sveitarstjórnarfulltrúi á landsbyggðinni sem er reiðubúinn til að skrifa upp á framkvæmd sem á að knýja samgöngur landsins í framtíðinni á sama tíma og fólkið í dreifbýli þarf að borga meira fyrir orkuna.“









Rússajeppinn á Torfastöðum átti farsælan feril þangað til að húsið fauk í roki 1991. Mynd / Aðsend

Saga vélar:

Notaður í slóðadrátt og kvennafar

Á Torfastöðum í Fljótshlíð er Rússajeppi af árgerð 1956. Hann er því einn af þeim elstu á landinu þar sem Bifreiðar og landbúnaðarvélar hófu innflutning á GAZ Rússajeppum í nóvember 1955.

Jeppinn var með tréhúsi sem smíðað var utan um stálgrind af Kaupfélagi Árnesinga fyrir fyrsta eigandann. Sá hét Einar og bjó á Selfossi og seldi Baldri Árnasyni, bónda á Torfastöðum, jeppann árið 1965.

„Þegar hann kom á bæjarhlaðið settist ég náttúrlega undir stýri og fór að prufa hvað væri hægt að brúka þetta. Ég notaði hann alveg upp frá því og hann fór í gang seinast sumarið 1989," segir Árni Baldursson, en hann var fimmtán ára þegar faðir hans keypti bílinn. Þetta var aðalbíllinn á heimilinu þangað til að Baldur keypti sér Subaru á níunda áratugnum.

„Hann var aðallega notaður á kvennafar og til að slóðadraga túnin. Á þessum bíl fiskuðum við bræðurnir allir eiginkonurnar okkar. Þær voru svo kátar að fá að sitja í svona þægilegum bíl. Hann fékk þann heiður að færa allar eiginkonurnar okkar heim að Torfastöðum í kaffi hjá múttu gömlu. Við í Torfastaðahverfinu vorum með Rússajeppa af því að kommúnistarnir eru fæddir og uppaldir í sveitinni minni heima," segir Árni, en hann bætir við að bílarnir hafi einnig verið þægilegir og notadrjúgir á góðu verði.

Mjúkir en bilanagjarnir

„Hann ók mjög vel þó það væru þvottabretti undir – ef dempararnir voru í lagi þá haggaðist hann ekkert. Þetta var frábær akstursbíll en hann var hæggengur – fór helst ekki yfir 70. Það þurfti að skipta um gíra þegar ekið var upp brekkur," segir Árni. Þessi bíll tók átta manns í sæti, en tveir sátu fram í og sex sátu á móti hvor öðrum á bekkjum aftur í.

„Þeir voru bilanagjarnir. Vélarnar voru lélegar í þeim þar sem ventlarnir vildu brenna. Þeir þurftu töluvert aðhald til að duga lengi. Drifin voru veik í þeim – það þurfti gjarnan að endurbyggja þau. Bremsubúnaðurinn var sæmilega hannaður. Annars voru þetta svo notadrjúgir bílar að þegar menn voru búnir að sætta sig við þá vildu þeir ekkert annað.

Þessi bíll á sér sögu, en núna er hans ævi orðin býsna löng. Hann er enn þá ofanjarðar og ég er alltaf að gráta yfir því á kvöldin að ég skuli ekki koma honum aftur af stað. Hann var í stöðugri notkun á meðan hann snérist og hafði ágætt viðhald lengi vel – en svo dagaði hann uppi fyrir tóman trassaskap. Það er ömurlegt að sjá hann greyið.

Hann varð fyrir svo miklu hnjaski í rokinu 91 – þá fauk af honum þakið. Það var farið að gefa sig af elli og fúa og vindurinn var ekkert eðlilegur. Síðan hef ég ekki komist í að hreyfa við honum. Hann stendur úti greyið – þetta er ömurleg ævi fyrir einn bíl.

Fór á hvolf ofan í skurð

Allar hans ferðir voru ævintýraferðir því það var aldrei farið úr hlaði öðruvísi en það yrði einhver ævintýrasaga – jafnvel þótt það væri bara farið til að kaupa brauð í kaupfélaginu. Þá kom maður við hjá kunningjum og fékk sér kaffi og úr því spunnust oft ofsalega harðar umræður og deiluefnin yfirleitt pólitík.

Hann var afskaplega farsæll þessi bíll. Hann tjónaði ekki aðra bíla og lenti ekki í neinum óhöppum. Það snérust þó einu sinni upp á honum hjólin þegar eldri bróðir minn fór út af í beygjunni heima á afleggjara. Hann gleymdi að taka beygjuna og fór ofan í skurðinn og valt alveg um þannig að hjólin snéru upp. Það sá ekkert á bílnum því það voru mjúkir graskantar báðum megin og bróðir minn fór út um afturhurðina. Svo var bíllinn réttur af og keyrður áfram heim," segir Árni, en það brotnuðu ekki einu sinni rúður.

Vildi ekki öðruvísi jeppa

Aðspurður hvort hann hefði viljað fá sér jeppa af annarri tegund segir Árni að það hafi ekki komið til greina. „Land Rover var nefndur „fóstureyðingatæki" því hann var svo hastur. Willysinn var svo lítill að það komust of fáir inn í hann. Svo var afleitt að eiga Austin Gipsy af því að þeir komust ekkert áfram. Rússinn hafði þá vinninginn því hann komst aðeins hraðar.

Árið 1987 fóru stimpilhringir í bílnum og segir Árni að upp frá því hafi notkunin á bílnum minkað talsvert. Hann gat ekki keypt nýja varahluti þar sem umboðið var hætt að sinna þessum bílum.

„Ég kann að gera við þetta allt saman. Hvur veit hvað maður á eftir að lifa." */ÁL*

Félgsstarf eldri borgara:

Gleði í hvívetna

Í lokahnykknum á kynningu félagsstarfs eldri borgara víðs vegar um landið fáum við upplýsingar um það sem um er að vera í Ölfusinu svo og á Seltjarnarnesi.

Gaman hefur verið að fá að sjá hversu öflugt félagslíf er á landsvísu hjá þeim sem sextíu ára eru og eldri – fjör, gleði og framtakssemi í hvívetna.

- Við viljum leiðrétta nafn **Valgerðar Sigurðardóttur**, formanns eldri borgara Hafnarfjarðar, frá síðasta blaði, en þar var hún nefnd Valgerður Sverrisdóttir.

Að lokum þökkum við á Bændablaðinu auðsýndan áhuga þeirra sem talað var við, myndsendingar, texta og annað. */SP*

Frá Ölfusi:

Við stjórnvöl félags eldri borgara í Ölfusi sitja þau: Halldór Sigurðsson formaður, Rán Gísladóttir varaformaður, Jón H. Sigurmundsson gjaldkeri, Guðrún S. Sigurðardóttir ritari og meðstjórnendurnir þau Guðfinna Karlsdóttir, Sigurður Bjarnason og Ingvi Þorkelsson.

Mikið er um að vera árið um kring og finna má sér ýmislegt til hugarhægðar. Til að mynda félagsvist, bridge, prjónaklúbb, konukvöld, karlaspjall og boccia auk þess sem haldið er bingó. Farið er í ferðir að vori og hausti auk hinnar hefðbundnu klúbbastarfsemi félagsins. Vorferðin er þriggja nátta ferð, farin í júnímánuði undir stjórn ferðanefndar. Ferðanefndin sér um að skipuleggja ferðir, gististaði auk þess sem hún stendur fyrir daglegum skemmtiatriðum við mikinn fögnuð.

Að hausti eru nærsveitir Ölfuss heimsóttar, ferðast er um í rútu, áhugaverðir staðir heimsóttir auk þess sem matast er saman. Til viðbótar við þessar tvær er svo árleg menningarferð þar sem farið er á handverks- og listsýningar annarra eldri borgara og félög þeirra heimsótt.

Þorranum var svo blótað nýverið með góðri þátttöku félaganna en þar var bæði upplestur og söngur auk þess sem borðaður var hefðbundinn þorramatur. Margt er svo fram undan í félagsstarfinu og í vor verður farin hin árlega vorferð félagsins sem að þessu sinni verður til Vestmannaeyja.

Fjölbreytt og lifandi félagsstarf er öllum nauðsynlegt og vonandi verður þátttaka félaga góð í vetur auk þess sem nýir félagar eru alltaf velkomnir.



Þær vinkonurnar Sigríður Guðnadóttir og Ester Hjartardóttir. Sigríður, eiginkona formanns skemmtinefndar, Sigurðar Jónssonar og Ester, eiginkona Halldórs Sigurðssonar, formanns félags eldri borgara í Ölfusi.



Frá þorrablóti félags eldri borgara í Ölfusi.













Eldri borgarar Seltjarnarness eru einstaklega hressir og skemmtilegir!

Frá Seltjarnarnesi:

Á haustdögum árið 2015 var fyrsta stjórn nýstofnaðs félags eldri borgara Seltjarnarness kosin á þingi eldri borgara bæjarfélagsins.

Eru félagar í dag um 150 talsins og ef litið er á stundatöflu þeirra er ekki annað hægt að segja en mikið sé um að vera sem hentar margbreytilegum hóp – en hana má finna á Facebook-síðu félagsins. Í pósti formannsins, Kristbjargar Ólafsdóttur, á samfélagsmiðlinum Facebook, vill hún hvetja sem flesta bæjarbúa til þess að ganga til liðs við félagið.

Undir þetta tekur gjaldkerinn, Sigríður Ólafsdóttir, sem bætir við að alls eru í bæjarfélaginu um 8-900 manns sem eru orðnir sextugir og eldri þannig þar er stór hópur sem mætti gjarnan líta við og gerast félagar. Helst væri best að heildartala félaga væri ekki færri en 300 svo hægt væri að koma tveimur fulltrúum á þing Landssambands eldri borgara. Þar eru málefni eldri borgara rekin og þangað er árgjald borgað – krónur 2.500.

Forstöðumaður félagsins, Kristín Hannesdóttir, sendir kveðju; *Þegar ég kom að starfinu árið 2011, þá ráðin af bænum til að sjá um félagsstarfið var markmiðið að bjóða upp á fjölbreytt starf alla virka daga vikunnar þar sem allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Aðalmarkmiðið hefur verið að finna jafnvægi milli hreyfingar, eflingar huga og handa og svo félagslegrar samveru þar sem geta og færni hvers og eins fær að njóta sín. Auk þess sem talið var hér upp ofar erum við með ákveðna viðburðadagskrá þar sem við förum í leikhús, höldum skemmtikvöld þar sem við bjóðum upp á mat, fáum til okkar skemmtikrafta, förum í leikhús, á tónleika, heimsóknir og fáum til okkar ýmsa gesti, ferðalög ýmiss konar, allt frá bæjarferðum og menningarferðum og þá endum við allar ferðir á kaffihúsi og allt til langferða ýmiss konar, höfum heimsótt alla landshluta farið inn á hálendi og upp á jökla.*

Það má nefna það að á liðnum árum höfum við farið í Landmannalaugar, til Vestmannaeyja, á Eyjafjallajökul og Langjökul. Þess má geta að dagskráin hjá okkur er í gangi allan ársins hring. Dagskrárblaðið er gefið út og dreift til allra 67 ára og eldri þ.e. tímabilið janúar –júní, september–desember. Ungmenni á vegum bæjarvinnunnar sjá svo um dagskrána yfir sumartímann þ.e. frá miðjum júní fram í miðjan ágúst. Því miður var ekkert félag eldri borgara á Nesinu þegar ég byrjaði, en nú hefur verið stofnað bæði öldungaráð og félag eldri borgara á Seltjarnarnesi. Með því sjáum við fram á meiri þátttöku þeirra og samvinnu, bæði hvað varðar afþreyingu, félagsmál og ýmis hagsmunamál eldri fólks.

Hægt er að ná í Kristínu í símum 893 9800 og 595 9147. Einnig á netfanginu kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is



Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastóri Austurbrúar, Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps. Mynd / umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Matvælakjarni matarfrumkvöðla

Á dögunum var undirrituð viljayfirlýsing umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins við Austurbrú og Vopnafjarðarhrepp um að stofnsetja matvælakjarna á Vopnafirði.

Um vottað matvælavinnslurými verður að ræða þar sem frumkvöðlar og smáframleiðendur geta unnið að framleiðslu og þróun.

„Verkefnið á að skila því að við komum upp matvælakjarna á Vopnafirði í samvinnu við Brim og ráðuneytið. Ætlunin með þessu er að auka neyslu afurða úr nærsamfélaginu og auðvelda smáframleiðendum að þróa hugmyndir sínar til nýsköpunar og nýtingar hráefnis úr héraði," segir Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps.

Útfærslan í sumarbyrjun

„Það er verið að skoða staðsetningar fyrir starfsemina. Verkefnið er algjörlega á frumstigi en við höfum undirritað viljayfirlýsingu og skuldbundið okkur til að vera búin að útfæra verkefnið nánar, hlutverk og skyldur þátttakenda í byrjun sumars. Þarfagreining er eitt af því fyrsta sem verður skoðað," segir Sara.

Hún segir að ýmis tækifæri séu í því að hafa sláturhús í bænum og öflugt sjávarútvegsfyrirtæki eins og Brim.

Nýr starfsmaður Austurbrúar á Vopnafirði

„Þetta nýja og spennandi verkefni er í mótun. Nýlega var auglýst eftir starfsmanni Austurbrúar sem mun vinna að þessu verkefni ásamt fleiri verkefnum á Vopnafirði," segir Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar.

Verkefnið er hluti af áætluninni Minni matarsóun – Aðgerðaráætlun gegn matarsóun, sem gefin var út á árinu 2021, og stefnumótandi byggðaáætlun 2022–2036. */smh*



Beinajarl krýndur

Gradualekór Langholtskirkju hélt upp á kjötsúpuhátíð sunnudaginn 12. febrúar síðastliðinn.

Þar söng kórinn nokkur lög og bauð upp á kjötsúpu, en aðalatriðið var keppni í beinanagi þar sem sigurvegarinn fékk nafnbótina beinajarl. Fyrrum kórstjóri Gradualekórsins, Jón Stefánsson, stóð fyrir Beinjarlskeppninni á árum áður og er verið að endurvekja gamla hefð.

Kórinn er skipaður stúlkum tólf ára og eldri og er stjórnað af Sunnu Karenu Einarsdóttur.

Eitt helsta markmiðið með þessum viðburði er að safna fé fyrir ferðalagi á kóramót í Þýskalandi næsta haust. Fjáröflunin mun halda áfram næstu mánuði og vikur með áframhaldandi tónleikahaldi og öðrum viðburðum.

/ÁL



Gradualekórinn klár með kjötsúpuna. Myndir / Sólveig Kolbrún Pálsdóttir





RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Starf fagstjóra búfjárræktar og þjónustusviðs

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir fagstjóra búfjárræktar- og þjónustusviðs.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Faglegur leiðtogi og fyrirliði teymis sem vinnur að búfjárrækt og þjónustu í landbúnaði.
- Fagsviðið hefur meðal annars umsjón með ræktunarstarfi búfjárkynja, almennri þjónustu og ráðgjöf til landbúnaðar.
- Fagstjóri ber lykilábyrgð á stýringu mannauðs og gætir þess að ráðgjafar á sviðinu nýtist sem best fyrir heildina.
- Fagstjóri ber ábyrgð að innan teymisins séu verkefni og ráðgjöf markviss.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði búvisinda, raungreina, eða náttúruvísinda æskileg.
- Stjórnunarreynslu krafist.
- Þekking á verkefnastjórnun er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á landbúnaði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði til að vinna að ráðgjafastarfsemi RML.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda og sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 12 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars. Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson klk@rml.is og Helga Halldórsóttir heh@rml.is

FRÆÐSLA



Tré sem vaxa á fenjasvæðum eða þar sem gætir flóðs og fjöru hafa þróað með sér rætur sem vaxa upp á við og upp úr síblautum jarðveginum. Mynd / cifor.org

Rætur að rekja



Fyrsta rótin sem plöntur mynda kallast kímrót og af henni myndast svo eiginlegar rætur sem algengast er að skipta í trefja- eða stólparót. Mynd / sweetseeds.es

Rætur eru yfirleitt, en ekki alltaf, neðanjarðar og sá hluti plantna sem síst er sjáanlegur og á sama tíma minnst rannsakaður. Plönturætur hafa margs konar hlutverki að gegna og gerð þeirra er fjölbreytileg. Rætur og aðrir hlutar plantna eru undirstaða fæðuframleiðslu í heiminum.

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Talið er að fyrstu rætur hafi komið fram fyrir ríflega 416 til 358 milljónum ára og að það hafi gerst að minnsta kosti tvisvar sinnum á ólíkum tímum þróunarsögunnar og á ólíkum stöðum. Reyndar er það svo að plöntuleifar geymast illa og því minna til af þeim en steingerðum dýraleifum til að rannsaka.

Ein tilgáta um þróun róta er á þá leið að einhverjar frumplöntur, sem flutu ofan við örþunnt jarðvegslag, hafi sent frá sér greinar niður á við og með tímanum hafi þær greinar vaxið ofan í jarðvegslagið og þróast í rætur. Þessi eiginleiki olli byltingu í eiginleika plantna til að draga til sín vatn og næringarefni úr jarðvegi og þróast til að lifa á landi.

Rótarbjörgin

Rannsóknir sýna að rætur á fyrstu þróunarstigum plantna skorti rótarbjörg en það er eins konar þykkildi eða hlíf á rótarendum nútímaplantna sem auðveldar þeim að smeygja sér um jarðveginn og inn í sprungur í leit að vatni og næringarefnum.

Áður en lengra er haldið er rétt að minna á að til er fjöldi plantna sem ekki hafa eiginlegar rætur og eru þörungar, mosi og hálfmosar dæmi um það. Mosar hafa það sem kallast rætingar og eru þræðir sem halda þeir föstum en taka ekki upp vatn. Ræturnar sem fjallað er um hér eru því aðallega rætur háplantna.

Hlutverk róta

Auk þessa að taka upp vatn og næringarefni er það hlutverk róta að halda plöntum föstum í jarðveginum. Rætur eru því eins konar akkeri plantna. Þar sem um stór tré er að ræða er rótarkerfið yfirleitt viðamikið enda þarf öflugar rætur til að halda uppi stórum trjám. Ímyndið ykkur stærsta tré sem þið hafi séð og sjáið svo fyrir ykkur að helmingur til tveir þriðju krónunnar til viðbótar sé neðanjarðar og rótarkerfið.

Ekki má heldur gleyma því að rætur binda jarðveginn og koma í veg fyrir að hann fjúki eða skoli burt.

Allar plöntur þurfa næringu og margar þeirra taka það upp sem ólífræn steinefni úr jarðvegi með örsmáum rótarhárum. Fjöldi rótarhára getur verið mikill og auka þau yfirborð róta margfalt. Dulfrævingar eru loðnari á rótunum en berfrævingar og fæstar vatnaplöntur mynda rótarhár.

Næringarefnunum sem plöntur taka upp í jarðvegi er oft skipt í aðalnæringarefnin þrjú, nitur, fosfór og kalí, þau sem plöntur þurfa minna af kalsíum, brennisteini og magnesíum og síðan snefilefni sem þær komast af með í litlu magni eins og járn, mangan, kopar, sink, bór, mólýbden, kóbalt og klór.

Mest af því kalí sem plöntur taka til sín fer í rótarvöxt þeirra

Rætur hafa einnig það hlutverk að geyma forða margra plantna eins og sumargrænna trjáa og ekki síst plantna sem mynda stólpa- eða forðarót. Vöxtur trjáróta á kaldtempruðu beltunum er mikill á haustin eftir að ofanjarðarvöxtur trjánna er hættur.


Vöxtur róta sýnir að þær greina næringarefni og vatn í jarðvegi og vaxa í átt að því.

Rótarvöxtur

Þegar kemur að rótavexti er talað um frum- og síðvöxt sem á sér stað vegna vaxtarörvandi hormóns sem kallast auxín. Frumvöxturinn er fyrst og fremst lengdarvöxtur rótarinnar og á sér stað rétt aftan við rótarbjörgina en síðvöxturinn felst í því að rætur gildna.

Hversu djúpt rætur vaxa fer eftir plöntutegundum og jarðvegsgerð. Í skógum með djúpum jarðvegi er ekki óalgengt að finna rætur niður á fimm metra en dæmi er um rætur á mun meira dýpi þar sem lítið er um vatn. Víðfeðmi trefjaróta getur einnig náð langt út fyrir ystu greinar stórra krónutrjáa.

Mesta dýpt rótar sem mælst hefur er 68 metrar og það met á svokallað hirðingjatré, *Boscia albitrunca*, sem finnst í Kalaharí-



Mesta dýpt rótar sem mælst hefur er 68 metrar og það met á svokallað hirðingjatré, *Boscia albitrunca,* sem finnst í Kalaharí-eyðimörkinni. Mynd / wikipedia.org



Loftrætur rifblöðku. Vaxi loftrætur niður í jarðveg verður starfsemi þeirra sú sama og annarra róta í jarðvegi. Mynd / mrhouseplant.com



Fyrir rúmum tíu árum var greint frá plöntu, *Corydalis conorhiza,* sem vex villt í Kákasusfjöllum og til fjalla í Tyrklandi, sem myndar eins konar snjórætur. Mynd / newscientist.com

eyðimörkinni. Hæð trésins er í mesta lagi tíu metrar. Annað og þriðja sæti yfir dýptarmet plönturóta eiga *Juniperus monosperma*, sem finnst í vestanverðum Bandaríkjum Norður-Ameríku, og áströlsk tröllatrjáategund, *Eucaluptus* sp., sem hafa fundist með rætur niðri á 61 metra dýpi. Í fjórða sæti var svo önnur planta í Kalaharí-eyðimörkinni, *Acacia erioloba*, með 60 metra djúpa rót. Allar þessar plöntur eiga það sameiginlegt að vaxa á þurrkasvæðum.

Svepprætur

Fjöldi plantna lifir samlífi með sveppum með þeim hætti að rætur og sveppþræðir eða ýmur sveppa tengjast í jarðvegi og mynda það sem kallast svepprætur. Talið er að samlífið eigi sér að minnsta kosti 60 milljón ára þróunarsögu og að það sé mun algengara en talið hefur verið til þessa.

Ýmislegt bendir til að plöntur sem lifa í samlífi með sveppum geti sent efnaboð sín á milli gegnum ýmurnar sem greinast um jarðveginn og tengjast öðrum plöntum sömu tegundar. Reyndar er uppi kenning um að slík skilaboð geti borist á milli ólíkra plöntutegunda svo lengi sem þær lifa samlífi við sömu sveppategundina.

Sýnt hefur verið fram á að ólíkar tegundir eins og rósir og grös geti sent efnaboð sín á milli.

Einnig eru mörg dæmi um að plöntur lifi samlífi með jarðvegsbakteríum sem auka niturnám plantnanna úr jarðvegi.

Gerð róta

Fyrsta rótin sem plöntur mynda kallast kímrót og af henni myndast svo eiginlegar rætur sem algengast er að skipta í trefja- eða stólparót. Munurinn á þessum megingerðum róta er að stólparætur eru gildar og vaxa beint niður á við ef engin fyrirstaða er til staðar og frá þeim vaxa síðan grennri hliðarrætur.

Trefjarætur greinast hins vegar í allar áttir um jarðveginn og geta orðið ansi víðfeðmar.

Stólparætur vaxa dýpra og hafa yfirleitt betri aðgang að vatni en trefjarætur sem liggja grynnra og hafa meiri aðgang að næringarefnum.

Rannsóknir benda til að plöntur sem upprunnar eru nær heimskautunum myndi frekar trefjarætur sem liggja grunnt þar sem hitastig jarðvegsins og kaldur jarðvegur dragi úr vexti stólparóta.

Fyrir rúmum tíu árum var greint frá plöntu af ættkvíslinni *Corydalis*, *C, conorhiza*, sem vex villt í Kákasusfjöllum og til fjalla í Tyrklandi sem myndar auk venjulegra róta eins konar snjórætur. Ræturnar sem mynda eins konar net vaxa ofanjarðar en undir þykkum og þunnum snjóalögum þar sem þær nýta næringarefni.

Í hitabeltinu og á heittempraða beltinu, ekki síst þar sem jarðvegur er grunnur, mynda hávaxin tré það sem kalla má stuðningsrætur. Ræturnar eru, þykkar, víðfeðmar og vaxa oft yfir og flækjast saman við rætur annarra trjáa og veita trénu góðan stuðning, auk þess að sjá því fyrir næringarefnum. Dæmi er um stuðningsrætur sem eru yfir níu metrar á hæð og vaxa þrjátíu metra út frá stofni trjáa og jafnvel aðra þrjátíu metra niður á við.

Sumar plöntur mynda loftrætur, dæmi um það eru pottaplöntur eins og rifblaðka, mánagull og fjöldi annarra klifurplantna í hitabeltinu og orkideur. Tilgangur loftróta er að auðvelda plöntum að taka upp vatn þar sem rótarkerfi margra klifurplantna er lítið.

Vaxi loftrætur niður í jarðveg verður starfsemi þeirra sú sama og annarra róta í jarðvegi.

Göngupálmi, *Socratea exorrhiza*, sem finnst villtur í Mið- og Suður-Afríku er með rætur sem líkjast stultum og lyfta trénu í orðsins fyllstu merkingu frá jarðvegsyfirborðinu. Kraftmiklar ræturnar vaxa skávalt út frá stofni trésins og niður í jörð. Tréð er sólelskt og rætur þess vaxa best í sól og forðast skugga. Þegar eldri rætur drepast í skugga og nýjar hafa náð fótfestu sólarmegin er því eins og tréð hafi flutt sig til. Sagt er að við bestu skilyrði, aðrir segja það ósatt, færist göngupálmar um tvo til þrjá sentímetra á sólarhring sem gerir sjö til ellefu metra á ári. Já. ég veit, þetta er farið að minna á Hringadróttinssögu.

Tré sem vaxa á fenjasvæðum eða þar sem gætir flóðs og fjöru hafa mörg þróað með sér rætur sem vaxa upp á við og upp úr síblautum jarðveginum. Margar þessara plantna eru saltþolnar og geta vaxið í fjörum.

Bergflétta, *Hedera helix*, er með það sem kallast heftirætur en það eru smávaxnar rætur sem plantan notar til að festa sig við og klifra upp eftir hrjúfu yfirborði trjáa eða steina.

Rótarkerfi ásæta sem eru sníkjuplöntur sýgur næringuna úr hýsilplöntunni. Dæmi um sníkjuplöntur eru mistilteinn og plöntur af ættkvíslinni *Rafflesia* sem oft kallast hræblóm vegna ýldulyktarinnar sem þau gefa frá sér.

Kókospálmar, *Cocos nucifer*, mynda stólparætur sem liggja ofarlega í jarðvegi og vaxa að hluta til lárétt út frá stofninum en ná sjaldnast út fyrir ystu blaðenda. Ræturnar eru innan við átta sentímetrar að ummáli og halda sama ummáli frá stofni út í rótarenda. Nýjar rætur vaxa frá stofni kókospálma svo lengi sem plantan lifir og hafa talningar sýnt að 70 ára gömul tré geta hafa myndað 3.600 rætur. Rætur einkímblaða laukjurta, eins og hýasintu og lilja og sumar stólpa- og forðarætur eins og rætur fífla, hafa þann eiginleika að dragast saman og þenjast út. Með því móti draga samdráttarræturnar sig dýpra í jörðina þar til kjördýpt er náð.

Rætur sem drepa

Fræ margra *Ficus* tegunda, þar á meðal benjamínfíkuss, *F. Benjamina*, sem margir þekkja sem sérlundaða pottaplöntu, spíra á greinum annarra trjáa hátt uppi í laufkrónunni í náttúrulegum heimkynnum sínum. Þangað berast fræin með fuglum sem éta þau niðri á jörðinni en skíta þeim svo uppi í trjánum þar sem þau festast við greinarnar.

Fíkusar hefja því líf sitt sem ásætur sem senda frá sér margar rætur sem vaxa niður með stofni hýsiltrésins eða hanga líkt og loftrætur á greinum þess þar til þær ná jarðsambandi. Á stuttum tíma ná rætur fíkusa að umvefja stofn hýsilsins og smám saman drepst hann og rotnar burt og eftir stendur hol súla af blaðmiklum og státlegum fíkus með stuðningsrætur.

Rótanytjar

Rætur eru til margra hluta nytsamlegar. Flestir Íslendingar þekkja rótarávexti eins og kartöflur, gulrætur, engiferrót, rófur og radísur en færri hafa líklega smakkað kassava, pipar- eða lakkrísrót. Neysla á yam eða efni sem unnið er úr þeirri rót meðal kvenfólks leynir aftur á móti á sér því úr því er unnið eitt af undirstöðuefnunum í getnaðarvarnarpillunni.

Fjöldi róta hefur í gegnum aldirnar verið notaður til lækninga, ekki síst í Austurlöndum fjær þar sem ginsengrótin er sögð vera allra meina bót.

Rætur túrmerik hafa notið talsverðra vinsælda hér á landi sem hollusturætur undanfarið auk þess sem túrmerik er ágætt til litunar.

Úr rótum er unnið krydd og ilmefni sem notuð eru í vellyktandi og kölnarvatn.

Hvannarætur

Á Íslandi hafa rætur ætihvannar, *Angelica archangelica*, verið nýttar til matar og lækninga allt frá landnámi og líklegt að landnámsmenn hafi flutt þær með sér til landsins sem slíkar.

Hvannarrótarbrennivín, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins framleiddi, var vinsælt í eina tíð og ekki óalgengt að sjá góðglaða menn með flösku af því í buxnastrengnum á sveitaböllum í gamla daga. Í dag eru unnin heilsuefni úr hvannarrótinni, sem meðal annars eru vindeyðandi og auðvelda þvaglát eldri borgara.

Áttu börn og buru, grófu rætur og muru, köttur úti í mýri, úti er ævintýri.



Forðarætur yam, *Dioscorea* sp., á markaði í Nígeríu. Mynd / udeozochibuzo.com



Göngupálmi, *Socratea exorrhiza*, sem finnst villtur í Mið- og Suður-Afríku, er með rætur sem líkjast stultum og lyfta trénu í orðsins fyllstu merkingu frá jarðvegsyfirborðinu. Mynd / sciencealert.com



Stuðningsrætur semal eða silkibómullartrésins, Bombax ceiba, sem er upprunnið í hitabelti Asíu. Mynd / wikipedia.org



Nýjar rætur vaxa frá stofni kókospálma, *Cocos nucifer*, svo lengi sem plantan lifir. Mynd / agriculture2u.com



Rætur sem drepa. Á stuttum tíma ná rætur fíkusa að umvefja stofn hýsilsins og smám saman drepst hann. Mynd / rainforestreports.weebly.com

Lífræn hreinsistöð

- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA


Nautgripabændur leggja áherslu á framleiðslutengdan stuðning

Búgreinaþing nautgripabænda í BÍ (NautBÍ) verður haldið dagana 22.-23. febrúar og munu kjörnir fulltrúar vítt og breitt af landinu hittast og álykta um helstu mál búgreinarinnar. Innsendar tillögur voru 56 talsins og efni þeirra nokkuð fjölbreytt.



Herdís Magna Gunnarsdóttir.

Nautgripabændum er m.a. umhugað um fagleg málefni, nýliðun og starfsumhverfi. Veigamestu málin sem verða til umræðu snúa þó að fjárhagslegri stöðu greinarinnar og útfærslu ríkisstuðnings. Búgreinin hefur á undanförnum árum brugðist við hröðum breytingum á markaði og stóraukinni eftirspurn á sama tíma og stuðningur hefur farið þverrandi, bæði í formi ríkisgreiðslna og tollverndar. Nautgripabændur hafa tekist á við gríðarlegar rekstraráskoranir á síðasta ári með tilkomu hækkana á aðföngum og fjármagnskostnaði. Ljóst er að nautgripabændur þurfa að fá skýr skilaboð um það hvort halda eigi áfram að framleiða hér íslenska mjólk og nautakjöt eða hvort flytja eigi greinina úr landi og fólk geti þá farið að snúa sér að öðru.



Þörf fyrir aukinn stuðning í takt við aukna framleiðslu

Frá aldamótum hafa íslenskir mjólkurframleiðendur brugðist við aukinni eftirspurn mjólkur með auknum framförum í afköstum og framleitt mjólk upp í heildargreiðslumark sem er í dag 149 milljónir lítra en var 100 milljónir lítra árið 2000. Á sama tíma hefur heildarríkisstuðningur við nautgriparæktina lækkað um þrjá milljarða. Stuðningsgreiðslur á hvern lítra hafa þannig lækkað úr 103 kr./ltr. niður í 49,8 kr./ltr. sé gert ráð fyrir því að heildarstuðningur nautgriparæktarinnar deilist allur á greiðslumark hvers árs. Á sama tíma hefur nautakjötsframleiðsla einnig aukist til muna. Í lok árs 2004 voru 3.592 tonn framleidd af nautgripakjöti en í lok árs 2022 var magnið 4.948 tonn. Samhliða aukinni eftirspurn hafa bæst við auknar kröfur um gæði framleiðslunnar, bættan aðbúnað og loftslagsaðgerðir. Ljóst er því að raunverulegur stuðningur á hvern lítra mjólkur og hvert kíló nautakjöts er enn lægri en tölurnar hér til hliðar gefa til kynna. Nautgripabændur hafa náð umtalsverðri hagræðingu síðustu ár, búum hefur fækkað en afköst á hvert bú og hvern grip stóraukist, samhliða hefur greinin dregið verulega úr losun kolefnis og aðbúnaður nautgripa, heilt yfir, aldrei verið betri. En aukinn fjármagnskostnaður tekur verulega í, sérstaklega á þeim búum sem þar mest uppbygging hefur orðið og við nálgumst óðar rekstrarleg sársaukamörk búanna.

Nautakjötsframleiðslan hefur í langan tíma glímt við rekstrar- og afkomuvanda og hefur vandi greinarinnar verið viðurkenndur af stjórnvöldum síðastliðin tvö ár með einskiptisaðgerðum í formi aukafjárstuðnings við greinina. Út frá upplýsingum úr rekstrarskýrslum RML borguðu nautakjötsframleiðendur að meðaltali 603 krónur með hverju kílói af framleiddu nautakjöti árið 2019, árið 2020 borguðu þeir að meðaltali 568 krónur með hverju kílói og árið 2021 borguðu þeir að meðaltali 412 krónur með hverju

Hálfnað verk þá hafið er!

Nú erum við enn og aftur, sauðfjárbændur, komin á þennan stað að þurfa að taka ákvarðanir um framhald búskapar.



Trausti Hjálmarsson.

Líkt og venjulega þá verða þær ákvarðanir teknar án þess að geta með neinni vissu fullvissað sig um hverju megi búast við í rekstrarskilyrðunum. Rekstrargögnin sem við höfum til að byggja ákvörðunina snúa nefnilega að öllu leyti að rekstrarkostnaðinum, við höfum ekki enn fengið að sjá hvert afurðastöðvar í kjötiðnaði ætla að stefna í frekari leiðréttingum á afurðaverði á komandi hausti.

Við getum með ágætri samvisku sagt að við höfum náð góðri viðspyrnu á síðasta ári þegar verðleiðréttingar afurðastöðva lágu fyrir, en það er því miður langur vegur frá því að við séum búin að ná upp í það verð sem við þurfum til að geta sagt að afkoma greinarinnar sé ásættanleg.

Niðurstöður rekstrarverkefnis RML fyrir árið 2020 sýndu með óyggjandi hætti að afurðaverð til bænda frá afurðastöð þyrfti að vera 900-1.000 kr. kílóið að lágmarki haustið 2022. Það staðfesti skýrsla Byggðastofnunar svo sem var gefin út í maí á síðasta ári.

Meðalverð síðasta árs með framkomnum álagsgreiðslum og uppbótum stendur í 755 kr/kg. Þannig að það sjá allir sem vilja að betur má ef duga skal.


Það er fátt sem bendir til annars en áframhaldandi samdráttar í framleiðslunni á næstu árum. Árið 2022 var heildarfjöldi sauðfjár um 386 þús. Samkvæmt þeim haustskýrslum 2022, sem hefur verið skilað inn, er heildarfjöldi sauðfjár nú um 365 þús. Það er fækkun um 5,4% milli ára. Fullorðnum ám fækkar úr 301.143 niður í 286.918 og ásettum lambgimbrum fækkar úr 66.051 niður í 60.340. Að öllu þessu samanlögðu þá má gera ráð fyrir fækkun sláturlamba, á komandi hausti, um 18.000 dilka, sem er samdráttur í framleiðslu upp á rúm 300 tonn. Útflutningur síðasta árs var í algjöru lágmarki og ekki nema lítið hlutfall af því sem var flutt út voru skrokkhlutar sem að annars væru vænlegir til sölu á innanlandsmarkaði.

Eins og undanfarin ár bíða sauðfjárbændur eftir skilaboðum frá afurðastöðvum í kjötiðnaði. Fram undan eru ákvarðanir um kaup á stórum hluta þeirra aðfanga sem þarf til framleiðslunnar árið 2024. Nú, sem aldrei fyrr, er mikilvægt að bændur sjái fram á stöðugleika í sínum rekstri. Umboðsmenn afurðastöðva fara nú ríðandi um héruð og leita uppi öll möguleg lömb til að ná til sín í framleiðslu haustsins. Væntanlega nær sá bestum árangri sem ríður besta hestinum. Það er staðreynd að lambakjöt er verðlagt einu sinni á ári meðan aðrar kjöttegundir eru með mun tíðari verðbreytingar.

Verðhækkanir á rekstrarvörum hafa að stórum hluta tekið til sín þær leiðréttingar sem urðu á afurðaverði síðasta haust. Ef það er vilji afurðastöðva í kjötiðnaði að bændur framleiði dilkakjöt þá þarf að tala með skýrum hætti til bænda. Framleiðsluvilji bænda er að þrotum kominn. Það er þó fullur hugur í mörgum bændum, metnaður í starfinu og vilji margra til að halda áfram.


Við höfum ekki gefist upp og nú þurfa afurðastöðvar að segja bændum að þær séu ekki búnar að gefast upp á því markmiði að skila ásættanlegu verði til bænda.

Afurðaverð haustsins þarf að fara að birtast.



	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
2019	343	518	413	503	453	487	460	316	754	1.140	482	525
2020	425	439	513	436	396	423	303	223	556	753	409	451
2021	531	524	459	406	335	372	331	326	720	791	687	597
2022	341	405	418	505	480	432	494	345	880	925	462	545
2023	437											

Birgðir af dilkakjöti, mánaðamótin janúar/febrúar 2023 voru í sögulegu lágmarki.



	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
2018	5.292	4.725	4.058	3.521	2.717	2.124	1.649	1.138	704	3.782	6.112	5.171
2019	4.424	3.913	3.349	2.840	2.286	1.713	1.137	636	413	3.482	5.584	4.782
2020	4.104	3.551	3.025	2.414	1.923	1.488	1.036	713	507	3.867	6.402	5.700
2021	4.983	4.432	3.749	2.994	2.361	1.879	1.411	1.038	691	3.538	4.099	5.182
2022	4.507	3.975	3.411	2.944	2.345	1.779	1.285	715	398	2.993	4.949	4.165
2023	3.212	2.664										

Sala á lambakjöti hefur haldist svo til óbreytt milli ára þrátt fyrir að vísitala neysluverðs sýni 22% hækkun á lambakjöti í smásölu.

Trausti Hjálmarsson,
formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands.

kílói. Aukin sérhæfing hefur orðið í nautakjötsframleiðslu á síðustu árum og segja má að ný atvinnugrein hafi byggst upp í sveitum landsins sem nauðsynlegt er að styrkja með auknu fjármagni í búvörusamningum. Full ástæða er til að styrkja nautakjötsframleiðsluna þar sem mikil eftirspurn er eftir íslensku nautakjöti og allir innviðir til staðar til að auka framleiðsluna, verði rekstrarforsendur til þess.

Það er óraunhæft að ætlast til þess að mjólkur- og nautakjötsframleiðendur séu, í harðnandi rekstrarumhverfi, tilbúnir að auka við framleiðslu sína til að svara eftirspurn markaðarins á sama tíma og ríkisstuðningurinn þynnist út og tollvernd fer stórlega þverrandi.

Áhersla verði aukin á framleiðslutengdan stuðning

Við könnumst líklega flest við að þegar framleiðslutengdur stuðningur er til almennrar umræðu er umræðan oft neikvæð og allt of algengt að ekki sé gerður greinarmunur á stuðningskerfi milli búgreina. Íslensk mjólkurframleiðsla býr þó svo vel að hafa framleiðslustýringu sem virkar, árlega er gefið út heildargreiðslumark sem byggt er á söluspám þess árs. Þannig er komið í veg fyrir bæði skort á mjólk og óhóflega umframframleiðslu. Með því að greiða stuðning til þeirra bænda sem sannanlega skila mjólk sem óskað er eftir á markað er fyrst og fremst verið að stuðla að fæðuöryggi, auk þess myndast í beinu framhaldi hvati fyrir bændur að ná frekari árangri og hagræðingu í sínum rekstri.

Fjöldi innsendra tillagna á búgreinaþing NautBÍ fjalla um að áhersla á framleiðslutengdan stuðning í nautgriparækt verði aukinn. Þetta er einnig mjög í takti við niðurstöður skoðanakönnunar sem NautBÍ lagði fyrir alla nautgripabændur landsins í lok síðasta árs.

Í könnuninni voru nautgripabændur spurðir hvernig þeir vildu sjá stuðningsgreiðslur búvörusamninga þróast. Alls vildu 76% svarenda sjá aukið fjármagn á framleiðslutengda liði. Í framhaldinu var spurt hvaða stuðningsgreiðslur bændur vilja að mest áhersla sé lögð á. Mjólkurframleiðendur leggja mesta áherslu á greiðslur út á greiðslumark og innvegna mjólk, nautakjötsframleiðendur leggja mesta áherslu á sláturálag sem fæst í gegnum nautakjötsframleiðslulið samningsins. Allt eru þetta framleiðslutengdar greiðslur.

Framleiðslutengdur stuðningur er gegnsætt og einfalt form stuðningsgreiðslna, eitthvað sem öll kæra sig kannski ekki um en með tilkomu aukinnar áherslu á fæðuöryggi síðustu ár þurfum við kannski að stíga eitt skref til baka og hugleiða til hvers ríkisstuðningur í matvælaframleiðslu er hugsaður. Á stuðningurinn ekki fyrst og fremst að stuðla að fæðuöryggi og aðgengi fólks að hollum og heilnæmum matvælum á sanngjörnu verði? Með því að leggja áherslu á framleiðslutengdan stuðning er stuðlað að fæðuöryggi og bændum gefinn hvati til að hagræða og auka afköst á hvern grip en þar liggja einnig ein mestu tækifæri búgreinarinnar til að draga úr kolefnisspori greinarinnar.

Herdís Magna Gunnarsdóttir,
varaformaður BÍ og
formaður búgreinadeildar
nautgripabænda BÍ.

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fræðslufundur um Græna stíginn

Skógræktarfélag Íslands og svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins boða til fræðslu- og kynningarfundar í fundarsal Arion banka Borgartúni 19 í Reykjavík föstudaginn 3. mars næst komandi kl. 13 – 17.

Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.

Dagskrá

13:00–13:05	Setning fundarins **Jónatan Garðarsson,** formaður Skógræktarfélags Íslands
13:05–13:30	Græni stígurinn - saga, staða **Þráinn Hauksson** landslagsarkitekt
13:30–13:50	Lengri ferðaleiðir í svæðisskipulagi **Pawel Bartoszek,** formaður svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins
13:50–14:10	Uppbygging stíga á höfuðborgarsvæðinu **Katrín Halldórsdóttir,** verkfræðingur, Vegagerðinni
14:10–14:30	Mikilvægi Græna stígsins **Albert Skarphéðinsson**, umferðarverkfræðingur
14:30–14:50	Lýðheilsa og Græni stígurinn **Silja Dögg Sigurjónsdóttir,** lýðheilsufræðingur
14:50–15:20	Græni stígurinn frá sjónarhóli skógræktarfélaga **Auður Kjartansdóttir**, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur
15:20–15:30	Ávarp **Sigurður Ingi Jóhannsson** innviðaráðherra
15:30–16:00	Kaffihlé
16:00–17:00	Pallborðsumræður **Fulltrúar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt fyrirlesurum**

Skráning á fundinn er á netfangið skraning@skog.is og er skráningarfrestur til 1. mars. Taka þarf fram hvort mætt verði á staðinn eða fylgst með í streymi. Sendur verður hlekkur fyrir streymið þegar nær dregur fundinum.

Arion banki

Prjónagleði 2023

ICELAND KNIT FEST- BLÖNDUÓSI - 9. - 11. JÚNÍ

HÖNNUNAR - OG PRJÓNASAMKEPPNI

VERKEFNIÐ ER AÐ ENDURVINNA ÍSLENSKA LOPAPEYSU OG NOTA HANA SEM GRUNNEFNIVIÐ Í NÝJA NOTHÆFA FLÍK

Íslensk lopapeysa er skilgreind í keppninni sem handprjónuð peysa úr íslenskum lopa, prjónuð í hring með munstruðu berustykki.

REGLUR:

- Nota skal íslenska lopapeysu í flíkina
- Flíkinni þarf að vera hægt að klæðast
- Endurvinna má önnur efni og nota með í flíkina
- Prjón skal vera megin vinnuaðferð við vinnslu verksins en einnig má nota aðrar handverksaðferðir
- Verkið verður metið út frá frumleika, notagildi og handverki
- Fylgja skulu myndir af ferlinu og sagan á bak við hönnunina, hver var peysan og hver er hún orðin?

UPPLÝSINGAR UM SKIL:

- Síðasti skiladagur er 15. maí 2023.
- Verkin skal merkja með dulnefni en nafn, heimilisfang, símanúmer og netfang látið fylgja í lokuðu umslagi merktu dulnefninu.
- Senda skal fullunnið verk til:
  Textílmiðstöð Íslands
  bt: Svanhildar Pálsdóttur
  Kvennaskólanum
  540 Blöndósi
- Móttakandi heitir fullum trúnaði við þátttakendur.

Dómnefnd velur 3 efstu sætin. Úrslitin verða kynnt og verðlaun afhent á Prjónagleðinni 2023.
Ístex, Tundra, VatnsnesYarn og Rúnalist gefa glæsileg verðlaun. Verkin verða til sýnis á hátíðinni.

Nánari upplýsingar veitir Svanhildur Pálsdóttir (svana@textilmidstod.is) og þær má einnig finna á https://www.textilmidstod.is

TEXTÍLMIÐSTÖÐ ÍSLANDS
ICELANDIC TEXTILE CENTER

KORNHORN



Helsýkt bygg af augnflekk, þessi blöð ljósstillífa ekki meir, einmitt þegar plantan þarf mest á því að halda til að fylla kornið.
Mynd / Gunnhildur Gísladóttir

Notkun varnarefna í íslenskri akuryrkju

– Varnarefni geta verið umhverfisvænn kostur

Varnarefni eru efni sem notuð eru í landbúnaði til þess að verja uppskeru gegn ýmsum skaðvöldum. Skaðvaldar geta valdið algjörum uppskerubresti í ræktun og oft uppskerutapi.

Hungursneyð og hallæri í heiminum má oft rekja til faraldra skaðvalda. Sem dæmi má nefna ryðsvepp sem leggst á hveiti. Um miðbik síðustu aldar var unnið að því að kynbæta hveiti með þol gegn sjúkdómnum. Þetta verkefni bar árangur og með frekari kynbótum varð hveiti ein mest ræktaða nytjajurt heims. Nú kemur stór hluti þeirra hitaeininga og prótíns sem mannkynið þarf úr hveiti. En ef ryðsveppurinn er látinn óáreittur, mun hann æxlast og þróast til að brjóta á bak aftur varnir plöntunnar. Þess vegna er mikilvægt að láta ekki sveppasjúkdóma óáreitta í ökrum. Helstu skaðvaldar í íslenskri kornrækt eru sveppirnir augnflekkur og brúnflekkur.

Pöddur og skordýraplágur eru fyrirbæri sem við þekkjum lítið til að leggist á korntegundir. Leiða má þó að því líkum að blaðlús og mítlar leggist í kornakra að einhverju leyti þó að umfang þeirra sé ekki þekkt.

Illgresi eru þær tegundir í jarðvegi sem eiga ekki að vera þar samkvæmt áliti ræktandans, þannig getur repja verið illgresi í byggakri en er það augljóslega ekki í repjuakri. Illgresi veldur sjaldan algjörum uppskerubresti en getur valdið uppskerutapi og miklum töfum við uppskeru korns. Það skilur eftir sig stórt sótspor og kostnað í ræktun ef illgresi nær tökum í akri og tekur upp áburðarefni þess árs og letur uppskerumagn.

Notkun varnarefna er afar lítil hér á landi. Meðalnotkun varnarefna á öllu Íslandi á árunum 2015 til 2020 var 2,1 tonn af virku efni á ári og að meðaltali 0,02 kg/ha samkvæmt tölfræðideild FAO, FAOSTAT. Það er sambærileg meðalnotkun og í Angólu, Mið-Afríkulýðveldinu, Tsjad og Haítí.

Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er meðalnotkunin 0,8; 0,6 og 2,0 kg/ha samkvæmt sömu heimild. Í þessum samanburði sést að Ísland skipar sér í sess með þróunarlöndum í notkun varnarefna. Eftir því sem við komumst næst er notkun varnarefna í atvinnuskyni einungis 2% af heildarnotkun og notkun í kornrækt einungis 2% af heildarnotkun.



Egill Gautason.



Hrannar Smári Hilmarsson.

Þegar notkunin á Norðurlöndum er skoðuð nánar sést að varnarefnanotkun er viðvarandi í akuryrkju. Árið 2017 voru 7.722 býli í Noregi sem ræktuðu bygg. Af þeim úðuðu 83% með varnarefnum, sem nam 89% af ræktuðu flatarmáli byggs í Noregi. Norskir bændur notuðu sveppalyf á 69% ræktaðra hektara og vaxtarstjórnarefni á 39%. Svipaða sögu er að segja af sænskum bændum. Árið 2021 voru 44% hektara meðhöndluð með sveppalyfi, 80% með illgresiseyði, og 11% með skordýraeitri. Meðalnotkun virkra efna á vorhveiti í Svíþjóð var 0,47kg/ha. Í Finnlandi var árið 2018 notað 0,33 kg/ha af virku efni til að rækta fóðurbygg, einkum illgresiseyði.

Niðurstöður rannsókna sýna að notkun lyfja gegn augnflekki og brúnflekki dragi úr því að bygg leggist flatt við jörð eða að stráið brotni. Töluverðar rannsóknir hafa verið gerðar á varnaefnanotkun í jarðrækt en margar eru komnar til ára sinna enda eru nú betri efni komin á markað. Árið 2022 var lögð út tilraun af starfsmönnum Jarðræktarmiðstöðvar LbhÍ. Niðurstöðurnar sýndu að reitir sem fengu ekki varnarefni gegn svepp og illgresi voru þaktir sýkingu og talsvert illgresi í reitunum. Þetta olli uppskerutapi og lakari gæðum á korninu.

Kornrækt er á Íslandi mikið til stunduð í skiptirækt við túnrækt sem er að mörgu leyti bæði hagkvæm og umhverfisvæn. Skiptirækt getur dregið úr áburðarþörf og verið árangursrík við að halda aftur af sjúkdómum og illgresi í ökrum. Það er hins vegar ekki raunhæft að gera ráð fyrir að öll kornrækt sé í sáðskiptum við túnrækt, og því verður meiri þörf fyrir varnarefni með aukinni kornrækt hérlendis.

Notkun varnarefna hefur verið litin hornauga hér á landi. Það er ekki alveg að ástæðulausu, enda geta leifar slíkra efna verið skaðlegar heilsu og óábyrg notkun getur spillt náttúru og umhverfi. Hins vegar skyldi athuga að varnarefni verða sífellt minna skaðleg eftir því sem vísindunum fleygir fram, auk þess sem búnaður til dreifingar varnarefna er orðinn gríðarlega nákvæmur. Hófleg og skynsamleg notkun varnarefna brýtur ekki í bága við umhverfisvæna búskaparhætti. Skaðvaldar geta valdið algjörum uppskerubresti. Þegar bóndi hefur lagt vinnu og orku í jarðvinnslu, sáningu og áburðardreifingu, er ekki umhverfisvænt að leyfa uppskeru að spillast vegna skaðvalda.

> „Mikilvægt er að bændur og neytendur geri sér grein fyrir því að ábyrg notkun varnarefna er umhverfisvæn og mikilvægur hluti af hagkvæmum landbúnaði.“

Umhverfisvænna er að bjarga uppskerunni með varnarefnum. Mikilvægt er að bændur og neytendur geri sér grein fyrir því að ábyrg notkun varnarefna er umhverfisvæn og mikilvægur hluti af hagkvæmum landbúnaði.

Egill Gautason lektor og Hrannar Smári Hilmarsson tilraunastjóri við LbhÍ.

RML



Uppskera í rótargrænmeti fer minnkandi.

Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi 2019–2021:

Stjórntæki fyrir framleiðendur

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins lauk nýverið við uppgjör á verkefninu „Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi 2019-2021“ og fyrir liggur skýrsla sem birt hefur verið á heimasíðu RML þar sem fram koma þær helstu niðurstöður sem þegar hafa fengist úr verkefninu.



Ívar Ragnarsson.

Upplýsingar og þekking á rekstrarafkomu í garðyrkju hefur lengi verið af skornum skammti og eitt af markmiðum þessa verkefnis var að ráða bót á því. Skýrsla Vífils Karlssonar, Landfræðilegt og efnahagslegt litróf garðyrkju á Íslandi, kom út árið 2019 og byggir á heildargögnum frá Hagstofu Íslands og þar er tekið saman hagrænt vægi greinarinnar. Skýrsla Vífils var ákveðin kveikja að þessu verkefni ásamt því að RML hefur um árabil unnið verkefni í afkomugreiningu hjá kúa- og sauðfjárbændum og er því verið að feta sig inn á sömu braut með garðyrkjubændum.

Rekstur helstu greina garðyrkjunnar

Verkefnið, sem styrkt er af fagfé garðyrkjunnar, fólst í því að afla upplýsinga frá einstökum framleiðendum garðyrkjuafurða með það að markmiði að átta sig betur á rekstri helstu framleiðslugreina íslenskrar garðyrkju.

Leitast er við að sundurliða rekstrargögn garðyrkjubúa eftir framleiðslugreinum. Jafnframt fær hver þátttakandi greiningu á sínum rekstri og stöðu eins og kostur er ásamt samanburði við meðaltöl í greininni.



Uppskera í ylrækt eykst heldur í magni hjá þátttökubúum en minnkar ef mælt er í kílóum í fermetra.

Ákveðið var að takmarka sig við rótargrænmeti (kartöflur, rófur, gulrætur) og ylrækt (tómata, agúrkur, papriku) í þessu skrefi en stefnan er að taka inn fleiri tegundir í framhaldinu þar sem ákveðið er að halda áfram með verkefnið.

Lögð var áhersla á að fá sem best bókhaldsgögn svo hægt væri að greina nánar einstaka rekstrarþætti. Þegar upp var staðið fengust 30 bú/framleiðendur til þátttöku í verkefninu, 5 á Norðurlandi og 25 á Suður- og Vesturlandi. Þessi bú eru mjög breytileg að samsetningu, en af þeim eru 13 bú nánast eingöngu í kartöflurækt.

Þessi mikli breytileiki sem er í litlu gagnasafni gerir það að verkum að tölfræðileg greining á því er erfið og vandmeðfarin en hins vegar eru þar ýmsar vísbendingar sem hægt var að rýna nánar.

Gögn og upplýsingar eru fengnar úr ársreikningum, landbúnaðarframtölum og öðrum bókhaldsgögnum í samvinnu við framleiðendur sem og úr Jörð.is, Afurð.is, Mælaborði landbúnaðarins og Fasteignaskrá.

Að sjálfsögðu ríkir alger trúnaður um bókhaldsgögn þátttakenda og eru þau vistuð í lokuðum gagnagrunni.

Fyrirvari um stærð gagnasafnsins

Með þeim fyrirvara að um frekar lítið gagnasafn er að ræða ásamt því að töluverður eðlismunur er á rekstri hvort um er að ræða ylrækt eða ræktun rótargrænmetis, eru samt ákveðnir þættir sem rétt er að nefna.

- Uppskera í rótargrænmeti fer minnkandi í heildarmagni sem og í kg/ha öll árin. Tjón vegna myglu hefur töluverð áhrif 2021.
- Uppskera í ylrækt eykst heldur í magni hjá þátttökubúum en minnkar ef mælt er í kg/m2
- Breytilegur kostnaður sem kr./kg hækkar en þó mun meira í rótargrænmetinu og munar þar mestu um aukningu í áburðarkostnaði



Myndir / Myndasafn Bændablaðsins

og aðkeyptar þjónustu hjá kartöflubændum.

- Fastur kostnaður hækkar einnig en þó er nokkur breytileiki milli greinanna. Launakostnaður eykst hjá báðum hópum á tímabilinu.
- Framlegð hreinna afurðatekna (fyrir opinberar greiðslur) í kr./kg lækkar í rótargrænmetinu en hækkar í ylræktinni.
- EBITDA sem hlutfall af heildarveltu stendur nánast í stað hjá kartöflubændum en lækkar töluvert í ylræktinni.
- Afkoma versnar heldur í kartöfluræktinni en mikil hækkun á jarðræktarstyrk kemur í veg fyrir að lækkun sé enn meiri og má áætla að stuðningurinn stuðli að því að vöruverð hækkar ekki á tímabilinu. Afurðatekjur (án opinbera greiðslna) mældar í kr./kg eru nánast þær sömu 2021 og 2019.
- Afkoma versnar töluvert í ylræktinni, allavega hjá þeim búum sem mynda það meðaltal sem unnið er með. Afurðatekjur mældar í kr./kg hækka um 12% á þessu 3 ára tímabili sem dugir ekki til að vega á móti hækkun framleiðslukostnaðar.

Mikilvægt er að fá rekstrartölur frá fleiri framleiðendum til að meta stöðuna enn betur.

- Með þeim fyrirvara að unnið var með frekar lítið gagnasafn þá er niðurstaðan úr þessari greiningu sú að frekar hefur hallað undan fæti síðustu ár þó það eigi auðvitað alls ekki við um alla framleiðendur. Hagnaður í greininni virðist ekki vera sá sami og hann var þegar Vífill Karlsson gerði sína úttekt.
- Opinberar greiðslur á hvaða formi sem þær eru hafa afgerandi áhrif í þá átt að halda afurðaverði í jafnvægi og gera greinina rekstrarhæfa.

Nauðsynlegt að fá fleiri framleiðendur inn í verkefnið

Mikilvægt er að vinna verkefni sem þetta og í raun þyrfti það að vera stöðugt í vinnslu. Það nýtist bæði sem stjórntæki fyrir framleiðendur sem og upplýsingabanki um stöðu greinarinnar.

Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróun í greininni vegna mikilvægi hennar í matvælaframleiðslu og matvælaöryggi þjóðarinnar sem og vegna markaðrar stefnu og aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum.

Þó búin séu ekki fleiri sem mynda það gagnasafn sem unnið var með, er hægt að skoða þróun í rótargrænmetisrækt nokkuð vel. Ef gögn skila sér síðan frá fleirum í ylræktarhlutanum þá verður hægt að vinna nánar með þau, en erfiðara verður að setja fram samanburðargreiningu þar sem fáir aðilar eru í ræktun á hverri tegund. Heildarmyndina verður samt hægt að skoða og greina.

Ákveðið er að framhald verði á verkefninu og verður skoðað að útvíkka það og taka inn fleiri tegundir og gera þetta öflugra verkfæri fyrir framleiðendur og greinina.

Mikilvægt er að fá fleiri framleiðendur inn í verkefnið til þess að styrkja enn frekar gagnagrunninn svo hann gefi sem besta mynd af rekstri og stöðu garðyrkjunnar.

Þeim framleiðendum sem óska eftir að taka þátt er bent á að hafa samband við Ívar Ragnarsson ivar@rml.is, Sigurð Guðmundsson sg@rml.is og Helga Jóhannesson helgi@rml.is

Breytt gjaldskrá RML



Björn Halldórsson.

Á fundi stjórnar RML þann 31. janúar sl. var meðal annars til umræðu rekstur forrita sem nauðsynleg eru öllum bændum í landinu til að m.a. halda utan um bústofn sinn, ræktun og rekstur.

Meginástæða þessarar umræðu er sú að mörg undanfarin ár hafa forritin verið rekin með halla. Meðal afleiðinga af vanfjármögnun eru að eðlileg uppfærsla til nútímans hefur ekki átt sér stað, kerfin hafa ekki verið gerð notendavænni og möguleikar á samkeyrslu við jaðartæki svo fátt eitt sé nefnt. Flestöll sú þróunarvinna sem hefur átt sér stað hefur verið styrkt sérstaklega eða tekin af framlögum RML.

Meginniðurstaða þessarar umræðu stjórnar var að það væri algerlega orðið tímabært að snúa þessari þróun við. Eina raunhæfa leiðin til þess er að forritin séu rekin þannig fjárhagslega að ekki þurfi að leggja þeim rekstri lið með fjárframlögum. Því var ákveðið að hækka notendagjöldin þannig að reksturinn sem slíkur yrði sjálfbær. Hækkunarþörfin er nokkuð misjöfn eftir því hvaða forrit er um að ræða.

Við þessa breytingu verður hægt að nota fjármagn sem áður fór í að niðurgreiða rekstur forritanna til að uppfæra þau og þróa þannig að þau þjóni hagsmunum landbúnaðarins og einstakra bænda betur. Að hægt verði að nýta upplýsingar úr skýrsluhaldinu m.a. við vinnu við loftslagsbókhald einstakra bænda með einföldum hætti og minnka vinnu við tvískráningar og þannig spara vinnu.

Stjórn RML er algerlega einhuga um að þessi stefnubreyting sé nauðsynleg þar sem augljóst er að í framtíðinni verða allar skráningar í búrekstrinum og þar með gagnasöfnun algerlega nauðsynlegar og ein af mikilvægustu grunnforendum þess að hægt verið t.d. að staðfesta sjálfbærni einstakra búa og atvinnugreinarinnar sem heildar og að fyrir liggi staðfestar upplýsingar um loftslags- og umhverfisáhrif viðkomandi búa og landbúnaðarins í heild. Í framtíðinni verður landbúnaður ekki rekinn án þess að framangreind grundvallaratriði séu í lagi.

Bændur munu því sjá allnokkrar breytingar til hækkunar á gjaldskrám RML vegna notkunar á þessum forritum. Þess er jafnfram vænst að í nánustu framtíðinni komi vart til annarra hækkana en sem nemur því að fylgja verðlagi. Starfsmenn RML munu gera nokkra grein fyrir hvaða breytinga sé að vænta og e.t.v. einhverja forgangsröð sem unnið verður eftir.

F.h. stjórnar,
Björn Halldórsson





SKÓGRÆKT



Formfagur fjallaþinur með birki og ösp í Hallormsstaðaskógi.
Myndir / Pétur Halldórsson.

Fjallaþinur *(Abies lasiocarpa)*

Af þintegundum þekkja flest okkar líklega helst nordmannsþin sem kenndur er við finnska grasafræðinginn Alexander von Nordmann – en alls engan Norðmann.


Sú tegund er upprunnin í fjöllunum sunnan og austan við Svartahaf. Hún getur vaxið við allra bestu aðstæður á Íslandi en ekki er raunhæft að rækta hana hér til jólatrjáaframleiðslu miðað við núverandi loftslag. Öðru máli gegnir um hinn norður-ameríska fjallaþin. Með kynbættum afbrigðum fjallaþins sem ræktuð hafa verið fram hérlendis gæti hillt undir að íslenskur fjallaþinur velgi nordmannsþin ærlega undir uggum á jólatrjáamarkaðnum í framtíðinni.

Fjallaþinur er miðlungsstórt tré og hefur náð 20 metra hæð hérlendis. Við góð skilyrði verður hann að beinvöxnu, einstofna tré með fallega keilulaga krónu. Þintegundir hafa mjúkt barr og nálarnar sitja ekki í nálasætum eins og á greni. Því er börkur ungra þintrjáa einkennandi sléttur. Á eldri trjám eru oft bólur fylltar trjákvoðu undir berkinum – náttúruleg uppspretta handboltaklísturs. Þintré ilma gjarnan vel og það á ekki síst við um fjallaþin sem þekkist á lyktinni af töluverðu færi.

Vöxtur fjallaþins er hægur í fyrstu en verður með tímanum meðalhraður. Helst hentar að rækta tegundina í innsveitum á Íslandi og tegundin gerir miklar kröfur um skjól í æsku. Ungur þinur hefur það sem kallað er æskubarr, sem er aðlögun að því að vaxa í skugga. Það er viðkvæmt fyrir álagi og því líður litlum fjallaþintrjám best undir skermi eldri trjáa í uppvextinum þar sem er skjól og engar öfgar í sólfari, vindi og úrkomu. Svo herðist hann með aldrinum. Þinur þarf frjósaman jarðveg sem einmitt er gjarnan að finna í eldri skógi þar sem örveru- og sveppalíf er komið í góðan gang og heilbrigð umsetning næringarefna.

Styrkleiki fjallaþins í ræktun er einmitt skuggþol hans sem auðveldar æskuárin í skóginum en fjallaþinur er líka sæmilega frostþolinn. Til kosta hans telst auðvitað líka formfagur vöxturinn sem gerir hann að hentugu jólatré en líka að mikilli prýði í skógum og görðum.

Helsti veikleikinn er skæður sveppsjúkdómur sem kallast þináta og getur drepið trén. Annar veikleiki er að toppar brotna af fjallaþin í hvassviðri. Eins og fyrr er lýst vill fjallaþinur vaxa upp í skógi og hentar því ekki sem frumherjategund. Hann er ekki mikið ræktaður til timburnytja vegna þess að hann vex hátt til fjalla í heimkynnum sínum og hér á landi hefur okkur ekki tekist að ná fram nógu góðri lífun vegna óþols hans á berangri í æsku og þinátu. Náfrændi hans, balsamþinur (af sumum er fjallaþinur talinn undirtegund balsamþins), er þó mikilvægt timburtré í Kanada og gefur bæði mjög gott hráefni til pappírsgerðar og vel nothæfan smíðavið.



Kvenreklar á fjallaþini.

Til jólatrjáaræktunar hafa talsverðar vonir verið bundnar við fjallaþin, ekki síst til að draga úr þörfinni fyrir innflutning á nordmannsþin sem ræktaður er á ökrum með talsverðu umhverfisálagi. Unnið hefur verið að kvæmavali og kynbótum á fjallaþin undir stjórn Brynjars Skúlasonar skógerfðafræðings, í þeim tilgangi að finna erfðafræðilegan efnivið sem gefur örugg og góð jólatré í ræktun hérlendis. Nú eru að vaxa upp frægarðar tveggja kynbættra afbrigða sem vonast er til að muni gefa fræ til jólatrjáaframleiðslu, vonandi áður en áratugurinn er liðinn. Annað afbrigðið hefur grænan lit en hitt blágrænan og eru móðurtrén í frægörðunum ágræddir klónar bestu trjánna úr kvæmatilraunum hérlendis.

Fjallaþinur hefur geysistórt útbreiðslusvæði í Norður-Ameríku, allt frá Alaska og Júkon í norðri (64 °N) til fjallasvæða í Arisóna og Nýju-Mexíkó í suðri (32 °N). Áhugavert er að suðlægustu kvæmin hafa verið meðal þeirra sem best hafa reynst hérlendis en þess verður að geta að þau eru úr um 3.000 metra hæð yfir sjávarmáli. Þetta er dæmi um trjátegund sem þarf að hörfa lengra til fjalla með hlýnandi loftslagi en sá flótti tekur auðvitað enda þegar hæstu toppum er náð. Trjátegundum á flótta til fjalla gæti þurft að bjarga í framtíðinni með því að finna þeim ný búsvæði, til dæmis á Íslandi. Í 36. tölublaði Frækornsins, fræðslurits Skógræktarfélags Íslands, er nánar fjallað um fjallaþin og kynbótastarf á tegundinni hérlendis. Það má finna á vef félagsins, skog.is.

Kostir fjallaþins sem jólatrés er ekki síst liturinn, hvort heldur sem er sá græni eða sá bláleiti. Þyngst vegur þó líklega barrheldnin sem er engu síðri en á nordmannsþin, sérstaklega hjá græna afbrigðinu. Ilmurinn hefur áður verið nefndur en einnig er vert að minnast á að góður fjallaþinur hefur heldur mjóslegna krónu sem gerir tegundina heppilega heima í stofu á jólunum. Bestu kvæmin hafa uppsveigðar greinar sem gera jólatrén þéttari og fallegri en kvæmi með beinar, láréttar greinar.

Pétur Halldórsson.

Á FAGLEGUM NÓTUM




Þrátt fyrir einhverjar neyslubreytingar hjá efnuðustu íbúum heimsins þá reiða hinir sig í auknum mæli á mjólkurafurðir.
Mynd / Mehrshad Rajabi - Unsplash

Heimsframleiðsla mjólkur eykst jafnt og þétt

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com





IFCN (International Farm Comparison Network) samtökin, sem eru alþjóðleg samtök sem vinna að því að bera saman margs konar upplýsingar um framleiðslukostnað mjólkur í helstu mjólkurframleiðslulöndum heimsins, gefa árlega út skýrslu þar sem borin eru saman margs konar fróðleg gögn um heimsframleiðslu mjólkur og verðlagsmál.

Í nýjustu skýrslu IFCN er heildaryfirlit yfir árið 2021 og þar kemur að vanda ýmislegt fróðlegt fram, m.a. að þrátt fyrir einhverjar neyslubreytingar hjá efnuðustu íbúum heimsins þá reiða hinir sig í auknum mæli á mjólkurafurðir. Hin árlega skýrsla IFCN tekur á mörgum mismunandi þáttum mjólkurframleiðslu samanburðarlandanna og verður hér greint frá nokkrum áhugaverðum niðurstöðum skýrslunnar.

Hækkandi afurðastöðvaverð

Vegið meðalafurðastöðvaverðið árið 2021 var 45,1 Bandaríkjadalur fyrir hver 100 kg af innlagðri mjólk, sem var hækkun um 8,6 dollara á einungis einu ári. Þessi hækkun hélst svo áfram árið 2022. Fram kemur að mikill munur er bæði á milli landa og heimsálfa þegar horft er til þess verðs sem bændur fá fyrir mjólkina sína. Meðal Evrópulanda skipta Ísland og Sviss með sér efsta sætinu, með 69% hærra afurðastöðvaverð að jafnaði en meðalverð hinna landanna og Malta var með þriðja hæsta verðið (+68%). Norsku kúabændurnir, sem við lítum oft til varðandi málefni landbúnaðar, fengu ekki nema 38% hærra verð að jafnaði.


Mið-Austurlönd borga hæsta verðið

Að jafnaði eru löndin í Mið-Austurlöndum að greiða hæsta afurðastöðvaverðið enda framleiðslukostnaður mjólkur hár þar m.a. vegna kostnaðar við kælingar á gripum. Þannig var t.d. meðalverðið í Jemen 287% hærra en meðalverðið í heiminum, bændur í Íran fengu 250% hærra verð og bændur í Katar fengu 222% hærra verð.

Af löndum í Afríku fengu bændurnir í Gambíu hæsta verðið (+137%) og í Asíu voru bændur Suður-Kóreu að fá hæsta verðið (+119%) og japönsku kollegar þeirra ekki langt undan með +94%.

Oft lágt verð í Afríku

Sé litið á hinn enda skalans má sjá að mörg lönd í Afríku skipa sér þar á meðal þó svo að Gambía sé hinum megin á þeim skala með +137% og



Yfirlit IFCN yfir afurðastöðvaverð OLM (í Bandaríkjadollurum) í heiminum 2021. Gögn IFCN byggja á opinberum skráningum, könnunum og í sumum tilfellum á áætlunum. Heimild: IFCN Dairy Report 2022, s. 55.

raunar Egyptaland einnig (+111%). Þannig fengu t.d. bændurnir í Súdan lægsta afurðastöðvaverðið árið 2021, eða 71% undir meðalverðinu. Þá fengu bændurnir í Gana ekki mikið hærra afurðastöðvaverð en þeirra verð var 65% lægra en meðalverðið og þá var afurðastöðvaverðið til bænda í Rúanda 48% lægra en meðalverðið. Af öðrum löndum, þar sem meðalafurðastöðvaverðið var nokkuð lágt, má nefna Keníu (-32%), Nígeríu (-31%), Kúbu (-29%), Argentínu (-28%) og Armeníu (-26%).

Stærri búin með meiri hagnað

Í skýrslunni kemur fram að uppgjörið fyrir 2021 sýni að þrátt fyrir nokkuð hátt meðalverð að jafnaði þá hafi mörg bú verið rekin með tapi. Skýringin felist fyrst og fremst í háum aðfangakostnaði, m.a. á áburði og orkugjöfum. Þó hafi stærri búin að jafnaði staðið sig betur og skilað meiri hagnaði af framleiddum lítra en þau minni.

Aukin heimsframleiðsla

Í skýrslunni er komið inn á heimsframleiðslu mjólkur, sem árið 2021 var 959 milljarðar lítra og hafði aukist um 2,9% frá fyrra ári. Sé litið 10 ár aftur í tímann hefur mjólkurframleiðslan í heiminum verið að aukast jafnt og þétt um 2,4% að jafnaði og er fátt sem bendir til annars en að þessi aukning haldi áfram á komandi árum. Framleiðsluaukningin er að mestu borin uppi af löndum í Asíu og Afríku og standa Evrópulöndin nokkuð í stað hvað mjólkurframleiðsluna varðar. Líklegt má telja að þessi þróun muni halda svona áfram, þ.e. að aukning í heimsframleiðslunni verði áfram í Asíu og Afríku.

Nærri hálf milljón kúabúa hættu

Á sama tíma og heimsframleiðslan vex ár frá ári, þá sést sams konar þróun um allan heim, þ.e. kúabúum heimsins fer fækkandi, en talið er að árið 2021 hafi um 470 þúsund kúabú í heiminum öllum hætt starfsemi. Þau sem eftir voru juku aftur á móti framleiðslu sína vegna bæði stækkunar, aukinnar tæknivæðingar og meiri afurðasemi kúa. Meðalkúabúið í vesturhluta Evrópu var þannig árið 2021 með 68 kýr en til samanburðar var meðalbústærðin 10 árum fyrr 46 kýr. Meðalbúið í vesturhluta Evrópu hefur því stækkað um 48% á einum áratug.

Þó svo að heildarfjöldi kúabúanna í heiminum fari minnkandi þá er það ekki svo að ný bú skjóti ekki lengur upp kollinum. Í Afríku hefur kúabúum t.d. snarfjölgað á undanförnum árum og einnig búum í Kína svo annað dæmi sé tekið.

Meðalnyt enn mjög lág

Skýrsluhöfundar IFCN skipta kúabúum heimsins upp í afurðasemisflokka, byggt á OLM (Orku Leiðréttu Mjólkurmagni), sem eru nokkuð áhugaverðir fyrir íslenska kúabændur, enda eru allnokkur bú á Íslandi nú komin upp í efsta flokkinn samkvæmt IFCN:

Há meðalnyt (7.000-13.000 kg OLM). Í þessum flokki eru oftast bú þar sem yfirleitt eru Holstein Friesian kýr og þar sem stundaður er búskapur með öflugri fóðrun og bústjórn.

Meðalnyt (4.000-7.000 kg OLM). Í þessum flokki eru oftast bú þar sem stundaður er beitarbúskapur og/eða léttari fóðrun ásamt notkun á heldur afurðalægri kúakynjum en Holstein Friesian.

Lág meðalnyt (<4.000 kg OLM). Bú í þessum flokki eru oftast að nota afurðalág kúakyn, buffalóa eða blönduð kúakyn og fóðra oftar en ekki á trénismiklu og orku- og próteinsnauðu fóðri.

Þó svo flokkar IFCN séu þrír þá er það svo að meðalnytin í heiminum er langt neðan við neðsta flokkinn enda ótrúlega stór hluti mjólkurframleiðslunnar í heiminum borinn uppi af afurðalitlum kúm sem ekki eru fóðraðar til afurða. Þannig er talið að meðalnytin í heiminum árið 2021 hafi verið 2,1 tonn á árskúna og var það aukning um 1,7% frá fyrra ári.

Mikill munur á mjólk og mjólk!

Þegar horft er til mjólkurframleiðslunnar í heiminum er áhugavert að bera saman mjólkurframleiðsluna eftir efnainnihaldi mjólkurinnar. Víða í heiminum er nefnilega mjólkin bæði fitu- og próteinsnauð og því segir magnið eitt og sér ekki alla söguna. Sé einungis miðað við fjölda kílóa af kúa- og buffalómjólk sem skilaði sér í afurðastöðvar heimsins árið 2021 bar Indland höfuð og herðar yfir önnur lönd með 236,8 milljarða kg og þar á eftir komu Bandaríkin með 101,6 milljarða kílóa. Þriðja mesta mjólkurframleiðsluland heimsins var svo Pakistan með 50,1 milljarða kg. Sé þetta mjólkurmagn aftur á móti leiðrétt fyrir efnainnihaldi skipta efstu tvö löndin um sæti og Pakistan fellur niður af topp 10 listanum! Miðað við orkuleiðrétt mjólkurmagn eru Bandaríkin í fyrsta sæti með 101,0 milljarða kg, þá Indland með 40,6 milljarða kg og þar á eftir kemur svo Kína með 32,3 milljarða kg. Hreint ótrúlegur munur á magntölunni fyrir Indland og skýringin felst einfaldlega í lágu efnainnihaldi indverskrar mjólkur líkt og þeirrar sem framleidd er í Pakistan. Nánar má sjá þessa áhugaverðu niðurstöðu í töflunni sem hér fylgir.

Númer	Land	Magn innveginnar mjólkur, milljarðar kg	Númer	Land	Magn innveginnar OLM, milljarðar kg
1	Indland	236,8	1	Bandaríkin	101,0
2	Bandaríkin	101,6	2	Indland	40,6
3	Pakistan	50,1	3	Kína	32,3
4	Kína	34,8	4	Þýskaland	31,7
5	Brasilía	34,1	5	Nýja-Sjáland	25,1
6	Þýskaland	33,1	6	Brasilía	24,7
7	Nýja-Sjáland	25,1	7	Frakkland	24,4
8	Frakkland	24,9	8	Rússland	19,1
9	Tyrkland	19,8	9	Bretland	15,6
10	Rússland	19,1	10	Holland	15,0

Tækniþróunarsjóður hefur opnað fyrir umsóknir

Umsóknarfrestur er 15. mars 2023 kl. 15:00

Nánar á tths.is

Tækniþróunarsjóður

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS
Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR
Stærð palls 2,55 x 9,0m

SKESSUHORN 2012



STURTUVAGNAR
Burðargeta 7-18 tonn



H. Hauksson ehf
Ögurhvarfi 8 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhauksson@hhauksson.is

Hrossarækt:

Hryssur sem hlutu heiðursverðlaun haustið 2022

– Annar hluti: Hryssur í 10.–20. sæti

Tuttugu hryssur á Íslandi hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi árið 2022. Til þess að hljóta þá heiðursnafnbót þarf hryssa að eiga að lágmarki fimm dæmd afkvæmi og vera með 116 stig í kynbótamati ýmist fyrir aðaleinkunn eða fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Af þeim 20 hryssum sem hlutu verðlaun fyrir afkvæmi árið 2022 voru fjórar sem ná viðmiðinu 116 fyrir aðaleinkunn án skeiðs.



Halla Eygló Sveinsdóttir.



Elsa Albertsdóttir.

Í síðasta blaði var fjallað um þær hryssur sem voru í 1.–9. sæti. Hér á eftir verður fjallað um þær hryssur sem röðuðust niður í sæti tíu til tuttugu.

Þruma frá Skagaströnd

Hryssan í tíunda sæti er Þruma frá Skagaströnd. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Markúsi frá Langholtsparti og Sunnu frá Akranesi. Ræktandi hennar er Sveinn Ingi Grímsson en eigandi er Þorlákur Sigurður Sveinsson. Þruma er með 119 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 16 afkvæmi þar af hafa 5 hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Þruma gefur stór hross. Fríðleiki á höfuð er í rúmu meðallagi, vel opin augu en stundum djúpir kjálkar. Hálsinn er með hvelfdri yfirlínu og háum herðum. Bakið yfirleitt breitt með góðri yfirlínu, lendin öflug en stundum gróf. Afkvæmin eru framhá, léttbyggð og fótahá. Fætur eru traustir með öflugum sinum en réttleiki er misjafn, framfætur stundum útskeifir. Hófar efnistraustir með hvelfdum hófbotni. Prúðleiki breytilegur, allt frá því að vera slakur upp í að vera allgóður. Tvö afkvæmanna eru klárhross en hin sýna nokkra skeiðgetu. Töltið er taktgott, skrefmikið með hárri fótlyftu. Brokkið er skrefmikið og takthreint. Stökkið er yfirleitt ferðmikið og teygjugott. Fet að jafnaði gott. Afkvæmin fara vel í reið með góðum fótaburði og viljinn er ásækinn og þjáll.

Grýla frá Þúfum

Hryssan í ellefta sæti er Grýla frá Þúfum. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Álfi frá Selfossi og Lygnu frá Stangarholti. Ræktandi og eigandi hennar er Mette Camilla Moe Mannseth. Grýla er með 119 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 9 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Grýla gefur hross í meðallagi að stærð. Höfuð er fremur frítt, hálsinn er grannur, reistur og hátt settur. Baklínan góð en bakið er stundum fremur vöðvarýrt og lendin misjöfn. Afkvæmin eru hlutfallarétt og fremur léttbyggð. Fætur eru þurrir og réttleiki í lagi. Hófar efnistraustir. Prúðleiki afar misjafn frá því að vera mjög góður niður í að vera tæpur. Tvö afkvæmanna eru klárhross en hin þrjú sýna skeið. Töltið er takthreint, rúmt og með góðri fótlyftu. Brokkið er taktgott, rúmt og skref- og svifmikið. Stökkið er svifgott og rúmt, hæga stökkið heldur síðra. Fetið er takthreint og skrefmikið. Afkvæm Grýlu eru viljug, þjál, samstarfsfús og fara vel í reið með fallegum höfuð- og fótaburði.

Jóna frá Kjarri

Hryssan í tólfta sæti er Jóna frá Kjarri.



Hrefna frá Vatni. Mynd / Aðsend



Prestsfrú frá Húsatóftum 2a. Mynd / Eiríkur Jónsson



Kreppa frá Feti. Mynd / Aðsend



Grýla frá Þúfum. Mynd / Aðsend



Lýsing frá Þúfum. Mynd / Aðsend

Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Gusti frá Hóli og Jónínu frá Hala. Ræktandi og eigandi er Helgi Eggertsson. Jóna er með 118 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Jóna gefur smá hross. Höfuð svipgott og lýta- laust. Hálsinn mjúkur og bógar skásettir. Bakið misjafnt, stundum aðeins stíft en lendin öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt. Fótagerð og réttleiki eru um meðallag en hófar efnistraustir en stundum aðeins víðir. Prúðleiki misjafn. Afkvæmi Jónu eru öll alhliða hross. Töltið er taktgott með góðri fótlyftu. Brokkið er misgott, stundum fremur sviflítið. Skeiðið er öruggt og skrefmikið. Stökkið er gott en hæga stökkið lakara. Fetið er misjafnt. Afkvæmin eru viljug og samstarfsfús og fara vel í reið.

Hrefna frá Vatni

Hryssan í þrettánda sæti er Hrefna frá Vatni. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Álfi frá Selfossi og Teklu frá Vatni. Ræktendur hennar er Helga Halldóra Ágústsdóttir og Sigurður Hrafn Jökulsson en eigandi er Sigurður Hrafn Jökulsson. Hrefna er með 117 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Hrefna gefur hross í tæpu meðallagi að stærð. Höfuð lýtalaust með beinni yfirlínu. Hálsinn allgóður, oft hátt settur. Bakið breytilegt að gæðum, sama má segja um lendina. Afkvæmin eru hlutfallarétt. Fótagerð misjöfn, réttleiki tæpur en hófar góðir. Prúðleiki misjafn. Afkvæmin eru öll alhliðahross, þó vekurðin sé mismikil og í raun aðeins eitt afkvæmið sem skeiðar af öryggi. Töltið er misgott en oftast rúmt og takthreint. Brokkið er ekki svifmikið en yfirleitt skrefgott. Stökkið er teygjugott en hæga stökkið síðra. Fetið misjafnt stundum skrefstutt. Viljinn góður og fegurð í reið allgóð.

Kreppa frá Feti

Hryssan í fjórtánda sæti er Kreppa frá Feti. Hún er undan Árna Geir frá Feti og Jósefínu frá Feti. Ræktandi hennar er Brynjar Vilmundarson en eigandi er Fet ehf. Kreppa er með 116 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 9 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Kreppa gefur hross undir meðallagi að stærð. Höfuð er svipgott. Hálsinn langur og reistur. Bakið sterklegt og lendin öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt og ágætlega fótahá. Fótagerð í meðallagi, sinar oft heldur grannar en réttleiki yfirleitt góður. Hófar misjafnir að gerð. Prúðleiki yfirleitt yfir meðallagi. Afkvæmin eru öll utan eitt klárhross, þau eru með úrvalsgott tölt, ferðmikið, takthreint og lyftingargott. Brokkið er skrefmikið og taktgott. Stökkið er ferðmikið. Fetið misjafnt stundum skrefstutt. Viljinn einkennist af mikilli framhugsun og þjálni. Þau fara vel í reið með miklum fótaburði.

Álöf frá Ketilsstöðum

Hryssan í fimmtánda sæti er Álöf frá Ketilsstöðum. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Álfi frá Selfossi og Hefð frá Ketilsstöðum. Ræktandi hennar er Jón Bergsson en eigandi er Guðbrandur Stígur Ágústsson. Álöf er með 116 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Álöf gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Höfuð einkennist af beinni neflínu. Hálsinn er yfirleitt ágætlega reistur og yfirlína góð. Baklína góð með einni undantekningu þó, sama má segja um lendina hún er yfirleitt jöfn. Afkvæmin eru fótahá og sívöl. Fætur traustir með öflugum sinum en réttleiki í meðallagi, afturfætur oft nágengir. Hófar eru vel lagaðir með hvelfdum botni. Prúðleiki slakur. Töltið einkennist af góðri fótlyftu, það er skrefmikið og oftast takthreint. Brokkið er skrefmikið, það sama má segja um skeiðið sé það fyrir hendi. Stökkið er ferðgott. Fetið er misjafnt. Afkvæmin eru yfirveguð og þjál og fara vel í reið með góðum fótaburði, eitt afkvæmanna er þó lágengt.

Heilladís frá Selfossi

Hryssan í sextánda sæti er Heilladís frá Selfossi. Hún er undan Suðra frá Holtsmúla og heiðursverðlaunahryssunni Álfadísi frá Selfossi. Ræktandi og eigandi hennar er Olil Amble. Heilladís er með 116 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Heilladís frá Selfossi gefur fremur smá hross en hlutfallarétt. Höfuð oft skarpt en neflína stundum tæp. Frambygging heldur góð, hálsinn yfirleitt langur en ekki léttur. Bak og lend sterkleg en lendin stundum gróf. Fætur góðir en réttleiki í meðallagi, afturfætur stundum nágengir. Hófar vel gerðir og prúðleiki góður. Afkvæmi Heilladísar eru ýmist klárhross eða alhliðahross.Töltið er taktgott, sama má segja um brokkið með einni undantekningu þó. Ef skeið er til staðar er það skrefgott. Stökk er fremur ferðlítið. Fetið er oftast takthreint og skrefmikið. Afkvæmin eru takthrein á gangi, viljinn þjáll og þau fara vel í reið.

Mirra frá Þúfu í Landeyjum

Hryssan í sautjánda sæti er Mirra frá Þúfu. Hún er undan heiðursverðlauna hestinum Orra frá Þúfu og Iðu frá Þúfu. Ræktandi hennar er Indriði Theódór Ólafsson og eigandi Susanna Braun. Mirra er með 115 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en 121 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn á skeiðs. Hún á 15 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Mirra frá Þúfu í Landeyjum gefur fremur stór hross. Höfuð er skarpt. Hálsinn er reistur og yfirlína góð. Bakið er misjafnt, stundum framhallandi en oftast vel vöðvafyllt.



Álöf frá Ketilsstöðum. Mynd / Aðsend



Þruma frá Skagaströnd. Mynd / Aðsend



Mirra frá Þúfu í Landeyjum. Mynd / Susanne Braun



Heilladís frá Selfossi. Mynd / Aðsend

Lendin er öflug en stundum aðeins gróf. Afkvæmin eru fótahá og sívöl. Fætur sterklegir með öflugum sinum og góðum sinaskilum en réttleiki í meðallagi. Hófar yfirleitt sterklegir en stundum aðeins víðir. Prúðleiki misjafn. Afkvæmi Mirru eru klárhross að upplagi þó sum tæpi á skeiði. Töltið er takthreint með skrefmiklum og háum hreyfingum. Brokkið er taktgott með góðum fótaburði. Stökkið er afbragð ferð- og svifmikið. Hægа stökkið oft heldur síðra. Fet yfirleitt taktgott. Viljinn afbragð sem lýsir sér með yfirvegun og mikilli framhugsun. Hrossin fara vel í reið með miklum fótaburði og fallegum höfuðburði.

Spes frá Ketilsstöðum

Hryssan í átjánda sæti er Spes frá Ketilsstöðum. Hún er undan Sveini-Hervari frá Þúfu í Landeyjum og Þernu frá Ketilsstöðum. Ræktandi hennar er Jón Bergsson en eigandi er Bergur Jónsson. Spes er með 113 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en 126 í kynbótamati fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Hún á 10 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Spes frá Ketilsstöðum gefur hross í tæpu meðallagi að stærð. Höfuð er skarpt en eyrnastaða stundum slök. Frambygging þokkaleg en hálsinn er stundum fremur djúpur. Lendin er öflug og baklína oftast góð. Afkvæmin eru hlutfallarétt. Afturfætur nágengir en fótstað rétt og hófar góðir. Prúðleiki er misjafn. Afkvæmi Spes eru klárhross en þau eru takthrein, hágeng og skrefmikil bæði á tölti og brokki. Stökkið er yfirleitt ferðmikið, með góðu skrefi og lyftu. Fet takthreint. Viljinn er afbragð, þjáll en ásækinn. Afkvæmin fara vel í reið með miklum fótaburði og fasi.



Jóna frá Kjarri. Mynd / Kjarr



Spes frá Ketilsstöðum. Mynd / Aðsend

Prestsfrú frá Húsatóftum 2a

Hryssan í nítjánda sæti er Prestsfrú frá Húsatóftum 2a. Hún er undan Forseta frá Vorsabæ II og Viðju frá Hoftúni. Ræktandi og eigandi hennar er Ástrún Sólveig Davíðsson. Prestsfrú er með 110 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en 117 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Hún á 8 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Prestsfrú frá Húsatóftum 2a gefur stór hross. Höfuð er skarpt og svipgott en eyrnastaða stundum aðeins slök. Hálsinn er reistur, vel settur og með háum herðum. Bakið er breitt og vöðvafyllt með góðri baklínu, lendin er jöfn og öflug. Samræmi er gott og einkennist af jöfnum hlutföllum. Fótagerð er þurr og sinar öflugar. Réttleiki er um meðallag, flétta gjarnan að framan og nágeng að aftan. Hófar eru vel formaðir og efnisþykkir. Prúðleiki misjafn stundum með ágætum en stundum lítill. Afkvæmin eru rúm og skrefmikil klárhross. Töltið og hæga töltið er taktgott, skrefmikið með góðri fótlyftu. Brokkið er taktgott og skrefmikið. Stökkið er takthreint, skrefmikið með góðri fótlyftu. Fetið er um misgott. Afkvæmin eru viljagóð og samstarfsfús, fara vel í reið með fallegum fótaburði og hvelfdri yfirlínu.

Lýsing frá Þúfum

Hryssan í tuttugasta sæti er Lýsing frá Þúfum. Hún er undan Hróðri frá Refsstöðum og Birtu frá Ey II. Ræktendur og eigendur hennar eru Mette Camilla Moe Mannseth og Gísli Gíslason. Lýsing er með 108 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en 120 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Hún á 13 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Lýsing frá Þúfum gefur fremur stór hross. Höfuð er fremur frítt, hálsinn er reistur, með hvelfdri yfirlínu og háum herðum. Yfirleit góð baklína og breitt og vöðvafyllt bak. Samræmi er gott og einkennist af jöfnum hlutföllum og fótahæð. Fótagerð er þurr með góðum sinaskilum. Réttleiki er í góðu meðallagi. Hófar eru efnistraustir, með þykkum hælum. Prúðleiki yfirleitt fremur góður. Afkvæmin eru að uppistöðu klárhross. Töltið og hæga töltið er taktgott með góðri fótlyftu. Brokkið er taktgott og skrefmikið. Stökkið er takthreint með góðu svifi. Fetið er skrefmikið og takthreint. Afkvæmin eru samstarfsfús og þjál og fara afar vel í reið. Höfuð- og fótaburður prýðir.

RML sendir ræktendum og eigendum þessara hryssna innilegar hamingjuóskir. Mikil vinna liggur að baki þessum mikla árangri sem er ómetanlegt fyrir ræktunarstarfið. Ef ræktendur tækju ekki þátt í kynbótasýningum hefðum við engan grunn til að byggja kynbótamatið á. Það er ekki víst að allir geri sér grein fyrir því hvað þetta sameiginlega starf við skýrsluhald og sýningarhald hefur mikið að segja fyrir hrossaræktina í heild sinni. Í því samhengi má ekki gleyma mikilvægi WorldFeng sem heldur utan um allar þessar upplýsingar.

Halla Eygló Sveinsdóttir
Elsa Albertsdóttir,
ráðunautar í hrossarækt.



26. ágúst – 2. september 2023
Fararstjórn: Íris Sveinsdóttir
Verð 295.900 kr. á mann í tvíbýli

Glæsileg ferð í strandbæinn Chioggia þar sem við njótum sólar á gylltri ströndinni á töfrandi stað við Feneyjarlónið. Við kynnumst m.a. fallegu borginni Vicensa með sínum ítalska léttleika og miðjarðarhafsblæ og að sjálfsögðu hinum heillandi Feneyjum.

bænda FERÐIR

Bókaðu núna á bændaferðir.is

Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is

Síðumúla 2
108 Reykjavík

BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Bjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skýli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.



BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535

Bændablaðið kemur næst 9. mars

LESENDARÝNI

Fyrir hvern ert þú eiginlega að vinna?

Sex ára starfsemi upprunamerkis sem sauðfjárbændur hafa af framsýni og skilningi fyrir kröfum nútímans byggt upp skilur eftir góða reynslu og þekkingu.



Hafliði Halldórsson.

Árangur á ferðamannamarkaði sl. sex árin hefur verið framar vonum, og miðlun til íslenskra neytenda síðustu tvö árin verið kærkomin.

Samstarf við Kjarnafæði Norðlenska lofar góðu og notkun merkisins eykst. En þessi pistill fjallar ekki meira um merkið íslenskt lambakjöt, nema sem hluta stærri sögu. Því hunsun af hálfu örfárra stjórnenda afurðastöðva í eigu sömu bænda og standa að baki upprunamerkinu hefur haft hamlandi áhrif. Ekki bara framgangi þess, heldur miklu víðar. Neikvæðni og fýlustjórnun hafa ráðið för, sem speglast líka í viðhorfi til nýrri verkefna bænda í upprunamerkingum. Stjórnendur þessir eru vanir að segja vinnuveitendum sínum, eigendum afurðastöðva, til um hvað má hugsa og segja, vinnufriður er bestur þegar eigendur þegja. Á bannlistanum eru sannreyndar upprunamerkingar. Sem geta stórbætt samningsstöðu bænda og afurðastöðva. Talað til óska neytenda og aukið eftirspurn og virði íslenskra afurða.

Vilji íslenskra neytenda

- 72% eru óánægð með að erlendar kjötvörur séu seldar undir íslenskum vörumerkjum.
- 63% óska þess að innlendar matvörur verði upprunamerktar.
- 20% telja sig hafa verið blekkt til kaupa á erlendum matvörum í íslenskri verslun vegna óskýrra eða villandi merkinga t.d. undir íslenskum vörumerkjum.
- 80% telja upprunamerkingar á öllum kjötvörum skipta miklu.
- 53% segjast frekar velja lambakjöt með merkingu sem staðfesti íslenskan uppruna.
- 36% segjast vera tilbúin að borga meira fyrir lambakjöt með merkingu sem staðfesti íslenskan uppruna.
- 80% segjast frekar velja kjötvöru merkta vernduðu evrópsku afurðaheiti.

Gallup 2020-2021 fyrir íslenskt lambakjöt

Ef við seljum ekki innflutt, þá gerir það bara einhver annar

Algengasta afsökun stjórnenda afurðastöðva er þessi, af henni leggur fullkomið sinnuleysi gagnvart afdrifum vinnuveitenda þeirra, bænda. Líka metnaðarleysi og sérhlífni þess sem veit að innflutningur og sala er mun einfaldari starfsemi en rekstur afurðastöðva.

Ég spyr á móti, hver á að vinna þína vinnu þegar þú hefur ákveðið að sinna ekki þeim skyldum sem þú varst ráðinn til?

- Að setja afkomu vinnuveitenda þinna, eigenda afurðastöðvar, í forgang.
- Að koma vörum eigenda í sem best verð, tryggja markaðshlutdeild og framlegð sem tryggi rekstur þeirra ekki síður en afurðastöðva.
- Að tala upp og gildishlaða afurðir frá íslenskum bændum og matvælaframleiðslu.
- Að tala upp aukin gæði í búskap, og úrvinnslu íslenskra afurða.



Úkraínskur kjúklingur, án upprunamerkinga, seldur undir íslensku vörumerki í eigu bænda.

- Að sinna vöruþróun og auka gæði í fyrirtækjunum, lesa í markaðsaðstæður og greina tækifæri í stefnum og straumum.
- Að miðla öllum þeim upplýsingum sem neytendur óska með auðskiljanlegum og sannarlegum hætti.
- Að nota þriðja aðila upprunamerki og gæðavottanir sem bæta samningsstöðu bænda og afurðastöðva eftir sannreyndum fordæmum.
- Að skilja lögmál verðteygni, neytendur velja ekki bara út frá niðurstöðu í töflureikni.

> „Með „spægipylsuaðferðinni“ eru bændur sneiddir niður, bú fyrir bú, fjölskyldu fyrir fjölskyldu.“

Markaðurinn ræður?

Samkvæmt stjórnendum afurðastöðva ráða þeir langt í frá hvað þeir selja, ef markaðurinn vill innflutt nautakjöt, verðfellum við það íslenska og búum til pláss fyrir innflutta samkeppni. Og plássið hefur svo sannarlega myndast, verðlausir kálfar verið aflífaðir nýfæddir sl. árin, takk fyrir! Afurðastöðvar í eigu bænda flytja svo inn og selja innflutt naut sem er helvíti fínn „bissness“ í Excel-skjalinu, enda vantar einmitt nú kjöt á markað! Kálfana sem bændur „nenntu“ ekki að ala þarna í hitteðfyrra eftir síðasta verðhrun.

Ef tollfrjáls kjúklingur býðst flytja afurðastöðvar hann inn og selja án upprunamerkinga, blekkjum bara neytendur og hunsum ruðningsáhrif á verðmyndun allra kjöttegunda. Svo er innflutta kjötið líka bara svo mikil gæðavara segja starfsmenn bænda.

Við getum ekki keppt við þetta, markaðurinn stýrir för! Stjórnendur afurðastöðva vilja ekki heldur valkvæðar upprunamerkingar, sem geta bætt rekstrargrundvöll íslenskra bænda á þeim forsendum að merkingum fylgi kostnaður.

Á hreinni íslensku

Eru þetta hrútskýringar og gaslýsing, neytendur vilja íslenskar matvörur

Gróðurhús í grænum skólum

Leikskólinn Tjarnarsel er elsti leikskólinn í Reykjanesbæ en hann tók til starfa 1967. Í gegnum tíðina hefur skólinn þróast í þá átt að leggja ríka áherslu á ræktun og eflingu umhverfisvitundar.

Tjarnarsel hefur fengið Grænfánann sex sinum frá árunum 2007 til 2021. Áhersluþættir leikskólans eru mál og læsi, vettvangsferðir, umhverfismennt og útinám.

Það var mikil ánægja vorið 2022 þegar við í Tjarnarseli fengum úthlutað styrk úr Nýsköpunar- og þróunarsjóði fræðslusviðs Reykjanesbæjar sem var nýttur til kaupa á svokölluðu Bambagróðurhúsi. Slík hús eru gerð úr endurunnu hráefni og hafa verið sett upp í nokkrum skólum á landinu. Hægt er að fá þau sérstaklega hönnuð fyrir leikskólabörn.

Allir innviðir í húsinu miðast við hæð barnanna og auðvelda þeim þannig að taka þátt í ræktuninni. Gróðurhúsið hentar vel í útikennslu fyrir allan aldur og hægt er að fá þau í nokkrum stærðum og með skipulagi sem hentar ólíkum aldri barna.

Bambahúsið okkar var sett niður í fallegum garði leikskólans og tilgangur þess að verða enn sjálfbærari með ræktun grænmetis, kryddjurta, blóma og annarra plantna frá fræi.

Hvað er skemmtilegra en að sjá fræ sett niður í mold og fylgjast með hvernig það breytist smátt og smátt í fallega plöntu? Það eru eins konar töfrar fyrir börn að fá tækifæri til að skoða, meðhöndla og setja fræ niður í mold og sjá þegar grænir angar koma upp eftir nokkra daga.

Skemmtilegt er að vera með mismunandi fræ þannig að börnin sjái að plönturnar sem allar virðast vera





„Það er ómetanlegt að fylgjast með því hvað börnin verða glöð þegar þau öðlast þekkingu á því hvað þarf til þess að plönturnar stækki og dafni og verði að blómum eða grænmeti.“



Fanney M. Jósepsdóttir. Þórey Óladóttir.

eins til að byrja með breytast þegar þær stækka. Það er ómetanlegt að fylgjast með því hvað börnin verða glöð þegar þau öðlast þekkingu á því hvað þarf til þess að plönturnar stækki og dafni og verði að blómum eða grænmeti. Við þessa vinnu læra þau ekki bara að sá fræjum heldur einnig fjölmörg orð sem auðga tungumálið og auka þekkingu þeirra á uppruna plantna og grænmetis. Síðast en ekki síst læra þau og fræðast um ný handtök sem tengjast ræktun og munu nýtast þeim um ókomin ár.

Er það ekki það sem við eigum að kenna börnunum, að geta orðið meira sjálfbær í framtíðinni? Að skapa þannig umhverfi að þau fái tækifæri til að prófa sig áfram og öðlast þannig þekkingu á ræktun og vexti plantna. Markmiðið er að börnin verði óhrædd við það óvænta og að sumt gangi upp og annað ekki. Við það að gera tilraunir eflist með börnunum dýpri þekking sem þau geta tekið með sér inn í framtíðina.

Í Tjarnarseli er mikil þekking fyrirliggjandi hjá kennarahópnum á ræktun og umhirðu gróðurs í garðinum. Þannig smita kennarar börnin af áhuga á ræktun og fegrun á umhverfi sínu, í leikskólanum og fyrir utan hann. Að vera með forræktun í gluggum leikskólans þar sem birtuskilyrði henta og vera með gróðurljós, frá ársbyrjun fram á vor, er árlegt viðfangsefni á öllum aldursstigum. Þá er kominn tími til að setja plönturnar í gróðurhúsið og sjá þær stækka og dafna þar. Með því eru kennarar að fræða börnin um gróður og vöxt plantna allt árið um kring.

Þannig kennum við börnunum um sjálfbærni með því að sá fræjum að vetri sem verða að plöntum um vor og blómstra svo um sumarið.

Um haustið safna börn og kennarar fræjum sem nýtt eru næsta ár, þannig verður til hringrás. Í þessu ferli fer fram uppgötvunarnám þar sem börnin sjá að lítið fræ getur orðið að plöntu, hvort heldur er til matargerðar eða til að efla fegurðarskynið. Með þessu trúum við því að hvert lítið skref sem ein manneskja tekur í slíku ferli geti haft áhrif til góðs fyrir lífið á jörðinni í komandi framtíð.

Við hvetjum áhugasama kennara um ræktun og sjálfbærni til að taka fyrstu skrefin í gróðurstarfi. Námsferlið í kringum ræktunina hjá börnum er óþrjótandi uppspretta gefandi og góðra samverustunda þar sem börn og blóm fá að vaxa og dafna í höndum áhugasamra kennara.

Fanney M. Jósepsdóttir, *verkefnastjóri og* ***Þórey Óladóttir****, leikskólakennari.*

en eru blekktir til að kaupa innfluttar vörur í skjóli gráa svæðisins í lögum um upprunamerkingar.

Lögum sem þeim er fullljóst að verður ekki breytt og eru bundin EES samningnum. Auðvitað fylgir kostnaður nýjum merkingum, en á móti löngu sannaður ávinningur þúsunda fordæma erlendis frá og í viðhorfi neytenda til afurða íslenskra bænda.

Bændur fá ekki nákvæmar upplýsingar um rekstur einstakra deilda í fyrirtækjum sínum, geta ekki haft upplýstar skoðanir á störfum stjórnarmanna og stjórnenda í eigin félögum. Árið 2023 vita eigendur t.d. ekki hver framlegð er í slátrun annars vegar og svo kjötvinnslu innan sömu fyrirtækja. En stjórnendur segja sama brandarann á fundum ár eftir ár. „Slök afkoma sláturhlutans“ er ástæða þess að verð til bænda er lélegt. Það virðist ekki henta að eigendur viti of mikið. Hverjir ætla að heyra sama uppistandið ár eftir ár þar til enginn situr lengur í salnum?

Stjórnendur sem fá sín laun frá bændum taka einfaldlega þátt með kerfisbundnum hætti í að skerða hlut bænda í markaðshlutdeild, framlegð og sverta ímynd íslensks landbúnaðar. Í opinberri umræðu halda stjórnendur bændum og samtökum þeirra nærri til að skapa sér skjól, t.d. í umræðu um tollamál. En snúa svo bakhlutanum að bændum með sinni framgöngu þegar þeim hentar. Þeir hafa komist upp með það lengi, og sjá ekkert athugavert við framferðið.

Enda launatékkinn ekki tengdur afurðaverði, sem bændur vilja endalaust ræða, sem er auðvitað ósköp þreytandi þegar menn hafa öðrum og mikilvægari hnöppum að hneppa.

Grafið undan eigendum afurðastöðva

Sinnuleysi fyrir framtíð íslenskra bænda er því miður raunin, ábendingar bænda, vinna starfsmanna þeirra, markaðsrannsóknir og skýrslur óháðra sérfræðinga hagga ekki afstöðu stjórnenda, sem alltaf vita betur!

Með „spægipylsuaðferðinni“ eru bændur sneiddir niður, bú fyrir bú, fjölskyldu fyrir fjölskyldu.

Stærsta fyrirtækið í sauðfjár- og nautgripaslátrun og úrvinnslu sl. áratugi, sinnir t.d. engri markaðssetningu á smásölumarkaði fyrir sitt lamba- og nautakjöt, afurða sem 99% landsmanna neyta. En fyrirtækið og dótturfélög þess nýta neytendamarkaðssetningu þegar kemur að öðrum völuflokkum og hakar fagmannlega í öll boxin. Einnig í sölu rekstrarvöru til bænda, sem telja um 1% þjóðarinnar. Jú, 99+1 eru enn 100, en samt gengur dæmið bara alls ekki upp?

Öllu snúið á hvolf

Um 3.000 starfandi bændur eru í landinu, markaðshlutdeild dregst stöðugt saman, meðalaldur afar hár og óvissa um rekstrarskilyrði og framtíðarstefnu stjórnvalda viðvarandi. Það hvetur ekki ungt fólk áfram í ákvörðun um að verða bændur.

Nokkrir starfsmenn bænda, teljandi á fingrum annarrar handar, virðast ekki líta á hlutverk sitt að gæta hagsmuna vinnuveitenda sinna.

Starfsmenn sem hafa löngu gleymt til hvers þeir voru ráðnir geta valdið vinnuveitendum sínum óbætanlegum skaða.


Vilja afurðastöðvar gera þetta eða hitt? spyrja bændur, og eiga þá við starfsmenn sína. Þegar spurningin ætti að vera; vil ég ásamt hinum eigendum fyrirtækisins breyta þessu eða hinu?

Hvenær ætla bændur að spyrja sína starfsmenn; fyrir hvern ert þú eiginlega að vinna?

Hafliði Halldórsson,
framkvæmdastjóri Icelandic Lamb

Athugasemd vegna umræðu um lausagöngu búfjár

Að undanförnu hefur verið nokkur umræða um lausagöngu búfjár. Þess misskilnings virðist gæta í umræðunni að lögum hafi verið breytt með setningu laga um búfjárhald árið 2002, nú lög 38/2013. Svo var ekki.


Pétur Kristinsson.

Í þeim lögum felst eingöngu heimild sveitarstjórna og landeigenda til banns við lausagöngu búfjár á ákveðnum svæðum. Lög um fjallskil og afréttarmálefni nr. 6/1986 segja hins vegar til um hvar búfé á að vera. Þetta er augljóst og blasir við ef löggjöfin er lesin í samhengi. Þetta staðfesti umboðsmaður Alþingis með áliti sínu frá því í október sl. og dómsmálaráðuneytið með úrskurði sínum frá því í janúar sl. Lögin um fjallskil og afréttarmálefni hafa verið nánast óbreytt í núverandi mynd frá árinu 1969 en byggja á aldagömlum grunni.

Þá virðist einnig gæta misskilnings um merkingu hugtaksins „lausaganga búfjár“.

Hugtakið er skilgreint í 7. tl. 3. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald og er svohljóðandi: „Lausaganga er þegar búfé getur gengið í annars manns land í óleyfi.“ Þannig fellst ekki í lausagöngu heimild til að beita búfé í annars manns land eins og sumir virðast telja heldur aðeins að búfé þarf ekki að vera í girðingum. Búfjáreigendur bera engu að síður ábyrgð á að búfé þeirra sé þar sem það á að vera þótt lausaganga sé heimil. Þurfa þeir að sjálfsögðu leyfi eigi það að vera í annarra manna löndum. Gangi búfé í annarra manna lönd skv. framansögðu ber sveitarstjórn og eftir atvikum lögreglu að sjá til þess að því sé komið þangað sem það á að vera á kostnað eigenda óski landeigandi þess.

Réttur landeigenda að þessu leyti byggir á almennum reglum eignarréttar og er varinn af stjórnarskrá. Verður honum hvorki haggað af ráðuneytum né sveitarstjórnum.

Þannig eru réttindi og skyldur búfjáreigenda hvað þetta varðar vel skilgreind í lögum. Séu þessar einföldu og skýru lagareglur virtar ættu flestir að geta vel við unað.

Pétur Kristinsson,
lögmaður.



Lífrænt hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.

Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð

3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn

Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil

Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar

Þýsk gæði - CE merkt

Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Viltu taka þátt í grænni framtíð?

SKÓGRÆKTARRÁÐGJAFI VESTURLANDI

skógræktin

Skógræktin leitar að öflugu starfsfólki til að vinna að uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi, vernd og friðun skóga og til að efla hagrænan, umhverfislegan og samfélagslegan ávinning af sjálfbærri nýtingu skóga. Leitað er að skógræktarráðgjafa í starfstöð Skógræktarinnar í Hvammi, Skorradal. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Sótt er um starfið á Starfatorgi. **Umsóknarfrestur er til 6. mars.**

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Áætlanagerð og ráðgjöf
- Grunnkortlagning, gerð ræktunar- og umhirðuáætlana, kennsla á grunnnámskeiðum fyrir skógarbændur
- Gæðaúttektir og árangursmat framkvæmda
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Háskólagráða í skógfræði er nauðsynleg
- Skipulag, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Færni í að koma upplýsingum frá sér í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Færni í notkun Office-hugbúnaðar
- Færni í notkun ArcGIS-hugbúnaðar er æskileg
- Reynsla af verkefnastjórn, ráðgjöf og áætlanagerð er æskileg
- Reynsla af skógrækt og skógarvinnu er æskileg

NÁNAR Á skogur.is/atvinna

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Skógræktin er með starfstöðvar í öllum landshlutum. Í Hvammi Skorradal er aðsetur skógarvarðarins á Vesturlandi og starfsmanna hans sem sinna þjóðskógunum í landshlutanum. Þar eru einnig skrifstofur skógræktarráðgjafa sem sinna Vesturlandi.



- Nánari upplýsingar um störfin er að finna á Starfatorgi og á vef Skógræktarinnar, **skogur.is/atvinna**.
- Markmið Skógræktarinnar er að stofnunin sé eftirsóttur vinnustaður fyrir starfsfólk með fjölbreytta menntun og bakgrunn, starfsfólki búin góð vinnuaðstaða, greiður aðgangur að upplýsingum og fjölbreyttir möguleikar á símenntun sem stuðli að starfsþróun og verðmætasköpun innan Skógræktarinnar og alls skógræktargeirans.
- Skógræktin hefur hlotið jafnlaunavottun, innleitt styttingu vinnuvikunnar og græn skref í ríkisrekstri. Þá hefur stofnunin sett sér umhverfis- og loftslagsáætlun með tímasettum markmiðum ásamt áætlunum um réttindi, vernd og ábyrgð starfsfólks, s.s. áætlanir um áreitni og einelti ásamt viðbrögðum við slíku.

Bændablaðið kemur næst út 9. mars

LESENDARÝNI

Velferð hrossa

Hesturinn *(Equus caballus)* **varð húsdýr mannsins fyrir um 7 þúsund árum síðan, austur í Kasakstan.**



Kristinn Hugason.

Talið er að í árdaga hafi hann verið nýttur vegna kaplamjólkurinnar og kjötsins, enn þann dag í dag er hrossaskjötsneysla mikil og rótgróin í Kasakstan og gerjaður mjöður úr kaplamjólk drukkinn. Elstu vísbendingar um reiðmennsku, a.m.k. að menn hafi nýtt hross sem fararskjóta, eru síðan frá því um 3.000 f. kr. og það hafi einnig verið í Kasakstan. Elstu sannanirnar um notkun hesta sem burðardýra eru á lágmyndum frá Mesópótamíu frá um 2.000 f. kr. Hundurinn er hins vegar elsta húsdýrið og var tekinn í þjónustu mannsins fyrir um 9 til 10 þúsund árum síðan. Eitt til tvö þúsund árum síðar voru hundar komnir fram sem urðu manninum að miklu liði við öflun fæðu. Talið er að sauðfé og geitur hafi orðið húsdýr um svipað leyti. Síðar bættust nautgripategundir við í hóp húsdýranna. (Saga mannkyns, 1. bindi ritraðar AB og Vísindavefurinn).

Á þeim öratíma sem síðan hefur liðið hafa samskipti manna og dýra mótast með ýmsum hætti um veröld víða sem einnig hefur tekið stakkaskiptum. Í árdaga var maðurinn búandi í villtri náttúru, nánast sem eitt stak að segja má. Núna er villt náttúra mun minni að umfangi en áður fyrr. Ein af auðlindum Íslands er strjálbýlið og óspillt víðerni.


Í gegnum allar þær aldir sem liðið hafa fram á okkar daga tóku hugmyndir um það „hvað sé mannúð“ miklum og sífelldum breytingum og voru þær allt aðrar í öndverðu en á okkar tímum. Harðneskja var mikið meiri áður fyrr. Skepnuhald tók vitaskuld mið af þessu auk þess sem örbirgð gerði mönnum fyrrum iðulega þungt um vik.

Dýravernd – velferð dýra

Á seinni öldum hófst mikið framfaraskeið og nýjar hugmyndir, sem fólu í sér upplýsingu og aukna mannúð, ruddu sér til rúms um leið og hagur þjóðanna vænkaðist. Tækniframfarir sem fólu í sér mikinn hagvöxt leiddu um leið til þess að staða mannsins í miðju veraldarinnar styrktist og húsdýrahald jókst afar mikið að umfangi. Dýrin urðu þannig æ háðari manninum um leið og þau urðu honum sífellt mikilvægari í sínum fjölmörgu hlutverkum.

Þetta ól síðan af sér hugmyndir sem festu sig í sessi víða erlendis og leiddu til stofnunar dýraverndarfélaga sem höfðu að inntaki að fara betur með dýr; þau yrðu ekki beitt fautaskap og harðýðgi, heldur yrði vel um þau hirt; þeim yrði tryggt nægt fóður, ferskt vatn o.sv.frv. Áhrif þessarar stefnu barst hingað til lands um þarsíðustu aldamót og má sjá áhrifin í skrifum rithöfunda á þeim tíma og svo í stofnun félaga um málefnið. Áherslan var á meðferð mannsins á dýrum, einkum þá þeim sem voru í hans umsjá, lítilli athygli var hins vegar beint að tilvistarlegum spurningum sem beindust að eðli og skynjun dýranna sjálfra.

Nú hefur hins vegar skilningur á þessum málum breyst mjög; borgarsamfélög hafa orðið ríkjandi með tilheyrandi þróun í átt til fjarlægðar milli manns og náttúru og gæludýrahald er útbreitt. Velferðarríkin hafa orðið til en það er rétt um öld síðan það hugtak kom fyrst fram á prenti (*Welfare state*). Hugtakið velferð hefur svo sífellt orðið algengara og notað í fleiri samböndum. Þannig er núna talað um velferð dýra í stað dýraverndar en verndar-hugtakið er notað um verndun, s.s. dýra í útrýmingarhættu.



Hross í haga.

Mynd / Jón Eiríksson

Velferð dýra, að sýna sitt eðlilega atferli

Fyrstu lög um dýravernd voru samþykkt á Alþingi árið 1915 og giltu þau allt til ársins 1957. Dýraverndarmálin heyrðu á þessum tíma undir menntamálaráðuneytið og var starfandi sérstök dýraverndarnefnd sem kom til með lögunum frá 1957. Ráðuneytið fól nefndinni þegar árið 1974 að hefja endurskoðun laganna en nágrannaþjóðir okkar, s.s. Norðmenn, voru þá sem óðast að endurskoða lagasetningu um þessi mál hjá sér. Lengi vel gekk þó hvorki né rak. Skýringin á því er annars vegar sú að í nefndinni voru deildar meiningar, annars vegar þeirra sem töldu að ný lög ættu að taka mið af sérístenskum búskaparháttum og hinna sem töldu unnt að byggja lagasetninguna alfarið á gildandi lögum á hinum Norðurlöndunum. Þá voru komnar fram hugmyndir um stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis og þar ætti málaflokkurinn heima.

Það var svo 1994 sem samþykkt voru ný lög um dýravernd sem m.a. byggðu á ákvæðum Evrópusamnings um vernd dýra í landbúnaði. Yfirstjórn dýraverndarmála var flutt til umhverfisráðuneytisins. Um rammalög var að ræða sem þýðir að reglugerðir voru settar um framkvæmd laganna.

Lögin frá 1994 fóru svo í gegnum gagngera endurskoðun sem hófst á árinu 2008 og lauk með setningu núgildandi laga, nr. 55/2013, um velferð dýra. Endurskoðunin hófst undir forræði umhverfisráðuneytisins en fluttist árið 2011 yfir til þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins með forsetaúrskurði sem gefinn var út um flutning málaflokksins. Greinarhöfundur sat allan tímann í nefndinni sem samdi frumvarpið og tók við nefndarformennsku við tilflutninginn.

Nýju lögin eru rammalög eins og hin fyrri og mörkuðu þáttaskil. Þau eru sniðin að fyrirmynd laga frá nágrannalöndum okkar, einkum nýrra laga í Noregi og reglum Evrópusambandsins. Markmiðssetning laganna er að megininntaki svohljóðandi: „að þau [þ.e. dýrin] séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.“ Að auki er sá kafli laganna sem fjallar um úrræði og viðurlög afar ítarlegur.

Hvað líðan hrossastofnsins hér á landi varðar, heilt yfir, er augljóst að engin hross komast nær því að uppfylla hin nýju markmið laganna; „að geta sýnt sitt eðlilega atferli“ og einmitt þau sem eru í blóðnytjunum. Á þeim búum er auk þess með góðu móti unnt að fullnægja svo vel sé öðrum ákvæðum laganna og reglugerðanna sem við þau eru sett.

Ísland hentar enda vel til blóðnytjabúskapar. Ekki vegna þess að hér séu gerðar minni kröfur til dýravelferðar en erlendis heldur einmitt vegna þeirra miklu krafna sem við gerum. Hér á landi eru að auki næg víðerni og gnægð graslendis sem á einnig stóran þátt í því að Ísland sé eins vel fallið til þessa búskapar eins og raun ber vitni.

Kristinn Hugason,
samskiptastjóri Ísteka.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar, þöggunin og beiðni um opinbera rannsókn

Þann 20. maí 2019 sendi undirritaður tölvupóst til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og allir alþingismenn fengu afrit. Þar var óskað eftir að gerð væri opinber rannsókn vegna alvarlegra annmarka á vinnubrögðum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi.



Valdimar Ingi Gunnarsson.

Þessari beiðni var svarað með því að svara engu. Nokkrum sinnum var beiðnin ítrekuð við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd í tölvupóstum og auglýst í fjölmiðlum án árangurs.

Nýlega var farið fram á að forsætisráðherra beitti sér fyrir því að þessi rannsókn verði gerð. Skýrsla Ríkisendurskoðunar er gott innlegg en tekur að takmörkuðu leyti á þessu máli.

Upplýsa

Höfundur vinnur nú við „Samfélagsverkefni gegn spillingu“ þar sem m.a. er unnið að því að ná framgangi í því að opinber rannsókn verði gerð. Undanfarin ár hefur höfundur unnið að því að upplýsa um málið og birt um 40 greinar í fjölmiðlum og gert nokkrar rannsóknaskýrslur, en vefur verkefnisins er www.lagareldi.is

Lítil viðbrögð við fjölda faglegra og málefnalegra greina höfundar í fjölmiðlum um óvönduð vinnubrögð og spillingu fara í sjálfu sér að vera athyglisverðara en málið sjálft. Vörnin hefur verið að þegja í staðinn fyrir að fara í rökræður í fjölmiðlum enda oft slæman málstað að verja.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar

Nýlega gaf Ríkisendurskoðun út skýrsluna ,,Sjókvíaeldi – Lagaframkvæmd, stjórnsýsla og eftirlit“, sem tekur undir margt af því sem undirritaður hefur verið að benda á og gagnrýna undanfarin ár og hefði því fátt átt að koma á óvart.

Ef nefnd eru örfá dæmi, má nefna:

- *Áhrif og aðkoma fulltrúa fyrirtækja í sjókvíaeldi við undirbúning að endurskoðun laga um fiskeldi árið 2019.*
- *Samþjöppun eignarhalds, stefnulaus uppbygging sem vinnur gegn því að auðlindin skili hámarks ávinningi fyrir ríkissjóðs.*
- *Viðbrögð við stroki eldislaxa og vöktun nærliggjandi áa.*
- *Vöktun á villtum laxastofnum og mótvægisaðgerðum ábótavant.*
- *Hlutfall á milli framleiðslu og lífmassa ekki rétt í áhættumati erfðablöndunar.*

Þáttur fjölmiðla

Nú er komið í hámæli þau ófaglegu vinnubrögð sem hefur einkennt vinnuna við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og eftir að lögin voru samþykkt. Þar ber að þakka núverandi matvælaráðherra og Ríkisendurskoðun.

Það er umhugsunarvert af hverju það voru ekki fjölmiðlar sem komu þessu máli á hreyfingu þrátt fyrir fjölmargar og ítrekaðar ábendingar m.a. höfundar.

Vissulega hafa fjölmiðlar takmarkaða möguleika á að sinna rannsóknarvinnu vegna takmarkaðra fjármuna, en þetta er það stórt mál að það hefði átt að hafa forgang. Það hefur höfundur gert án þess að fá nokkra fjármuni úr ríkissjóði enda hefur mér blöskrað þetta mál í mörg ár.

Það sem vantar

Það sem vantar sérstaklega í ágæta skýrslu Ríkisendurskoðunar er að fjalla meira um þá spillingu sem hefur einkennt undirbúning og endurskoðun laga um fiskeldi.

Það á eftir að skoða hvernig fulltrúar erlendra fjárfesta í starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi gátu hannað leikreglurnar í gegnum opinbera stefnumótun, skjalfest í lögum samþykkt á Alþingi Íslendinga, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Afraksturinn er yfir 100 milljarða króna í formi eldisleyfa. Af fræðimönnum kallast þessi aðferðafræði að „fanga ríkisvaldið“ (e. state capture).

Margir þingmenn flæktir í málið

Í fjölmiðlum hefur verið tilhneiging til að kenna matvælaráðherra og ríkisstjórninni um það sem afvega fór en málið er ekki svo einfalt. Það var löngu tímabært að gera tiltekt í fiskeldismálum og vinna úr óreiðunni sem Kristján Þór Júlíusson skildi eftir sig. Það eru margir þingmenn sem þurfa að fara í naflaskoðun og skoða sinn þátt í þessu máli og þar á meðal fyrrverandi forseti Alþingis.

Það er ekki dregið í efa að þingmenn hafi almennt viljað vel við uppbyggingu á öflugu laxeldi, m.a. til að styrkja viðkvæmar byggðir og auka útflutningstekjur. Margt fór þó úrskeiðis og í sumum tilvikum hafa alþingismenn jafnvel hugsanlega hreinlega verið blekktir.

Framhald málsins

Það hefur vakið athygli að umræðan og gagnrýnin í fjölmiðlum hefur sérstaklega beinst að stjórnsýslunni. Takmarkað hefur verið komið inn á ástæður fyrir því að við erum komin í þessa stöðu sem hófst með tillögum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir kynnti í ágúst 2017.

Varðandi framhald málsins er líklegasta sviðsmyndin að alþingismenn, stjórnsýslan og aðrir þeir aðilar sem komið hafa að málinu og hagsmuna hafa að gæta sváfi það. Hér hafa fjölmiðlar mikilvægu hlutverki að gegna við að koma í veg fyrir að þannig fari. Svæfing er þegar hafin með umfjöllun m.a. í Morgunblaðinu og viðtölum við forkólfa fiskeldisfyrirtækjanna sem þykjast taka undir að bæta þurfi ýmislegt í þessum málum og horfa þar minnst í eigin barm. Undirritaður mun halda áfram sinni vinnu á næstu misserum, safna gögnum, setja í samhengi og upplýsa.

Að lokum mun ferli málsins verða rakið í rafrænni bók sem öllum verður aðgengilegt á næstu árum og áratugum.

Valdimar Ingi Gunnarsson,
sjávarútvegsfræðingur.



Horft upp eftir Þjórsá og þar sést Núpurinn, Núpsbæirnir og Hagafjall í fjarska. Ef af virkjun yrði myndi þessi farvegur verða nánast þurr.
Mynd / Aðsend

Þjórsá, drottning í byggð

Árið 2015 var fyrirhuguð Hvammsvirkjun í Þjórsá færð úr biðflokki í nýtingarflokk, ein þriggja áætlaðra virkjana í neðri hluta Þjórsár, hinar tvær, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun, eru enn í biðflokki.



Hólmfríður Árnadóttir.

Samningar Landsvirkjunar við landeigendur árin 2007 og 2008 um fyrirhugaðar framkvæmdir þykja vafasamir og umdeildir enda sagðir hafa verið þvingaðir fram. Þessi virkjunarhugmynd hefur leikið nærsamfélagið grátt og framganga Landsvirkjunar gagnvart því grafalvarleg þar sem stuðst er við gamalt umhverfismat sem talið er byggt á annarri framkvæmd.

Það að gera ekki nýtt mat sé í raun brot á rannsóknarreglu stjórnsýslulaga því ekki sé stuðst við nýjustu og réttustu upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd.

Í þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða er áréttað að tryggt sé að þar sem finna megi virkjunarkosti verði ákvarðanataka að vera byggð á langtímasjónarmiðum, heildstæðu hagsmunamati með tilliti til verndargildis náttúru, menningarsögulegra minja og annarra gilda er varðar þjóðarhag, vernd og sjálfbæra þróun.

Þessi virkjun er afar umdeild og mörg sem vilja að náttúran fái að njóta vafans og hætt verði við óafturkræf og eyðileggjandi náttúruspjöll enda margt sem hefur breyst hvað varðar náttúruvernd, atvinnulíf og samfélagið í heild á síðustu árum.

Umsvif ferðaþjónustu hafa aukist gríðarlega síðustu ár þar sem einstök náttúra er helsta aðdráttaraflið og möguleikar á fjölbreyttri uppbyggingu við og tengt Þjórsá ótalmargir. Enda vara ferðaþjónustuaðilar við virkjunarframkvæmdum sem þeir telja draga úr möguleikum til nýsköpunar og uppbyggingar margs konar ferðaþjónustu á svæðinu.

Með Hagalóni færu ómetanlegar menningarminjar, dýralíf, grónir bakkar og lendur við Þjórsá undir vatn eða hlytu skaða af vegna breyttra vatnsfarvega og gróðureyðingar. Hagaey færi að mestu í kaf og hin friðaða Viðey, Minnanúpshólmi, þar sem finna má sjaldgæfar plöntutegundir, og Ölmóðsey yrðu vart eyjar lengur þar sem áin yrði færð úr farvegi sínum og í skurð austan við ána.

Að ónefndu búsvæði laxfiska í Þjórsá, einum stærsta villta stofni landsins, sem er að þriðjungi við og fyrir ofan fyrirhugað virkjunarsvæði. Nokkur náttúruverndarsamtök kæra virkjanaleyfið og segja brotið á þátttökurétti almennings hvað varðar mat á umhverfisáhrifum en skýrt er að hagsmunaaðilar í nærumhverfi eigi rétt á að tekið sé tillit til þeirra álita og skoðana.

Það eru verndarmarkmið í náttúruverndarlögum sem kveða á um vernd vatnsfarvega sem hafa sérstætt eða fágætt fagurfræðilegt og/eða menningarlegt gildi og það hefur Þjórsá svo sannarlega enda drottning í byggð á einu fegursta útivistarsvæði landsins.

Með sínum grónu bökkum, eyjum með einstöku gróðurfari og dýralífi. Þjórsá er einnig lengst allra íslenskra áa og rennur að miklu leyti á Þjórsárhrauni hinu mikla sem er stærsta flæðihraun sem runnið hefur í nútíma á jörðinni.

Telur Landvernd Þjórsá hafa sérstöðu á heimsmælikvarða og þá sérstaklega neðsta hluta hennar, hið fyrirhugaða virkjanasvæði, sem að mestu er ósnortið í dag. Markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þeirra, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Þá má ástand vatnshlota ekki rýrna þannig að það falli um ástandsflokk.

Á þessu svæði er Þjórsá í mjög góðu ástandi. Breyting á Þjórsá í Hvammslón er ekki bara breyting á gerð vatnshlotsins heldur einnig á aðstæðum og vistfræðilegum eiginleikum Þjórsár. Það er enginn efi í mínum huga að Þjórsá beri að vernda með öllum ráðum.

Með tilvísun í öll þessi rök náttúrunni í vil spyr ég þá hvort frekari virkjun Þjórsár geti verið brot á lögum um náttúruvernd og lögum um stjórn vatnamála?

Hólmfríður Árnadóttir,
oddviti VG í Suðurkjördæmi.

Af jörðu erum við komin

Jarðvegslíf, jarðgerð og verðmætasköpun í lífrænni ræktun

- Málþing Fagráðs í lífrænum landbúnaði-
Fundarsalur: Vigdísarhús – Sólheimum í Grímsnesi / streymi
Sjá viðburð á Facebook síðu VOR og á vef Bændablaðsins, www.bbl.is
Fimmtudaginn 2. mars 2023 frá kl 10.00 -16.00

Fundarstjóri: Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML

10.00: Áburðarefni í lífrænum landbúnaði á Íslandi
Ingólfur Guðnason, brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu við Garðyrkjuskólann á Reykjum / FSU

10.45: Landbætandi fiskeldi
Rúnar Þór Þórarinsson, nýsköpun og þróun hjá Landeldi ehf

11.20: Meðhöndlun og nýting lífrænna efna í áburð skv. nýrri áburðarreglugerð
Valgeir Bjarnason, fagsviðstjóri áburðarmála hjá Matvælastofnun

11.40: Kostnaðargreining áburðar í lífrænum vs hefðbundnum landbúnaði á Íslandi
(Main drivers of fertilizers costs in organic vs conventional farms in Iceland)
Vincent Merida, doktorsnemi við Umhverfis- og auðlindadeild Háskóla Íslands

12.00: HÁDEGISHLÉ

13.00: Hvers virði er heilbrigður jarðvegur? Jarðgerð og vinnsla á lífrænum áburði - vermætasköpun í kolefnisbúskap
(Production of organic fertilizers – Carbon farming)
Gerald Dunst, eigandi Sonnenerde í Austurríki, ráðgjafi og frumkvöðull

13.50: Gæðastaðall fyrir áburðarefni og jarðvegsbætir úr lífrænum efnum til lífrænnar ræktunar
Cornelis Aart Meijles, ráðunautur Loftslagsvænn landbúnaður - Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins

14.30 KAFFIHLÉ

15.00: Aðfangakeðja fyrir lífrænan landbúnað, veikleiki - styrkleiki?
Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá Environice

15.15: Samantekt og umræður

Málþingi lokið kl 16.00

Rafmögnuð gæði



LESENDARÝNI

Sannleikurinn er sagna bestur

– Af upprunaábyrgðum raforku og heiðarleika

Í samfélagsskýrslu Norðuráls fyrir árið 2021 segir: „Norðurál notar 100% endurnýjanlega raforku við alla framleiðslu.“ Fyrirtækið fullyrðir einnig í sömu skýrslu að það framleiði ál með einu lægsta kolefnisspori í heimi og sé stolt af sínum þætti í nýtingu einnar mikilvægustu auðlindar Íslands, sem er hrein og umhverfisvæn orka úr fallvötnum og jarðvarma. En er þetta sannleikanum samkvæmt?


Tryggvi Felixson

Á sama tíma er staðan sú að samkvæmt bókhaldi Orkustofnunar um uppruna raforku voru aðeins 13% þeirrar orku sem framleidd var á Íslandi 2021 talin endurnýjanleg. Stærstur hluti íslensku orkunnar byggir á jarðefnaeldsneyti (63%) og losar 8,4 milljónir tonna koltvísýrings. Og ekki má gleyma að 24% íslensku orkunnar byggja á kjarnorku skv. þessu sama bókhaldi.

Ástæðan er auðvitað sú að Landsvirkjun, og fleiri orkuframleiðendur, hefur selt fyrirtækjum úti í heimi, sem nota jarðefnaeldsneyti eða kjarnorku við sína framleiðslu, upprunaábyrgðir íslensku orkunnar. Þannig geta þessi fyrirtæki úti í heimi hrósað sér af því að nota umhverfisvæna orku, þó þau geri það ekki í raun. Orðspor erlendu fyrirtækjanna batnar til muna – en geta fyrirtæki sem nota raforku hérlendis haldið sínu góða orðspori á sama tíma? Varla.

Upprunaábyrgðir – fundið fé?

Tinna Traustadóttir og Valur Ægisson, starfsmenn Landsvirkjunar, skrifa í Bændablaðið 12. janúar sl. að óttinn við upprunaábyrgðir sé ástæðulaus. Svo er að skilja af skrifum þeirra að sala á upprunaábyrgð sé fundið fé fyrir Landsvirkjun, fyrirtæki allra landsmanna, sem þau starfa fyrir. Upprunavottun er bara saklaust bókhald. Í raun sé ekkert breytt nema það eitt að tekjur Landsvirkjunar vaxa og það sé skylda fyrirtækisins að nýta sér þennan möguleika til tekjuöflunar.

Það er alkunna að í bókhaldi er kúnstin að færa „debit“ og „kredit“ rétt – bókhaldið þarf að vera rétt fært og trúverðugt. Rétt fært bókhald á að tryggja að enginn skreyti sig með stolnum fjöðrum – og koma í veg fyrir svindl og ósannindi, og „grænþvott“.

Glatað mannorð íslensku raforkunnar

Þessi grein fjallar ekki um það hvort evrópskt upprunaábyrgðakerfi sé gott eða slæmt. Ísland valdi fyrir löngu að vera hluti af þessu kerfi og nýtur af því fjárhagslegs ávinnings. En hvað hafa Íslendingar látið af hendi fyrir þennan fjárhagslega ávinning? Íslendingar hafa selt það orðspor að íslenska orkan sé 100% endurnýjanleg orka.

Norðurál skreytir sig með stolnum fjöðrum

Norðurál notar um 25% allrar raforku sem framleidd er á Íslandi. Ef að líkum lætur er því um 2/3 af þeirri raforku sem Norðurál notaði árið 2021 jarðefnaeldsneyti að uppruna og fjórðungur raforkunotkunar fyrirtækisins kjarnorka, samkvæmt þar að lútandi reglum og bókhaldi. Losun fyrirtækisins vegna raforkunotkunar er því óbeint um 2,1 milljón tonna koltvísýrings.

Reglurnar banna blekkingar

Í reglugerð nr. 767/2012, sem upprunaábyrgðakerfið byggir á, eru ákvæði til að koma í veg fyrir tvítalningu endurnýjanlegs uppruna orku. Orkunotendum er skylt að byggja á þeim reglum þegar þeir gefa viðskiptavinum upplýsingar um eigin orkunotkun.

Ef orkunotendur hyggjast lýsa því yfir að þeir noti endurnýjanlega orku við framleiðslu sína eða starfsemi, þurfa þeir að afla sér upprunavottaðrar orku frá sínum orkusala eða kaupa sjálfir upprunaábyrgðir á Evrópska efnahagssvæðinu.



Höfundur hefur tryggt sér upprunavottaða raforku fyrir heimili sitt eins og sjá má á meðfylgjandi staðfestingarskjali frá Orku náttúrunnar.

Samkvæmt gildandi reglum er fyrirtækjum í sjávarútvegi, matvælaframleiðslu, stóriðju og ferðaþjónustu, ekki heimilt að lýsa því yfir að raforkunotkun þeirra byggist að öllu leyti á endurnýjanlegum orkugjöfum, nema þeir geti flaggað upprunavottun sem staðfestir það.

Norðurál hefur ekki upplýst neitt í þá veru eftir því að best verður séð. Líklega haga fleiri stórfyrirtæki sér með sama óheiðarlega hætti og Norðurál.

Stjórnvöld sáu fyrir hættuna á misnotkun

Að nýta tvisvar endurnýjanlegan uppruna íslensku raforkunnar fer í bága við skuldbindingar EES-samningsins og stríðir gegn markmiði íslenskrar löggjafar og löggjafar Evrópusambandsins um upprunaábyrgðir.

Í skýrslu frá 2016 „Upprunaábyrgðir í íslensku samhengi“ segir m.a. að vegna einangrunar íslenska flutningskerfisins og almennrar vitneskju um endurnýjanlegan uppruna íslenskrar orku, væri hætt við að uppruninn yrði í reynd nýttur í viðskiptalegu tilliti bæði hér á landi (af orkunotendum sem hafa þó ekki keypt upprunaábyrgðir) og erlendis af kaupendum íslenskra upprunaábyrgða á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það er mikilvægt fyrir ímynd Íslands og trúverðugleika, já jafnvel sjálfsmynd landsmanna, að uppruni endurnýjanlegrar orku sé ekki tvínýttur.

Landsvirkjun komi skikki á viðskiptavini sína

Það er löngu tímabært að Landsvirkjun krefjist þess að Norðurál – það fyrirtæki sem nýtir 25% af raforku landsins – segi satt til um uppruna þeirrar orku sem það nýtir í starfseminni.

Það er líka kominn tími til að viðurkenna að það fylgir því kostnaður að græða á upprunaábyrgðum fyrir raforku.

Þær eru ekki bara fundið fé eins og Landsvirkjun fullyrðir. Heiðarleiki, orðspor og raunverulegur árangur í loftslagsmálum er í húfi.

Tryggvi Felixson,
formaður Landverndar.

Íslenska dilkakjötið er kolefnisfrítt

Á liðnum árum hefur mikið verið rætt um kolefnisspor ekki síst um kolefnisspor jórturdýra og framleiðslu á rauðu kjöti. Á Íslandi hefur þessi umræða líka snúist um ástand beitilands, uppblástur og gróðureyðingu. Þar hefur sauðkindin gjarnan verið talin áhrifavaldur, að ósekju.


Sveinn Hallgrímsson.

Fyrir 60 árum var rætt um ofbeit og uppblástur og sauðkindinni kennt um. Mér fannst umræðan ósanngjörn. Ég spurði mig: Hvernig geta sauðfjárbændur brugðist við þessum ásökunum?

Svar mitt var þetta: Aukum afurðir eftir hverja kind með aukinni frjósemi og þyngri lömbum. Aukum ræktun, stækkum túnin, aukum fóðuröflun, bætum fóðrun og beitiland. Með þessa stefnu að vopni hafa íslenskir sauðfjárbændur gjörbreytt íslenskri sauðfjárrækt og á sama tíma hefur hún leitt til lækkunar á kolefnisspori íslenska dilkakjötsins!

Þegar vel er að gáð hefur þetta gerst á síðustu áratugum:

1. Fyrir 90 árum var 99% af fóðri sauðfjár af úthaga, sjá tilvitnun (1).
2. Fyrir 45 árum voru rúm 60% af fóðri sauðfjár tekið af ræktuðu landi!
3. Frá 1990 til 2017 jókst framleiðni sauðfjárræktarinnar um rúm 30%, og þar með lækkaði kolefnisspor kindakjöts um tæp 30%, meðal annars vegna aukinnar framleiðslu, afurða, eftir hverja kind. Meiri frjósemi og þyngri lömb.

Þessi þróun hefur átt sér stað vegna markvissrar stefnu sauðfjárbænda. Þetta þýðir með öðrum orðum að sauðfjárbændur hafa minnkað beitarálag á úthaga úr 99% af heildarfóðurþörf sauðfjárstofnsins, niður í 25- 30% hin síðari ár. Það breytti ekki neinu þó fjöldi sauðfjár væri 700 þúsund í stað 400 þúsund, eins og nú er komið. Sennilega kemur aðeins 20–25% af fóðri (meðtalin beit) sauðfjár af óábornum úthaga í dag.

Gegndarlausar ásakanir

Ég hef starfað við og í landbúnaði alla mína ævi. Allan þennan tíma hafa sauðfjárbændur verið milli tannanna á fólki. Fyrstu árin, var það bara uppblástur og gróðureyðing, sem var sauðfjábændum að kenna. Kjötið var talið hollt og gott. Jú ,jú, alveg ágætt, eins og allir vita. Svo kom umræðan um hlýnun jarðar og þá vantaði sökudólga. Rauða kjötið varð fyrir valinu, lá vel við höggi enda gusast metan út um afturendann. Áhrif metans eru hins vegar ofmetin, það hverfur á 10–20 árum, eins og oft hefur verið bent á.

Stefna sauðfjárbænda undanfarna áratugi

Ég hóf störf hjá Búnaðarfélagi Íslands, sem ráðunautur í sauðfjárkynbótum 1966. Eitt fyrsta verk mitt var að koma skýrsluhaldi í sauðfjárrækt á tölvutækt form svo nota mætti nýjustu tækn í þágu kynbótanna. Aðaláherslan í sauðfjárræktinni var að auka afurðir eftir hverja kind, með aukinni frjósemi og fallþunga lamba. Eitt af því sem gerði þessa breytingar á sauðfjárrækt mögulega var aukin ræktun. Ræktun mýra, sanda og mela hefur aukið möguleika bænda til fóðuröflunar. Það hefur gert þeim mögulegt að flytja framleiðslu dilkakjöts af úthaga inn á ræktað land, eða áborinn úthaga. Hugsanlega höfum við gengið of langt í því efni þar sem áburðarverð hefur hækkað gegndarlaust, eins og raun ber vitni. Víða er úthagi vannýttur, sinuflákar sem fénaður lítur ekki við.

Undanfarin ár hef ég skrifað 3 greinar um kolefnisspor íslensks kindakjöts. Tvær greinar 2020, ásamt Eyjólfi Kristni (2 og 3) og eina grein 2022 um sama efni (4): Um kolefnisspor dilkakjöts á Íslandi. Niðurstaða rannsókna og útreikninga minna er þessi:

- Íslenskt dilkakjöt er kolefnisfrítt, ef bóndinn á um 0,5 ha af grónu landi til að vinna upp kolefnissporið úr 15 kg CO_2 niður í 0, samanber grein mína í Bændablaðinu 22. 9. 2022.(4)
- Íslensk sauðfjárrækt, sem heild, er kolefnisjákvæð um þúsundir tonna af CO_2, ef tekið er tillit til áhrifa beitar sauðfjár á uppskeru. Eins og allir vita hefur beit þau áhrif að uppskera eykst, samanber beitartilraunirnar, sem stýrt var af FAO, og gerðar voru hér á landi á 8. og 9. áratug síðustu aldar. Þessar tilraunir voru á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Búnaðarfélags Íslands, Landgræðslu ríkisins og Bændaskólans á Hvanneyri. Auk þess lögðu Búnaðarsambönd og ráðunautar þeirra fram ómælda vinnu.
- Golfsamband Íslands nýtir sér niðurstöður beitartilraunanna og eykur fjölda slátta til að auka vöxt á golfvöllum og auka um leið kolefnisbindingu golfvalla. Verkefnið heitir Carbon par.
- Íslenskir sauðfjárbændur ættu að geta haft tekjur af sölu CO_2 vegna aukinnar bindingar, sem afleiðingu beitar sauðfjár, þegar markaður með kolefnisbindingu lítur dagsins ljós. Meira um það seinna.

Þrátt fyrir að ég telji að sýnt hafi verið fram á að íslenskt dilkakjöt sé kolefnisfrítt, eru einstaklingar og opinberir aðilar enn að nota tölur um kolefnisspor kindakjöts upp á 24 kg CO_2/á kg kjöts og jafnvel hærra. Það er óforskammað og rakalaus ósannindi.

Sveinn Hallgrímsson,
fyrrv. ráðunautur í sauðfjárrækt.

Heimildir:

1. Sveinn Hallgrímsson, (Ólafur G. Vagnsson 1976 & Pétur H.Hjálmsson): Sauðfjárrækt og gróðurvernd. Ráðunautafundur 1976: Fjölritað efni, bls. 12.
2. Sveinn Hallgrímsson og Eyjólfur K. Örnólfsson 2020. Íslensk sauðfjárrækt og kolefnisspor hennar. Bændablaðið 26: (16) 43.
3. Sveinn Hallgrímsson og Eyjólfur K. Örnólfsson 2020: Íslensk sauðfjárrækt og kolefnisspor. Hvaða einingar á að nota við mat á kolefnisspori? Bændablaðið 10. 9. 2020, bls. 41.
4. Sveinn Hallgrímsson 2022: Um kolefnisspor dilkakjöts á Íslandi. Bændablaðið 22.9. 2022, bls. 38.

Um sölu á ljósleiðara-netum í dreifbýli

Fjarðabyggð hefur auglýst til sölu ljósleiðarakerfi (væntanlega ljósleiðaranet) í Breiðdal með samtals 40 notendum. Það væru alvarleg mistök að selja ljósleiðaranetið.



Ingólfur Bruun.



Breiðdalsvík við mynni Breiðdals. Mynd / Wikipedia

Forvitnilegt væri að vita hvers vegna Fjarðabyggð telur það þjóna hagsmunum íbúanna og sveitarfélagsins að selja ljósleiðaranetið.

Því miður hefur það áður gerst að sveitarfélög hafa selt ljósleiðaranet sem byggð voru með fjárframlögum frá íbúum, viðkomandi sveitarfélagi og Fjarskiptasjóði á brot af byggingarkostnaði. Hvers vegna? Rök sem hafa heyrst til stuðnings sölu eru þau að flókið sé að reka ljósleiðaranet og ekki á færi nema fjarskiptafélaga þar sem sérþekking er til staðar. Einnig hefur heyrst að rekstur ljósleiðaranets sé fjárhagslega óhagkvæmur og að rekstur ljósleiðaranets sé ekki eitt af lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga.

Hér á eftir verður undið ofan af áðurgreindum rökum.

Einfalt að reka ljósleiðaranet

Varðandi rekstur ljósleiðaraneta er mikilvægt að greina á milli ljósleiðaraþráðanna annars vegar (ljósleiðaranet) og endabúnaðar hins vegar (ljósleiðarakerfi). Sveitarfélögin eiga að eiga ljósleiðaraþræðina en ekki koma nálægt rekstri endabúnaðar (ljósleiðarakerfi).

Rekstur endabúnaðar ljósleiðara krefst sérþekkingar og á að vera á forræði fjarskiptafélaga. Ljósleiðaraþræðirnir sjálfir eru hins vegar einfaldir í rekstri. Það þarf enga sérþekkingu til að reka þá. Líkja má rekstri þeirra við rekstur vatnsveitu. Mörg sveitarfélög reka vatnsveitur með sóma. Í báðum tilvikum þarf að vita hvar lagnirnar liggja, halda þarf utan um gögn varðandi legu og ef rof verður á lögn eru kallaðir til starfsmenn sveitarfélags og/eða verktakar sem sjá um að gera við bilunina. Öll gögn um lagnir og fasteignir, vegi o.s.frv. eru vistuð hjá byggingarfulltrúum viðkomandi sveitarfélags. Eðlilegt er að gögn um legu ljósleiðara ásamt upplýsingum um tengingar og fjölda þráða liggi því hjá byggingarfulltrúanum.

Hætt við sölu í Hvalfjarðarsveit

Árið 2014 var byggt ljósleiðaranet í Hvalfjarðarsveit. Kostnaður var 340 milljónir króna. Sveitarstjórnin tók síðar ákvörðun um selja kerfið. Í útboði bárust tvö tilboð og var hærra tilboðið 82 milljónir. Sveitarstjórn hugðist selja kerfið árið 2019 á hrakvirði, en þá risu íbúar upp og mótmæltu og svo fór að sölunni var aflýst vegna þrýstings frá íbúum.

Helstu rök fyrir sölu voru að rekstur ljósleiðara væri ekki eitt af lögbundnum hlutverkum sveitarfélaga og einnig að tap væri á kerfinu þrátt fyrir að 240 notendur greiddu mánaðargjöld. Hvernig mátti það vera? Með bókhaldsbrellum var sýnt fram á tap því kerfið var afskrifað á aðeins 7 árum!

Ljósleiðara ætti hins vegar að afskrifa eins og um fasteign væri að ræða, á 40-60 árum. Varðandi lögbundnar skyldur sveitarfélaga þá er það vissulega rétt að sveitarfélög eru ekki lögbundin til að reka ljósleiðarakerfi, en það er hins vegar siðferðileg skylda sveitarfélags að gera búsetuskilyrði sem best fyrir íbúa sína.

Aðgangur að ljósleiðara er tvímælalaust eitt mikilvægasta búsetuskilyrði í dreifbýli (og þéttbýli) í dag. Ljósleiðaranet byggð fyrir almannafé hafa verið seld fjarskiptafélaginu Mílu á hrakvirði undanfarin ár. Slík meðferð á jafnmikilvægum innviðum er afleit og eins meðferðin á almannafé og framlagi íbúa. Þegar búið er að selja ljósleiðaranet hafa sveitarstjórn og íbúar ekkert um t.d. gjaldskrá að segja. Kaupanda er í lófa lagið að hækka verð að vild. Hér skal einnig minnt á að fjarskiptafyrirtækið Míla er nú í erlendri eigu.

Að lokum vill undirritaður hvetja íbúa í Breiðdal til að mótmæla harðlega sölu á ljósleiðaranetinu sem þeir hafa greitt fyrir ásamt sveitarfélaginu og skattborgurum í gegnum Fjarskiptasjóð.

Ingólfur Bruun,
framkvæmdastjóri
Betri Fjarskipta ehf.

Endurskoðun búvörusamninga og aukinn innflutningur á kjöti

Nú er komið að endurskoðun búvörusamninga og þarf að huga að tilvist bænda í þeim samningum, en málið snertir fæðuöryggi og byggðastefnu þjóðarinnar.



Anton Guðmundsson.

Nær sjaldan í seinni tíð hefur fæðuöryggi þjóðarinnar skipt okkur Íslendinga meira máli eins og nú, ófriður í Evrópu vegur þar þungt í umræðunni, víða eru menn farnir að finna fyrir vöruskorti og hækkandi verði á allri hrávöru.

En hvað þýðir þetta orð, fæðuöryggi?

Þegar talað er um fæðuöryggi samkvæmt skilgreiningu matvælaráðneytisins þá er átt við að allt fólk, á öllum tímum, hefur raunverulegan og efnahagslegan aðgang að nægum, heilnæmum og næringarríkum mat sem fullnægir þörfum þess til að lifa virku og heilsusamlegu lífi.

Núverandi búvörusamningar tóku gildi 1. janúar 2017. Þeir eru gerðir milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands en þar er fjallað um stjórn á framleiðslu búvara og framlaga til landbúnaðarins af hálfu ríkisins, framlög á fjárlögum vegna búvörusamninganna í ár hljóða upp á 17,2 milljarða króna, nautgriparækt fær um 8,4 milljarða, sauðfjárrækt 6,2 milljarða, garðyrkja um rúman milljarð og svo erum við með rammasamninginn sem hljóðar upp á 1,5 milljarða króna.

Rammasamningur á að taka utan um jarðræktarstyrki, og nýliðun svo fátt eitt sé nefnt. Búvörusamningarnir gilda í 10 ár með tveimur endurskoðunarákvæðum, fyrst árið 2019 og nú stendur þessi síðari endurskoðun fyrir dyrum 2023. Staðreyndin er sú að krefjandi tímar eru fram undan í landbúnaði með hækkun á öllum aðföngum til bænda.

Einnig verðum við að horfast í augu við þá staðreynd að meðalaldur bænda er um 60 ár og nýliðun lítil í bændastéttinni. Leggja þarf aukið fé til búvörusamninga að mínu mati til að stuðla að tilvist bænda í íslenskum landbúnaði. Einnig þarf að setja aukið fé í rammasamninginn og vinna markvisst að því að hvetja ungt og kraftmikið fólk til starfa í landbúnaði.

Við vitum það, Íslendingar, að kjötið sjálft er engu líkt og einstakt á heimsmælikvarða. Þar spila saman aldalöng ræktunaraðferð íslenskra bænda og óspillt íslensk náttúra.

Einnig hef ég áhyggjur af stöðu kjúklingabænda, því nú berast okkur fregnir af því að innflutningur á kjúklingakjöti frá Úkranínu hafi verið í kringum 80 tonn á síðasta ári. Í júní sl. lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á tollalögum sem fólu í sér tímabundna einhliða niðurfellingu tolla á vörur sem eru upprunnar í Úkraínu.

Þar er um að ræða hreina tollaniðurfellingu án fyrirvara, formaður deildar kjúklingabænda hjá Bændasamtökunum kveðst uggandi yfir þeim áhrifum sem innflutningur frosins, úrbeinaðs kjúklingakjöts frá Úkraínu getur haft á framtíð alifuglabænda.

Ég skora því á samflokksmenn mína, þingmenn og ráðherra Framsóknarflokksins að setja þessi mál á dagskrá og standa vörð um sérstöðu íslenskra bænda. Einnig að beita sér fyrir því að þessi endurskoðun búvörusamninga tryggi styrkari stoð undir dreifða búsetu og fæðuöryggi íslensku þjóðarinnar.

Anton Guðmundsson,
oddviti Framsóknar í Suðurnesjabæ.

SOCKS2GO.IS

Ekta bambus sokkar,
ekkert viskós.
Þú finnur muninn.

Fást einungis á heimasíðunni okkar
og í Herrahúsinu Ármúla.

SOCKS2GO
info@socks2go.eu
s. 831-8400
www.socks2go.is





Hestamannafélagið Jökull
boðar til aðalfundur í félagsheimilinu Borg
í Grímsnesi miðvikudaginn 1. mars kl. 20:00

Dagskrá :

1. Setning og kosning starfsmanna fundarins.
2. Formaður leggur fram skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar, skoðaða af skoðunarmönnum félagsins.
4. Skýrslur nefnda.
5. Kosning aðalstjórnar, varastjórnar og skoðenda, skv. 6. Gr.
   - Kosið um stöðu gjaldkera, ritara og tveggja meðstjórnenda.
6. Kosning fulltrúa félagsins á ársþing L.H. og héraðsþing HSK skv. 15. gr.
7. Lagabreytingar sé þess óskað, skv. 16. gr.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár lögð fram.
10. Önnur mál sem félagið varðar.

Hvetjum félaga til mæta
og kynna sér starfsemina hjá félaginu okkar!
Stjórn Hestamannafélagsins Jökuls

GG TRÉ
BYGGIR TIL FRAMTÍÐAR

Til sölu 68,5m² iðnaðarbil til afhendingar strax í Breiðamýri 3, Selfossi.

HÚS Fasteignasala

Allar nánari upplýsingar veitir
Loftur Erlingsson, löggiltur fasteignasali
S: 896 9565, loftur@husfasteign.is



LESENDARÝNI

Erfðafræði útlitseinkenna sauðfjár – IV. hluti:

Ferhyrnt fé

Hér höldum við áfram flakki okkar um yfirlitsgreinina Genetics of the phenotypic evolution in sheep: a molecular look at diversity-driving genes í hinu þekkta búfjárkynbótariti Genetics Selection Evoluton. Í síðustu tölublöðun höfum við flakkað um efni greinarinnar og bætt þar við spuna um það sem ég tel mig hafa lært um viðkomandi eiginleika hjá íslensku sauðfé á langri starfsævi.



Jón Viðar Jónmundsson.

Umfjöllun þeirra sem rita yfirlitsgreinina er stutt um þennan eiginleika í samanburði við aðra útlitseiginleika. Þeir segja að þennan eiginleika sé aðeins að finna hjá mjög fáum fjárkynjum í heiminum. Þannig vitna þeir til Ólafs Dýrmundssonar, annað dæmið af tveim um að vitnað sé til íslenskra heimildamanna í greininni, sem heimildarmanns um að íslenska féð búi yfir þessum erfðum en Ólafur nefnir það í fréttabréfi til vesturheimskra fjáreigenda íslensks fjár að hér sé þennan eiginleika að finna. Vísindin eru ekki stærri sem þar er verið að bera á borð. Tölur sem Ólafur nefnir um fjölda þessa fjár held ég hafi þá verið alveg út í bláinn enda segir hann þær aðeins ágiskun. Enn búum við við nákvæmlega sömu vöntun á þannig tölum hér á landi.

Þeir, samkvæmt venju, fjalla talsvert um margs konar stökkbreytingar sem rannsakaðar hafa verið vítt um heim hjá þessu tiltölulega fáséða fé og setja nöfn á hin ýmsu gen sem þeir telja að þessu tengist. Eins og áður vísa ég þeim sem kynnu að hafa áhuga á að læra slíkar skammstafanir á yfirlitsgreinina sjálfa. Þeir telja að þessi gen sé mikið að finna á litningi númer tvö hjá sauðfé.

Þá fjalla þeir í stuttu máli um tengsl ferhyrnds og ákveðinna brota í augnlokum hjá fé, fyrirbæri sem margir eigendur á svona fé hér á landi munu kannast við. Stóru meiri fróðleik til að kynna fann ég ekki í greininni.



Freyr Búnaðarblað

XLV. ÁRGANGUR NR. 7—8

REYKJAVÍK, APRÍL 1950

Líklega fyrsta þekkta myndin af glæsilegum, ferhyrndum, íslenskum hrúti. Mynd / tímarit.is

Eldra efni Bændablaðsins

Ég vil áður en ég fer að spinna nánar um þetta efni minna á stórfróðlegar kynningar Páls Imsland hér í blaði á hinni stórmerkilegu ræktun á þessum eiginleika hjá Jökli Helgasyni á Ósabakka, sem er eini aðili sem sinnir honum af vísindalegri nákvæmni í bland við aðra eiginleika, m.a. fjölbreytta liti. Ég var vegna þessarar greinar búinn að boða heimsókn til Jökuls til að reyna að glöggva mig frekar á þessum eiginleikum og tengslum þeirra. Rysjótt veðrátta hefur hamlað gamlingja eins og mér að leggja land undir fót. Lesendur verða því að bíða vors verði ég einhvers vísari eftir slíka ferð. Jökull hefur auk litaerfðavísa verið að leika sér með annað ríkjandi gen sem sagt var frá í síðasta pistli, geninu fyrir kollóttu. Þá birtast furðufyrirbæri eins og ferukollótt og ennisbrúskur. Þær erfðir hef ég hins vegar hvergi lesið um neitt það bitastætt að megi endursegja.

Rétt er einnig að minna á stórskemmtilega frásögn Ólafs Dýrmundssonar af pílagrímsferð til Manar. Þar stunda menn einhverja misskilda hugsjónaræktun á ferhyrndu fé. Þessa grein er að finna í þessu blaði í byrjun júlí 2017. Hvet alla til að rifja hana upp.

Engar innlendar rannsóknir eða tölfræði

Kosturinn við að nánast ekkert er þekkt um eiginleikann hjá íslensku fé er að hægt er að spinna út og suður nær endalaust.

Fullljóst er að eiginleikinn erfist sem ríkjandi. Þannig er eiginleikinn týndur úr erfðamenginu sýni nýr einstaklingur ekki sín áætluðu fjögur horn. Eiginleikann er því sáraeinfalt að flytja einan og sér á milli kynslóða og ferð hans í stofninum verður ekki falin. Skyldleikarækt þarf þess vegna aldrei að koma til sögunnar. Varla nema almestu sérvitringar sem ætla sér að fara að rækta þetta sem sérstakan stofn. Tilhneiging er samt til að blanda hann litum og því miður hafa einhverjir mengað forystufé með þessum eiginleika.

Á að flokka ferhyrnt fé sem erfðagalla?

Kem ég þá að því að ferhyrnt á að mínu viti að flokka sem erfðagalla. Ég þekkti svona vanskapaða einstaklinga ekki fyrr en á unglingsárum að einn margra fjáreigenda á Dalvík á þeim árum varð sér úti um slíkt furðudýr úr fjarlægri sveit. Hornin voru það löng og bogamynduð að aumingja skepnan gat aðeins bitið í vegköntum. Þá minnist ég stríðs Lárusar Birgissonar á hrútastöðinni í Borgarnesi við að koma Hyrni þar fyrir í þrengslunum og endaði með að Hyrnir var sviptur hornunum að mestu með hornskellingu. Þannig er ljóst að mikið óhagræði hlýst af slíku fé á garða, hornin eru öðrum hornum hættulegri umhverfinu og meðferð á þessu fé á beit getur orðið dýraníð. Nægi þetta ekki til að skilgreina erfðagalla veit ég ekki hvað þarf til.

Misskilin verndunarþörf

Ein firra sem stundum heyrist er að það þurfi fjölda fjár til að viðhalda eiginleikanum. Þar nægir í raun að mestu einn stöðvarhrútur eins og Satúrnus nú. Bændur virðast líka farnir að umgangast eiginleikann af skynsemi enda samkvæmt hrútaskrá innan við 50 afkvæmi hans sem rötuðu í sláturhús síðasta haust. Hvergi er að finna upplýsingar um höfuðdjásn þessara afkvæma en ætla má að flest hafi verið án fjögurra horna, þau lömb hafa verið sett á hafi notkun hrútsins haft einhvern tilgang. Með að hafa einn svona hrút á stöð er dreifing tryggð vítt um land sem er það eina sem þarf til að tryggja öruggt viðhald gensins. Framboð á sérvitringum er áreiðanlega alltaf nægjanlegt. Ágætt er að sæmilegir framleiðslueiginleikar fylgi með fjórum hornum hjá stöðvarhrúti og hefur sæmilega tekist til með síðustu stöðvarhrúta með fjögur horn þó að það væri heldur óburðugt oft hér á árum áður.

Hvaðan er genið komið í íslenska féð?

Þetta leiðir hugann að því hvar eiginleikinn sé upprunninn hjá íslensku fé. Áreiðanlega kom hann ekki með landnámsmönnum eða réttara því sauðfé sem þeim fylgdi. Skrifandi menn nokkrum hundruðum ára eftir landnám virðast ekki hafa séð slík furðudýr. Slík dýr eru ávallt vel færð til bóka á gömlum skinnpjötlum. Hér er sett fram sú kenning að einhverju sinni fyrr á öldum hafi einn hrútræfill borist til landsins með erlendum sjóurum. Sennilega frá Bretlandi af Jacob kyni sem frægt er fyrir þessi fjögur horn. Afkomendur hafi síðan dreifst til margra landshorna eins og með sæði frá stöðvunum er dreift í dag. Hinn margfrægi erfðabreytileiki sem margir hafa ranghugmyndir um að þurfi að viðhalda með fjölda fjár er því aðeins varðveisla á þessu eina geni. Nýlega var mér sagt að til hefði verið ferhyrnt fé norður í Árneshreppi á síðustu öld. Voru það mögulega leifar fyrstu landtöku gensins frá hvalveiðimönnum þar norður frá fyrr á öldum? Til er önnur og leiðinlegri saga af landtöku hrúta þar í sveit en áttu að verða fæða sjómanna frá síðustu öld.

Örstutt saga sæðinga og ferhyrnda fjárins

Sæðingar eru eins og sagt er besti kosturinn við að tryggja endurnýjun gensins frá kynslóð til kynslóðar. Halldór Pálsson var mikið fyrir sérkennilegheit hjá íslensku fé. Hann undi því illa að ekkert ferhyrnt fé var að finna í Borgarfjarðarhólfi. Hafði hann upp á, að því mér hefur verið sagt, grámórauðum hrúti vestur í Staðarsveit og lét flytja á stöðina við Borgarnes og dreifa sæði úr. Þetta er upphaf sæðinga með ferhyrndum hrútum hér á Íslandi. Frekari deili á þessum hrúti kann ég engin. Þetta var á áttunda áratuginum. Bændur biðu fram yfir aldamót eftir að næsta furðudýr kæmi á stöðvarnar. Þeir hafa síðan gegnt vel hlutverki sínu þar og með sífellt skynsamlegri og að því er virðist minnkandi notkun þessara hrúta.



Mjöðvitnir í Bræðratungu segi ég glæsilegustu ferhyrnda kind sem ég hef séð. Eigandi hans var Gunnlaugur Skúlason dýralæknir en hrúturinn mun fæddur í Eystra-Geldingaholti. Mynd / tímarit.is



Sæðingastöðvarnar hafa flest ár á þessari öld boðið upp á sæði úr ferhyrndum hrúti. Alur 13-975 frá Þúfnavöllum í Hörgárdal var einn þeirra, glæsigripur. Alur bar Borgarútgáfu af geninu fyrir ferhyrndu, sem nánar er fjallað um í greininni. Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Nokkrar mismunandi útgáfur gensins

Ég tel mig geta greint tvo meginupprunastaði fyrir genið og síðan einn eða tvo með takmarkaðri útbreiðslu. Þetta vil ég tala um sem mismunandi útgáfur af geninu

Langútbreiddustu útgáfuna vil ég kalla Borgargenið kennt við Borg í Arnarfirði og þann landsþekkta sérvitring Hákon Sturluson sem síðar bjó á Hjallkárseyri við sama fjörð. Við fjárskiptin dreifðust fjögur horn í flest varnarhólf frá Þjórsá vestur og norður að Skjálfandafljóti. Auk þess dreifðist það innan Vestfjarða. Frægt var forystufé á Mýrum í Dýrafirði þar sem forystueiginleikinn og þessi útgáfa af geninu fylgdust að meðan sauðfé var þar að finna. Þess má geta að á fyrstu árunum eftir fjárskiptin voru flutningar í Árnessýslu frjálslegri en síðar varð og genið gat flotið frjálst austur yfir Hvítá. Það an minnist ég einnig glæsilegasta einstaklings með þetta gen sem ég hef séð, Mjöðvitnis í Bræðratungu. Hann mun hafa verið fæddur í Eystra-Geldingaholti en lifað í hartnær áratug.

Aðra útgáfu af geninu kalla ég Mörtungu-genið, kennt við samnefndan bæ á Síðunni. Það fé er að finna í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Þetta fé mun hafa dreifst til Austurlands við riðufjárskiptin þar. Mest hefur það samt dreifst með sæðingum en Hyrnir, Höfði og núverandi Satúrnus hafa þá útgáfu gensins. Allir aðrir stöðvarhrútar báru genið kennt við Borg. Norður á fæðingarslóðir Satúrnusar mun það hafa flust með sæði úr Hyrni. Þegar ég kom að Mörtungu, í sambandi við fyrirhugaða stöðvarferð Höfða, sagði Ólafur Oddsson mér að þangað hefði genið komið á þriðja áratug síðustu aldar með lambhrúti sem fenginn hafði verið úr sláturfé hjá SS í Reykjavík og síðan reiddur á hestbaki yfir stórfljótin þangað austur.

Miklu takmarkaðri útbreiðsla gensins er útgáfa þess sem ég kenni við Borgarfjörð eystri. Það gen mun hafa lifað af riðuniðurskurð uppi á Skriðdal, mest þar í Geitdal þar sem fjárbúskapur mun nú aflagður. Einhver útbreiðsla á þessari útgáfu er í sumum sveitum í Austur-Skaftafellssýslu út af hrúti sem Ásgrímur Halldórsson flutti til Hafnar austan af Borgarfirði fyrir mörgum áratugum. Brunn fyrir genið á Borgarfirði segja menn mér hafa verið í Húsavík

Fjórðu útgáfuna af geninu kenni ég við Vopnafjörð. Þekktust er ræktun á fé með þessa útgáfu hjá Sverri Möller á Ytra-Lóni. Hvort útbreiðslan er meiri en á Langanesi og Vopnafirði er mér ókunnugt. Mögulega eru þessar aukaútgáfur á austurhluta landsins ein og sú sama. Þekkt er að á Langanes kemur eiginleikinn frá Teigi í Vopnafirði um 1970. Mér var bent á að mögulega sé þetta gen komið af Borgarfirði um miðja síðustu öld og því um sömu útgáfu að ræða á báðum stöðum.

Nú er nánast hver fullorðin sauðkind hér á landi skráð í FJARVIS. Skora ég á alla eigendur þessara furðugripa að skrá hornalag þeirra þar. Þannig má þar rekja ferðalag einstakra útgáfa af geninu í fjárstofni landsmanna. Það er áhugavert. Þannig mundi þá að lokum einnig fást marktæk tölfræði um ferhyrnt fé hér á landi.

Í næstu grein förum við síðan að ræða fjölbreytni lita. Það þekki ég að er áhugamál margra.

Jón Viðar Jónmundsson, *sjálfstætt starfandi búvísindamaður.*



Samtengt flutningsnet raforku og stýrikerfi Landsnets er mikilvægur þáttur raforkuöryggis. Mynd / Landsnet

Raflínunetið, stýrikerfi og orkusala

– Fróðleikur um orkumál og orkuskipti – 3. hluti

Munur er á flutningskerfi raforku og dreifikerfi, og við bætist sölukerfi. Hvað er íblöndun?

Flutningsfyrirtæki

Stórt flutningsnet tengir raforkuver landsins við notendur. Virkjanir eru samtengdar þannig að rafstraumur fer um leiðarana á háspennu- möstrum og tvöföldum téstaurastæðum í gagnstæðar áttir eftir þörfum. Eitt opinbert fyrirtæki, Landsnet, rekur mannvirki netsins, s.s. spennistöðvar, loftlínur og jarðstrengi og flytur raforku frá vinnslustað, á spennusviði frá 66kV til 220kV, til sölu á almennum heildsölumarkaði eða beint til stórnotenda (orkufrekrar starfsemi).

Stýrikerfi

Raforkuframleiðslukerfi með mörgum tengdum virkjunum sem ýmist nota vatnsafl, jarðvarma eða vind til starfseminnar þarfnast flókinnar stýringar (reglunar) og eftirlits, mínútu fyrir mínútu.

Stafrænt, miðlægt hátæknikerfi hjá Landsneti samræmir virkni orkuvinnslustöðvanna og flutningskerfisins. Komi upp vandi í framleiðslunni, línur rofna eða spennar bila o.s.frv. er unnt að



Ari Trausti Guðmundsson.

bregðast við og koma í veg fyrir, eða lágmarka, frekari vanda og tjón. Einnig er stýrikerfið notað til að láta ólíkar virkjanir „vinna saman“ vegna breytilegs álags eða ytri skilyrða, t.d. auka eða minnka orkuframleiðslu einstakra virkjana.

Dreifiveita

Fyrirtæki sem rekur mannvirki, tengivirki, loftlínur og jarðstrengi og dreifir raforku til sölufyrirtækja nefnist dreifiveita. Dreifiveitur starfa á spennubili frá 0,4kV til 132kV á almennum smásölumarkaði.

Dreifiveitur vinna samkvæmt sérleyfi og kaupa raforkuna frá flutningsfyrirtæki, þ.e. Landsneti. Þær eru fimm talsins: HS Veitur, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða, RARIK og Veitur.

Sölufyrirtæki

Sölufyrirtæki á sviði orku sjá um orkusölu til flestra notenda og eru valkvæð, eins og allr þekkja hvað varðar olíu- og bensínsölufyrirtæki en nú orðið gildir það einnig um sérstaka raforkuseljendur.

Þeir teljast nú vera átta og þeim ber að eiga í innbyrðis samkepnni um rafokuverð: Fallorka, HS Orka, N1rafmagn, Orka heimilanna, Orka náttúrunnar (ON), Orkubú Vestfjarða, Orkusalan og Straumlind.

Íblöndun eldsneytisala

Seljanda eldsneytis ber að tryggja (frá 2014 að telja) að ákveðið hlutfall af árlegri sölu af jarðefnaeldsneyti til notkunar í samgöngum sé endurnýjanlegt eldsneyti. Það getur numið að lágmarki 5% af orkuinnihaldi (frá 2015 að telja). Oftast er alkóhóli (etanóli eða metanóli) bætt í bensín en lífdísli í dísilolíu. Hér á landi er ljóst að íblöndun dísilolíu er viðhöfð, til að ná lágmarksblöndun í jarðefnaeldsneyti í heild. Blandað er hreinsiefni (ótilgreint) í bensín hjá tveimur seljendum a.m.k. en óljósar hvort alkóhól er notað hjá öðrum, en sú íblöndun virðist umdeild hér á landi. Flugvélaeldsneyti virðst ekki vera blandað öðrum efnum.

Ari Trausti Guðmundsson,
jarðvísindamaður, rithöfundur og fyrrum þingmaður.



Jörðin Hallgilsstaðir 1 í Langanesbyggð er til leigu.

Á jörðinni er stundaður sauðfjárbúskapur með um 400 fjár. Tún og ræktarlönd eru um 35 ha, beitiland gott og húsakostur ágætur. Leigutími er frá 1. ágúst nk. en getur verið samkomulagsatriði.

Nánari upplýsingar fást hjá Jónasi Pétri Bóassyni formanni Jarðasjóðs Langanesbyggðar s. 844 0752 og á netfanginu jpb@centrum.is Þeir sem hafa áhuga á því að leigja jörðina eru vinsamlegast beðnir að skila inn tilboði á skrifstofu Langanesbyggðar eða á netfangið bjorn@langanesbyggd.is fyrir 12. mars n.k.

Jarðasjóður Langanesbyggðar.

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**


Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn fyrir 2023.

Styrkhæf eru verkefni sem talin eru styrkja verðmætasköpun í matvöruhluta íslenskra sauðfjárafurða. Falli undir að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf. Umsóknarfrestur er til og með 14.mars 2023.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra í netfanginu haflidi@icelandiclamb.is



ÍSFELL

VÖNDUÐ HÖFUÐLJÓS

Hafðu samband, kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!



NEWTON 2 400LM





NEWTON 4 600LM
Með hleðslubatteríum og USB





RAINBOW 1 350LM
Með hleðslubatteríum og USB





T3090 2000LM
Með hleðslubatteríum og USB



isfell.is
Sími 520 0500

ÞEKKING • ÞJÓNUSTA • GÆÐI

EYJALIND **Varahlutir í Bobcat**





Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

VÉLABÁSINN

Gott grip á öllum vegum

– Umhverfisvænn bíll sem þolir ófærð



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Að þessu sinni var tekinn til kostanna rafmagnsbíllinn Toyota bZ4X VX, sem er fjórhjóladrifinn jepplingur með prýðilega veghæð.

Toyota hefur loksins hoppað á vagn rafknúinna bíla og er útkoman kostum gædd, enda afrakstur samstarfs Toyota og Subaru.

Síðarnefnda bílategundin framleiðir eineggja tvíbura bZ4X, sem ber nafnið Subaru Solterra. Þessar bifreiðar veita rafmagnsbílum eins og Hyundai Ioniq 5 og Skoda Enyaq iV harða samkeppni.

Frá öllum hliðum er bíllinn hinn fríðasti. Útlitinu má lýsa sem samruna milli Toyota Rav4 og Subaru Outback með smá skammti af dirfsku í hönnunareinkennum hér og þar. Þar má nefna plastklæðninguna á fremri hjólaskálunum sem teygir sig hálfa leið fram fyrir framljósin og vindskeiðið sem af einhverjum ástæðum er klofið í miðjunni. Það flippaðasta við bíl þennan er þó nafnið – bZ4X. BZ á að standa fyrir „beyond zero“ og 4X stendur fyrir fjórhjóladrif. Þrátt fyrir að útlitið ögri er heildarniðurstaðan góð.

Að innan er umhverfið nútímalegt, en á einhvern hátt mjög kunnuglegt ef maður hefur reynslu af öðrum Toyota eða Subaru bílum. Mælaborðið er með tauáklæði sem gefur innréttingunni fágaðan blæ. Hraðamælirinn er sérlega nýstárlegur þar sem hann er staðsettur í kverkinni þar sem framrúðan og innréttingin mætast og er horft yfir stýrið til að sjá hraðann – ekki í gegnum það. Þar sem hraðamælirinn er ofarlega og fjarlægur, er lítil áreynsla að líta á hann þar sem augun þurfa ekki að skipta eins mikið um fókus.

Brotthvarf hanskahólfsins

Í innréttingunni er ekkert hefðbundið hanskahólf, en samkvæmt umboðinu var því fórnað til að gefa farþeganum aukið rými. Undir armhvílunni er lokuð hirsla sem vegur ekki upp á móti brotthvarfi hanskahólfsins. Undir miðjustokknum er einnig opin hilla þar sem hægt er að safna drasli.

Lágt og stutt húdd, þunnir gluggapóstar og hliðarspeglar sem eru ögn aftar en á mörgum bílum halda blindum punktum í lágmarki. Þetta er kærkominn eiginleiki þegar ekið er að hringtorgum, gatnamótum og gangbrautum. Glerþak gefur góða birtu inn í bílinn. Sætin eiga skilið sérstakt hrós, en vandað form og mjúkur svampur gerir þau þægilegari en í mörgum lúxusbílum. Hávaxnir komast vel fyrir í öll sætin, þó ekki megi tæpara standa.

Eins og Subaru í akstri

Samstarfið við Subaru hefur skilað sér í bifreið með sérlega góðum aksturseiginleikum á vegum þar sem yfirborðið er ekki fullkomið, enda er það framleiðandi sem er þekktur fyrir fjórhjóladrifna bíla með lágan þyngdarpunkt. Á malarvegum eða hlykkjóttum þjóðvegum með snjóföl grípur bíllinn ótrúlega. Góð veghæð minnkar áhyggjur af því að aka yfir litla skafla eða grjót á veginum. Sportlegir aksturseiginleikar hafa ekki skilað sér í höstum bíl, því Toyota bZ4X fer býsna vel með ökumann og farþega.

Þessi bíll er með tvo mótora – einn fyrir hvorn öxul. Saman gefa þeir 218 hestöfl sem hljómar ekki mikið á bíl sem er rúm tvö tonn að þyngd. BZ4X er hins vegar ótrúlega kvikur í akstri og skýst upp í hámarkshraða á augnabliki. Stundum heyrast viðvörunarhljóð í akstri, eins og gengur og gerist í nýjum bílum.

Ókosturinn í þessum bíl er þó sá að ökumaðurinn hefur oft ekki minnstu hugmynd af hverju ökutækið er að gefa hljóðmerki – sem er einungis til að valda grunlausum bílstjóra ama. Þegar sett er í bakkgír heyrist stanslaust píp inni í bílnum sem er algjörlega óþarft – hver þarf stöðuga áminningu á að viðkomandi sé að bakka?

Afbragðs akstursaðstoð

Þessi bíll er búinn akstursaðstoð, eins og fjarlægðatengdum hraðastilli og akreinastýringu, sem minnka álagið á ökumanninn. Mjög fljótlegt er að kveikja á þessum kerfum og heldur bíllinn sig örugglega í miðju akreinarinnar ef vegmerkingar eru í lagi. Ólíkt mörgum bifreiðum, er bZ4X umburðarlyndur gagnvart því að ökumaðurinn haldi varla í stýrið á meðan sjálfstýringin er í gangi.

Fremst á bílnum er myndavél sem varpar skýrri mynd á margmiðlunarskjáinn í miðju mælaborðsins. Um leið og ekið er hægar en tíu kílómetra hraða kviknar sjálfkrafa á myndavélinni sem getur hjálpað óöruggum ökumönnum að keyra í miklum þrengslum. Ókostur er þó að drulla festist mjög hratt á myndavélinni og er eina leiðin til að þrífa hana að stíga út og strjúka af með puttanum. Þarna hefði mátt vera stútur fyrir rúðupiss.

Drægni heldur lítil

Toyota gefur upp að fjórhjóladrifna útgáfan af bZ4X sé með allt að 460 kílómetra drægni við bestu aðstæður.

Blaðamaður tók við bílnum með nánast fullri rafhlöðu og eftir hundrað kílómetra (glannalegan) akstur við óhagstæð veðurskilyrði, var rafhlaðan hálfnuð.

Þó að við almenna notkun megi reikna með að drægnin verði umtalsvert betri benda prufanir erlendra blaðamanna til að þetta atriði sé einn veikasti punktur bílsins.

Tölur

Helstu mál eru: Lengd 4.690 mm; breidd 1.860 mm; hæð 1.600 mm. Eigin þyngd er 2.105 kg, en heildar þyngd er 2.275 kg. Stærð rafhlöðu er 71,4 kWst. Verðið á Toyota bZ4X í VX útfærslu og með fjórhjóladrifi er 9.350.000 krónum m. vsk. Ódýrasta útgáfan, sem einungis er með drifi að framan og minna af staðalbúnaði, fæst á 7.350.000 krónur m. vsk.

Í stuttu máli

Toyota bZ4X er vel útbúinn og vandaður bíll með afbragðs aksturseiginleika.

Fjórhjóladrif og mikil veghæð ættu að gera þetta að vænlegri bifreið til notkunar á vondum vegum og í ófærð.

Sakir stuttrar akstursdrægni er þó ekki hægt að mæla með bifreiðinni ef fyrirhugað er að aka mikið í dreifbýli.



Toyota bZ4X er fyrsta útspil Toyota á rafbílamarkaðnum, ef frá eru taldir sendibílar unnir í samstarfi við Peugeot og Citroën. Aksturseiginleikar eru með þeim bestu á rafknúnum fólksbílum. Útlitið er áhugavert og vel heppnað. Myndir / ÁL



Toyota bZ4X og Subaru Solterra eru eineggja tvíburar sem eru afrakstur samstarfs milli þessa tveggja japönsku bílaframleiðenda.



Afstaða hraðamælisins er þannig að ökumaður horfir yfir stýrishjólið. Fáir blindir punktar, þökk sé þunnum gluggapóstum og vel staðsettum hliðarspeglum.



Stór afturhlerinn gefur aðgang að 452 lítra stóru skotti. Öflugur hleðslukapall fylgir.



Aftursætin rétt rúma farþega af stærstu gerð. Glerþakið hleypir inn mikilli birtu.

FRÆÐSLA



Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna er staðsett á Reykjum í Hrútafirði.

Söfnin í landinu:

Sér um kennslu 3.000 barna

Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna á sér langa og merkilega sögu sem spannar tæplega 60 ár. Byggðasafnið var formlega opnað þann 7. júlí 1967.

Ákveðið var að reisa safnið á Reykjum í Hrútafirði og var sú staðsetning vel ígrunduð. Á þessum tíma voru Reykir miðstöð menningar og mennta við Húnaflóa. Þar var Héraðsskólinn að Reykjum starfræktur allt frá árinu 1931. Skólinn var vinsæll og fjölmörg ungmenni úr héraðinu sóttu sér menntun þangað. Héraðsskólinn var lagður niður árið 1981 en í hans stað hafa Skólabúðirnar á Reykjum verið starfræktar í gömlu húsakynnum skólans síðan 1988 og sækja nemendur skólabúðanna meðal annars kennslu á byggðasafnið.

Nemendur Skólabúðanna koma alls staðar að af landinu og er því safnið orðið kunnugt mörgum. Kennslan sem fram fer á byggðasafninu er stærsta einstaka verkefni sem unnið er ár hvert hjá safninu. Safnið sér um kennslu yfir 3.000 barna ár hvert. Það má því með sanni segja að Skólabúðirnar lífgi upp á safnastarfið. Kennslan skiptist í tvo hluta. Í fyrsta lagi er nemendum kennt um líf og störf fólks í hinu gamla íslenska sveitasamfélagi. Í öðru lagi er nemendum kennt um Hákarlaskipið Ófeig og hákarlaveiðar við Húnaflóa um aldamótin 1900.

Síðustu tvö ár hefur safnið unnið að stóru skráningarverkefni og hefur safnið fengið tvo styrki til að vinna að því. Einnig hafa eldri skráningar verið endurskoðaðar með markvissum hætti og gripir tengdir saman sem áður voru ótengdir í frumskráningu. Það er gaman að fylgjast með því þegar meira skipulag kemur á safngripina og upplýsingar um þá verða aðgengilegir öllum sem vilja. Skráningin er stórt verkefni og um að gera fyrir þá sem hafa áhuga að fylgjast með okkur á vefnum www.sarpur.is.

Safnið vinnur einnig að endurnýjun grunnsýningarinnar og hinum ýmsu verkefnum. Má þar nefna sýningu um margvíslegan útskurð Húnvetninga og Strandamanna sem varðveittur er á safninu. Á sýningunni er ljósi varpað á efni, listform, stíl og höfunda. Sýningin *Matarmenning* er einnig hluti af grunnsýningu safnsins en hún fjallar í stuttu máli um geymsluaðferðir matvæla fyrir tíma rafmagns. Verkefnið *Rekaviður, bátar og búsgögn* var framlag safnsins til Evrópsku menningarminjadaganna 2021 og var sjónum beint að vægi rekaviðar í búsetu fólks á safnasvæðinu. Safnið hyggst byggja ofan á þessa hugmynd og setja upp útisvæði þar sem vinnsla rekaviðar fyrr á tíð verður gerð sýnileg með ýmsum hætti. *Baðstofan í beinni* og *Fólkið í héraði* eru verkefni sem snúa að miðlun menningararfs. Það fyrrnefnda inniheldur beinar útsendingar á margvíslegum upplestri, kvæðasöng eða öðru slíku úr baðstofu Syðsta-Hvamms, sem varðveitt er í heilu lagi á safninu. Í því síðarnefnda verður sett upp smásagnasýning þar sem dregnar verða fram sögur af ólíku fólki frá safnasvæðinu á ólíkum tímum. Er hér um að ræða hvunndagshetjurnar sem fæstar hafa staðið á torgum en sett sitt mark á samfélögin engu að síður.

Eins og sjá má á þessum stutta pistli er margt spennandi í gangi hjá byggðasafninu á Reykjum.

Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin á safnið.

Sólveig Benjamínsdóttir.






KROSSGÁTA Bændablaðsins



191	FRAM-VEGIS	OFURSELJA	FÆÐI	EFTIR-LÍKING	KVK. NAFN		LJÓMA	VERKFÆRI	
FORDÆMA									TRÉ
ARKAR-BROT						ÍLÁT / KYRTLA			
TVEIR EINS			SPIL / SKRIK						
FJANDI / GRUNA					EKKI NOKKRU / ÖFUG RÖÐ				
		FÓÐRA	FRJÓ-KORN	BJÁSTUR				ERFIÐ / REIÐI		
NÝR						LAGFÆRA	LÆTI / STREYMIR			NÓTA / VERNDA	
KEMST				ÞOLI / ÁVÖXTUR					ÖFUG RÖÐ / BAUKUR		SJÓNAR-MIÐ
HRJÚF					LÍFFÆRI / HLJÓTA					ÁBREIÐA / STEIND		
TVEIR EINS			ÓVISS / KUNNÁTTA					BRÚSK / FUGL				ERFIÐI
		FUGL / PATA					ÍÞRÓTT / BLÖSKRA					
FRÁ-BITINN					FESTA / DREITILL						TVEIR EINS / NÆGILEGT	
GLÓSA							FREKAR / TVEIR EINS					
VARÐ-VEISLA						SLÓ			HIRÐU-LEYSINGI			
SKILAR SÉR						LEIKUR				SMUGA		

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



190	VOPN	GESTA-BOÐ	ÓNUG	FLÓKTI		FARAR-TÆKI	SAMHÆFA	ROSA	MISSIR	
VINGSA	S	V	E	I	F	L	A	S	T	ÓGÆFA
ÞARF	V	E	R	Ð	KK NAFN	E	Ð	V	A	R
EKKI	E	I	G	I	HANGA / UPP-GANGUR	S	L	A	P	A
Í RÖÐ / DRÍFANDI	R	S	ÞOLDI	EINING / REYNDAR	S	T	A	K	FÚSLEGA	U
	S	HÓTA	HLJÓTA / Í RÖÐ	Ö	Ð	L	A	S	T	NYTSEMI / DRYKKUR	G	A	G	N
RÚST	T	Ó	F	T	AFDREPI / ÁSTUNDUN	A	F	K	I	M	A	ÖFUG RÖÐ / PRÝÐA	J	I
KVÍÐI	U	G	G	U	R	SVEIG / BRÚKA	B	O	G	A	TVENND / SKRÁ	P	A	R
TVEIR EINS	N	N	LÆKUR / ÓHREINK-AST	L	Æ	N	A	REIÐUR / GÖÐ-GLAÐUR	I	L	L	U	R	ÞRAUKA
LÚI	D	A	S	HRYGLA / HAFÐIR	K	O	R	R	KVARS-STEIN / HÖRFA	T	I	N	N	U
	A	GLATT / STILLA	K	Á	T	T	Í RÖÐ / FEITI	A	B	TALGALLI / RISTI	S	T	A	M
BLIK	G	L	I	T	ÁORKA / GRUNA	A	F	K	A	S	T	A	ÓVILD	B
HAPP-DRÆTTI	L	O	T	T	Ó	HAPP	L	U	K	K	A	ÖFUG RÖÐ / KEMST	F	E
SMÁRÆÐI	A	G	N	I	R	GETA	O	R	K	A	NÁLÆGT	N	Æ	R
ÞJÓTA	S	N	A	R	A	S	T	MÓTLÆTI	A	R	M	Æ	Ð	A

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

www.bbl.is

BÆRINN OKKAR

Á Starrastöðum í gamla Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði hefur sama fjölskyldan búið frá árinu 1901 er Ólafur Sveinsson frá Bjarnastaðahlíð fluttist þangað með fjölskyldu sína og hóf búskap. Hann kaupir síðan Starrastaði af kirkjunni 1916 og jörðin hefur því verið í eigu fjölskyldunnar í 107 ár. Á Starrastöðum hefur alla tíð verið blandaður búskapur með sauðfé, kýr og hross. Árið 1984 voru svo heitavatnslindir virkjaðar og fyrsta gróðurhúsið reist 1985. Árið 2000 lagðist kúabúskapur af þegar heimilisfaðirinn Eyjólfur Pálsson lést.



Starrastaðir

Býli: Starrastaðir.

Staðsett í sveit: Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði.

Ábúendur: María Reykdal, Þórunn Eyjólfsdóttir og Sigurður Baldursson, Margrét Eyjólfsdóttir og Guðmundur Ingólfsson, Erna María Guðmundsdóttir (11 ára) og Eyjólfur Örn Guðmundsson (8 ára).

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Sjö manna fjölskylda, hundarnir Barón, Tígull og Spaði auk gróðurhúsakattarins Tinnu.

Stærð jarðar og gerð bús? 460 ha, þar af 35 ha tún. Sauðfjárbú og rósarækt.

Fjöldi búfjár og tegundir? Í dag eru á bænum 413 kindur, ca 40 hross og rósir í 650 fm gróðurhúsum.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Hefðbundinn vinnudagur byrjar á því að skepnunum er gefið og allir fara í sína vinnu fjarri bænum. Þegar heim er komið er farið að sinna sauðfénu, klippa rósir og pakka og koma þeim í sölu.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegustu bústörfin eru sauðburður og smalamennskur á haustin og að vinna við rósirnar í gróðurhúsunum þegar frost og kuldi er úti. Leiðinlegustu störfin eru girðingarvinna og skítmokstur.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Eftir fimm ár verður allt með svipuðu sniði en hugsanlega búið að stækka gróðurhúsin þar sem mikil eftirspurn er eftir rósum frá okkur.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Í ísskápnum hjá okkur er alltaf til ostur, Sveitabiti frá Kaupfélagi Skagfirðinga.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Uppáhaldsmaturinn á heimilinu eru innbökuð lambahjörtu og hangikjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar yngsta dóttirin var að raka heyi á gamla Deutz með dragtengda rakstrarvél aftan í og skellti traktornum með rakstrarvélinni í heilu lagi ofan í breiðan skurð, lenti á hjólunum. Var of forvitin að fylgjast með hinum og gleymdi að beygja.







MATARKRÓKURINN

Saltkjöt og baunir, túkall

Hafliði Halldórsson
haflidi@icelandiclamb.is



Saltkjöt og baunir þekkja allir, einföld klassík úr okkar matarhefð sem allir þekkja og flestum þykir góður matur. Rétturinn krefst ekki flókins undirbúnings, en þarf að fá sinn tíma í suðu. En hvaðan kemur hefðin sem felst í saltkjötsneyslu á sprengidag sem núna er nýliðinn?

Sprengidagur er síðasti dagur fyrir lönguföstu sem hefst á öskudegi, sjö vikum fyrir páska. Þessi tími átti að vera syndugum til íhugunar og góðrar breytni, auk föstunnar að sjálfsögðu, sem á Íslandi takmarkaðist yfirleitt við kjötmeti en gat einnig náð til fiskvöru og mjólkurafurða. Ef langt var gengið hljóðaði mataræðið upp á vatn og brauð.

Í Evrópu tíðkuðust, og tíðkast enn þar og víða í heiminum, sérstakar kjötkveðjuhátíðir síðustu dagana fyrir lönguföstu, miklar útihátíðir og skemmtanir. Föstuinngangur fer saman við vorkomu á suðlægari slóðum og þar hafa heiðin hátíðahöld örugglega haft áhrif sem síðan hafa borist til norðlægari landa. Dagarnir fyrir upphaf föstu voru líka hefðbundnir uppgjörsdagar skatta víða í Evrópu, sem gjarnan voru greiddir í búfénaði og matvælum. Hjá aðalsmönnum hefur því verið til ógrynni matar á þessum tíma sem helst þurfti að nýta sem fyrst vegna bágra aðstæðna til matvælageymslu. Heldra fólk gerði því vel við sig í mat á þessum tíma, og kirkjunnar menn og aðrar stéttir létu sitt ekki eftir liggja.

Strjálbýli og veðurfar hafa að öllum líkindum komið í veg fyrir að útihátíðahöld næðu fótfestu á Íslandi á þessum árstíma en skemmtunin haldist innan veggja heimilanna, búanna. Eins og venjan á sprengidag gefur til kynna, saltkjöt og baunir í mál, hefur eitthvað verið gert til að breyta til í mataræði við upphaf föstu hér á landi.

Þó ekki hafi tekist að rekja sögu þessara hefða langt aftur í tímann, má gera ráð fyrir að siðbreyting frá katólskum sið hafi haft mikil áhrif á hvernig menn höguðu sér á lönguföstu og við upphaf hennar.

Lagstúfurinn „Saltkjöt og baunir, túkall“ er oft sunginn þegar sprengidagurinn fer að nálgast en er einnig oft sönglaður til merkis um að einhverju sé lokið, til dæmis skemmtiatriði. *(Heimildir: Vísindavefurinn.)*




Saltkjöt & baunir
6 skammtar

3 kg saltkjöt
3 l vatn
2 msk. olía
2 laukar, saxaðir
3 beikonsneiðar, saxaðar
300 g gular baunir, lagðar í kalt vatn yfir nótt, síðan er vatnið sigtað frá
2 l vatn

Skolið kjötið og setjið í pott með 3 l af vatni og sjóðið við vægan hita í minnst 70 mín. Hitið olíu í öðrum potti og svitið lauk og beikon á meðalhita í 3 mín. Bætið baunum og 2 l af vatni í og sjóðið á rólegum hita í 30-40 mín. Hrærið í pottinum reglulega. Bætið þá 1-2 kjötbitum í súpupottinn og sjóðið í 30 mín í viðbót. Þegar kjötið er orðið meyrt og baunirnar mjúkar er hún borin fram, sumir vilja mauka hana fínt í matvinnsluvél eða töfrasprota. Smakkið til með pipar.
Berið súpuna fram með kjötinu ásamt soðnum kartöflum, rófum og gulrótum.

HANNYRÐAHORNIÐ





Mynsturteikning A1

☐ Slétt lykkja frá réttu, brugðin lykkja frá röngu

⊟ Slétt lykkja frá réttu, slétt lykkja frá röngu

☐☐ Á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni upp á prjóninn, í næstu umferð er uppsláttur prjónaður snúinn slétt - það eiga ekki að myndast göt.

Nettur hálsklútur / sjal

Stykkið er prjónað frá hlið í garðaprjóni úr dásamlega Drops Sky garninu.

DROPS Design: Mynstur sk-182
Stærð
Hæð: Mælt frá miðju = ca 20 cm.
Breidd: Mælt meðfram efri hlið frá hlið að hlið = ca 116 cm.
Garn: DROPS SKY (fæst í Handverkskúnst): 50 g litur á mynd nr 09, trönuber
Prjónar: Hringprjónn nr 4, 60 cm.
Prjónfesta: 21 lykkja á breidd og 42 umferðir á hæð með garðaprjóni = 10x10 cm.
Mynstur: Sjá mynsturteikningu A.1. Mynsturteikning sýnir allar umferðir í mynstri séð frá réttu.

SJAL - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:
Stykkið er prjónað fram og til baka á hringprjóna, frá hlið að hlið.
SJAL: Fitjið upp 5 lykkjur á hringprjón nr 4 með **DROPS Sky.** Prjónið og aukið út eins og útskýrt er í mynsturteikningu A.1 (fyrsta umferð er frá réttu). Þegar mynsturteikning hefur verið prjónuð til loka, prjónið garðaprjón og sléttprjón eins og áður jafnframt því sem útaukning heldur áfram innan við 2 lykkjur í byrjun á 6. hverri umferð.
Það eru alltaf 2 lykkjur í sléttprjóni í hvorri hlið á stykki og það verða fleiri og fleiri lykkjur í garðaprjóni í miðju á stykki.

Þegar stykkið mælist ca 56 cm frá uppfitjunarkanti er prjónað garðaprjón og sléttprjón eins og áður án þess að auka út í 4 cm. Haldið áfram í garðaprjóni og sléttprjóni eins og áður, en nú er lykkjum fækkað innan við 2 lykkjur sléttprjón í sömu hlið á stykki eins og aukið var út áður.

Þ.e.a.s. prjónað er frá réttu þannig: Prjónið 2 lykkjur sléttprjón, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, 1 lykkja slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð. Prjónið eins og áður út umferðina. Haldið áfram með úrtöku innan við 2 lykkjur sléttprjón í byrjun á 6. hverri umferð, það eru áfram 2 lykkjur sléttprjón í hvorri hlið á stykki og það verða færri og færri lykkjur í garðaprjóni í miðju á stykki. Prjónið svona þar til 5 lykkjur eru eftir. Prjónið 2 umferðir eins og áður og fellið af í næstu umferð. Stykkið mælist ca 116 cm.





SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

	3		8	9			4	7
					1	2	5	9
4	1			5		6		
		8		3	7			
7		1				3		2
			6	2		8		
		7		6			3	5
9	8	5	4					
2	6			7	9		1	

Miðlungs

		6				9		
	7		9		1		2	
9			3		8			4
		8	1	3	5	2		
1								3
		2	8	9	6	5		
6			5		9			8
	3		7		2		5	
		7				4		

Þung

		2	9					8
	1				4		6	
		9			6		5	1
							2	4
		6				8		
7	3							
3	9		2			6		
	5		4				9	
2					8	1		

Þyngst

		5	1				2	
	9							
				3			1	7
				4		9		
6			7		8			5
		8		5				
3	2			6				
							3	
	4				2	6		

ERFINGJAR LANDSINS



Ætlar að verða Hulk

Hann Einar Ingi er hress og kátur 4 ára gamall strákur sem á framtíðina fyrir sér.

Nafn: Einar Ingi Þórarinsson.

Aldur: 4 ára.

Stjörnumerki: Tvíburi.

Búseta: Vesturkot á Skeiðum.

Skóli: Leikskólinn Leikholt.

Skemmtilegast í skólanum: Að lita og leika í salnum.

Áhugamál: Að spila fótbolta, skreyta jólatré og fara á hestbak.

Uppáhaldsdýrið: Ljón.

Uppáhaldsmatur: Grjónagrautur.

Uppáhaldslag: Litalagið og Herra Hnetusmjör (upp til hópa).

Uppáhaldsmynd: Hvolpasveitarmyndin.

Fyrsta minningin: Þegar mamma var að hugga mig.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Fara í hesthúsið.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Mig langar að verða Hulk.

FRÆÐSLA



Hvítmáfur er fremur stór máfur og einn af þremur stórum máfum sem halda til við Ísland. Þeir eru svartbakur, hvítmáfur og sílamáfur. Hvítmáfurinn er mjög líkur svartbak í vexti og stærð. Hann er hins vegar allur mun ljósari eða að mestu hvítur og síðan ljósgrár á baki. Hann er hánorrænn fugl og finnst allt í kringum Norður-Íshafið. Hérna við Ísland eru helstu varpstöðvarnar við Breiðafjörð og Vestfjarðakjálkann. Þegar vetrar dreifast þeir allt í kringum landið og er líklegt að við vetrarstofninn bætist fuglar frá Svalbarða og Grænlandi. Þeirra helsta fæða eru sandsíli og loðna ásamt skeldýrum, krabbadýrum og krossfiskum sem hann leitar uppi allt í kringum ströndina. Tveir aðrir máfar eru mjög líkir hvítmáf en þeir eru silfurmáfur og bjartmáfur. Þeir eru báðir mun minni en hvítmáfur og hefur silfurmáfurinn einkennandi svarta vængenda sem hvítmáfurinn hefur ekki. Hvítmáfar og silfurmáfar hafa hins vegar kynblandast og hafa alls konar millistig orðið til. Bjartmáfur er eitt af þessum millistigum enda eru þeir mjög líkir hvítmáf nema allur miklu minni og fingerðari. Fuglinn á myndinni ber öll einkenni hvítmáfs en dökku handflugsfjaðrirnar sem sjást yst á vængjunum vekja spurningu hvort hér gæti mögulega verið kynblendingur hvítmáfs og silfurmáfs. Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

Tíska:

Gegnsætt ferli framleiðslu

Samkvæmt vefsíðu ESG Today kemur fram í nýrri könnun að einungis 0,4% fyrirtækja af tæpum 19.000 hafa sýnt fram á greinargott yfirlit yfir framleiðsluferla sína með tilliti til loftslagsaðgerða. Kemur einnig fram að tískuiðnaðurinn er einn þriggja iðnaðargeira er stendur sig hvað verst.



Má segja, að með þetta í huga hafi Frakkar ákveðið nýverið að taka stórt skref undir hatti Græns samfélagssáttmála Evrópusambandsins – *Hringlaga hagkerfi, lög gegn úrgangi* – er þeir settu fram löggjöf þess efnis að forsvarsmenn tískuiðnaðar skyldu bjóða upp á gegnsætt framleiðsluferli. Tóku lögin strax gildi og var áætlað að fyrirtæki með ársveltu yfir 50 milljónum evra skyldu fylgja tilskipuninni nú þegar. Þau, þar sem veltan er smærri, fylgja í kjölfarið yfir næstu tvö ár.

Aðgengilegt á skilvirkan hátt

Í grundvallaratriðum krefur löggjöfin tískuvörumerki um að veita neytendum ítarlegar upplýsingar er varða framleiðsluferli varningsins frá grunni. Meðal þeirra upplýsinga sem óskað er eftir má nefna sjálfbærni, möguleika á endurvinnslu, hversu mikið hlutfall efnis er endurunnið og magn örtrefja. Mætir heildarframleiðslan eftirspurn eða er um offramleiðslu að ræða? Ef svo er – hvert fara afgangsflíkur o.s.frv.?

Vöruupplýsingar skulu vera aðgengilegar neytendum bæði á sölustað og á netinu. Í raun þarf að tileinka hverri vöru sérstaka vefsíðu þar sem neytendur eru upplýstir um framleiðsluferli hennar.

Áhugavert er að einnig er krafist þess að þau lönd sem kjósa að selja varning sinn til Frakklands geri slíkt hið sama – safni saman öllum mögulegum upplýsingum, þýði yfir á frönsku og geri neytendum aðgengilegt á vefsíðu.

Er markmiðið að hvetja fólk til að taka meðvitaðar ákvarðanir um innkaup sín og meðhöndla textíl- og umbúðaúrgang á skilvirkari hátt auk þess að ýta undir að betrumbæta verkhætti innan tískuiðnaðarins. Um árabil hefur verið umræða varðandi mengun afgangsfatnaðar, en víðs vegar um heiminn má m.a. finna svæði innan íbúabyggða þar sem fatahaugar eru brenndir og valda allverulegri mengun. Svo ekki sé talað um almenna offramleiðslu á oft ódýrri vefnaðarvöru sem tekur fleiri þúsund ár að eyðast í umhverfinu.

Spor í átt að grænni framtíð tísku og textíls

Það er lofsvert að frönsk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til svo strangrar lagastefnu. Þó kom ákvörðunin frekar á óvart enda Frakkland fyrst allra landa í Evrópusambandinu til að taka skrefið.

Einhverjir fataframleiðenda eru því ekki alveg í rónni og hafa bent réttilega á að stór hluti þess fatnaðar sem ætlaður er fyrir vor/sumar 2023 sé nú þegar framleiddur og á leið í verslanir Frakklands, án þess að seljendur geti boðið neytendum upp á þær upplýsingar sem krafist er nú.

Á móti kemur að hugmyndin um gagnsætt ferli hefur verið á lofti í nokkur ár og án efa gefið fyrirtækjum og hagsmunaaðilum í iðnaði nægan tíma til að rökræða lykilatriði og rannsaka ávinning af slíkri ákvörðun. Það er því kappsmál hjá fyrirtækjum að geta sýnt fram á jákvætt ferli birgðakeðju sinnar með tilliti til kolefnisspora.

Næstu 5-10 ár skipta sköpum

Forsvarsmenn tískuiðnaðarins hafa viðurkennt að gagnsæi aðfangakeðju muni draga úr kolefnissporum framleiðsluferlisins í heild sinni og þökk sé stafrænum nýjungum er hægt að eiga auðveld og aukin samskipti við viðskiptavini sem þá í kjölfarið knýi fram breytingar.

Markmið sem þessi er mikilvægt að hafa í huga – enda samkvæmt tillögu Alþingis Íslendinga til þingsályktunar um grænan samfélagssáttmála árið 2018-19, kemur fram að:

„Nýjustu rannsóknir í loftslagsmálum sýna að næstu fimm til tíu ár skipta sköpum fyrir mannkynið. Þá mun ráðast hvort næst að stemma stigu við loftslagsbreytingum eða fást við skelfilegar afleiðingar þeirra.“

Til viðbótar við gagnsæi tískunnar er svo hægt að ná raunverulegum framförum í átt að mikilvægum sjálfbærnimarkmiðum með því að lengja líftíma fatnaðar – endurselja eða endurnýta slitna hluti og endurvinna efni. */SP*

Svampur.is

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

● *Tjaldvagninn* ● *Fellihýsið*
● *Húsbílinn* ● *Bátinn*
● *Hjólhýsið* ● *Sumarhúsið*
● *Heimilið o.m.fl!*

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is ● Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:
„Ef nokkurn þyrstir þá komi hann til mín og drekki. Frá hjarta þess sem trúir á mig munu renna lækir lifandi vatns."
Jóh. 7.37-38
biblian.is



Lok á heita potta
Eigum til á lager 5 stærðir af lokum í brúnum og gráum lit kr. 78.000,-



Rafmagnspotturinn HYDRO
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550



Afmælistónleikar
Fjallabræðra
verða í Háskólabíó
þann 18. mars.
Miðasala á Tix.is



Jaguar I-Pace S EV400 AWD, árg.2021, 4x4, rafmagn, sjálfskiptur, ekinn 21 þ.km. Tilboðsverð kr. 9.790.000. Verð áður kr. 9.990.000. - notadir.bennis.is – s. 590-2000.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Ég leita að stórri ritvél sem gengur ekki fyrir rafmagni. Lumir þú á slíkri sem er til sölu eða gefins máttu hafa samband í s. 822-5269 eða senda skeyti á netfangið astvaldurl@gmail.com.



Rafdrifinn Hilltip Icestriker 550 L. Salt- og sanddreifari fyrir pallbíla og minni. Árgerð 2018. Nánari uppl. í s. 849-4044.



Geymdu þín skotvopn örugglega. www.byssuskapur.is



Eigum til á lager þennan Tinger Armor, 8x8 torfæruтröll, flýtur vel á vatni. Fyrir landbúnað, björgun og margt fl. www.ifex3000.is . Uppl. í s. 842-1314.



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Hardox 450 -8mm botn og 5mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, Skúffa og grind (tvöföld grind) heitsprautuzinkað, 6 þrepa sturtutjakkur sem gefur um 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla, keðjur og festingar fyrir útdrátt. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612.



Gerðu betri kaup í febrúar. Láttu okkur senda þér nýjasta blaðið í einum grænum eða finndu það á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Epokie S2300h sand- og saltdreifari, glussakerfi. Árgerð 2013. Nánari upplýsingar í s. 849-4044.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang-hak@hak.is



Díselhitari 5kw 12 eða 24 volt með fjarstýringu verð kr. 48.900.- Dísel hitari 7kw loft og vatn verð kr. 98.000.- 2 ára ábyrgð. Öll varahlutaþjónusta. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.



Til sölu notaður Optimal fjölplógur. 280 cm heildarbreidd. Verð-tilboð. Nánari upplýsingar í s. 899-0011.

VÉLSLEÐAFÖT



Full búð af göllum, skóm, hönskum, hjálmum og lambhúshettum fyrir sleðafólk. Sjá á nitro.is

NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Fjallabræður leita að stað á höfuðborgarsvæðinu fyrir eftirpartý 18. mars. Ábendingar sendist í einka-skilaboðum á Facebook.



NÝI ÖKUSKÓLINN

Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári

Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is

Réttindin gilda í Evrópu

Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið

Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far











Buggy og bílaflutningakerrur. Vorum að fá 700X230 cm verð kr. 1.440.000 m/vsk. og skráningargjöldum. Sliskjur, varadekk og spil fylgja með. Upplýsingar i einkaskilaboðum og/eða í s. 660-1304 og 660-1305.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á lið-léttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°.Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Malarvagn Miller 2017 með vigt, þriggja hásinga á einföldu, lagfærður eftir tjón. AFK60. Verð kr. 3.500.000 +vsk Flatvagn 3 öxla á einföldu með gámalásum. VT205. Tilboð Man FE 460 A 2001. 6 hjóla með framdrifi, ekinn 712.000 km. LM247. Tilboð Scania 113 1988. Með framdrifi og búkka, ekinn 400.000 km. JK910. Tilboð Staðsetning á Fljótsdalshéraði, s. 864-9301.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager-230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Loksins frostfríir drykkjarpóstar fyrir íslenskar aðstæður. Ekkert rafmagn. Einfalt í uppsetningu, aðeins þrír hreyfanlegir hlutar. Allt viðhald ofan frá. Alltaf ferskt vatn við hverja notkun. Fyrir allan búfénað. Verð kr. 118.000 +vsk. Til afhendingar strax - Sendum hvert á land sem er. Formax Paralamp ehf. – Aqua Icelander Equine s. 562-6800.




Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðnar festingar- Euro. Euro + 3 tengi. Sérpöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf, S. 892-4163, hak@hak.is.



MAN TGA 26-480 6x6 árg. 2006 ekinn 370.000 km. með glussakerfi og styrktur fyrir 30 tonn metra krana, það er nýr gírkassi í bílnum s. 892-5855.



Vatnsforðatankar og lindarbrunnar í ýmsum stærðum. Nánari upplýsingar á- www.saeplast.is Fáanlegt hjá framleiðanda og endursöluaðilum um land allt. S. 460-5000 Netfang-sales.europe@saeplast.com.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefð-bundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



7kw vatns- og loft díeselhitari. Góður hitari sem hitar bæði vél og innirými bíls, báts eða vinnuvélar. 2 ára ábyrgð. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Kornvalsar frá Póllandi. Mismunandi útfærslur frá 3 framleiðendum. 2 eða 3 sterk kefli með riflum. Traktorsdrifnir valsar og fl. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is.







Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari- 680 kg og 1.500 kg. Dufthúðað stál. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is.



SsangYong Rexton, árg. 2018, dísel, sjálfskiptur, ekinn 78.000 km. Tilboðsverð kr. 5.190.000. Verð áður kr. 5.390.000. notadir.bennis.is – s. 590-2000



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díeselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Uppl. í s. 527-2600.



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu Jeep Grand Cherokee Limited Hemi, árgerð 2006. Ekinn 210.000 km. Ásett verð kr. 1.190.000. Tilboð kr. 790.000. Bensín, 326 hestöfl. Slagrými 5.700 cc. Öflugur dráttarbíll. S. 777-3477.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8.000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Volvo 140D árg. 2013 ekin 8900 tíma með rotortilti, 2 skóflum, malbiks skera, ripper, sléttunarbita, gaffla og 8 tonna vagni sem er á nýjum dekkjum. Í vélinni er nýjasta topcon gps kerfið og er hægt að kaupa vélina með eða án gps s. 892-5855.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is.




Viltu lækka raforkukostnaðinn um 25-40%? Vindmyllur fyrir bændur og smáfyrirtæki til sölu. Kostir- lægri raforkukostnaður, einangrar kaupanda frá framtíðar verðhækkunum í 20 ár, 5 ára ábyrgð, hámarksvindálag 59,5 m/sek. Smáorka ehf., S. 773-5400, www.smaorka.is



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 tonn, Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Hitar vatn í allt að 110°C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margs konar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagni eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf., S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is



Óska eftir gömlum Bronco (1966-1977)
Nánari upplýsingar í síma 670-1717
Bronco

ÁSCO
BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarlæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanabéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi *í bíla. Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeilur. Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. Díóur. *Rafgeymaskór.* Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingsstrssur. Startarakol. Legur í alternatora. *Kol í alternatora.* Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO
Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is
BÍLARAFMAGN

PROVENTUS
ÖRUGG STARFSMANNAÞJÓNUSTA

Við finnum rétta starfsfólkið fyrir þitt fyrirtæki

www.proventus.is / sími: 551 5000 / proventus@proventus.is

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

EYJALIND
GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR
frá Ifor Williams


Ifor Williams Trailers



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.




Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is



Mitsubishi Outlander 2008 Fjórhjóladrifinn. Sjálfskiptur. Negld vetrardekk og sumardekk. Dráttarkrókur. Ekinn 232.000 km. Verð kr. 690.000. Til sýnis og sölu hjá 100 bilar.is Stekkjarbakka 4, s. 517-9999.



Mercedes-Benz GL 320 CDI, árg. 2007, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 276.000 km. Verð kr. 2.890.000. notadir.benni.is – s. 590-2000.



2" Brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vigta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163 ,hak@hak.is, www.hak.is



MIG suða/trans Kempi 3500 til sölu eða skipti á minni MIG suðu Uppl. S. 894-2413.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m.Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Tilboð óskast í bílskúrshurð 2850 x 3870, kanadísk, ekki með mótor. Upplýsingar í s. 849-0820.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Atvinna

Vélarvörður óskast á Jóhönnu 206. Sæbjúgnaveiði. Uppl í s. 841-0863 Jón, 892-0367 Hannes.

Mio Harada, frá Japan, óskar eftir vinnu í sveit á Íslandi. Hefur reynslu af sveitastörfum og getur hafið störf í mars, gæti vel hugsað sér að vinna við sauðburð. Frekari uppl. á mioharada@hotmail.com.

Óskum eftir að ráða starfskraft á kúa-og hænsnabú í Eyjafirði. Gæti hentað pari. Fjölbreytt og skemmtilegt starf. Gott húsnæði í boði. Áhugasamir sendi póst á hranastadir@simnet.is

Óska eftir

Óska eftir gömlum Fender lampamagnara og eða gömlum Fender stratocaster rafgítar. Má vera bilað. Jón s. 898-6020.

Mig vantar ýmislegt í VW bjöllu árg. 1970-1977, meðal annars, sæti, klæðningar og hurðir. Hafðu samband ef þú lumar á einhverju í s. 863-4256 - Torfi.

Skoda Superb, Skoda, Superb. Óska eftir Skoda Superb gegn staðgreiðslu. Árgerð 2016-2018. Sedan, dísel, sjálfskiptum. S. 855-1028.

Kaupi gamlar vínylplötur, kassettur og gamlar grænur og stundum CD-diska líka. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 784-2410, olisigur@gmail.com.

Óska eftir aðstöðu fyrir gullsmið. Hiti þarf að vera en rennandi vatn er kostur. Hávaði er lítill, skoða allt. 10 fm myndi duga. Mbk. Garibaldi Ívarsson garibaldiivars@gmail.com s. 898-2275.

Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Getum útvegað dekk í öllum stærðum og gerðum. Næsta afhending verður í byrjun apríl. Upplýsingar og pantanir í s. 868-6113 eða a.larsen.agro@gmail.com

Nýr Lay-Z-Spa Helsinki AirJet er rafmagns heitur pottur með pláss fyrir allt að 7 manns. Auðveldur í uppsetningu. Inniheldur 180 AirJet-nudd kerfi og 40°C rapid hita kerfi. Verð kr. 159.990 Stærð- 1.80m x 66cm aquasport@aquasport.is s. 564-0035.

Nokkur ritsöfn til sölu, t.d. Þjóðsögur Jóns Árnas., Jón Trausti, Kristmann Guðm., Guðmundur G. Hagalín, o.fl. Tilboð óskast og gef nánari upplýsingar í netfanginu: jondisein@gmail.com.

Adria alpina hjólhýsi árg. 2020. Hjónarúm og kojur, sturta, bakaraofn o.fl. Vetrarstæði getur fylgt með. Ásett verð kr. 7.300.000. Áhugasamir hafi samband í s. 893-6353 eða í tölvupósti- dorabjorg@gmail.com.

40 ft. gámur til sölu, háþekja í mjög góðu standi. Staðsettur í Hafnarfirði. Upplýsingar gefa Guðmundur og Hlynur s. 892-1031.

Tilkynningar

Veist þú af einhverju stórmerkilegu landbúnaðartæki, vinnuvél, bíl, flugvél, bát eða öðru tæki sem þarf að gera skil á síðum Bændablaðsins? Hafðu þá samband við Ástvald blaðamann í síma 822-5269 eða á netfanginu: astvaldur@bondi.is.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Vantar nýja glugga? Íslenskur verktaki sem sérhæfir sig í gluggaskiptum. Fáðu tilboð í nýja glugga ásamt ísetningu. Hafa samband í s. 845-9596 eða á heimasíðu- www.jeiriks.com.

Ég passa hús, híbýli og sumarhús. Get líka passað húsdýr og gæludýr. Dvel á staðnum. Ódýr þjónusta. Áreiðanlegur maður. Einar s. 822-3694. Staðsettur í Reykjavík.

Kæru Auglýsendur!!

Vinsamlegast athugið að skrá þarf smáauglýsingar sem eiga að birtast í Bændablaðinu, inni á vefnum okkar www.bbl.is/smaauglysingar fyrir kl 15:00 á mánudegi, vikuna sem blaðið kemur út.



Njóttu vetrarfrísins í góðum félagsskap.

Porsche Cayenne Platinum E-Hybrid.

Eigum bíla til afhendingar.



Porsche Cayenne E-hybrid Plug-in: **Hestöfl:** 462 | 700 Nm | **Hröðun:** 5.1 sek. 0-100 km klst. | **Fjórhjóladrif:** Læstur millikassi | **Afturdrif:** Læst | **Dráttargeta:** 3,5 tonn

PORSCHE

Bílahús Benna

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 17:00 | Opið laugardaga frá 12:00 til 16:00

LANDSHÚS

Erum að taka niður pantanir núna fyrir sumarið

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

TÍGULL PREMIUM GARÐHÚS

Tígull er 15-18,7 fm garð-/gestahús fyrir vandláta. Húsið er sterkbyggt fyrir íslenskar aðstæður.

Ekki þarf byggingaleyfi fyrir húsinu.







EININGAKERFIÐ - ***Með hagkvæmni að leiðarljósi***

Öll húsin okkar eru útfærð í einingakerfi Landshúsa, sem er íslensk hönnun. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.

SUMARHÚS

70 fm sumarhús með 3 svefnherbergjum. Húsið er byggt á íslensku húsunum í Jöklaseríunni.

NÝTT





JÖKLAR GESTAHÚS

Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



Jöklar Flat



Jöklar Burst



Jöklar íslensku húsin

Húsin frá okkur má finna víða um land



EFLA

Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími **553 1550** - landshus@landshus.is **www.landshus.is**

Öll verð má finna á heimasíðu okkar

LANDSHÚS